2. Ég fer til (barnið) .....
3. Ég fer til (strákurinn) .....
4. Ég fer til (stelpan) .....
5. Ég fer til (maðurinn) .....

D. **Gefa** (give) **dat/acc** gaf = preterite

1. Ég gaf (barnið) ..... (penninn)
2. Ég gaf (stúlkan) ..... (boltinn)
3. Ég gaf (kennarinn) ..... (bókin)
4. Ég gaf (strákurinn) ..... (boltinn)
5. Ég gaf (stúdentinn) ..... (taskan)
6. Ég gaf (stelpan) ..... (blaðið)

E. **bjóða** (offer) **dat/acc** bauð = preterite

1. Ég bauð (barnið) ..... (penninn)
2. Ég bauð (karlinn) ..... (myndin)
3. Ég bauð (konan) ..... (málverkið)
4. Ég bauð (hjónin) ..... (kókin)
5. Ég bauð (þú) ..... (bíllinn)
6. Ég bauð (hann) ..... (vindill) (cigar)
7. Ég bauð (hún) ..... (sígaretta)

2.7. Form new sentences, using the indicated modal verbs.

1. Strákurinn þvær sér á morgnana (eiga/verða/ætla)

.....

2. Konan greiðir sér vandlega (eiga)

.....

3. Börnin skemmta sér vel (ætla)

.....

4. Páll fer heim á morgun (eiga)

.....

5. Strákarnir tefla skák (ætla)

.....

6. Stelpan stendur á gólfinu (verða)

.....

7. Páll talar við mig (ætla)

.....

8. Stúdentinn dansar við stelpurnar (ætla)

.....

9. Barnið drekkur kók (ætla)

.....

10. Paul velur sér íslenskt nafn (verður)

.....

E. TRANSLATION

The girl presents the ball to the boy. The children comb their hair and wash themselves every morning. The father of the children (GPl) is a teacher. He teaches the children (D) how to read and write. His name is Jón and the children are called Gunnar and Ása (what are their second names?)

Paul wrote (skrifaði) me a letter. I wrote him a letter too (líka). He wrote me about the school, but I wrote him about the weather. I am going home. You must go home. The boy is supposed to go home.

III

Chapter three

A. TEXT

Hvað ert þú að gera? Ég er að lesa bók eftir Laxness. Ert þú búinn að lesa bókina? Nei, en ég er að lesa hana og verð búinn með hana á morgun. Hvenær ferðu heim? Ég fer að fara. Strákurinn er búinn að borða morgunmatinn, og nú fer hann að fara í skólann. Þegar hann kemur heim úr skólanum, borðar hann hádegismatinn. Í kvöld borðar hann kvöldmatinn. Hann borðar fisk og kartöflur og drekkur mjólk með. Á sunnudögum borða Íslendingar steik. Íslendingar drekka mikið kaffi, en lítið af tei. Þeir eru kaffikarlar. — Páll er á fundi um rétt kvenna. — Friður í heiminum og kvenréttindi eru vinsælt umræðuefni.

Á Íslandi eru margir firðir og víkur. Þar eru líka mörg fjöll, meira að segja eldfjöll. Frægasta eldfjallið á Íslandi heitir Hekla, en það nýjasta er í Vestmannaeyjum. Á Íslandi eru heitir hverir og laugar. Frægasti og stærsti goshverinn heitir Geysir. Nafn hans hefur verið tekið upp í ensku sem heiti á þessu náttúrufyrirbrigði. Á Íslandi eru margar ár og mörg fljót. Árnar falla til hafs eða út í vötnin. Þingvallavatn er stærsta vatn á Íslandi, en Mývatn er fallegast — segja Þingeyingar.

Páll flýgur til Akureyrar á morgun. Hann á þar heima og býr í stórri blokk. Hann á íbúðina sjálfur. Páll kemur oft til Reykjavíkur, enda búa systkini hans og foreldrar þar. Páll ekur oft á milli Akureyrar og Reykjavíkur og sparar þannig peninga. Einnig er hægt að sigla frá Reykjavík til Akureyrar, en það tekur of mikinn tíma, — og tími er peningar.

Sjónvarpið á Íslandi er vinsælt, og margir horfa reglulega á það. Sérstaklega eru glæpamyndirnar vinsælar. Íslenska sjónvarpið sendir út í svart-hvítu og hefur aðeins eina dagskrá. Margir Íslendingar eiga þó litasjónvörp, og vona þeir, að útsendingar í litum hefjist sem fyrst. Útvarpið er líka vinsælt á Íslandi. Flestir Íslendingar eiga útvarpstæki og hlusta reglulega á einhverja þætti útvarpsins: bændur hlusta á bændaþætti, sjómenn hlusta á sjómannaþætti, unglingar hlusta á popppætti o. s. frv.

– Ert þú enn trúlofaður Elsu?
– Nei.
– Til hamingju, gamli minn. En hvernig slappst þú? (frá þeirri norn).
– Ég kvæntist Elsu.

B. VOCABULARY

hvað, interrog, pron: what
gera, W2, acc: do
eftir, prep, acc/dat: by
hvenær, adv: when
heim, adv: home
borða, W4, acc: eat
morgunmatur, MS3: breakfast
þegar, conj: when
nú, adv: now
koma, S4: come
úr, prep, dat: from
hádegismatur, MS3: lunch
síðan, adv: then
kvöldmatur, MS3: dinner
fiskur, MS1: fish
kartafla, FW1: potato
mjólk, FS3: milk
sunnudagur, MS1: sunday
steik, FS3: roast
mikið af, dat: much
te, NS: tea
fundur, MS3: meeting
réttur, MS3: right, law
friður, MS3: peace
kvenréttindi, NSPl: women's rights
vinsæll, adj: popular
umræðuefni, NS: topic
margir, Pl, adj: many
fjörður, MS3: fjord, firth
vík, FS3: creek
þar, adv: there
fjall, NS: mountain
eldfjall, NS: volcano
meira að segja: even
frægasta, adj: the most famous
nýjasta, adj: the latest
heitur, adj: hot
hver, MS2: hot spring
laug, FS1: warm well
taka upp, S6: adopt, take up
náttúrufyrirbrigði, NS: natural phenomena
á, FS1: river
fljót, NS: stream, large river
jökulsá, FS1: river originating from a glacier
falla, S7: flow, run
haf, NS: ocean
vatn, NS: water, lake
fallegast, adj: most beautiful
segja, W2: say
Þingeyingur, MS1: person, who lives in the district of Þingeyjarsýsla
fljúga, S2: fly
eiga heima: reside, live
búa, S7: live
blokk, FS2: block of houses
íbúð, FS2: apartment
sjálfur, pron: himself
enda, conj: and indeed
systkini, NPl: brother(s) and sister(s)
aka, S6, dat: drive
á milli: between
spara, W4, acc: save
peningur, MS1: money
einnig, adv: also
er hægt: is possible
sigla, W2: sail
frá, prep, dat: from
taka, S6, acc: take (it costs)
of mikinn: too much

tími, MW1: time
sjónvarp, NS: television
horfa á, W3, acc: look at, watch
reglulega, adv: regularly
sérstaklega, adv: especially
glæpamynd, FS2: crime show
senda út, W2, acc: broadcast
svart-hvítt: black and white
aðeins, adv: only
eina, num (FA): one
dagskrá, FS1: program
þó, adv: however, yet
litasjónvarp, NS: colour-TV
vona, W4, acc: hope
útsending, FS1: broadcast
litur, MS3: colour
hefjast, S6: begin
sem fyrst: as soon as possible
útvarp, NS: radio
flestir, adj (sup MPl): most
útvarpstæki, NS: radio, wireless set
hlusta á, W4, acc: listen
þáttur, MS3: department (hour)
bóndi, MW2: farmer
bændaþáttur, MS3: farmer's department
unglingur, MS1: teenager
poppþáttur, MS3: program with pop music
o. s. frv. = og svo framvegis: and so on /etc.
trúlofaður, adj: engaged
hamingja, FW1: happiness
til hamingju: congratulations
gamli minn: "you old fellow"
hvernig, adv: how
sleppa, S3: escape
norn, FS2: witch
kvænast, W2, dat: marry

C. GRAMMAR

3.1. MS3 and FS3.

The characteristic features of the first two classes of the strong masculine and feminine noun declension are the following:

MS1:	GSg -s;	NPl	-ar (hestur, -s, -ar)
FS1:	GSg -ar;	NPl	-ar (nál, -ar, -ar)
MS2:	GSg -s;	NPl	-ir (gestur, -s, -ir)
FS2:	GSg -ar;	NPl	-ir (mynd, -ar, -ir)

The third class of strong masculine and feminine nouns have the following paradigms, respectively:

MS3			FS3	
Sg			Sg	
fund-ur	(hlut-ur)	kött-ur	bók	vík
fund	(hlut)	kött	bók	vík
fund-i	(hlut)	kett-i	bók	vík
fund-ar	(hlut-ar)	katt-ar	bók-ar	vík-ur

MS3			FS3	
Pl			Pl	
fund-ir	(hlut-ir)	kett-ir	bæk-ur	vík-ur
fund-i	(hlut-i)	kett-i	bæk-ur	vík-ur
fund-um	(hlut-um)	kött-um	bók-um	vík-um
fund-a	(hlut-a)	katt-a	bók-a	vík-a
(meeting)	(thing)	(cat)	(book)	(creek)

Notice especially that the third class of strong feminine substantives (FS3) actually falls into two subclasses: The main characteristic feature (i. e. NAPl **-ur**) is common to both, but GSg is either **-ur** or **-ar**. We can summarize the distinctive features as follows:

MS3 GSg **-ar**; NPl **-ir**
FS3 GSg **-ar**/**-ur**; NPl **-ur**,

and in addition we must notice that both classes may show certain vocalic alternations, which will be discussed in detail later.

Remark one:

Both classes have a restricted distribution. Masculine words of this group with -jö-, -á- and -a- in the stem show vowel alternations through **breaking** (e > ja, jö) and **i-mutation** (á > æ; a > **e**; e > i)

fjörður (fjord) DSg firði; GSg fjarðar; NPl firðir
þáttur (chapter) DSg þætti; GSg þáttar; NPl þættir
staður (place) GSg -ar; NPl -ir; DPl stöðum.

The DSg suffix -i may be deleted, e. g. staður, DSg stað; hlutur, DSg hlut.

Remark two:

FS3 words may also show vowel alternation in the Sg, f. ex. strönd, GSg strandar, NPl strendur; tönn, GSg tannar, NPl tennur. To this group belong the following common words: steik (steak), mjólk (milk), eik (oak).

3.2. Weak Verbs in Present Indicative.

Weak verbs fall into four classes depending on the **personal suffixes in present** and the formation of the **preterite tense.** The personal suffixes in present for the four classes respectively are the following for the examples **telja W1** (count), **kenna W2** (teach), **þola W3** (endure) and **elska W4** (love):

	W1	W2	W3	W4
	Sg			
1. p.	tel-ø	kenn-i	þol-i	elsk-a
2. p.	tel-**ur**	kenn-ir	þol-ir	elsk-ar
3. p.	tel-**ur**	kenn-ir	þol-ir	elsk-ar
	Pl			
1. p.	tel-j-**um**	kenn-um	þol-um	elsk-um
2. p.	tel-j-**ið**	kenn-ið	þol-ið	elsk-ið
3. p.	tel-j-**a**	kenn-a	þol-a	elsk-a

3.3. Strong Verbs in Present Indicative.

The strong verbs in present indicative have the same personal suffixes as **W1**, i. e. -ø-, -ur in Sg, and -um, -ið, -a in Pl. These are the usual personal suffixes for both strong verbs and the first class of the weak verbs, but there exist other suffixes in the singular depending on the shape of the stem. The following table shows these suffixes:

Stem ending in	**1. pers**	**2. pers**	**3. pers**
-vocal (fá-ø)	-ø (fæ)	-rð (færð)	-r (fær)
-r (far-a)	-ø (fer)	-ð (ferð)	-ø (fer)
-s (les-a)	-ø (les)	-t (lest)	-ø (les)
-n (skín-a)	-ø (skín)	-ø (skín)	-ø (skín)
-x (vax-a)	-ø (vex)	-ø (vex)	-ø (vex)

In addition to the above mentioned suffixes, the present indicative **singular** form of the strong verbs is characterized by an **i-mutation,** if the stem vowel can be mutated. The following vowel changes occur in present indicative singular of the strong verbs:

1. jó, jú, ú ⟶ ý: bjóða (invite) ég **býð**
   fljúga (fly) ég **flýg**
   búa (live, reside) ég **bý**
2. a, o ⟶ e: fara (go) ég **fer**
   koma (come) ég **kem**
3. á, ó ⟶ æ: ráða (decide) ég **ræð**
   róa (row) ég **ræ**
4. **au** ⟶ ey: hlaupa (run) ég **hleyp**

To summarize:

1. W1 and S verbs have the same personal suffixes in present. The strong verbs have, in addition, an i-mutation in the singular.
2. W2 and W3 have the same personal suffixes.
3. All verbs, strong and weak, have the same personal suffixes in the present plural.

3.4. Auxiliary Verbs II.

The three most important aspectual constructions in Icelandic, formed with modal verbs, are:

1. fara að + inf.	"begin"
2. vera að + inf.	"duration"
3. vera búinn að + inf.	"completion"

These constructions are used to indicate whether the process or operation denoted by the main verb is in the initial stage or on the point of happening (b), is already in progress (progressive) (c), or is already completed (d). Notice that the word **búinn** in construction 3) is declined according to gender, but as the declension of adjectives has not yet been introduced, we here confine ourselves to pointing this out. The present form of a verb (a) indicates a habitual action:

a) Ég skrifa bréf: "I (often) write a letter".
b) Ég fer að skrifa bréf: "I am going (now) to write a letter".
c) Ég er að skrifa bréf: "I am writing a letter".
d) Ég er búinn að skrifa bréf: "I have already written a letter".

If, however, a verb inherently denotes a state or habitual action the durative construction (2) in many cases is blocked. Examples:

sofa (sleep)	ég sef (**not:** ég er að sofa)
sitja (sit)	ég sit (**not:** ég er að sitja)

Similarily many ingressive verbs do not take part in the **vera búinn að + inf.** construction. Examples:

sofna (fall asleep) (**not:** er búinn að sofna).
But: Hann sefur or Hann er sofnaður (He is sleeping),
(He has fallen asleep).

The construction **vera að + inf.** not only indicates duration, but may also

a) indicate that something is on the point of happening:
   Ég **er** (alveg) **að koma** (I am (just) coming)
b) be used for emphasis:
   Vertu ekki **að lesa bókina** (you should not read that book)
   Vertu ekki **að gráta** (please don't be crying).

3.5. Enclitic 2. Pers Pronoun.

In the first chapter we saw how interrogative sentences can be formed with the inversion of the word order. — If the interrogative sentence contains the 2. pers singular pronoun it is normally attached to the verb and reduced to -(ð)u, (-u after **t/ð**), depending on the shape of the stem. Examples:

Þú segir ekkert ⟶ { Segirðu ekkert? = / Segir þú ekkert?

Þú ert heima ⟶ { Ertu heima? = / Ert þú heima?

Þú ferð heim ⟶ { Ferðu heim? = / Ferð þú heim?

D. EXERCISES

3.1. Change the nouns underlined in the following sentences into the plural:

1. Stúlkan elskar **staðinn** .....
2. Konan borðar **steikina** .....
3. Hér er **víkin** .....
4. Þarna er **fjörðurinn** .....
5. Ég sá **víkina** .....
6. Ég sá **fjörðinn** .....
7. **Maðurinn** les **bókina** .....
8. **Strákurinn** elskar **ströndina** .....
9. Áin kemur frá **jöklinum** .....
10. **Barnið** borðar **kartöfluna** .....
11. **Hverinn** er í Haukadal .....
12. **Eldfjallið** er á Íslandi .....
13. Þarna er **kötturinn** .....
14. Ég horfði á **sjónvarpsþáttinn** .....
15. Þarna er **eikin** .....

3.2. In the following sentences insert the appropriate forms of the verbs given in parenthesis:

1. Þú (lesa) ..... bókina
2. Hann (fara) ..... heim
3. Ég (koma) ..... í kvöld
4. Þú (telja) ..... bílana
5. Þið (segja) ..... aldrei neitt
6. Hann (búa) ..... í Reykjavík
7. Við (búa) ..... á Akureyri
8. Strákurinn (hlaupa) ..... á ströndinni
9. Þú (bjóða) ..... mér heim
10. Hann (kenna) ..... íslensku
11. Þið (tala) ..... þýsku
12. Við (tala) ..... ensku
13. Hann (drekka) ..... mjólk
14. Þeir (borða) ..... steik
15. Þú (hlusta á) ..... útvarp
16. Hann (horfa á) ..... sjónvarp
17. Þær (gera) ..... aldrei neitt
18. Þú (búa) ..... í blokk
19. Páll (aka) ..... alltaf sjálfur
20. Konan (spara) ..... peninga

3.3. Form interrogative sentences corresponding to the given declarative sentences and use the enclitic 2. pers pron.

Given sentence:	New sentences:
Þú segir ekkert.	Segirðu ekkert? Segir þú ekkert?
1. Þú ert Dani (Svíi, Finni, Norðmaður . . .)	.....
2. Þú ferð heim í kvöld	.....

3. Þú ekur til Akureyrar .....
4. Þú lærir íslensku .....
5. Þú drekkur kók .....
6. Þú lest bækur .....
7. Þú telur bílana .....
8. Þú flýgur til Íslands .....
9. Þú kemur til Reykjavíkur .....
10. Þú hleypur aldrei .....
11. Þú elskar stúlkuna .....
12. Þú býrð á Akureyri .....
13. Þú borðar fisk .....
14. Þú býður mér heim .....
15. Þú hlustar oft á útvarpið .....

3.4. Add the appropriate suffixes to the verbs in the following sentences:

1. Við spör..... peninga. 2. Þú spar..... peninga. 3. Ég fer..... oft í bíó. 4. Þú fer..... aldrei í bíó. 5. Hann hlust..... oft á útvarpið. 6. Hún horf..... aldrei á sjónvarpið. 7. Skipið sigl..... til Reykjavíkur. 8. Börnin eru að borð..... morgunmat. 9. Ég kenn..... ykkur íslensku. 10. Þið lær..... íslensku. 11. Hvað heit..... þú? 12. Páll ek..... heim. 13. Ég ek..... alltaf sjálfur. 14. Við ök..... oft til Reykjavíkur. 15. Þú bý..... í blokk. 16. Þeir eig..... heima á Íslandi. 17. Ég kem..... í kvöld. 18. Við kom..... á morgun. 19. Börnin far..... í skólann. 20. Þú fer..... líka í skólann. 21. Við fljúg..... oft til Reykjavíkur.

E. TRANSLATION

What are you doing? I am listening to the radio. Have you read the book? No, but I am going to read it.

The boy has cats, but the girl has a horse. The child eats fish and drinks milk. I live in Reykjavík, but he lives in Akureyri. I often drive from Reykjavík to Akureyri, but he always flies.

The boy is sitting on the bench, but the girl is standing on the floor. The girl is combing her hair, but the boy is writing a letter. This evening the girl intends to go to a ball, but the boy wants to watch television.

IV

Chapter four

A. TEXT

Í dag skemmdi Guðni bílinn sinn. Hann lenti í árekstri, keyrði á ljósastaur. Ljósastaurinn brotnaði, en Guðni var heppinn og meiddi sig ekki neitt. Hann hringdi á lögregluna og gaf skýrslu. Lögreglan flutti bílinn á verkstæði og benti Guðna á, að svona glannalega mætti hann ekki aka í framtíðinni. Guðni lofaði bót og betrun.

Í gær varð slys á horni Miklubrautar og Lönguhlíðar. Drukkinn ökumaður ók á barn, sem var að leika sér á götunni. Barnið lék sér ekki meira þann daginn. Lögreglan tók bílstjórann fastan og stakk honum í steininn, en flutti barnið á sjúkrahús. Læknirinn hélt, að barnið hefði fótbrotnað.

Í fyrradag kom út nýtt síðdegisblað í Reykjavík. Útgefendur völdu því hið frumlega nafn Dagblaðið. Sjónvarpið hafði viðtal við ritstjóra Vísis og Dagblaðsins um kvöldið, og voru þeir báðir borubrattir, hvor um sig taldi sitt blað vera sigurvænlegt í þeirri baráttu, sem nú stendur fyrir dyrum. Þar með lauk einokun Vísis á síðdegismarkaðnum.

Belgar, Rússar og Frakkar unnu Íslendinga nýlega í fótbolta, en Íslendingar sigruðu Austur-Þjóðverja í sumar og voru montnir af. Vilhjálmur Einarsson hlaut silfurverðlaun á Ólympíuleikunum í Melbourne. Annars eru Íslendingar lélegir í íþróttum, nema kannski í tafli og bridds.

Á veitingastað:

– Þjónn, ég ætla að fá buff.
– Sjálfsagt, viltu fá enskt eða franskt?
– Mér er alveg sama, ég ætla ekki að tala við það.

Piparsveinninn Óli var orðinn mjög þreyttur á því, að föt hans hlupu alltaf í þvottahúsinu. Dag nokkurn setti hann 10 tommu nagla í fatapakkann, sem hann sendi í þvottahúsið, og skrifaði á seðil: „Ykkur tekst líklega að minnka þennan líka."

Þegar hann fékk fötin aftur úr þvottahúsinu, lá efst seðill og var saumnál stungið í gegnum hann og tvö orð skrifuð á blaðið: „Það tókst."

B. VOCABULARY

skemma, W2, acc: damage
bíll, MS1: car
lenda í, W2 (t), dat: "have", be involved in
árekstur, MS1: collision
keyra á, W2, acc: drive into collide with
ljósastaur, MS1: light-pale
brotna, W4: crack, collapse
heppinn, adj: lucky
var heppinn: had luck, was lukcy
meiða sig, W2: hurt oneself
hringja, W2: telephone
lögregla, FW1: police
skýrsla, FW1: report, account
flytja, W1, acc: transport, move to
verkstæði, NS: garage
benda á, W2(t), acc: point out
glannalega, adv: hasardously
mega, S, acc: be allowed to
mætti ekki: must not, not allowed to
framtíð, FS2: future
lofa, W4, dat-dat: promise
bót, FS3: remedy
betrun, FS2: amendment
slys, NS: accident
horn, NS: corner
drukkinn, adj: drunk, intoxicated
ökumaður, MS4: driver
gata, FW1: street
meira, adv: more
þann, pron: that
bílstjóri, MW1: driver
fastur, adj: fast, fixed, stuck
taka fastan: arrest
stinga, S3, dat: put
steinn, MS1: jail
sjúkrahús, NS: hospital
læknir, MS1: physician, doctor
halda, S7, acc: consider, believe
fótbrotna, W4: break one's leg
í fyrradag: the day before yesterday
nýr, adj: new, **nýtt:** (neuter)
síðdegisblað, NS: evening paper, (afternoon paper)
útgefandi, MW2: publisher
velja, W1, dat-acc: choose
frumlegur, adj: ingenious, original
viðtal, NS: interview
ritstjóri, MW1: editor
hvor, pron: each
báðir, pron: both
borubrattur, adj: over-confident, arrogant
telja, W1, acc: mean, believe, feel
sigurvænlegur, adj: victorious, triumphant
barátta, FW1: struggle
dyr, FPl: door
standa fyrir dyrum: — impending
ljúka, S2, dat: end
einokun, FS2: monopoly
síðdegismarkaður, MS3: afternoon market
vinna, S3, acc: defeat
nýlega, adv: recently
fótbolti, MW1: soccer
sigra, W4: be victorious, to defeat
sumar, NS: summer
montinn, adj: proud
hljóta, S2, acc: achieve, become
silfurverðlaun, NPl: silver
annars, adv: mostly, as a rule
lélegur, adj: poor
íþrótt, FS2: sport
nema, conj: except

tafl, NS: chess
bridds, MS: bridge
veitingastaður, MS3: restaurant
þjónn, MS1: waiter
ætla, W4: want, intent
buff, NS: beef
sjálfsagt, adv: certainly
fá, S7, acc: have
enskur, adj: english
franskur, adj: french
alveg sama: does not matter
ég ætla að fá: I would like
mér er sama: I don't mind
piparsveinn, MS1: bachelor
mjög, adv: very
þreyttur, adj: tired
föt, NPl: clothes
hlaupa, S7: shrink
alltaf, adv: always
þvottahús, NS: laundry
setja, W1, acc: put
nagli, MW1: nail
tomma, FW1: inch
fatapakki, MW1: parcel of clothes
senda, W2 (d), acc: dispatch
seðill, MS1: piece of paper, note
takast, S6: succeed
minnka, W4: reduce
liggja, S5: lie
efst, adv: on top of
saumnál, FS1: needle
gegnum, prep, acc: through
orð, NS: word

C. GRAMMAR

4.1 The Preterite Tense of Weak Verbs.

The weak verbs form their preterite with a **dental suffix** (-ð-, -d-, -t-) and specific **personal endings.** The preterite of the weak verbs is therefore never monosyllabic.

4.11. The choice of the appropriate dental suffix differs for the four individual classes and can in most cases be predicted from the phonetic surroundings. This regularity can be summarized with the following rule:

$$\text{Pret suff} \longrightarrow \left\{ \begin{matrix} \text{-ð-} \\ \text{-d-} \\ \text{-t-} \end{matrix} \right\} \Big/ \left\{ \begin{matrix} \text{vowel, voiced r, voiced spirant} \\ \text{voiced consonant} \\ \text{voiceless consonant} \end{matrix} \right\}$$

i. e. the preterite suffix is **-ð-** after a vowel, voiced r, or voiced spirant; **-d-** after a voiced consonant; and **-t-** after a voiceless consonant. Examples:

elska (love)	– elskaði;	tala (speak)	– talaði;
kalla (call)	– kallaði,		
segja (say)	– sagði;	heyra (hear)	– heyrði;
hafa (have)	– hafði,		
skemma (spoil)	– skemmdi;	kenna (teach)	– kenndi;
telja (count)	– taldi;	benda (point)	– benti.

The form of the weak preterite may be changed through assimilation or deletion, depending on the shape of the stem. The most important cases are covered by the following two rules:

	shape of the stem			suffix ⟶ preterite form
A.	vowel + ð	+		suffix ⟶ vowel + dd
B.	cons. + { ð, d, t }	+		suffix ⟶ cons. + t

Examples:

A. meiða (hurt) — meiddi; leiða (lead) — leiddi;
greiða (comb) — greiddi; klæða (dress) — klæddi;
B. herða (harden) — herti; benda (point) — benti;
stytta (shorten) — stytti; lyfta (raise) — lyfti.

There are some exceptions to the above rules, especially if the stem contains n+d (senda > sendi); the preterite form contains -d- if the preceding **n** is voiced (as is the case in **sendi** but not in **benti**). But these irregularities will be considered idiosyncratic and must be learned case by case, and will be indicated in the vocabulary through (d) and (t) respectively.

4.12. The same set of personal endings is shared by all weak verbs (i. e. in pret.):

			W1	W2	W3	W4
1. pers	Sg	-i:	tal-d-i	heyr-ð-i	þol-d-i	elsk-að-i
2. pers	Sg	-ir	tal-d-ir	heyr ð-ir	þol-d-ir	elsk-að-ir
3. pers	Sg	-i:	tal-d-i	heyr-ð-i	þol-d-i	elsk-að-i
1. pers	Pl	-um:	töl-d-um	heyr-ð-um	þol-d-um	elsk-uð-um
2. pers	Pl	-uð:	töl-d-uð	heyr-ð-uð	þol-d-uð	elsk-uð-uð
3. pers	Pl	-u:	töl-d-u	heyr-ð-u	þol-d-u	elsk-uð-u

Notice that all fourth class verbs (W4) have the pret suffix -að-, which becomes -uð- in the plural. Notice furthermore, that if the stem contains -a- (kalla, tala, tal-di), this becomes -ö- in the plural, e. g. kölluðum (kalla); könnuðum (kanna "explore"); blönduðum (blanda "mix"); söfnuðu (safna "gather").

4.13. The stem vowel of weak verbs may differ between present and preterite. This vowel alternation is caused by i-mutation and is restricted to the first class of weak verbs (W1). The most frequent vowel alternations are three:

1)	e-a	verja (defend)	– varði;	telja (count)	–	taldi
		berja (beat)	– barði;	velja (choose)	–	valdi
2)	y-u	spyrja (ask)	– spurði;	flytja (move)	–	flutti
		ryðja (clear away)	– ruddi;	dylja (hide)	–	duldi
3)	ý-ú	flýja (fly)	– flúði			

4.2. Synopsis of the Weak Flexion.

The following paradigm shows the distinctive features of the four different classes of the weak verbs.

The principal parts of the weak verbs:

	Infinitive pres	1. pers Sg pres	1. pers Sg pret	pret particip
W1	tel-j-a	tel	tal-d-i	tal-ið
W2	lær-a	lær-i	lær-ð-i	lær-t
W3	þol-a	þol-i	þol-d-i	þol-að
W4	kalla	kall-**a**	kall-að-i	kall-**að**

or:

W1: Inf ends with -ja, 1. pers Sg is without suffix and the stem vowel shows an i-mutation in the present.

W2: The stem vowel is **front** (e, i, y, ý, í, ei, ey, æ), 1. pers Sg has the suffix -i, perf. ends in most cases in -t (and historically the stem vowel has been mutated in all forms): no vowel alternation.

W3: The stem vowel is **back** (a, á, o, ó, ú and ö, u also), 1. pers Sg has the suffix **-i**, perf. has in most cases the suffix **-að**: no vowel alternation.

W4: 1. pers Sg pres has the suffix **-a**, perfect has the suffix **-að-** and the preterite suffix always is **-að**: no vowel alternation.

4.3. Ablaut/Gradation.

A characteristic feature of the strong verbs is the so-called **ablaut** or **gradation**, i. e. the stem vowels alter in a systematic way and the various vowel grades have become characteristic for the several categories of strong verbs. Ablaut is found within other word classes, but is most conspicious among strong verbs. Thus, in Icelandic, the preterite singular and plural often have two different vowel grades that are different in turn from that of the present. By contrast, German and English have one vowel grade for present and another for preterite singular **and** plural:

	Pres	Pret Sg	Pret Pl
Icel.	finna	**fann**	**fundum**
Engl.	find	found	found
Ger.	finden	**fand**	**fanden**
Icel.	bíta	**beit**	**bit-um**
Engl.	bite	bit	bit
Ger.	beissen	biss	bissen

4.4. The Preterite of the Strong Verbs.

The preterite of the strong verbs is formed with a change in the vowel grade (**ablaut**) and a set of personal suffixes:

4.41. The personal preterite endings are the following:

1. pers	Sg	-ϕ	fann (found)	las (read)
2. pers	Sg	-st	fannst	last
3. pers	Sg	-ϕ	**fann**	las
1. pers	Pl	-um	fund-um	lás-um
2. pers	Pl	-uð	fund-uð	lás-uð
3. pers	Pl	-u	fund-u	lás-u

Remark one:

If the stem ends in **t**, this t becomes lost before 2. pers pret end. **-st**, e. g. **geta/gast.**

Remark two:

If the stem ends in **-s**, the 2. pers end. is reduced to **-t**, e. g. **las/last.**

Remark three:

Stems ending in -d, change this **d** to **t**, e. g. **halda/hélt**; and stems ending in **ng** or **nd** change these combination to **kk** and **tt** respectively, e. g. **gang**-a/**gekk**; **hrind**-a/**hratt** (push).

4.42. In Icelandic there are seven sets of vowel alternations within the category of strong verbs, constituting the so-called ablaut-rows. We will mark (indicate) each row with **S** (for strong) and the corresponding numeral. The canonical forms of strong verbs constitute a series of four members, the fourth of which (past participle) we will include in parentheses, as it has not yet been

discussed in this text. The second and third canonical forms, plus the appropriate personal suffixes introduced in 4.41 above, together yield the strong preterite for the singular and plural, respectively.

	Infinitive present	1. pers Sg pret	1. pers Pl pret	(part pret)
S1	bíta (bite)	beit	bitum	(bitinn)
S2	bjóða (invite)	bauð	buðum	(boðinn)
	ljúga (lie)	laug	lugum	(loginn)
	súpa (drink)	saup	supum	(sopinn)
S3	bresta (burst / break)	brast	brustum	(brostinn)
	finna (find)	fann	fundum	(fundinn)
	gjalda (pay)	galt	guldum	(goldinn)
S4	skera (cut)	skar	skárum	(skorinn)
	sofa (sleep)	svaf	sváfum	(sofinn)
S5	drepa (kill)	drap	drápum	(drepinn)
	sitja (sit)	sat	sátum	(setinn)
S6	ala (bear)	ól	ólum	(alinn)
	hefja (begin)	hóf	hófum	(hafinn)
S7	hlaupa (run)	hljóp	hlupum	(hlaupinn)
	búa (live)	bjó	bjuggum	(búinn)
	leika (play)	lék	lékum	(leikinn)
	ganga (go)	gekk	gengum	(genginn)
	blása (blow)	blés	blésum	(blásinn)

The seventh row is rather heterogeneous as it includes the so-called reduplicative verbs. Here are some examples of the formation of the strong preterite indicative, singular and plural:

	bíta (bite)	**bjóða** (invite)	**finna** (find)	**fara** (go)	**hlaupa** (run)
1. pers Sg	beit	bauð	fann	fór	hljóp
2. pers Sg	bei-st	bauð-st	fann-st	fór-st	hljóp-st
3. pers Sg	beit	bauð	fann	fór	hljóp
1. pers Pl	bit-um	buð-um	fund-um	fór-um	hlup-um
2. pers Pl	bit-uð	buð-uð	fund-uð	fór-uð	hlup-uð
3. pers Pl	bit-u	buð-u	fund-u	fór-u	hlup-u

4.5. **Auxiliary Verbs III.** (geta, kunna, hafa).

Geta, pret Sg **gat**; pret Pl **gátum**; past part **getað**. As auxiliary verb **geta** (can, may, be able to) takes **past part in neuter** and indicates **to be able to** in the broadest sense. Ég **get komið.** Barnið **getur talað** etc.

Kunna, present 1. pers Sg **kann**; pret 1. pers Sg **kunni**; past part **kunnað. Kunna** (know how) expresses learned capacity and takes **infinitive.**

Ég **kann að tefla.**	Þú **kannt að synda.**
(I know how to play chess).	(You know how to swim).

Hafa, present 1. pers Sg **hef**; preterite 1. pers Sg **hafði**; past part **haft.**

Hafa (have) takes **past part** in **neuter** and indicates an action which is in the past, relative to the time of the utterance; or, occasionally, and action begun at an (in)definite time in the past which may still be ongoing; opposed to the simple preterite, which refers to a past but not ongoing action.

Ég hef reykt (I have smoked)

Ég hef heyrt fréttirnar (I have heard the news).

D. EXERCISES

4.1. Conjugate the following verbs in present and preterite:
Spyrja, keyra, lyfta, telja, flytja, greiða, klæða, flýja, benda, leiða, senda, herða.

4.2. Supply the appropriate personal suffix:

1. Guðni keyrð..... á ljósastaur. 2. Við meidd..... okkur ekki neitt. 3. Þið lent..... í árekstri. 4. Maðurinn tald..... peningana. 5. Ali sigrað..... Foremann. 6. Þú skemmd..... bókina. 7. Stóllinn brotnað..... 8. Þær hringd..... á lögregluna. 9. Ég hlustað..... á útvarpið í gær. 10. Páll sparað..... bensínið. 11. Við ók..... glannalega. 12. Lögreglan tók..... ökumanninn fastan. 13. Börnin luk..... við að skrifa. 14. Ísland vann..... leikinn. 15. Við feng..... fisk að borða. 16. Þú fékk..... kjöt að borða. 17. Hann fékk..... vatn að drekka. 18. Þú flaug..... til Íslands í gær. 19. Ók..... þú til Akureyrar? 20. Við slupp..... úr klípunni. 21.

Slapp..... þú kannski líka? 22. Ég fór..... í bíó í gær. 23. Fór..... þú líka? 24. Strákurinn sat ..... á gólfinu. 25. Þú gaf..... mér bókina. 26. Drakk..... þú mjólkina? 27. Fór..... þið á ball?

4.3. Conjugate the following verbs in present and preterite: aka, geta, koma, fara, taka, ljúka, bjóða, leika, fá, sitja, stinga, fljúga, vera, sleppa, bíta, finna.

4.4. Use the words given to form new sentences in the preterite.

	Given sentence:	**New sentence:**
	Hann, hlusta, á, útvarp.	Hann hlustaði á útvarp.
1.	Ég, horfa, á, sjónvarp	.....
2.	Þú, drekka, kók	.....
3.	Við, aka, glannalega	.....
4.	Barnið, skrifa, kennarinn, bréf	.....
5.	Stúlkan, gefa, hann, gjöf	.....
6.	Lögreglan, finna, peningarnir	.....
7.	Stúdentarnir, fara, á, ball	.....
8.	Ritstjórinn, gefa, út, dagblað	.....
9.	Þú, lesa, dagblaðið	.....
10.	Við, koma, til, Reykjavík	.....
11.	Barnið, borða, fiskurinn	.....
12.	Kötturinn, éta, kjötið	.....
13.	Hundurinn, bíta, hesturinn	.....
14.	Nemandinn, spyrja, kennarinn	.....
15.	Konan, greiða, barnið	.....
16.	Ritstjórinn, velja, nafnið	.....
17.	Þú, taka, ökumaðurinn, fastan	.....
18.	Þið, hringja, í, kennarinn	.....
19.	Kötturinn, sitja, á, veggurinn	.....
20.	Við, tapa, skákin.	.....

4.5. Change the following sentences into preterite:

1. Ég tala íslensku .....
2. Við tölum ensku .....
3. Við ökum glannalega .....
4. Maðurinn segir allt gott .....
5. Þið segið aldrei neitt .....
6. Ég fer oft í bíó .....
7. Strákarnir sitja á gólfinu .....
8. Þú talar of mikið (too much) .....
9. Ég tel húsin .....
10. Við spyrjum kennarann .....
11. Ég fæ oft fisk að borða .....
12. Íslendingar drekka aldrei bjór .....
13. Nemandinn kemur aldrei í skólann .....
14. Barnið leikur sér við köttinn .....
15. Þið farið oft á böll .....
16. Teppið er á gólfinu .....
17. Stólarnir eru á húsinu .....
18. Strákarnir eru að tefla skák .....
19. Stúlkan elskar strákinn .....
20. Lögreglan gerir aldrei neitt .....

E. TRANSLATION

The (car-)driver drove carelessly and had an accident. He hit a house and damaged both the car and the house. The police came and arrested the driver, because (því að) they believed that he had been drinking.

The teacher taught the cildren Icelandic, English and German. He lived in Akureyri. The boy was listening to the radio, but the girl was watching TV.

V

Chapter five

A. TEXT

Í gær fóru Siggi og Gunna í fataverslun. Siggi keypti sér nýjan jakka, bláar buxur, brúnan frakka og hvíta skyrtu, allt eftir nýjustu tísku. Gunna keypti sér síðan kjól og rauða, fallega kápu. Fyrir veturinn þurfa þau að fata sig upp. Siggi ætlar að fá sér góðan trefil, þykka vettlinga og hlýja úlpu. Gunna ætlar líka að kaupa sér úlpu, en auk þess loðhúfu og góða peysu. Á veturna er gott að eiga ullarfatnað: ullarsokka, ullarpeysu, ullarnærbuxur og ullarbol.

Maðurinn er í gulum jakka og grænum skóm. Hann keypti fötin í versluninni Buxnaklaufin, sem er tískuverslun fyrir táninga. Hann er með köflótt bindi og bleika vettlinga. Sá er smekklegur! Karlinn er með gleraugu og falskar tennur, en kerlingin er tannlaus. Barnið er með fallegt, liðað hár, lítinn munn og breiða höku. Litla stúlkan er með rjóðar kinnar, hátt enni og lítinn munn. Barnið er með flensu. Guðmundur hefur góða stöðu í ráðuneytinu. Þar hefur hann gott næði og mikinn tíma.

Drengurinn er glaður en stúlkan döpur. Konurnar eru reiðar. Börnin eru svöng og þyrst. Fiskurinn er góður, en kjötið er vont. Kaffið er sterkt, en teið er þunnt. Litla stúlkan á fallega bók. Fallega bókin er rauð. Svarti hundurinn er mjög fallegur. Hið nýja leikhús verður mjög stórt. Ég mætti reiðum manni. Ég mætti reiða manninum. Ég mætti reiðum manninum. Bíllinn festist í djúpri ánni. Bíllinn festist í djúpri á. Bíllinn festist í djúpu ánni.

Getið þið ráðið eftirfarandi gátu?

Gulur, rauður, grænn og blár
gerður af meistara höndum.

Hverju er verið að lýsa?

Í dag er laugardagur, í gær var þá föstudagur og á morgun er sunnudagur. Í fyrradag var fimmtudagur og daginn þar á und-

an var miðvikudagur. Ekki á morgun heldur hinn er mánudagur. Næsti dagur á eftir mánudegi heitir þriðjudagur.

Pétur litli sat og var að teikna. Allt í einu leit hann upp og spurði:

— Mamma, hvað eru til margar tegundir af mjólk?

— Tja, t. d. nýmjólk, súrmjólk, barnamjólk, kúamjólk. — Hvers vegna viltu annars vita það?

— Ég er sko að teikna kú og vildi gjarnan vita, hvað ég á að teikna marga krana á hana!

Mamma, ef þú gefur mér ekki strax hundrað kall fyrir ís, þá kalla ég þig ömmu, þegar við komum inn í strætisvagninn.

B. VOCABULARY

fataverslun, FS2: clothing-store
kaupa, W3, dat-acc: buy
nýr, adj: new
jakki, MW1: jacket
blár, adj: blue
buxur, FPl: trousers, pants
brúnn, adj: brown
frakki, MW1: overcoat
hvítur, adj: white
skyrta, FW1: shirt
allt, pron neut: everything
eftir, prep, dat: in, according to
tíska, FW1: fashion, custom
síður, adj: long
kjóll, MS1: dress, gown
rauður, adj: red
fallegur, adj: beautiful
kápa, FW1: mantle, coat (esp. woman's)
vetur, MS4: winter
þurfa, S: need, have to
fata sig, W4: obtain clothes
ætla, W4, acc: intend
fá sér, S7, acc: buy himself
góður, adj: good
trefill, MS1: scarf, muffler
þykkur, adj: thick
vettlingur, MS1: mitten
hlýr, adj: warm
úlpa, FW1: stormcoat
loðhúfa, FW1: fur cap
peysa, FW1: sweater, pullover
ullarfatnaður, MS3: woolen clothes
sokkur, MS1: stocking, sock
nærbuxur, FPl: drawers
(nær)bolur, MS2: undershirt
vera í, dat: wear
gulur, adj: yellow
grænn, adj: green
skór, MS1: shoe (Pl: **skór, skó, skóm, skóa**)
föt, NPl: clothes
verslun, FS2: shop, store
táningur, MS1: teenager
er með, acc: wear, have on
köflóttur, adj: chequered, plaid
bindi, NS: tie
bleikur, adj: pink
smekklegur: in good taste
sá er smekklegur: ironic, implying the opposite
gleraugu, NPl: spectacles, eyeglasses
falskur, adj: "false", artificial

falskar tennur: dentures
tönn, FS3: tooth
tannlaus, adj: toothless, without teeth
liðaður, adj: curly, with curles
hár, NS: hair
lítill, adj: little
munnur, MS1: mouth
breiður, adj: broad
haka, FW1: chin
rjóður, adj: rosy
kinn, FS1: cheek
hár, adj: high
enni, NS: forehead
flensa, FW1: flu
staða, FW1: position, office, post
ráðuneyti, NS: ministry
næði, NS: leisure, rest "undisturbed"
mikill, adj: plenty, great
tími, MS1: time
glaður, adj: glad
dapur, adj: sad (stem: dapur)
reiður, adj: angry
svangur, adj: hungry
þyrstur, adj: thirsty
vondur, adj: bad
þunnur, adj: thin
sterkur, adj: strong
leikhús, NS: theatre
mæta, W2, dat: meet
festast, W2: stick fast
djúpur, adj: deep
ráða, S7, acc: solve, find out
eftirfarandi, adj: following
gáta, FW1: puzzle, riddle
gerður, part from gera: made
meistari, MW1: master, creator
hönd, FS3: hand
lýsa, W2, dat: describe
laugardagur, MS1: Saturday
föstudagur, MS1: Friday
sunnudagur, MS1: Sunday
í fyrradag: the day before yesterday
fimmtudagur: Thursday
daginn þar á undan: the day before (that day)
miðvikudagur: Wednesday
ekki á morgun, heldur hinn: not tomorrow but the next day; i.e. the day after tomorrow
mánudagur: Monday
næstur, adj: next
þriðjudagur: Tuesday
teikna, W4, acc: draw
allt í einu: suddenly
líta, S1: look
tegund, FS2: sort, kind
nýmjólk, FS3: new milk
súr, adj: sour, acid
kýr, FS4: cow (**kúa:** GPl)
gjarnan, adv: willingly, eagerly
vita, S, acc: know
krani, MW1: screw-tap
strax, adv: at once
kalla, W4, acc: name
strætisvagn, MS1: bus, omnibus.

C. GRAMMAR

5.1. The adjectives in Iceland have a strong **and** a weak declension in contrast to the verbs and substantives, which are inherently **either** strong **or** weak. The choice of the strong/weak adjective declension depends on the syntactic constructions to be discussed in 5.5.

5.2. The Strong Adjective Declension.

	MSSg		FSSg		NSSg	
N	slæm-ur	dansk-ur	slæm	dönsk	slæm-t	danskt
A	slæm-an	dansk-an	slæm-a	dansk-a	slæm-t	danskt
D	slæm-um	dönsk-um	slæm-ri	dansk-ri	slæm-u	dönsk-u
G	slæm-s	dansk-s	slæm-rar	dansk-rar	slæm-s	dansk-s

	MSPl		FSPl		NSPl	
N	slæm-ir	dansk-ir	slæm-ar	dansk-ar	slæm	dönsk
A	slæm-a	dansk-a	slæm-ar	dansk-ar	slæm	dönsk
D			slæm-um	dönskum		
G			slæm-ra	dansk-ra		
	(bad)	(danish)				

Remark one:

Adjectives containing -a- in the stem show u-mutation (**a** to **ö**) in **MSgD**, **FSgN**, **NSgD**, **NPlNA** and **DPl**. This is not valid, however, for words ending with the suffix -leg, f. ex. fallegur (beautiful) MDSg fallegum etc.

An **a** in second syllable most often is changed to **u** through u-mutation. Thus, for example, MSgN falleg-**a**st-ur, the superlative form (cf. ch. 12), becomes falleg-**u**st FSgN.

Remark two:

In chapter one (1.5, Remark one) it was pointed out, that in addition to the most usual MSgN ending **-ur**, there were also other endings, e. g. -l, -n, -ø etc. This is also applies to the nominative masculine singular of adjectives. Examples:

MSgN:	N	A	D	G	
-r:	blá-r	blá-an	blá-um	blá-s	(blue)
-ø:	fagur	fagr-an	fögr-um	fagur-s	(beautiful)
-l:	**hál-l**	hál-an	hál-um	hál-s	(slippery)
-l:	gamal-l	gaml-an	göml-um	gamal-s	(old)
-n:	fín-n	fín-an	fín-um	fín-s	(fine)

Notice the syncope rule (also mentioned under 1.5): if the **stem** of an adjective ends in **-ur**, **-al**, **-ul**, then the suffix vowel is syncopated before an ending beginning with a vowel. Examples:

fagur (beautiful), MASg fagr-an, MDSg fögr-um, but MGSg fagur-s; **gamall** (old), MASg gaml-an, MNPl gaml-ir, but MGSg gamal-s; **mikill** (great), MDSg mikl-um, MNPl mikl-ir, but MGSg mikil-s; **þögull** (silent), MASg þögl-an, MNPl þögl-ir, but MGSg þögul-s; **heiðinn** (pagan), MDSg heiðn-um, MNPl heiðn-ir, but MGSg heiðin-s.

Most adjectives ending in **-ull** however, retain the suffix vowel: **spurull** (inquiring); **svikull** (deceptive); **hverfull** (unstable); **athugull** (attentive); **gjöfull** (generous) etc. all ending in **-ulan** in MASg and **-ulir** in MNPl etc.

Remark three:

The typical suffix for NSgNA is -t. Through deletion, assimilation and lengthening there are some deviant forms of the NSgNA:

a) If the stem ends in a vowel, the t is doubled (lengthened)

há-r (hig)	NSgNA há-**tt**
smá-r (little)	NSgNA smá-**tt**

b) If the stem ends in **-in-** (**-il-**), the neuter suffix is **-ð-**

dreymin-n (dreaming)	NSgNA dreymi**ð**
heiðin-n (pagan)	NSgNA heiði**ð**
lítil-l (little)	NSgNA líti**ð**
mikil-l (great)	NSgNA miki**ð**

c) If the stem ends in **cons + t**, the neuter suffix is **ø**:

svart-ur (black)	NSgNA **svart**
hast-ur (hard-trotting)	NSgNA **hast**
fast-ur (fast)	NSgNA **fast**

d) Before the neuter suffix (t), the consonants **-ð-**, **-d** and **-dd-** are deleted, and the resulting neuter suffix is **-t after a consonant,** but **-tt after a vowel** (comp. a)):

vond-ur (bad)	NSgNA **vont**
sadd-ur (sated)	NSgNA **satt**
góð-ir (good)	NSgNA **gott**
rauð-ur (red)	NSgNA **rautt**

5.3. Summary of the First Strong Adjective Declension.

	MS1Sg	FS1Sg	NSSg
N	-ur, r, -l, -n, -ø	(ö) -ø	-t, -tt, -ð, -ø
A	-an (s)	-a (s)	-t, -tt, -ð, -ø
I	(ö) -um (s)	-ri	(ö) -u (s)
G	-s	-rar	-s

	MS1Pl	FS1Pl	NSPl
N	-ir (s)	-ar (s)	(ö) -ø
A	-a (s)	-ar (s)	(ö) -ø
D		(ö) -um (s)	
G		-ra	

(ö) indicates the possibility of mutation, i. e. if the stem contains **a**, and (s) indicates syncopation, i.e. if the stem ends in -ur, -ar, -al, -in (occasionally -ul, -il).

Remark four.

The -r- in the endings **-ri** (FSgD), **-rar** (FSgG) and **-ra** (PlG) may either become **lengthened, assimilated** or **remain unchanged.**

1) The -r- is doubled when the stem ends in a tense vowel: **há-r, hárri, hárrar, hárra; ný-r, nýrri, nýrrar, nýrra** etc.
2) The -r- is assimilated to the preceding vowel + l or n: **hál-l, hálli, hállar, hálla; fín-n, fínni, fínnar, fínna.** — In the spoken language, however, the endings **-ri, -rar** and **-ra** are often added to the assimilated forms: **háll-ri, háll-rar** etc.
3) The -r- remains unchanged after consonant + l, n: **full-ur, full-ri, full-rar; þunn-ur, þunn-ri, þunn-rar** etc.

5.4. The Weak Adjective Declension.

The suffixes used to characterize the weak adjective declension correspond to those indicating the weak substantive declension in the singular e.g. penn-i M, stelp-a F, aug-a N, but the plural has only one caseform ending in -u.

	MWSg		FWSg		NWSg	
N	slæm-i	dansk-i	slæm-a	dansk-a	slæm-a	danska
A	slæm-a	dansk-a	slæm-u	dönsk-u	slæm-a	danska
D	slæm-a	dansk-a	slæm-u	dönsk-u	slæm-a	danska
G	slæm-a	dansk-a	slæm-u	dönsk-u	slæm-a	danska

	MWPl	FWPl		NWPl
N		slæm-u	dönsk-u	
A		slæm-u	dönsk-u	
D		slæm-u	dönsk-u	
G		slæm-u	dönsk-u	

Remark one:

Adjectives with **a** in the stem – except those having the suffix -leg- – show u-mutation (a > ö) in all forms with the suffix **u**, i. e. FSgADG, MFNPl all cases. (Pl dönsku etc.)

Remark two:

Adjectives ending in the suffixes **-al, -il, -ul, -ur, -in**, lose the suffix vowel (syncope) in all forms of the weak declension, e. g. MWSgN: gaml-i, mikl-i, þögl-i, fagr-i, heiðn-i.

5.5. The weak adjective declension is used in **attributive position** with **definitive reference,** i. e. if the substantive has the definite article (a), or is modified with a genitive form of another substantive/pronoun etc. (b), with proper names (c), in direct adress (d), or in constructions with the free definite article (e), demonstrative or (f) possessive pronouns:

a)	góði maður**inn**	(the good man)
b)	**nýja** bók höfundar	(the author's new book)
c)	**góði** Ólafur	((my) good Ólafur)
d)	**góði** vinur	((my) good friend)
e)	hin **gamla** bók	(the old book)
f)	sá **góði** maður	(that good man).

In modern Icelandic the use of the free definite article is not very common – in most such constructions the def article is deleted, but the adjective still has weak declension – although overtly not marked as to definite reference. Examples:

Ég fer úr vagninum á **næstu** stöð (I leave the bus at next station).

Þetta er **besti** bíll (this is a very good car).

Notice that if the substantive has the definite attached article then the construction involves comparison, i. e.:

Þetta er besti bíl**linn** (This is the best car (of many)).

In other cases the strong declension of the adjective is used, e. g. in **predicative position** or in attributive position if the substantive does not have a definite article (reference):

Maðurinn er góður	(the man is good)
góður maður	(a good man).

Notice however that the strong form of an adjective may co-occur with a substantive with the attached article. In such cases

the construction does not involve comparison and the adjective functions as apposition rather than attribute. Examples:

Ég sá veikt barnið (=barnið, sem var veikt) (I saw the sick **child**)
Ég seldi notað**an** bílinn (I sold the used car)
Blessuð börn**in** voru mjög þæg (The dear children are very well-behaved)
Ég ók eftir breið**um** veg**inum** (I drove along the wide road)
Hann rann á hál**um** ís**num** (He skidded on the slippery ice).

5.6 The Icelandic verbs **hafa, eiga** and **vera með** in most cases correspond to the English verb **have.** In spite of this correspondance, the three Icelandic verbs cannot normally be interchanged.

a) eiga: denotes ownership or social relationship.
b) hafa: denotes a looser connection, abstract possession.
c) vera með: denotes an inalienable possession pertinent to parts of the body -- illnesses etc. -- or that one has something in one's hands or pockets, with oneself etc. (leaving unspecified whether or not this object is the property of the person "having" it).

a)	ég á bíl	(I "own/possess" a car)
	ég á börn	(I have children)
	ég á konu	(I have a wife)
b)	börnin hafa hátt	(are noisy)
	hafa næði	(have peace and quiet)
	hafa tíma	(have time)
c)	Hann er með flensu	(He has flu)
	Hann er með kvef	(He has a cold)
	Hann er með bindi	(He has a tie on)
	Hann er með gleraugu	(He has glasses on)
	Hann er með munn	(He has a mouth)
	Hann er með nef	(He has a nose)
	Hann er með enni	(He has a forehead)

D. EXERCISES

5.1. In the following sentences supply the appropriate suffixes.

1. Strákurinn á rauð..... bíl og græn..... hjól. 2. Maðurinn keypti ný..... föt og ný..... skó. 3. Þarna er svart..... hús með stór..... gluggum. 4. Grasið er græn....., en hafið er blá.....

5. Taflan er svört..... 6. Frakkinn er mjög falleg..... 7. Barnið er í blá..... buxum. 8. Stúlkan er glöð..... 9. Brennivínið er sterk..... 10. Páll drekkur aldrei súr..... mjólk. 11. Kartaflan er skemmd..... 12. Konan er bæði svöng..... og þyrst..... 13. Hjálmar sá dapr..... konu. 14. Hann sá líka meidd..... hest. 15. Karlinn er tannlaus..... 16. Kerlingin er líka tannlaus..... 17. Konan er í brún..... skóm. 18. Boltinn er falleg..... 19. Maðurinn er í (gamall) ..... frakka.

5.2. Transform the adjective constructions in the above sentences into plural, whenever possible.

5.3. Attach the definite article to the nouns in the following constructions, and form the appropriate (weak) forms of the adjectives.

Svartur hestur.	Svarti hesturinn.
1. Svart kaffi	.....
2. Góður maður	.....
3. Slæm kona	.....
4. Lítið barn	.....
5. Gamall karl	.....
6. Hvítt hús	.....
7. Rautt bindi	.....
8. Nýr bíll	.....
9. Skemmtileg bók	.....
10. Falleg kápa	.....
11. Góðir treflar	.....
12. Nýtískuleg föt	.....
13. Glatt barn	.....
14. Svangir hestar	.....
15. Reiðir kennarar	.....

16. Þunnt te .....
17. Nýir skór .....
18. Grænt gras .....
19. Blár himinn .....
20. Brúnn frakki .....
21. Falleg hús .....
22. Vondur matur .....
23. Skemmdur fiskur .....
24. Góð staða .....
25. Rauður kjóll .....

5.4. In the following sentences, find the appropriate form of the words given in parentheses.

1. Konan er í (nýr) ..... kápu og (nýr) ..... skóm. 2. Maðurinn er með (köflóttur) ..... bindi. 3. Palli keypti sér (blár) ..... frakka og (brúnn) ..... trefil. 4. Húsið er (svartur) ..... 5. Barnið er (glaður) ..... 6. Þú átt heima í (stór) ..... blokk. 7. Ég sé (lítill) ..... konu með (gamall) ..... hund. 8. Konan var (lítill) ....., en hundurinn (gamall) .....-..... 9. Barnið hefur (rauður) ..... hár. 10. Konan er með (stór) ..... enni og (síður) ..... kinnar. 11. Íslenski fáninn er (rauður, blár og hvítur) ....., ... og ..... . 12. Bréfið er frá (gamall) ..... manni. 13. Barnið er í (svartur) ..... úlpu. 14. Hann er (enskur) ....., en hún er (þýskur) ..... 15. Stúlkan er (franskur) ..... 16. Ég keypti (lítill) ..... húsið. 17 Þú átt (góður) ..... penna. 18. (Svartur) .....-..... jakkinn er fallegur. 19. (Lítill) ..... barnið er (reiður) ..... 20. Hann gaf (svangur) ..... barninu að borða. 21. Hún gaf (góður) ..... konunni (fallegur) ..... kápuna. 22. Þeir hafa (mikill) ..... tíma.

23. Þú hefur (góður) ..... næði. 24. Kaffið er (sterkur) ..... og (góður) ..... 25. Bækurnar eru (skemmtilegur) .....

5.5. Transform the adjective constructions in the above sentences into plural, whenever possible.

5.6. Choose the appropriate form of one of the three verbs **eiga, hafa, vera með.**

1. Guðmundur ..... bíl
2. Hann ..... tvö (2) börn
3. Hún ..... nógan tíma
4. Þeir ..... bækurnar
5. Strákurinn ..... gleraugu
6. Stúlkan ..... loðhúfu
7. Börnin ..... hátt
8. Strákurinn ..... kvef
9. Þú ..... gott embætti
10. Kennarinn ..... stílabækurnar

5.7. Form new sentences, present or preterite, from the given material:

1. Stúlkan, vera, svangur, og, þyrstur

.....

2. Lítill, húsið, vera, fallegur

.....

3. Reykjavík, vera, lítill, borg

.....

4. Vatnajökull, vera, stór, jökull

.....

5. Páll, skemma, nýr, bíll

.....

6. Barnið, drekka, súr, mjólkin

.....

7. Þú, eiga, heima, í, hvítur, húsið

.....

8. Hann, vera, með, þykkur, trefill

.....

9. Hún, kaupa, svartur, föt

.....

10. Hann, fá sér, nýr, brúnn, buxur

.....

E. TRANSLATION

The little boy ran home. He lives in a big house with his (sinni) grandmother. Every morning he must hurry to shool, but first he has breakfast.

The street is broad. The blackboard is black. The grass is green. The sky is blue. The child has a new school-bag.

The boy is wearing red trousers, a yellow stormcoat and a blue muffler, everything according to the latest fashion. – But he has not combed his curly hair nor washed his hands.

– Do you like strong coffee? Do you take sugar or milk? Do you smoke? Do you read much? Do you walk to school? What do you do??

VI

Chapter six

A. TEXT

Á Íslandi eru mörg kvikmyndahús og Íslendingar fara oft í bíó. Flest stærstu kvikmyndahúsin eru í Reykjavík, t. d. Tónabíó, Háskólabíó, Stjörnubíó og Austurbæjarbíó. — Erlendar kvikmyndir eru sýndar með erlendu tali, en oftast er íslenskum texta bætt við. Íslenska sjónvarpið sýnir einnig sjónvarpsmyndir á frummálinu með íslenskum texta. Íslensku kvikmyndahúsin sýna aðallega amerískar, enskar, danskar og sænskar myndir. Oftast er skipt um myndir einu sinni í viku, en góðar myndir eru sýndar lengur. Það er tiltölulega ódýrt að fara í bíó. Verð aðgöngumiða er misjafnt eftir því, hvar setið er. Stúkusæti eru dýrust, en almenn sæti ódýrust. Flestir kaupa miða í betri sætum.

Þjóðleikhús Íslendinga er í Reykjavík. Við Þjóðleikhúsið starfa margir fastir leikarar og leikkonur. Leikfélag Reykjavíkur starfar auðvitað líka í Reykjavík. Á ári hverju eru frumsýnd nokkur verk, annaðhvort í Þjóðleikhúsinu eða Iðnó, húsi Leikfélags Reykjavíkur. Á Íslandi er engin ópera starfrækt, en óperuverk eru stundum flutt, oftast í Þjóðleikhúsinu.

Öll stærstu hótel á Íslandi eru í Reykjavík. Þar er hægt að gista, en gistingin er dýr. Flest hótelin reka matsölu eða veitingasölu. Veitingasalir og barir hótelanna eru opnir á kvöldin — auk venjulegra matmálstíma. Íslendingar sækja þessa skemmtistaði mjög mikið, einkum þó um helgar. Á slíkum skemmtistöðum er hægt að dansa, borða, drekka o. s. frv. — Mörgum útlendingum finnst einkennilegt, hve frjálslegar og óþvingaðar slíkar samkomur eru. Þangað koma jafnt karlar sem konur, og konurnar geta auðvitað komið án fylgdar karlmanns, ef þær langar til.

Þessi hestur er vel taminn. Hann kemur hlaupandi, þegar kallað er á hann. Sá, sem stal brúnu hjóli við Nýja garð um síðustu helgi, er beðinn að skila því aftur. Hver hefur stolið hjólinu? Stúdentinn stal því örugglega ekki. „Nakti apinn" er mjög vinsæl bók. Karl munkur og ábóti samdi Sverrissögu. Hann var sílesandi

og sískrifandi. Sá var iðinn. Hefur þú lesið Sverrissögu? Já, ég las hana í fyrra. Enginn verður óbarinn biskup. Borðið er þakið bókum. Ríki maðurinn giftist fallegu, fátæku stúlkunni. Hinn mikli hiti, sem herjaði á Evrópu í sumar, gerði ekki vart við sig á Íslandi.

Bóndi nokkur hringdi til dýralæknis:
— Ég á hest, sem stundum er haltur, en stundum ekki. Hvað á ég að gera við hann?
— Næst, þegar hann er ekki haltur, skaltu selja hann!

Ef maður kvænist er það vegna reynsluleysis. Ef hann skilur við konu sína er það vegna skorts á þolinmæði, og ef hann kvænist aftur, er það vegna minnisleysis.

B. VOCABULARY

kvikmyndahús, NS: cinema
erlendur, adj: foreign
kvikmynd, FS2: movie
sýna, W2, acc: show, exhibit
tal, NS: speech
oftast, adv: most often
texti, MW1: text
bæta við, W2, dat: add to
einnig, adv: also
frummál, NS: original language
aðallega, adv: mainly
amerískur, adj: American
enskur, adj: English
sænskur, adj: Swedish
danskur, adj: Danish
skipta um, W2, acc: change
mynd, FS2: picture, (here) movie
einu sinni: once
vika, FW1: week
lengur, adv: longer
tiltölulega, adv: relatively
ódýr, adj: cheap
verð, NS: price
aðgöngumiði, MW1: ticket
misjafn, adj: varied
stúkusæti, NS: balcony seat
dýrastur, adj: most expensive
almennur, adj: common
almenn sæti: front stall
miði, MW1: aðgöngumiði
betri, adj: better
starfa, W4: work
fastur, adj: fast, (here) salaried
leikari, MW1: actor, player
leikkona, FW1: actress
auðvitað, adv: of course
ár, NS: year
frumsýning: premiere
frumsýna, W2, acc: exhibit for the first time
verk, NS: "piece"
annaðhvort .. eða: either .. or
ópera, FW1: opera
starfrækja, W2, acc: run, operate
stundum, adv: sometimes
flytja, W1, acc: perform
hótel, NS: hotel
hægur, adj: possible (easy)
gista, W2: lodge, stay overnight
gisting, FS1: accommodation, night-lodging
reka, S6, acc: operate

matsala, FW1: restaurant
veitingasala, FW1: snack-bar
veitingasalur, MS2: refreshment-room
bar, MS2: bar
opinn, adj: open
auk, prep, gen: in addition to
matmálstími, MW1: meal-time
sækja, W2, acc: attend, come to
skemmtistaður, MS3: place of amusement
helgi, FS1: weekend
slíkur, pron: such
finnast, S3, impers: think, feel
einkennilegur, adj: peculiar, odd
frjálslegur, adj: unrestrained
óþvingaður, adj: uninhibited
samkoma, FW1: social occasion
jafnt, adv: both
án, prep, gen: without
fylgd, FS2: attendance
í fylgd karlmanns: with a male escort
langa til, W4, gen: want to
vel, adv: good
taminn, adj: domesticated, broken in
stela, S6, dat: steal
hjól, NS: bicycle
síðasti, adj: last
biðja, S5, acc-gen: ask
skila, W4, dat: give back, return
örugglega, adv: surely
nakinn, adj: naked
api, MW1: monkey
vinsæll, adj: popular
munkur, MS1: monk
ábóti, MW1: abbot
semja, W1, acc: compose, write
sí-, prefix: always
iðinn, adj: diligent
þekja, W1, acc-dat: cover
í fyrra: last year
giftast, W2, dat: marry, be married
fátækur, adj: poor
hiti, MW1: heat, warmth
herja á, W4, acc: distress, plague
sumar, NS: summer
gera vart við sig: make oneself felt
bóndi, MW2: farmer
nokkur, pron: some
dýralæknir, MS1: veterinarian
haltur, adj: lame
næst, adv: next time
skulu, S: shall
kvænast, dat: giftast
reynsluleysi, NS: lack of experience
skilja við, W1, acc: divorce
skortur, MS2: lack
þolinmæði, FW2: patience
minnisleysi, NS: amnesia.

C. GRAMMAR

6.1. The Participles.

Present participles are formed with the suffix **-andi**; for example **kenn-andi** (teaching) from **kenna**, **berj-andi** (beating) from **berja**, etc. Present participles are **indeclinable** when used as adjectives. When used as nouns, they have the **MW2** declension (like **penni** except that the **PlNA** are formed with the suffix **-ur** (plus palatal umlaut) instead of -ar, thus: penn-i, penn-ar but nemand-i, nem-end-ur).

The **past** participle has special forms for each of the three genders. The past participle (MNSg) **of the strong verbs** is formed

with **-inn** (+ ablaut), e. g. **bit-inn** (bit) from **bíta, boð-inn** (invited) from **bjóða,** etc. The past participles **of the weak verbs** (MNSg) are formed with **-inn, -dur, -tur, -aður.** Recall that the weak verbs formed their preterite with dental suffix (-ð-, -d-, -t-), the choice of which depended on the shape of the stem (Cf, 4.11). Many weak verbs of the **first class (W1)** have taken over the nasal past participle suffix (-**in**-) from the strong verbs, and this then usually substitutes the dental suffix. Sometimes, however, both the weak and strong types exist for one and the same verb. We can summarize these three possibilities as follows for the past participles of weak verbs (W1).

1. Dental suffix only — lagður (laid) (leggja)
2. Nasal suffix only — flúinn (fled) (flýja)
3. Both dental and nasal suffix — barinn; barður (beaten) (**berja**)

The past participles of the weak verbs ending in **-ður, -dur, -tur** are declined like adjectives (5.2). Notice especially the vowel alteration in the following example:

MSSg	**FSSg**	**NSSg**
kallað-ur	kölluð	kallað
kallað-an	kallað-a	kallað
kölluð-um	kallað-ri	kölluð-u
kallað-s	kallað-rar	kallað-s
MSPl	**FSPl**	**NSPl**
kallað-ir	kallað-ar	kölluð
kallað-a	kallað-ar	kölluð
	kölluð-um	
	kallað-ra	

The vowel **a** in stressed syllables becomes **ö** through u-mutation, but in unstressed syllables **a** becomes **u** through the same process. (**kall-** > **köll**; **-að-** > **-uð-**). For the declension of the past participles ending in **-in** consult the next paragraph.

6.2. Adjectives – continued.

In addition to the strong adjective declension introduced in chapter 5 there is a second strong subclass, slightly different from the first one. As an example, we use the word **heiðinn** (pagan).

	MSSg	FSSg	NSSg
N	heiðin-n	heiðin	heiðið
A	**heiðin-n**	heiðn-a	heiðið
D	heiðn-um	heiðin-ni	heiðn-u
G	heiðin-s	heiðin-nar	heiðin-s

	MSPl	FSPl	NSPl
N	heiðn-ir	heiðn-ar	heiðin
A	heiðn-a	heiðn-ar	heiðin
D		heiðn-um	
G		heiðin-na	

Notice above all **MASg**, which ends in **-in** instead of -an. Notice furthermore the two forms of the stem (**heiðin/heiðn**) conditioned by the syncope rule mentioned under **1.5** and **5.2**, remark two.

Declined like heiðinn are:

a) Adjectives ending in **-inn**. For example, **heppinn** (lucky), **kristinn** (Christian), **natinn** (diligent) (of course with u-mutation (a to ö) before u, i. e. in MDSg, NDSg and PlD), **fyndinn** (witty) etc.

b) Many **past participles**, above all the past participles of most **strong verbs** and W1 verbs. For example: **brotinn** from brjóta, **stolinn** from stela, **soðinn** from sjóða and **farinn** from fara:

	MSg	FSg	NSg
N	farin-n	farin	**farið**
A	farin-n	farn-a	**farið**
D	förn-um	farin-ni	förn-u
G	farin-s	farin-nar	farin-s

	MPl	FPl	NPl
N	farn-ir	farn-ar	farin
A	farn-a	farn-ar	farin
D		förn-um	
G		farin-na	

Many past participles of **weak verbs** first class (W1) are formed with the suffix **-inn** (6.1), in analogy to the participles of strong verbs. In this case, however, the "strong" suffix is **not** preserved **throughout** the paradigm, and consequently we are left with a

mixture of strong and weak declension. In the following paradigm of **talinn** (counted) the weak forms (using a dental suffix) are underlined.

N	talin-n (vakinn)	talin	**talið**
A	talin-n	**tald-a**	**talið**
D	**töld-um** (**vökt-um**)	talin-ni	**töld-u**
G	talin-s	talin-nar	talin-s
N	**tald-ir**	**tald-ar**	talin
A	**tald-a**	**tald-ar**	talin
D		**töld-um**	
G		talin-na	

Many W1-verbs, which form their past participle with **-in-** are declined like **talinn,** i.e. showing a dental suffix (-ð-, -d-, -t-) in some cases, the choice of which depends upon the formation of the preterite (compare rule under 4.11). Examples: **tafinn** (delayed) from tefja – tafði, i. e. with ð-suffix in MDSg, MNADPl, FASg, FNADPl, NDSg and NDPl (in addition to -ið in NNASg); **vakinn** (awaked) from vekja – vakti etc. Note that the NANSg of all such verbs ends in **-ið.** – Compare the distribution of the dental suffix with the syncope-rule under 1.5.

6.3. Tenses.

In Icelandic there are two simple tenses: the **present tense,** which is the unmarked neutral form of the verb, and the marked **preterite tense.** The **present tense** has a very broad range of applications, as it may refer to:

a) present time	(Hann er heima)
b) future time	(Hann fer á morgun)
c) general and time independent statements	(Himinninn er blár)
d) past tense (historical present)	(Stríðinu í Víetnam lýkur vorið 1975).

The **preterite tense** is used in denoting actions that began at a specific time, previous to the time of utterance, and are **not continuing.**

The choice of **tense** is governed by the relation in time between the actions denoted and the utterance which denote them. The situation differs for **aspects** (see below, 6.4.) whose choice is gover-

ned by the tense of the sentences in which they occur. Observe for example the difference between:

a) Hann söng í gær (He sang yesterday)
b) Hann hafði sungið í gær (He had sung yesterday)

where the preterite in a) refers to the time of the utterance (now), but **had sung** in b) refers to yesterday (then).

6.4. Aspects.

Facultive – as opposed to lexical – aspects in Icelandic are indicated by special constructions. We have already introduced the aspects of **beginning, duration** (progressive) and the construction **vera búinn + inf** (ending). (Compare 3.4).

The **perfect** – i. e. present form of the verb **hafa** plus past participle **neuter** – is used to indicate past actions which may or may not (depending on the example chosen) continue into the present. The perfect thus indicates an action already begun, which still may be going on, as opposed to the simple preterite which refers only to past, **not ongoing,** actions. Usage of the perfect is comparable to the use of the construction **vera búinn + inf,** but the **perf** seems to be more general; **vera búinn + inf** most often refers to a specific non-remote event. It is easiest to understand this point by examining examples:

a) Ég **hef reykt** í tvö ár (og reyki enn)
(I have smoked for the last two years (and am still a smoker))
Ég **reykti** í tvö ár (en ekki núna)
(I smoked for two years (but not longer))
Ég **er búinn að reykja** í tvö ár
(I have been smoking for two years)

b) Ég **hef séð** ljónið (I have seen the lion)
Ég **er búinn að sjá** ljónið (I have seen the lion)
Ég **sá** ljónið (I saw the lion)

c) Ég **hef notað** þessa skó í mörg ár
(I have used these shoes for many years (and I am still using them))
Ég **notaði** þessa skó í mörg ár
(I used these shoes for many years (but no longer)).

All the above examples contain **transitives** as main verbs. Intransitive verbs may form similar constructions with the modal verb **vera** plus past **participle** in concordance with the case and

gender of the subject. Such constructions denote a **state,** and the participle is best considered as a predicate adjective. Examples:

Ég **hef komið** hingað (I have been here)
Ég **er kominn** hingað (I am here)

Lastly, notice that the **perf** construction may indicate a suggestion, belief, understatement etc.

Hann **hefur náð** prófinu (He has passed the exam (I believe))
Þeir **hafa verið** hérna í gær (I suppose they were here yesterday)

6.5. Summary of 6.3–6.4.

If we summarize the distinctive features mentioned under 6.3 and 6.4 we obtain the following matrix.

Ég reyki (smoke)	÷ past	+ dur	+ fut	÷ begun
Ég reykti	+ past	÷ dur	÷ fut	÷ begun
Ég hef reykt	÷ past	+ dur	÷ fut	+ begun
Ég hafði reykt	+ past	+ dur	÷ fut	+ begun
Ég er að reykja	÷ past	+ dur	÷ fut	÷ begun
Ég var að reykja	+ past	+ dur	÷ fut	÷ begun

6.6 Demonstrative Pronouns.

Icelandic has three demonstrative pronouns: **sá,** the, he (who); **þessi,** this and **hinn,** that (one), the other (one). The demonstrative pronouns are declined as follows:

	MSg	**FSg**	**NSg**
N	sá	sú	það
A	þann	þá	það
D	þeim	þeirri	því
G	þess	þeirrar	þess
	MPl	**FPl**	**NPl**
N	þeir	þær	þau
A	þá	þær	þau
D		þeim	
G		þeirra	

Notice that the **neuter singular** and the **whole plural** coincide with the forms of the third personal pronouns.

	MSg	FSg	NSg
N	þessi	þessi	þetta
A	þennan	þessa	þetta
D	þessum	þessari	þessu
G	þessa	þessarar	þessa

	MPl	FPl	NPl
N	þessir	þessar	þessi
A	þessa	þessar	þessi
D		þessum	
G		þessara	

	MSg	FSg	NSg
N	hinn	hin	**hitt**
A	hinn	hina	**hitt**
D	hinum	hinni	hinu
G	hins	hinnar	hins

	MPl	FPl	NPl
N	hinir	hinar	hin
A	hina	hinar	hin
D		hinum	
G		hinna	

Notice that the declension of **hinn** is identical to the declension of the free definite article (1.6), except NSgNA have the form **hitt** instead of **hið**.

The demonstrative pronouns are used either as substantives or adjectives:

Sá er góður	(he is a good one (sarcastically))
Þetta er rangt	(this is wrong)
Hinir og **þessir**	(some . . . , various people)
Hitt og **þetta**	(this and that)
Sú ágæta kona	(that excellent woman)
Þetta litla barn	(this small child)
Hinn maðurinn	(the other man).

Sá is most often used in connection with the relative pronoun or in exclamations:

Sá fantur	(that scoundrel)
Sá (maður) **sem** . . .	(the one who)

Notice that the adjectives have the weak declension after the demonstrative pronouns. (Cf. 5.5). Notice further that substantives following the demonstrative pronoun **hinn** always have the definite article attached, for example:

Hinn bíllinn	(the other car)
Hin stúlkan	(the other girl)
Hitt barnið	(the other child).

6.7. Indefinite – Demonstrative Pronouns.

In addition to the three demonstrative pronouns discussed in 6.6, there are four other pronouns, which have similar function:

Slíkur (such) and **þvílíkur** are declined as strong adjectives and used attributively:

Slíkur maður	(such a man)
Þvílíkur draumur	(such a dream)

Sjálfur is also declined as a strong adjective, but most often used as a predicate:

Ég sá hann **sjálfur**	(I saw him myself)
Hann kom **sjálfur**	(He came himself).

Sami (same) – often preceded by **sá/sá hinn** – most often has the weak adjective declension. If it is used attributively the substantive has the attached article, just as after **hinn:**

Sami maðurinn	(the same man)
Þetta er sá hinn sami . . .	(that is the same one . . .).

E. EXERCISES

6.1. Form the preterite participle (NSgN) of the following verbs:
elska, telja, kenna, bíta, bjóða, hlaupa, koma, fara,
læra, spyrja.

6.2. Find the appropriate forms of the words given in parentheses:

1. Hann á ....., ... hund (lítill, loðinn)
2. Hundarnir eru ..... (loðinn)
3. Þarna er ..... konan (heppinn)
4. Víkingarnir voru flestir ..... (heiðinn)
5. Munkarnir voru flestir ..... (kristinn)
6. Á þetta að vera .....? (fyndinn)
7. Hesturinn er vel ..... (taminn)
8. Hestarnir eru vel ..... (taminn)
9. Bóndinn reið ..... hesti (D) (taminn)
10. Sagan var vel ..... (saminn)
11. Sögurnar voru vel ..... (saminn)
12. Maðurinn keypti ..... bíl (gamall)
13. Íslendingar unnu ..... sigur (mikill)
14. Neyðin kennir ..... konu að spinna (D) (nakinn)
15. Ungu stúlkurnar eru ..... (dreyminn)

6.3. Form two new sentences, one in preterite tense and another with the construction hafa + past participle. Example:

	Given sentence:	**New sentences:**
	Ég drekk aldrei mjólk.	a) Ég drakk aldrei mjólk b) Ég hef aldrei drukkið mjólk
1.	**Hann notar aldrei tóbak**	a) ..... b) .....
2.	**Hún kaupir aldrei vín**	a) ..... b) .....
3.	**Konan talar oft í símann**	a) ..... b) .....
4.	**Þú býður mér í kaffi**	a) ..... b) .....
5.	**Páll ekur alltaf sjálfur**	a) ..... b) .....

6. Þið lærið vel heima
   a) .....
   b) .....
7. Páll flýgur aldrei til Akureyrar
   a) .....
   b) .....
8. Barnið skemmir fötin sín
   a) .....
   b) .....
9. Börnin hafa hátt
   a) .....
   b) .....
10. Karlinn er með gleraugu
    a) .....
    b) .....
11. Þær fara oft í leikhús
    a) .....
    b) .....
12. Þú gistir oft á Hótel Esju
    a) .....
    b) .....
13. Mig langar oft upp í sveit
    a) .....
    b) .....
14. Skáldið semur mörg verk á ári
    a) .....
    b) .....
15. Hvar starfar þú?
    a) .....
    b) .....

6.4. Replace the appropriate endings:

1. Þess..... vegur er slæmur. 2. Þess..... vegir eru slæmir. 3. Hann ók á þess..... vegi í gær. 4. Hann ók á þess..... vegum í gær. 5. Þekkir þú þenn..... strák? 6. Þekkir þú þess..... stúlkur? 7. Ég bý í þess..... litla húsi. 8. Þett..... barn þarna á þenn..... rauða bolta. 9. Myndin er af þess..... konu. 10. Faðir þess..... stráka er kennari. 11. Móðir þess..... stúlku er ensk. 12. Barnið var í þess..... fötum í gær. 13. Maðurinn er alltaf með þett..... bindi. 14. Þett..... leikrit er hundleiðinlegt. 15. Þess..... föt eru falleg.

6.5. Find the appropriate demonstrative pronouns:

1. Ég sá ..... (that) mann. 2. Ég þekki ..... (that) mann. 3. Stúlkan var með ..... (that) manni. 4. ..... (that) maður er ríkur. 5. Ég trúi ekki ..... (that) sögu. 6. Hann fór til ..... (that) konu. 7. Ég á ekki ..... (that) barn, heldur ..... (the other one). 8. ..... (those) strákar eru skemmtilegir, en ..... (the other ones) eru leiðinlegir. 9. Páll á heima í ..... (that) húsi en ég á heima í ..... (the other one). 10. Er ..... (this) þinn hattur? 11. Nei, ég á ..... (the other one). 12. Hvar eiga ..... (this) börn heima? 13. ..... (that) var góð. 14. ..... (such) óheppni. 15. Ég sá ..... (same) manninn aftur.

E. TRANSLATION

Have you seen the movie? No, I went to the theatre yesterday evening. Did you enjoy yourself? No, I was bored stiff (almost to death).

The boy is learning how to drive a car, but I have learned that already. Who has stolen the beautiful car? This little boy is angry, but that one is glad. Those who live in Reykjavík, are called Reykvíkingar.

Have you read the book? Yes, I read it yesterday – I have read two books this week (í + dat). Did you already speak to the teacher? No, but I am going to speak to him.

The car has already arrived. The plane is here. Have you ever come to Akureyri? Are you going to go to Akureyri?

VII

Chapter seven

Barnið hefur týnt stígvélunum sínum. Ég týndi veskinu mínu, en hún týndi buddunni sinni. Konan fann budduna hennar. Hann seldi bílinn minn og ég seldi bílinn hans. Þeir fundu peningana sína. Þeir fundu peningana þeirra. Stúlkurnar léku sér við hundana sína. Hundarnir þeirra eru bannaðir í Reykjavík. Úrið mitt gengur rétt, en þitt úr seinkar sér. Bölvuð vitleysa. Þitt úr flýtir sér, en úrið mitt gengur hárrétt. Vinur minn sagði frá reynslu sinni. Skoðun mín er sú, að starf hans sé mikilvægt. Íslendingar, verjum landhelgi vora. Land vort þarfnast vor. — Svona tala Íslendingar við hátíðleg tækifæri.

— Hundurinn er mjög fallegur. Eyrun á honum eru svört, en lappirnar á honum eru hvítar. Augun í honum eru kolsvört, en tungan í honum er blóðrauð.

Segir þú nokkuð títt? Nei, ég segi ekkert. Ég hef ekki hitt nokkurn mann í heilan mánuð og enginn heimsækir mig. Einhver hringdi þó í dag, en ég var of seinn í símann. — Var einhver að banka? Ég heyrði ekkert. Heyrðir þú eitthvað? Þekkirðu einhvern hér? Já, ýmsa. Ég hef kynnst ýmsu fólki í dag. Ýmist fór hann í leikhús eða bíó.

Einhver hringdi í systur mína í dag. Líklega hefur það verið kærastinn hennar. Hún fór að púðra á sér nefið og mála á sér varirnar, en slíkt gerir hún alltaf, þegar hún á von á kærastanum sínum.

Í matvöruverslun.

— Góðan dag.

— Góðan dag. Hvað var það (fyrir þig/yður)?

— Ég ætla að fá einn pakka af kaffi, tvo lítra af mjólk og eitt stykki af smjöri.

— Já, gjörðu svo vel. (Var það) Nokkuð fleira?

— Já, hálft pund af skyri og eitt kíló af sykri.

— Sjálfsagt, gjörðu svo vel. — Nokkuð fleira?

– Nei, takk. – Jú, annars, tvær kók, einn pakka af sígarettum og tvo poka af saltkexi.
– Gjörðu svo vel. – Fleira nokkuð?
– Nei, nú kaupi ég ekki fleira, enda er ég orðinn staurblankur.
– Þetta verða þá 1850 krónur.
– Gerðu svo vel, hérna er ég með 2000 krónur.
– Takk, þú færð þá 150 krónur til baka.
– Takk, sömuleiðis.

Heyrnarlausa Gunna.

Gunna gamla var farin að tapa heyrn og heyrði verr og verr með hverjum deginum sem leið. – „Góða besta, farðu nú til læknis", æptu ættingjar hennar stöðugt inn í eyrun á henni.

Gunna kinkaði kolli og fór loks til sérfræðings. Þegar þangað kom, settist hún í biðstofunni og fór að prjóna. Eftir góða stund kom aðstoðarstúlka læknisins og sagði, að læknirinn hefði ekki viðtalstíma í dag.

Gunna gamla kinkaði kolli vingjarnlega og hélt áfram að prjóna. – Hún var enn að prjóna að tíu mínútum liðnum, en vesalings stúlkan var orðin þegjandi hás af ópum og köllum.

Í örvæntingu sinni tók stúlkan blaðsnepil og skrifaði: Enginn viðtalstími í dag.

Gunna gamla tók við sneplinum, leit á hann, en rétti stúlkunni hann síðan brosandi aftur og sagði vingjarnlega: „Geturðu ekki lesið þetta upphátt fyrir mig, vina mín, ég gleymdi nefnilega gleraugunum mínum heima."

Þingmaður kom til manns, sem hann þekkti ekki og bað hann um að kjósa sig.

– Ég dáist að dugnaði þínum, sagði maðurinn, en fyrirlít skoðanir þínar.

– Vinur minn, sagði þingmaðurinn, ég virði hreinskilni þína, en fyrirlít menntun þína.

B. VOCABULARY

týna, W2, dat: lose
stígvél(i), NPl: boots
veski, NS: pocket-book
budda, FW1: purse
banna, W4, dat-acc: forbid
úr, NS: wrist-watch
ganga rétt: (watch) keep correct time

seinka sér, W4: be slow (watch)
bölvaður, part: cursed, damned (exclam.)
vitleysa, FW1: nonsense
flýta sér, W2: be fast (watch)
hárréttur, adj: exact, precise
vinur, MS2: friend
reynsla, FW1: experience
skoðun, FS2: opinion
starf, NS: work, achievement
mikilvægur, adj: important
verja, W1, acc: defend
landhelgi, FW2: territorial waters
þarfnast, W4, gen: need
hátíðlegur, adj: solemn, official
tækifæri, NS: occasion
löpp, FS2: paw
kolsvartur, adj: jet black
blóðrauður, adj: red as blood, scarlet
títt (neut from tíð-ur, adj): new
heill, adj: whole
mánuður, MS3: month
heimsækja, W2, acc: pay a visit
seinn, adj: late
banka, W4: knock
heyra, W2, acc: hear
ýmis, pron: various
kynnast, W2, dat: learn to know
ýmist, adv: now ... now
kærasti, MW1: boyfriend, fiancé
púðra, W4, acc: powder
nef, NS: nose
mála, W4, acc: paint
vör, FS2: lip
slíkt, pron: such things
alltaf, adv: always
von, FS2: hope
eiga von á, dat: expect
matvöruverslun, FS2: food store
pakki, MW1: pack, parcel, packet
lítri, MW1: liter
stykki, NS: piece
smjör, NS: butter
gjörðu/gerðu: do (imp)
g. svo vel: here you are
nokkuð fleira: anything else?
hálfur, adj: half
pund, NS: pound
skyr, NS: Icelandic dairy product consisting of cultured milk curds
kíló, NS: kílógramm
sykur, MS1: sugar
sjálfsagt: of course, certainly
takk: thank you
sígaretta, FW1: cigarette
poki, MW1: bag, sack
saltkex, NS: cracker
staurblankur, adj: completely broke
verða: will be, makes (idiom.)
króna, FW1: crown
til baka: in return
þú færð til baka: here is your change
sömuleiðis, adv: likewise, also, too
heyrnarlaus, adj: deaf
tapa, W4, dat: lose
heyrn, FS2: hearing, sense of hearing
verr, adv: worse
líða, S1: pass
æpa, W2: cry, shout
ættingi, MW1: relative
stöðugt, adv: steadily, always
kinka, W4, (dat): nod
kollur, MS1: head
loks, adv: finally, eventually
sérfræðingur, MS1: specialist
setjast, W1: sit down
biðstofa, FW1: waiting-room
prjóna, W4, acc: knit
stund, FS2: hour, time
aðstoðarstúlka, FW1: assistant
viðtalstími, MW1: visiting hour
vingjarnlega, adv: in a friendly way
halda áfram: continue
enn, adv: still
að tíu mínútum liðnum: 10 min. later
veslings: poor
þegja, W2: be quiet

hás, adj: hoarse, husky
óp, NS: shouting, crying
köll, NPl: shouting, exclamations
örvænting, FS1: despair
blaðsnepill, MS1: a piece of paper
rétta, W2, dat-acc: give, hand to
brosa, W3: smile
upphátt, adv: loud
vina, FW1: friend, my dear (fem)
gleyma, W2, dat: forget
nefnilega, adv: as a matter of fact
þingmaður, MS4: MP
kjósa, S2, acc: vote for, elect
dást að, W3, dat: admire
dugnaður, MS(2): activity, energy (only Sg)
fyrirlíta, S1, acc: despise
hreinskilni, FW2: sincerity (only Sg)
menntun, FS2: education (only Sg)

C. GRAMMAR

7.1. The Declension of the Possessive Pronouns.

Icelandic has four „real" possessive pronouns, which are formed from the stems of the genitives of the personal pronouns: **minn** (my, mine), **þinn** (your, yours), **sinn** (his, hers, its own) and **vor** (our, ours (in elevated style)). In addition to these four "real" possessive pronouns the genitive singulars of the 3. pers pronouns **hans, hennar** and **þess** and the genitive plural 1., 2. and 3. person **okkar, ykkar** and **þeirra** are used to indicate possession.

The declension of the four „real" possessive pronouns is similar to the declension of adjectives ending in -in (heiðinn (6.2)), but notice the vowel alteration within the paradigm for **minn, þinn** and **sinn.**

	MSg	**FSg**	**NSg**
N	minn	mín	mitt
A	minn	mína	mitt
D	mínum	minni	mínu
G	míns	minnar	míns
	MPl	**FPl**	**NPl**
N	mínir	mínar	mín
A	mína	mínar	mín
D		mínum	
G		minna	

The pronouns **sinn** and **þinn** are declined exactly like **minn,** i. e. the stem vowel -í- is reduced to -i- before two consonants except before cons + s (as in **þíns, síns**).

The possessive pronoun **vor**, which is not frequently used, has the following declension:

	MSg	**FSg**	**NSg**
N	vor	vor	vort
A	vorn	vora	vort
D	vorum	vorri	voru
G	vors	vorrar	vors
	MPl	**FPl**	**NPl**
N	vorir	vorar	vor
A	vora	vorar	vor
D		vorum	
G		vorra	

7.2. The Use of the Possessive Pronouns.

The form of the individual possessive pronouns is sensitive to gender, case and number of the possessed object:

penninn **minn** (MSgN) pennarnir **mínir** (MPlN)
bréfið mitt (NSgN) pennana **mína** (MPlA) etc.

The following table indicates circumstances of possessive relation for possessive pronoun and the genitives of the personal pronouns. We emphasize that the genitives of the personal pronouns may be employed to indicate possessive relation.

	Corresponding to the personal pronoun:	**Personal pronouns corresponds to:**	**Gen. of the personal pronouns corresponds:**
only poss pron	ég (I)	minn (my)	
	þú (you)	þinn (your)	
poss pron	hann (he)	(his)	hans (his)
or	hún (she)	sinn (her)	hennar (her)
gen of the	það (it)	(its)	þess (its)
pers pron		(reflexive)	(not reflexive)
only the	við (we)		okkar (our)
gen of the	þið (you)		ykkar (your)
pers pron	þér (thou)		yðar
poss pron	þeir (they)	(their)	þeirra (their)
or the	þær (they)	sinn (their)	
gen of the	þau (they)	(their)	
pers pron		(reflexive)	(not reflexive)

Remark one:

The possessive pronouns **minn** and **þinn** correspond to the 1. and 2. personal pronouns, singular.

Ég er í frakkanum **mínum.**
Þú ert í frakkanum **þínum.**

Remark two:

To denote a possession (possessed thing) in relation to a 3. person, there are two possibilities:

a) reflexive possession:

If the subject possesses the possession, then the reflexive possessive pronoun **sinn** is employed:

Hann selur húsið sitt	i. e. his own house
Hann gefur pennann sinn	i. e. his own pen
Þeir gefa pennana sína	i. e. their own pens
Hún selur kápuna sína	i. e. her own coat.

b) If on the other hand the possessor is **not** indentical to the subject of the sentence, then the corresponding (gender specific) genitives of the personal pronouns are used:

Hann selur húsið hans,	i. e. somebody else's house
Hann gefur pennann hans,	i. e. somebody else's pen
Þeir gefa pennana þeirra,	i. e. somebody else's pens
Hún selur kápuna hennar,	i. e. somebody else's coat
Barnið borðar matinn þess,	i. e. somebody else's food.

There are exceptions to these main rules: If the subject of the sentence is compound and the relation of possession is only valid for one member of the subject, then the **gen of the personal pronoun** must be chosen, although the possessor is indeed identical with **part** of the subject:

Drengurinn og faðir **hans** (The boy and his father)
Stúlkan og mamma **hennar** (The girl and her mother) etc.

Secondly, these rules do not always operate over a sentence boundary:

Correct: Strákurinn er alveg eins og faðir **hans**
Virtually impossible: Strákurinn er alveg eins og faðir **sinn**
Hann sá, að bíllinn **hans/sinn** var horfinn

7.3. The Position of the Possessive Pronouns and Genitive Denoting Possession.

The possessive pronouns and genitives used as possessive pronouns usually follow the substantives representing the possessed thing. The latter are definite if they are concrete, otherwise they are indefinite:

Húsið **mitt** (my house)	Reynsla **mín** (my experience)
Bókin **mín** (my book)	Starf **þitt** (your job)
Penninn **minn** (my pen)	Álit **mitt** (my opinion)

The criterion of + / ÷ concrete does not hold in all cases (kaupið mitt: my wages), and family relations do not fit the rule either. Therefore we add a second criterion. If the relation of possession is that of **ownership** (or that relation which is denoted in Icelandic with **eiga**), then no definite article is used. If the possessive relation is of another kind (including that denoted **in Icelandic** through the use of **hafa**), the definite article is used. These criteria work for the majority of cases. Examples:

+ eiga	+ hafa
vinur minn	læknirinn minn
kunningi minn	lögfræðingurinn minn
félagi minn	kaupið mitt
frændi minn	atkvæðið mitt

The first rule is the more important (+ / ÷ concrete), the second (hafa/eiga) applies mainly in connection to persons.

However, when one wishes to **stress** the possessive pronoun, it precedes the substantive, which **without exception is indefinite.**

Mitt hús er stórt, en ekki þitt
Þetta er **mín kona**, en ekki þín
Ég týndi **mínum penna**, en ekki þínum.

Notice, that if the possessor is indicated with a proper name, then **both** the genitive form of the pronoun **and** the genitive of the proper name may be used:

Gunna er í **kjól**	Kjóllinn **hennar Gunnu**
Gunna á barn	Barnið **hennar Gunnu**
Jón á penna	Penninn **hans Jóns** etc.

7.4. Inalienable Possession.

Inalienable possession, in most cases referring to parts of the body, is not expressed by the possessive pronouns or genitives, but

with prepositions **á** (or **í** with inner parts of the body) plus dative case (of personal or reflexive pronouns):

Maginn **í honum** er lélegur	(his stomach)
Augun **í barninu** eru brún	(its eyes)
Hárið **á honum** er svart	(his hair)
Stúlkan málaði **á sér** varirnar	(her lips)

7.5. The Relative Pronoun(s)

There are two relative pronouns in Icelandic, **sem** and **er,** the latter being confined almost exclusively to the written language but otherwise having the same function as **sem.** Both **sem** and **er** are indeclinable and refer to **all genders,** both **numbers,** and **all cases.** Thus, there is no distinction (as there is in English) between the relative pronouns used to refer to persons, and those used to refer to inanimate things.

Þarna er maður, sem ég þekki	(MSgA)
Þarna eru menn, sem ég þekki	(MPlA)
Þarna er(u) hús, sem ég á	(NSg/PlA)
Ég hitti konu, sem ég þekki	(FSgA)
Ég mætti börnum, sem ég þekki	(NPlA)

Notice that a preposition which governs a relative pronoun always comes at the end of a relative clause:

Barn, sem ég lék mér **við**:	A child with whom I played
Hús, sem ég á heima **í**:	A house in which I live
Maður, sem ég tala **við**:	A man with whom I am speaking.

The demonstrative pronouns **sá, sú, það** (Cf. 6.6.) are often used in connection with the relative pornouns:

Sá maður, **sem** kemur	The man who comes . . .
Það barn, **sem** fer heim	The child who goes home . . .

Demonstrative adverbs can in the same way form constructions with the relative pronouns:

Húsið, **þar sem** hann bjó	The house where he lived
Bærinn, **þangað sem** ég ætla	The town to which I am going
Bærinn, **þaðan sem** ég kem	The town from which I come

The 3. pers pron neuter **það** plus the relative pronoun **sem** are sometimes substituted by **hvað.**

Hann gerði það, sem hann gat = Hann gerði, **hvað** hann gat. (He did what he could).

7.6. The Indefinite Pronouns I: nokkur: any(one), anybody, anything, **einhver:** someone, something, **enginn:** nobody, and **ýmis:** various.

The indefinite pronoun **nokkur** has the following declension:

	MSg	FSg	NSg
N	nokkur	nokkur	nokkur-t/nokkuð
A	nokkur-n	nokkr-a	nokkur-t/nokkuð
D	nokkr-um	nokkur-ri	nokkr-u
G	nokkur-s	nokkur-rar	nokkur-s

	MPl	FPl	NPl
N	nokkr-ir	nokkr-ar	nokkur
A	nokkr-a	nokkr-ar	nokkur
D		nokkr-um	
G		nokkur-ra	

Notice the syncope rule (1.5) operating before endings beginning with vowel. The neuter singular has two forms in N and A: **nokkurt** is used attributively, but **nokkuð** as substantive.

Ég sá ekki nokkurt barn (I did not see any child)
Ég veit nokkuð (I know something)

The singular forms of nokkur are used in questions and negative sentences:

Er nokkur hér? (Is there anybody here?)
Hér er **ekki** nokkur sála (There is not a soul here)

The plural **nokkrir** has also the meaning 'some, several':

Nokkrir komu (Several came)
Ég beið **þó nokkra** stund (I waited for a **considerable** time)

Finally **ekki nokkur, ekki nokkuð** and so on may be used as emphatic substitutes for **enginn, ekkert** etc.

Hér er ekkert að sjá = Hér er **ekki nokkuð** að sjá
(Here there is nothing to see).

The indefinite pronoun **einhver** has the following declension (its abbreviations, indicated in parentheses, are frequently used with prepositions and verbs to show the case selection of the word concerned):

	MSg		FSg	NSg
N	einhver	(e-r)	einhver	**eitt**hver-t/**eitt**hvað
A	einhver-n	(e-n)	einhver-j-a	**eitt**hver-t/**eitt**hvað
D	einhver-j-um	(e-m)	einhver-ri	einhver-j-u
G	einhver-s	(e-s)	einhver-rar	einhver-s

	MPl	FPl	NPl
N	einhver-j-ir	einhver-j-**ar**	einhver
A	einhver-j-a	einhver-j-ar	einhver
D		einhver-j-**um**	
G		einhver-ra	

Notice that before a vocalic ending, -j- is inserted.

Just as in the case of the pronoun **nokkur**, there are two forms in NSgNA, one attributive (-t) and another substantive (-ð).

Ég heyrði **eitthvert** hvísl (I heard some whispering)
Ég heyrði **eitthvað** (I heard something).

The difference between **nokkur** and **einhver** is not always clear, but as a rule one can say that **einhver** is used in **affirmative** statements or clauses, but **nokkur** in negative ones and with **questions**. (Cf. above).

Sástu **nokkurn** (mann)? **Nei**, engan.
Sástu **einhvern** (mann)? **Já**, ég sá tvo.
Segirðu **nokkuð**? (How do you do?)

The pronoun **enginn** has the following declension:

	MSg	FSg	NSg
N	enginn	engin	ekkert (ekki)
A	engan	enga	ekkert (ekki)
D	engum	engri	engu
G	einskis	engrar	einskis

	MPl	FPl	NPl
N	engir	engar	engin
A	enga	engar	engin
D		engum	
G		engra	

In addition to the froms with **eng-** in the stem there are colloquial forms in **öng(v)-** in the oblique cases of M, N and F singular and in plural except NPlNA; for example:

MA	**öngvan,**	MD	**öngvum,**	FA	**öngva**
FD	**öngri,**	ND	**öngvu,**	MPlN	**öngvir** etc.

These forms however are not common in modern Icelandic and it is therefore advisable to use only **eng-**.

The form **ekki** is archaic and occurs most often in idiomatic phrases:

Betra en **ekki** (Better than nothing)
Lítið sem **ekki** (Almost nothing)

Otherwise **ekki** is adv and is used as negative particle.
Ég sá hann **ekki**; Hann kom **ekki** í gær.

The pronoun **ýmis** (various, now this, now that) has the following declension:

	MSg	**FSg**	**NSg**
N	ýmis	ýmis	ýmis-t
A	ýms-an	ýms-a	ýmis-t
D	ýms-um	ýmis-si	ýms-u
G	ýmis-s	ýmis-sar	ýmis-s

	MPl	**FPl**	**NPl**
N	ýms-ir	ýms-ar	ýmis
A	ýms-a	ýms-ar	ýmis
D		ýms-um	
G		ýmis-sa	

ýmis is both used as a substantive and adjective:

ýmsir álíta það . . . (Various, many believe that . . .)
ýmsir voru undir (Now those were losing, now the other)
Ég þekki **ýmsa menn** (I know various people)

Notice further the following common phrases:

af **ýmsu tagi** (of various kinds)
á **ýmsan hátt** (in various ways)
ýmiss konar (various)
á **ýmsum stöðum** (at various places)
á **ýmsum tímum** (at different times)

The neuter form is often used as an adverb:

Hann er **ýmist** grátandi eða hlæjandi
(He is either crying or laughing)

Kemur þú til hans eða hann til þín? **Það er ýmist.**
(Do you visit him or he you? That differs).

D. EXERCISES

7.1. Insert the possessive pronouns/gen pers pron corresponding to the personal pronouns indicated in parentheses.

1. Hann selur bílinn ..... (his own) / (his)
2. Hún selur bókina ..... (her own) / (her)
3. Þetta er penninn ..... (ég)
4. Þetta er bréfið ..... (ég)
5. Þetta eru fötin ..... (ég)
6. Þetta er úrið ..... (þeir)
7. Þetta er barnið ..... (hún)
8. Hérna eru hundarnir ..... (þær)
9. Hérna er kötturinn ..... (þú)
10. Hérna eru stígvélin ..... (við)
11. Hérna eru vinir ..... (þið)
12. Þarna er veskið ..... (hann)
13. Þarna er buddan ..... (þú)
14. Þarna er bíllinn ..... (við)
15. Þarna er húsið ..... (þið)
16. Hvar eru gleraugun? ..... (ég)
17. Hvar er stólinn? ..... (hún)
18. Hvar er borðið? ..... (þau)
19. Hvar er bindið? ..... (við)
20. Hvar er taskan? ..... (ég)

7.2. Insert the correct forms of the possessive pronouns indicated in parentheses:

1. Hann týndi skónum ..... (sinn) PlD
2. Hún fann úlpuna ..... (sinn) SgFA
3. Þeir heimsækja oft vini ..... (sinn) PlMA
4. Hún fór til kærastans ..... (sinn) SgMG
5. Þeir töluðu við vini ..... (sinn) PlMA
6. Hann hringdi í konuna ..... (sinn) SgFA
7. Hún gleymdi bókinni ..... (sinn) SgFD
8. Hann kom frá vini ..... (sinn) SgMD
9. Barnið týndi bréfinu ..... (sinn)
10. Konan fann veskið ..... (sinn)
11. Stúlkan fór til barnsins ..... (sinn)
12. Þau fóru til barnanna ..... (sinn) PlG
13. Þarna eru föt barnsins ..... (þinn) NG
14. Þarna er bíll konunnar ..... (þinn)
15. Hann hringdi í vin ..... (þinn)
16. Þeir gleymdu bókinni ..... (þinn)
17. Hringdir þú í konuna .....? (þinn)
18. Þú komst frá vini ..... (þinn)
19. Ég fór til vinar ..... (þinn)
20. Býrð þú enn í húsinu .....? (þinn) ND
21. Ég týndi bókinni ..... (minn) FD
22. Ég fann skóna ..... (minn) Pl
23. Þetta er úlpa barnsins ..... (minn) NG
24. Bréfið er frá barninu ..... (minn) ND
25. Þarna er barnið ..... (minn) NN
26. Ég heimsæki oft vini ..... (minn) PlA
27. Ég seldi bílinn ..... (minn)
28. Ég ók bílnum ..... (minn)
29. Hann er með húfuna ..... (minn)
30. Hann er í fötunum ..... (minn)
31. Bréfið er frá vinum ..... (minn)
32. Bréfið er til vinar ..... (minn)

33. Bréfin eru til vina ..... (minn)
34. Ég seldi húsið ..... (minn)
35. Ég er í húsinu ..... (minn)

7.3. Form new sentences according to the given patterns:

A. Ég á **þennan penna** — Þetta er **penninn minn**
B. Páll á **þetta bréf** — Þetta er **bréfið hans Páls**
C. Gunna er **í kjól** — Kjóllinn **hennar Gunnu**

1. Þú átt þessa úlpu .....
2. Hann á þennan bíl .....
3. Hún á þessar bækur .....
4. Jón á þetta barn .....
5. Þeir eiga þessi bindi .....
6. Við eigum þessi föt .....
7. Þið eigið þessa skó .....
8. Þær eiga þessi börn .....
9. Ég á þessar buxur .....
10. Þú átt þennan bíl .....
11. Páll er í frakka .....
12. Guðni er með húfu .....
13. Gunna og Stína eru í kápum .....
14. Gulli er með bindi .....
15. Ég er með bók .....

7.4. Form new sentences according to the given patterns:

A. Þetta er penninn minn — Þetta er minn penni
B. Þetta er penninn hans — Þetta er hans penni
C. Þetta er úrið hans Páls — Þetta er Páls úr.

1. Þetta er bréfið mitt .....
2. Þetta er konan mín .....
3. Þetta er bókin hans Páls .....
4. Þetta er úlpan hennar Önnu .....

5. Þetta er kærastan hans .....
6. Þetta er vinur hennar .....
7. Þetta er bíllinn þeirra .....
8. Þetta eru fötin ykkar .....
9. Þetta er frakkinn okkar .....
10. Þetta er hesturinn hans .....
11. Þetta eru blöðin ykkar .....
12. Þetta eru stólarnir hans Páls .....
13. Þetta eru bílarnir okkar .....
14. Þetta eru bækurnar þeirra .....
15. Þetta eru bindin ykkar .....

7.5. Using relative pronouns, join the following sentence pairs to form single sentences. Examples:

A. Þarna er penninn / Ég á penna } Þarna er penninn, **sem ég á**

B. Þarna er barnið / Ég lék mér við barnið } Þarna er barnið, sem ég lék mér **við**

1. Þarna eru húsin. — Við eigum heima í húsunum .....
2. Hérna er maðurinn / Þú talaðir við manninn .....
3. Þarna er konan / Hann þekkir konuna .....
4. Þarna er bíllinn / Ég ók í bílnum .....
5. Ítalía er landið / Ávextirnir vaxa í landinu ..... (þar sem)
6. Þarna er kennarinn / Þú skrifaðir bréfið til kennarans .....

7. Þarna eru bílarnir .....
Þú keyptir bílana .....

8. Húsið er þarna ..... (þar sem)
Hann átti heima í húsinu .....

9. Konan er gömul .....
Konan á þennan hund .....

10. Bókin er hérna .....
Þú last í bókinni .....

11. Þú átt ekki glasið .....
Þú ert að drekka úr glasinu .....

7.6. Find the appropriate forms of the indefinite pronouns indicated in parentheses:

1. Hefur þú frétt .....? (nokkuð)
2. Nei, ... (enginn)
3. Keyptir þú ..... bækur? (nokkur)
4. Kom ..... til þín í gær? (einhver)
5. Nei, ... (enginn)
6. Sást þú ..... menn? (nokkur)
7. Nei, ... (enginn)
8. Hann heyrði ..... hljóð (einhver)
9. Hann heyrði ..... (einhver)
10. Konan er að tala við ..... í símann (einhver)
11. Hann talar ekki við ..... mann (nokkur)
12. Hann mætti ekki ..... manni (nokkur)
13. Kennslan var til ..... (enginn)
14. Hann hefur ..... tíma til að kenna (enginn)
15. Bréfið er frá ..... kennara (einhver)

E. TRANSLATION

The boy lost his boots. The woman lost her spectacles. You purchased your car, but I purchased my house.

Somebody has stolen our books. Did you see anybody? No, I

have not seen anyone. This is my house, not yours. The man with whom I was speaking is an old friend of mine. My book is new, but yours isn't. Sometimes he bought books for his money, sometimes he gave it away.

My friend told me about his job. He has to travel a lot because he is a MP. I admire his energy, but I am not going to vote for him in the next election (við næstu kosningar) – he is far too conservative, (íhaldssamur) in (að + Dat) my opinion.

What is new? Nothing, I haven't met anybody for days and nobody pays me a visit. Do you expect somebody today? We haven't seen anybody we know yet. They don't want anything to eat. There was nobody in the garden.

VIII

Chapter eight

Hver þorir að byrja? Hvor ykkar þorir að byrja? Hvort húsið átt þú? Hverjum er barnið líkt? Börn líkjast hvert öðru. Þeir ætla að hjálpa hvor öðrum. Þær eru að tala hvor við aðra. Hvar er flugvélin? Hvenær kom flugvélin? Hvers vegna eru fjöllin blá? Af hverju skrópaðir þú í skólanum? Hvers konar frekja er þetta? Allt er gott, sem endar vel. Allir krefjast hærri launa. Sumir hlógu, en enginn brosti. Báðir strákarnir hafa áhuga á bílum. Sumt er logið, hitt er ýkt.

Taktu glasið og þurrkaðu það. Slökktu ljósið og opnaðu gluggann. Förum í bíó. Farið strax heim til ykkar. Lestu hratt en ekki hægt. Feldu eldspýturnar. Komdu í bíó. Verndaðu náttúru landsins. Berjumst gegn mengun.

Í dag er gott veður. Himinninn er heiður og blár, og loftið er tært og bjart. Í gær var hins vegar vont veður, rigning og mikill vindur. Veðrið á Íslandi er mjög breytilegt. Oft er sólskin og hlýja annars vegar, en rigning og kuldi hins vegar sama daginn.

Veturinn á Íslandi er bæði dimmur og langur. Á hverjum vetri snjóar talsvert og oft eru mikil frost, einkum þó á Norðurlandi. Veturinn á Suðurlandi er ekki eins kaldur og fyrir norðan, en sumrin eru líka hlýrri fyrir norðan. Allir hlakka til vorsins. Sumir kvíða fyrir haustinu. Á sumrin og vorin vinna Íslendingar mikið, bæði til sjávar og sveita. Skólafólk tekur líka þátt í sumar- og vorvinnunni. Algengustu tegundir sumarvinnu er byggingarvinna og fiskvinna, annaðhvort fiskaðgerð í landi eða fiskveiðar.

Flestum finnst skemmtilegt að ferðast. Sumir ferðast um innanlands, en aðrir vilja frekar sjá sig um erlendis. Þeir, sem ferðast um á Íslandi, vilja gjarnan njóta náttúrunnar í ró og næði og kunna að meta fagurt landslag, kyrrð og frið, sem ríkir þar. Hinir, sem ferðast til útlanda, eru oftast að eltast við sólskin og gleðskap, eða þeir fara í innkaupaferðir, því að ýmiss konar varningur er ódýrari erlendis en á Íslandi. Íslenskir ferðamenn fá þó takmarkaðan gjaldeyri til slíkra innkaupa og auk þess eru reglur um innflutning á tollskyldum varningi tiltölulega strangar.

Dag nokkurn, þegar Guðni og kona hans voru að fara í lyftu frá efstu hæð í háhýsi nokkru, vildi svo til, af hreinni tilviljun að sjálfsögðu, að Guðni stóð þétt fyrir aftan unga og vel vaxna stúlku. Allt gekk vel niður á 5. hæð, en þá rak stúlkan Guðna skyndilega löðrung og sagði:

— Þetta kennir þér e. t. v. að hætta að klípa ungar stúlkur í endann.

— Þegar út kom og Guðni hafði nokkurn veginn jafnað sig, sagði hann rjóður og reiður:

— Sú var ósvífinn. Ég kleip hana alls ekki í afturhlutann.

— Ég veit það, elskan, svaraði þá konan hans. En ég gerði það!

B. VOCABULARY

þora, W3, acc: dare to
byrja, W4, (acc): begin
líkur, adj, dat: similar (to), resembling
líkjast, W2, dat: be similar to
flugvél, FS1: plane
skrópa, W4: shirk school, play truant
frekja, FW1: impudence, insolence
enda, W4: end
krefjast, W1, gen: demand
hærri, adj: higher (comp.)
laun, NPl: salary, pay
hlæja, S6: laugh
brosa, W3: smile
áhugi, MW1: interest
hafa áhuga á, dat: be interested in
ljúga, S2, (dat): lie, tell lie
ýkja, W2, (acc): exaggerate
glas, NS: glass
þurrka, W4, acc: dry
slökkva, acc, W irr: put out (extinguish)
ljós, NS: light
opna, W4, acc: open
hratt, adv: fast (hraður)
hægt, adv: slow (hægur)
fela, S6/W1, acc: hide, conceal
eldspýta, FW1: match
vernda, W4, acc: protect, defend
náttúra, FW1: nature
berjast, W1: fight
mengun, FS2: pollution
veður, NS: weather
himinn, MS1: sky, heaven
heiður, adj: clear
loft, NS: air
tær, adj: clear
bjartur, adj: bright, light, shining
hins vegar: on the other hand
rigning, FS1: rain
mikill, adj: great, heavy
vindur, MS1: wind
breytilegur, adj: inconstant, variable
sólskin, NS: sunshine
hlýja, FW1: warmth
annars vegar: on the on hand
kuldi, MW1: cold
vetur, MS4: winter
bæði ... og, conj: both ... and
dimmur, adj: dark, dim
langur, adj: long
hver, pron: each
snjóa, W4: snow
talsvert, adv: considerably
frost, NS: frost
einkum, adv: especially, above all
eins, conj: as
kaldur, adj: cold

fyrir norðan: in the north
sumar, NS: summer (Pl: -ur)
allir, pron: everyone
hlýrri, adj comp: warmer
hlakka til, W4, gen: look forward to
vor, NS: spring
kvíða fyrir, S1 irr, dat: dread, be apprehensive about
haust, NS: autumn, fall
vinna, S3: work
til sjávar: on the seashore
til sveita: in the countryside
skólafólk, NS: pupils, students
þáttur, MS3: part
taka þátt í, dat: take part in, participate
algengur, adj: common
algengustu, adj sup: most common
tegund, FS2: kind, sort
byggingarvinna, FW1: construction-work
fiskvinna, FW1: work in fish industries
fiskaðgerð, FS2: fish processing
fiskveiði, FS1: fishing, fishery
flestir, adj sup, Pl: most
finnast, S3, impers: consider, belive
ferðast, W4: travel
sumir, pron: some
innanlands, adv: domestic
annar, in Pl aðrir: other
vilja, S irr, acc: want
frekar, adv: rather
sjá sig um: look around
erlendis, adv: abroad
gjarnan, adv: often
vilja gjarnan: be fond of
njóta, S2, gen: enjoy
ró, FS1: rest, quiet
næði, NS: leisure
kunna, S irr: know how
meta, S4: treasure, enjoy
landslag, NS: scenery
kyrrð, FS2: quiet, tranquillity
friður, MS3: peace
ríkja, W2: prevail
útland, NS: foreign country
oftast, adv: most often
eltast við, W2, acc: follow, try to find, be after
gleðskapur, MS3: pleasure, merriment
innkaupaferð, FS2: shopping trip
ýmiss konar: various
varningur, MS1: goods, wares
ferðamaður, MS4: tourist
takmarkaður, adj: restricted, limited
gjaldeyrir, MS1: foreign currency
innkaup, NSPl: purchase
auk þess: in addition
regla, FW1: rule, regulation
innflutningur, MS1: imports
tollskyldur, adj: liable to duty
tiltölulega, adv: relatively
strangur, adj: severe, strict
lyfta, FW1: elevator
efstur, adj sup: highest, topmost, uppermost
hæð, FS2: floor
háhýsi, NS: high-rise (apartment) building
vildi svo til: it so happened
hreinn, adj: pure
tilviljun, FS2: coincidence
að sjálfsögðu, adv: of course
standa, S6: stand (stóð: pret)
þétt, adv: close
fyrir aftan, acc: behind
vel, adv: good
vaxinn, adj: shaped, figured
ganga vel, S7: go well
niður á, acc: until
reka (fig.), S5, dat-acc: slap
skyndilega, adv: suddenly
löðrungur, MS1: a slap on the face
e. t. v.: ef til vill: perhaps
hætta, W2, dat: give up, cease
klípa, S1, acc: pinch, nip

endi, MW1: posterior
út, adv: out
nokkurn veginn: somewhat, fairly
jafna sig, W4: recover, regain ones balance
rjóður, adj: red
ósvífinn, adj: impudent, shameless
alls ekki: not at all
afturhluti, MW1: the back part, the rear, fundament

C. GRAMMAR

8.1. Interrogative Pronouns.

There are four pronouns in Icelandic which are classified as interrogative: **hver,** who, what, which (of several), **hvor** who, which (of two), **hvaða,** what, and **hvílíkur,** what a, such (a). Although included with the interrogatives, **hvílíkur** is not used to generate questions.

Hver has the following declension:

	MSg	**FSg**	**NSg**
N	hver	hver	hver-t/hvað
A	hver-n	hver-j-a	hver-t/hvað
D	hver-j-um	hver-ri	hver-j-u
G	hver-s	hver-rar	hver-s

	MPl	**FPl**	**NPl**
N	hver-j-ir	hver-j-ar	hver
A	hver-j-a	hver-j-ar	hver
D		hver-j-um	
G		hver-ra	

Hvor has the same declension except:

a) no -j- is inserted in any case
b) the neuter has only one form, hvort.

Hvaða is indeclinable.

Hvílíkur is declined as an adjective.

8.2. The Use of the Interrogative Pronouns.

The interrogative pronoun **hver** is used about indefinite number, several, but **hvor** is only used about two:

Hvor á þetta hús, Siggi eða Palli?
(Who owns this house, Siggi or Palli?)
Hver á þetta hús? (To whom does this house belong?)

Both **hver** and **hvor** are used as substantives, e. g. the sentences above. The difference between the two neuter forms **hvert** and **hvað** is, that **hvað** is exclusively used as a substantive, but **hvert** may be used attributively:

Hvað er klukkan? (What time is it?)
Hvað heitir þú? (What is your name?)
Hvert húsið átt þú? (Which house belongs to you?)
more common:
Hvert húsanna átt þú?

Hvaða is used exclusively attributively (like an adjective) and tends – above all in the spoken language – to substitute for hver:

Hvaða kona er þetta? (Who is this woman?)
Hver er þessi kona? (Who is this woman?)
Hvaða bók er þetta? (Which book is this?)
Hvaða bíl átt þú? (Which car belongs to you?)
Hvern bíl(anna) átt þú?

Hvílíkur is always used attributively:

Hvílíkur maður! (What a man)
Hvílíkt okur! (Such usury)

8.3. Interrogative Words – Adverbs – Conjunctions – Particles.

All Icelandic interrogative words begin with hv- and are used to introduce interrogative clauses. – The following list contains the most important interrogative words in Icelandic:

hver, hvor, hvaða, hvílíkur: interrogative pron.

hvar	(where)
hvaðan	(whence, from where)
hvert	(whither, to where)
hvenær	(when)
hvernig	(how (used with verbs))
hvort	(if)
hvers konar	(what kind of)
hvers vegna	(why, for what reason (possibly including goals))
hvers lags	(what kind of)
hvers kyns	(what kind of)
til hvers	(why (with what goal))
af hverju	(why, for what reason (exclusive of goals))
hversu	(how, used with adj/adv)
hve	(how, used with adj/adv)

Examples:

Hvar átt þú heima?	Where do you live?
Hvaðan ertu?	Where do you come from?
Hvert ertu að fara?	Where are you going?
Hvenær komstu?	When did you come?
Hvernig komstu?	How did you come?
Veistu, hvort hann er heima?	Do you know whether he is in?
Hvers konar maður er Palli?	What kind of fellow is Palli?
Hvers vegna lastu bókina?	Why did you read the book? (reason or goal)
Hvers lags læti eru þetta?	What is this (terrible) noise?
Hvers kyns epli eru þetta?	What kind of apples are these?
Til hvers lastu bókina?	Why did you read the book? (goal)
Af hverju lastu bókina?	Why did you read the book? (reason, not goal)
Hversu lengi syntirðu?	For how long did you swim?
Hve lengi svafstu?	For how long did you sleep?

8.4. The Indefinite Pronouns II: allur, báðir and sumur.

Allur is declined as a strong adjective, i. e. FSgN öll; NSgN **allt**; MPlN **allir**; FPlN **allar**; NPlNA **öll** etc. When used a modifier (**a**) the pronoun means "**all**", but as pronoun (**b**) it means everybody, everyone (allir), everything (allt). Examples:

(a)	Hann á **allt** húsið	(The whole house belongs to him)
	Hún drakk **alla** mjólkina	(She drank all the milk)
	Allt fólkið var heima	(All the people were at home)
(b)	**Allt** í lagi, ég kem	(Everything is o.k. (all right), I will come)
	Mamma skilur **allt**	(Mother understand everything)
	Allir kusu Sigurð	(Everyone voted for S.)
	Allir komu þeir aftur	(Everyone returned)

The adverb **saman** – or even as adj (**samall**) **sömul** in NPl – is often closely connected to allur, öll, allt etc:

Þeir eru hér **allir saman**	(They are here all together)
Komið þið **öll sömul** sæl	(Greetings to friends, men and women)

Sumur is also declined as a strong adjective and is almost exclu-

sively used in the plural meaning "some", although the singular neuter is occasionally used:

Sumt er gott, en **sumt** er vont	(Some things are good, but some things are bad)
Sumir ljúga aldrei	(Some people never lie)
Að **sumu** leyti . . .	(partly)
Sumir voru hræddir	(Some were scared).

Báðir "both" (of two) has the following declension:

	M(Pl)	F	N
N	báðir	báðar	bæði
A	báða	báðar	bæði
D		báðum	
G		beggja	

Báðir may be used as adjective (modifier) or substantive, for example:

Báðar kirkjunar eru háar	(Both the churches are high)
Báðir féllu á prófinu	(Both flunked the exam)
Báðum megin götunnar	(on both sides of the street)

Since the forms **báðir, báðar, bæði** only exist in the plural, the pronoun **hvor tveggja** corresponds to the singular.

Hvort tveggja er rétt	(Both is correct)
Hann á mikið af **hvoru tveggja**	(He has a lot of both (things))

Hún ætlar að syngja eða dansa, kannski **hvort tveggja** (She intends to sing or dance, perhaps both).

8.5. Imperative.

Except for verbs in W4, the imperative form of a verb is identical to the **stem** of the verb. This is used for all imperatives in the singular, and — **since there is no true imperative plural** — for **all true** imperatives. The **stem** referred to is the infinitive minus the infinitive suffix **-a**. For verbs in W4, the imperative form is identical to the infinitive form (i. e., the **-a** is not dropped).

inf	telja	kenna	þola	elska	bíta	bjóða
imp	**tel**	**kenn**	**þol**	elska	**bít**	**bjóð**

Examples for irregular formation of the imperative are: **þegi-ðu** (shut up) from **þeg-j-a** and **keyp-tu** (buy) from **kaup-a**; further examples: **studd-u** (support) from **styðja**, pret **studdi**; **sótt-u** (fetch,

get) from **sækja**, pret **sótti**. – Except for the forms **þegiðu and keyptu**, such irregularities are rare.

Due to assimilation the imp forms of the verbs **binda** (bind) **ganga** (walk) and **standa** (stand) are **bitt-u, gakk-tu** and **statt-u**.

As stated, there is no true imperative plural, but wishes commands, exhortations, and so on are expressed by the indicative/subjunctive forms:

inf	telja	kenna	þola	elska	bíta	bjóða
(imp) 1. pers Pl	teljum	kennum	þolum	elskum	bítum	bjóðum
(imp) 2. pers Pl	teljið	kennið	þolið	elskið	bítið	bjóðið

Whenever the imperative form of the verb is used in its "bare" form the subject follows it:

Kom þú til mín	(Come to me)
Þegi þú, hundur	(Shut up, dog)

In most cases however, the 2. pers pron is agglutinated to the imperative and assumes the forms **-ðu, -du** or **-tu**, depending on the shape of the stem (comp. 4.11.).

Kom þú	**komdu**	(come)
Þegi þú	**þegiðu**	(shut up) (irr imp)
Bros þú	**brostu**	(smile)
Elska þú	**elskaðu**	(love)
Bít þú	**bíttu**	(bite)
Leið þú	**leiddu etc.**	(direct).

D. EXERCISES

8.1. Supply the appropriate endings of the interrogative pronouns in the following sentences:

1. Hver..... (MPl) eiga þessa bíla? 2. Hver..... (MSg) ertu að skrifa? 3. Hvor..... bókina vilt þú? 4. Hver..... (FSg) er litla stúlkan lík? 5. Hver..... (MSg) er litli drengurinn líkur? 6. Til hver..... (MSg) ert þú að skrifa? 7. Sonur hver..... (FSg) er strákurinn? 8. Hvor..... bréfið átt þú? 9. Eftir hver..... (FSgD) er stúdentinn að spyrja? 10. Til hver..... (FSg) fórstu? 11. Hver..... (MSg) gafstu pennann þinn? 12. Til hver..... (Pl) eru þessi bréf? 13. Frá hver..... (MPl) eru þessi bréf? 14. Við hver..... (MSg) varst þú að tala? 15. Hver..... húsanna ætlar þú að selja?

8.2. Insert interrogative pronouns as appropriate:

1. Hérna eru tveir bílar. .... átt þú?
2. Þarna eru mörg hús. .... átt þú?
3. ..... maður er þetta?
4. ..... kona er þetta?
5. ..... húsið (several) finnst þér fallegast?
6. ..... segir þú í fréttum?
7. ..... ósvífni!
8. Báðar systurnar eru fallegar. ..... er kærastan þín?
9. ..... sagði kennarinn við þig?
10. ..... heitir þú?

8.3. Form new sentences with appropriate interrogative words corresponding to the underlined words in the given sentences:

A. Hann á heima **í Reykjavík** **Hvar** á hann **heima?**
B. Hann er að borða fisk **Hvað** er hann að borða?

1. Hann á heima **á Akureyri** .....
2. Hún er **frá Akureyri** .....
3. Ég ætla **til Akureyrar** .....
4. Hann kemur **á morgun** .....
5. Hann kemur **með flugvél** .....
6. Mjólk er **til að drekka hana** .....
7. **Hann er að drekka vatn** .....
8. Hann talar íslensku **vel** .....
9. **Þeir koma á morgun** .....
10. **Vínið er frá Spáni** .....

8.4. Insert the interrogative words corresponding to the clues given in parentheses.

1. ..... maður er Jóhann? (What kind of)
2. ..... kemur þú alltaf of seint? (for what reason)
3. ..... kemur þú alltaf of seint? (with what goal)
4. ..... margir fílar komast inn í fólksvagn? (how)

5. ..... langt er upp í háskóla? (how)
6. Ég veit ekki, ... ég kem (if)
7. Í dag mun rigna öðru ..... (pron)
8. Með ..... opnaðirðu dósina? (pron)
9. ..... ætlarðu að klæða mig? (how)
10. ..... átt þú heima? (where)

8.5. Insert the appropriate forms of the indefinite pronouns **allur, báðir, sumur** in the gaps:

1. ..... (allur) er gott, sem endar vel
2. Barnið lék sér ..... (allur) daginn
3. Hann týndi ..... (allur) peningunum
4. ..... (allur) voru ánægðir
5. ..... (báðir) hjónin vinna úti
6. Hann þekkir ..... (báðir) strákana
7. Hann er vinur ..... (báðir) strákanna
8. ..... (báðir) systurnar eru í skóla
9. ..... (báðir) börnin eru í skóla
10. ..... (allur) í lagi, ég kaupi bílinn
11. ..... (sumur) vinna mikla yfirvinnu
12. ..... (sumur) staðar í heiminum er mikil fátækt
13. Hann var að ..... (sumur) leyti ánægður
14. ..... (sumur) konur reykja pípu
15. ..... (sumur) börn skrópa oft í skólanum.

8.6. Form the imp Sg with the enclitic **you** and imp Pl 1. and 2. person from the following verbs:

	inf tala	**Imp Sg** talaðu	**1. pers Pl** tölum	**2. pers Pl** talið
1.	kalla	.....	.....	.....
2.	leita	.....	.....	.....
3.	kjósa	.....	.....	.....
4.	velja	.....	.....	.....

5. byrja ....
6. líta ....
7. klæða ....
8. bjóða ....
9. hlaupa ....
10. lesa ....

E. TRANSLATION

With whom did the child play? In which of the houses do you live? Where is the teacher? Let us go to Árnagarður. Please speak slowly. Let us protect Grjótaþorp. September was rather cold this year. Everybody is looking forward to the examination. Your teacher never lies. How did you come to Reykjavík? Why did you come to Iceland? For how long are you going to stay in Iceland? What is your name? What is your telephone number? Who understands this exercise? What is the answer to my question? Who knows the answer? What are you learning now? Why are you learning Icelandic? (reason/goal). – What are all these questions supposed to mean?

IX

Chapter nine

A. TEXTI

Jónas Hallgrímsson er kannski dáðasta skáld Íslendinga. Hann var fæddur 1807, en lést 1845 á 38. aldursári. Egill Skalla-Grímsson var ein mesta hetjan á söguöld. Hann fæddist um 910 og dó 990 í hárri elli. – Friðjón Eiríkur er fæddur 10. 5. 1972, en bróðir hans, Bergsteinn Þór, er fæddur 9. 6. 1974. Báðir hlakka þeir til afmæla sinna, enda fá þeir þá afmælisgjafir, borða afmælistertur og drekka afmælissúkkulaði, en aðalatriðið finnst þeim þó að fá leikfélaga sína í heimsókn.

Tuttugu ára gamall maður er tvítugur, 30 ára þrítugur, 40 ára fertugur, 50 ára fimmtugur, 70 ára sjötugur, 80 ára áttræður, 90 ára níræður og 100 ára gamalmenni er tírætt. Fólk innan við tvítugt telst til unglinga, og unglingar, sem eru 13, 14, 15, 16, 17, 18 og 19 ára gamlir, eru oft nefndir táningar. Allt er fertugum fært. Sá, sem er tuttugu og eins árs gamall, er á þrítugs aldri, en 32 ára gamall maður er á fertugs aldri o. s. frv. Egill var í æsku sinni baldinn og óþekkur, á fullorðins aldri ofstopamaður og í elli sinni slóttugur.

Hvað er klukkan? Hún er tíu mínútur yfir þrjú. Hver skrambinn, þá verð ég að flýta mér, svo að ég komi ekki of seint. Tíminn hefst klukkan fimmtán mínútur gengin í fjögur, og nemendurnir eru mjög stundvísir. Íslendingar eru óstundvísir, en ég las í indíánabókum í gamla daga, að rauðskinnar væru afar stundvísir. Þeir áttu að vísu ekki klukkur, en fóru bara eftir sólinni.

Hvaða símanúmer er heima hjá þér?

Ég hef ekki síma sjálfur, en þú getur náð í mig í síma 1-22-31. Þú mátt helst ekki hringja í mig seint á kvöldin og alls ekki að nóttu til. Síminn er nefnilega hjá nábúa mínum, og hann er bæði geðvondur og taugaveiklaður – auk þess á hann bágt með svefn.

Jæja, þá hringi ég bara í þig í vinnunni, eða hefurðu kannski ekki vinnusíma?

Jú, jú, en gallinn er bara sá, að skrifstofustjórinn liggur alla daga í símanum.

17. júní 1944 var stofnað lýðveldi á Íslandi og er sá dagur síðan þjóðhátíðardagur Íslendinga. Áður, eða 1. des. 1918, varð Ísland fullvalda ríki í konungssambandi við Dani. 1. des. ár hvert fagna Íslendingar fullveldi sínu, einkum þó stúdentar.

– Hvenær er karlmaður orðinn gamall?

– Þegar ung stúlka stendur upp fyrir honum í strætisvagni og býður honum sæti sitt.

– En hvenær eru konur orðnar gamlar?

– Þegar ungir menn hætta að standa upp fyrir þeim í strætisvagni.

Þegar Japani vill tíu dropa af kaffi eða tei, biður hann um grátittlingstár.

Í sögutíma:

Kennarinn: Hvað gerðist árið 1483?

Nemandinn: Lúther fæddist.

Kennarinn: En hvað gerðist árið 1486?

(Fyrst löng þögn, en síðan):

Nemandinn: Lúther varð 3 ára.

Siggi litli var eina barn foreldra sinna. Hann var fjögurra ára. Mánuði fyrir jól var hann spurður að því, hvers hann óskaði sér í jólagjöf.

– Ég vil helst eignast bróður, svaraði Siggi.

Hann fékk þá ósk sína uppfyllta.

Næsta ár var hann um líkt leyti spurður, hvers hann óskaði sér nú í jólagjöf. Hann óskaði sér systur og fékk hana. Þriðja árið var Siggi ekki spurður um jólagjöfina, en hann vildi skiljanlega ekki, að hún gleymdist. Hann bar því fram ósk sína ótilkvaddur.

– Ef mamma getur komið því í kring, þá óska ég mér núna að fá folald í jólagjöf.

Þetta var í fyrsta tímanum á mánudegi, og krakkarnir voru syfjaðir og tóku lítið eftir því, sem kennarinn sagði, en hann var að útskýra fyrir þeim, hvað orðið kraftaverk þýddi. Síðan spurði hann Eyvind, sem auðvitað hafði ekkert fylgst með því, sem um var rætt.

– Hvað væri það, ef maður félli niður af átta hæða húsi án þess að meiða sig?

– Það kallaði ég heppni, svaraði Eyvi.
– En ef hann félli nú aftur, án þess að meiða sig?
– Það kalla ég hundaheppni.
– Og félli hann í þriðja sinn án þess að meiða sig?
– Það kalla ég æfingu, var svarið.

Gesturinn: Hvers vegna starir hundurinn svona grimmdarlega á mig, meðan ég borða?

Húsfreyjan: Ætli það sé ekki vegna þess, að þú ert að borða af disknum hans?

B. VOCABULARY

dáður, adj: admired, esteemed
dáðastur, sup: most admired
skáld, NS: poet
fæddur, part: born
látast, S7: die
lést: preterite of látast
aldursár, NS: year of someone's life
á 38. aldursári: in his 38. year
mestur: greatest
hetja, FW1: hero
söguöld, FS2: age of the sagas
fæðast, W2: be born
um, adv: about, around
deyja, S6: die
dó: pret of deyja
hár, adj: high, advanced, ripe
elli, FW2: age
hlakka til, W4, gen: look forward to
afmæli, NS: birthday
enda, conj: therefore, consequently
fá, S7, acc: receive, get, be presented with
afmælisgjöf, FS2: birthday present
afmælisterta, FW1: birthday cake
afmælissúkkulaði, NS: birthday-chocolate
aðalatriði, NS: most important point
finnast, S3: consider
leikfélagi, MW1: playmate
heimsókn, FS2: visit
gamalmenni, NS: old person, dotard
innan við, acc: under, less than
teljast til, W1, gen: count as, are considered
unglingur, MS1: youngster, youth
táningur, MS1: teenager
fær, adj: possible, feasible
æska, FW1: youth, tender age
baldinn, adj: unruly, intractable
óþekkur, adj: naughty
fullorðinn, adj: adult, fullgrown
ofstopamaður, MS4: overbearing man, violent man
slóttugur, adj: cunning, witty
skrambinn, MW1: bother
flýta sér, W2: hurry
seint, adv: late
tími, MW1: class
hefjast, S6: begin
stundvís, adj: punctual
óstundvís, adj: unpunctual, ant. of prec.
indíánabók, FS3: book about American Indians
í gamla daga: in the old days, years ago
rauðskinni, MW1: American Indian
afar, adv: very
að vísu, adv: admittedly, to be sure
fara eftir, S6, dat: take into account
sjálfur, adj: myself
ná í, W irr, acc: reach

helst, adv: preferably
hringja, W2: phone
alls ekki: not at all
að nóttu til: at night
nefnilega, adv: as a matter of fact
nábúi, MW1: neighbour
geðvondur, adj: ill-tempered, ill-natured
taugaveiklaður, adj: neurotic
auk, prep, gen: in addition to
bágur, adj: bad
eiga bágt með, acc: have difficulties with
bara, adv: only
vinna, FW1: work, job
vinnusími, MW1: office phone
galli, MW1: handicap, drawback
skrifstofustjóri, MW1: director
liggja, S5: lie (here hang on . . .)
stofna, W4, acc: found, proclaim
lýðveldi, NS: republic
síðan, adv: since then, since
þjóðhátíðardagur, MS1 irr: national holiday
áður, adv: before
fullvalda, adj: sovereign
ríki, NS: state
konungssamband, NS: limited commonwealth (lit: "king connection" – the only connection was the shared monarch)
fagna, W4, dat: rejoice, celebrate
fullveldi, NS: sovereignty
einkum, adv: especially
sæti, NS: seat
strætisvagn, MS1: bus
bjóða, S2, dat-acc: offer
hætta, W2, dat: cease
dropi, MW1: drop
grátittlingstár, NS: tear of a sparrow
sögutími, MW1: history class
þögn, FS2: silence
fyrir, prep, acc: before
jól, NPl: Christmas
óska, W4, dat-gen: wish
jólagjöf, FS2: Christmas present
helst, adv: most
eignast, W4, acc: get, obtain
fá, S7, acc: be permitted
ósk, FS2: wish
uppfylla, W2, acc: grant
líkur, adj: similar
leyti, NS: time, part, aspect
næsta ár um líkt leyti: around the same time next year
skiljanlega, adv: understandably
gleymast: be forgotten
ótilkvaddur, adj: of one's own accord, one's own initiative
koma í kring: arrange
folald, NS: foal
krakki, MW1: kid
syfjaður, adj: sleepy
taka eftir, S6, dat: notice, observe, pay attention
lítill, adj: little
útskýra, W2, acc: explain
kraftaverk, NS: miracle
þýða, W2: mean
fylgjast með, W2, dat: follow, note, pay attention
ræða, W2, acc: discuss
kalla, W4, acc: name, call
heppni, FW2: luck
án, prep, gen: without
hundaheppni, FW2: damn luck
æfing, FW1: practice, training
stara, W3: stare, gaze
grimmdarlega, adv: fiercely
meðan, conj: while, as long as
húsfreyja, FW1: hostess, mistress of a house
ætli . . . ekki: I suppose
diskur, MS1: plate

C. GRAMMAR

9.1. The Cardinal Numbers 1–4.

The four first cardinal numbers 1–4 are declined for case and gender as follows:

	M	F	N
N	ein-n	ein	eitt
A	ein-n	ein-a	eitt
D	ein-um	ein-ni	ein-u
G	ein-s	ein-nar	ein-s

	M	F	N
N	tveir	tvær	tvö
A	tvo	tvær	tvö
D		tveim(ur)	
G		tveggja	

	M	F	N
N	þrír	þrjár	þrjú
A	þrjá	þrjár	þrjú
D		þrem(ur)	
G		þriggja	

	M	F	N
N	fjórir	fjórar	fjögur
A	fjóra	fjórar	fjögur
D		fjórum	
G		fjögurra	

Compare this declension with the declension of strong adjectives.

Einn may be used as an adjective to mean alone, i. e. **aleinn, einsamall.** Used that way the accusative form is **ein-an:**

Ég sá hann **einan** (I saw him alone)
Ég bað hann að koma **einan** (I asked him to come alone).

9.2. The Distributive Numerals.

Corresponding to the first four numerals Icelandic has four **distributive numerals,** which are declined as strong adjectives. For

the first distributive numeral (one pair) the plural form of **einn** is used; the other three are formed as shown:

MPl	FPl	NPl
einir	einar	ein
tvennir	tvennar	tvenn
þrennir	þrennar	þrenn
fernir	fernar	fern

The distributive numerals are most often used with the so-called **pluralia tantum,** i. e. plural words – words which are **inherently** or **semantically plural:**

skór **MPl**	(pair of shoes)	einir, tvennir . . . skór
buxur **FPl**	(trousers)	einar, tvennar . . . buxur
skæri **NPl**	(scissors, shears)	ein, tvenn . . . skæri
gleraugu **NPl**	(spectacles)	ein, tvenn . . . gleraugu
sokkar **MPl**	(pair of stockings)	einir, tvennir . . . sokkar

The distributive numerals are only rarely used in the singular: **tvenns konar** (two kinds of); **í tvennt** (in two pieces); **í þrennu lagi** (in three parts) etc.

9.3. Multiplicative Numerals.

There are only two **multiplicative** numerals in Icelandic **tvisvar** (twice) and **þrisvar** (thrice), and these are not declined since they are adverbs. To express a multiplication with the other cardinals, the dat of **sinn NS** (time, occasion) is always used:

einu sinni	(once)	(singular, of course)
tvisvar (sinnum)	(twice)	
þrisvar (sinnum)	(thrice)	
fjórum sinnum	(four times)	(plural, of course)
fimm sinnum	(five times)	
sex sinnum	(six times)	
etc.		

9.4. The Other Cardinal Numbers.

0	núll (N)	8	átta	12	tólf
5	fimm	9	níu	13	þrettán
6	sex	10	tíu	14	fjórtán
7	sjö	11	ellefu	15	fimmtán

16	**sextán**	40	fjörutíu
17	sautján	50	fimmtíu
18	átján	60	sextíu
19	nítján	70	sjötíu
20	tuttugu	80	áttatíu
21	tuttugu og einn	90	níutíu
22	tuttugu og tveir	100	hundrað, NS (Pl -uð)
23	tuttugu og þrír	1000	þúsund, NS/FS2
24	tuttugu og fjórir	1 000 000	milljón, FS2
25	tuttugu og fimm	1 000 000 000	milljarður, MS1
30	þrjátíu	1 000 000 000 000	billjón, FS2

Notice that within compound numbers **the last member** (and **only** the last member) is connected with **og** (123: hundrað tuttugu **og** þrír).

9.5. The Use of the Cardinal Numbers.

The cardinal numbers are used attributively with nouns:

tvær stúlkur
fimm strákar
ég sá tvo stráka etc.

The indeclinable cardinal numbers are, however, also often used as nouns governing a **genitive** (partitive):

Sex manns or sex menn (six persons).

The same is of course the case with the substantives hundrað, þúsund and milljón:

Hundruð manna	(Hundreds of people)
Hundrað manns komu	(One hundred people arrived)
Þúsundir manna	(Thousands of men)
Milljónir fólks	(Millions of people).

This use of the genitive corresponds to the **of-genitive** in English.

9.6. The Ordinal Numbers.

When expressed in Arabic numerals the ordinal numbers are indicated with a period, corresponding to English as follows: 1. = 1st, 2. = 2nd, 3. = 3rd, 4. = 4th etc.

1.	fyrsti	18.	átjándi
2.	annar	19.	nítjándi
3.	þriðji	20.	tuttugasti
4.	fjórði	21.	tuttugasti og fyrsti
5.	fimmti	22.	tuttugasti og annar
6.	**sjötti**	30.	þrítugasti
7.	**sjöundi**	40.	fertugasti
8.	áttundi	50.	fimmtugasti
9.	níundi	60.	sextugasti
10.	tíundi	70.	sjötugasti
11.	ellefti	80.	áttugasti
12.	tólfti	90.	nítugasti
13.	þrettándi	100.	hundraðasti
14.	fjórtándi	1000.	þúsundasti
15.	fimmtándi	1 000 000.	milljónasti
16.	sextándi	125.	**hundrað** tuttugasti og fimmti
17.	sautjándi	1131.	eitt þúsund eitt hundrað þrítugasti og fyrsti

Observe that when an ordinal number is a triple, quadruple or any higher n-tuple of number expressions only the **last two are** written in the form of ordinal members (e. g. 125. 1131. above), except if a number is an exact multiple of ten; then **only the last** number is an ordinal number, except again for numbers ending in -10: Examples:

110. hundraðasti og tíundi
120. hundrað og tuttugasti
136. hundrað þrítugasti og sjötti
200. tvö hundruðasti
700. sjö hundruðasti.

9.7. The Declension of the Ordinal Numbers.

All the ordinal numbers, except **annar,** are declined as weak adjectives, for example:

MSgN	fyrsti;	**FSgN**	fyrsta;	**NSgN**	fyrsta
MSgN	fimmti;	**FSgN**	fimmta;	**NSgN**	fimmta

and most often used attributively: **Fyrsti** maðurinn (the first person).

Fyrsti, however, may also be declined as a strong adjective, e. g. in predicative position:

Hann var **fyrstur** (He was the first one)
Hann kom **fyrstur** í mark (He was the first one to reach the goal)

Annar, on the other hand, always has a strong declension as follows:

	MSg	**FSg**	**NSg**
N	annar	önnur	anna-ð
A	anna-n	aðr-a	anna-ð
D	öðr-um	annar-i	öðr-u
G	annar-s	annar-ar	annar-s

	MPl	**FPl**	**NPl**
N	aðr-ir	aðr-ar	önnur
A	aðr-a	aðr-ar	önnur
D		öðr-um	
G		annar-a	

The stem is **annar**, which becomes **aðr-** before an ending beginning with a vowel, which causes the deletion of the suffix-vowel according to the syncope rule. In FSg D G the endings were historically **-ri** and **-rar**. The initial r of these suffixes became assimilated to the **-r** belonging to the stem, and later shortened, and therefore we have the **annar**-form of the **stem** in these cases. The same obtains for PlG.

9.8. Telling the Time.

There are two systems for telling the time in Icelandic: The **twelve-hour system**, used in the spoken language, and the **twenty-four-hour system**, preferred in more formal contexts, such as on the radio.

In the twenty-four-hour system one begins to count at midnight and counts to 24 hours. Examples:

0^{10} = núll tíu
9^{30} = níu þrjátíu
11^{10} = ellefu tíu
13^{20} = þrettán tuttugu
21^{15} = tuttugu og eitt fimmtán
24 = tuttugu og fjögur.

In the twelve-hour system, four constructions are most important:

	from 1 through 12
1) **Klukkan er** x	(x an integer, it is x)
2) **Klukkan er** y mínútur **yfir** x	It is y minutes past x
3) **Klukkan er** y mínútur **gengin í** x + 1	3) means exactly the same thing as 2)
4) **Klukkuna** (acc) **vantar** y mínútur **í** x.	It is y minutes before x.

Examples:

1)	15 or 3 p.m.	Klukkan er **þrjú**
2)	15^{10}	**Klukkan** er tíu mínútur **yfir** þrjú
3)	15^{10}	**Klukkan** er tíu mínútur **gengin** í fjögur
4)	14^{45}	**Klukkuna vantar** 15 mínútur **í** þrjú

9.9. Remarks on the Appropriate Gender for the Numbers 1–4.

In most cases the masculine is used as the nonspecific gender for numerals:

Hvaða númer er heima hjá þér? (What is your telephone number?)
1 08 32 **einn** núll átta þrjátíu og **tveir**.
Hvaða númer er á bílnum þínum? (What is the license number on your car?)
2361 tuttugu og **þrír** sextíu og **einn**.
1 22 23 **einn** tuttugu og **tveir** tuttugu og **þrír**.

The neuter gender is always used, however:

a) In telling the time;
b) When denoting years;
c) When the substantive **númer** (NS) (number) has been deleted for example on house numbers, bus numbers etc.

Examples:

a) Ég kem klukkan **fjögur** (I will arrive at four o'clock)
b) Núna er (**árið**) 1971 **nítján hundruð sjötíu og eitt**
(Now we are in the year 1971)
Ég er **fæddur 1944 nítján hundruð fjörutíu og fjögur**
(I was born in the year 1944)
c) Hvar áttu heima? (Where do you live?)
(Við) Grettisgötu **tvö**.
Farðu með leið **tvö** (Take bus two).

9.10. Other Number Words.

There are several other number words in Icelandic, for example adjectives ending in **-faldur** and nouns ending in **-ingur/-ungur**:

einfaldur (single, simple), **tvöfaldur** (double, two-fold)
þrefaldur (triple, three-fold), **margfaldur** (multiple, many-fold)
helmingur (½), **þriðjungur** (⅓), **fjórðungur** (¼),
fimmtungur (1/5).

For smaller fractions a construction with **ordinal** numbers plus the noun **hluti** or **partur** – which often are dropped – is preferred:

einn sjötti (hluti/partur) (1/6) etc.

D. EXERCISES

9.1. Insert the appropriate case form of the cardinals indicated in parentheses:

1. Hann sá ..... (1) mann
2. Hann mætti ..... (1) manni
3. Ég mætti ..... (3) konum
4. Drengurinn fékk ..... (2) afmælisgjafir
5. Kennarinn saknaði (missed) ..... (4) nemenda (GPl)
6. Bréfið er til ..... (2) kennara
7. Eyvindur gaf ..... (3) konum ..... (2) gjafir
8. Bréfið er frá ..... (2) börnum
9. Kennarinn talaði um ..... (4) fjöll
10. Í íslensku eru ..... (3) kyn og ..... (2) tölur
11. Ólafur kaupir ..... (2) dagblöð
12. Skáldið samdi ..... (3) bækur á ..... (3) árum
13. Einu sinni kostaði kók ..... (4) krónur
14. Þá kostuðu dagblöðin ..... (2) krónur
15. Nú orðið kostar enginn hlutur ..... (1) krónu.

9.2. Read the following cardinals:

5, 8, 7, 6, 12, 10, 18, 23, 25, 32, 9, 13, 11, 17, 14, 19, 16, 43, 52, 71, 54, 85, 92, 96, 125, 189, 192, 1126, 1255, 1783, 11233, 17865, 178345, 1000 000, 1236752, 1753821.

9.3. Read the following ordinals:

1. 5. 4. 8. 3. 7. 2. 9. 12. 17. 15. 19. 18. 20. 21. 6. 10. 40. 11. 51. 12. 63. 78. 66. 36. 83. 99. 100. 1000. 1536. 2676. 19288. 235676. 1000 000. 1678367.

9.4. Insert the appropriate form of the distributive numerals:

1. Þarna eru ..... (2) gleraugu
2. Þarna eru ..... (3) buxur
3. Þarna eru ..... (4) skæri
4. Þarna eru ..... (2) skór
5. Ég á ..... (3) gleraugu
6. Ólafur á ..... (1) buxur
7. Eyvindur á ..... (4) föt
8. Konan týndi ..... (2) skærum
9. Guðni keypti ..... (2) skó
10. Hann er í ..... (2) buxum.

9.5. Insert the appropriate multiplicative numerals:

1. Eyvindur rakar sig ..... (2) á dag
2. Ólafur baðar sig .... (1) í viku
3. Nemandinn skrópaði ..... (3) í síðustu viku
4. Barnið datt (féll) .... (5)
5. Stúdentinn las kaflann .... (10)
6. Konan hringdi .... (100)
7. Gesturinn bankaði .... (2)
8. Húsfreyjan opnaði dyrnar .... (1)
9. Nemandinn spurði ..... (3)
10. Kennarinn svaraði ..... (2).

9.6. Express the time in words for the following examples. Where alternatives exist indicate these.

1. 200	5. 345	9. 24
2. 210	6. 620	10. 12
3. 2115	7. 730	11. 105
4. 300	8. 2302	12. 405

13. 3^{30}	18. 21	23. 11^{30}
14. 2^{50}	19. 22^{45}	24. 12^{01}
15. 3^{58}	20. 20^{15}	25. 7^{15}
16. 1^{00}	21. 8^{58}	26. 7^{45}
17. 4^{00}	22. 9^{23}	27. 6^{35}

9.7. Find alternative expressions for the following sentences as indicated.

A. **Konan er 20 ára**	Hún er **tvítug**
B. Maðurinn er 22 ára	**Hann er á þrítugs aldri**
C. Konan er **25** ára	Hún er **hálfþrítug.**
1. Maðurinn er 30 ára	.....
2. Maðurinn er 35 ára	.....
3. Konan er 55 ára	.....
4. **Stúlkan er 25 ára**	.....
5. Karlinn er 70 ára	.....
6. Kerlingin er 85 ára	.....
7. **Kerlingin er 100 ára**	.....
8. Karlinn er 95 ára	.....
9. Strákurinn er 20 ára	.....
10. Palli er 31 árs	.....
11. Gunna er 42 ára	.....
12. Siggi er 40 ára	.....
13. Nonni er 34 ára	.....
14. Siggeir er 32 ára	.....
15. Brósi er 33 ára	.....
16. Konan er 60 ára	.....
17. Konan er 61 árs	.....
18. Kerlingin er 90 ára	.....
19. Karlinn er 80 ára	.....
20. Karlinn er 81 árs	.....
21. Kerlingin er 91 árs	.....

22. Karlinn er 72 ára .....
23. Konan er 54 ára .....
24. Konan er 45 ára .....
25. Karlinn er 55 ára .....

9.8 Write out in full the appropriate forms of the cardinals indicated in parentheses.

1. Lýðveldið var stofnað ..... (1944)
2. Síminn hjá Palla er ..... (16361)
3. Palli býr á (að) Laugavegi ..... (22)
4. Frissi fæddist ..... (1972)
5. Númerið á bílnum er ..... (R-292)
6. Strætisvagn **númer** ..... fer upp í Hlíðar (2)
7. Skjaldbreið er við Kirkjustræti ..... (3)
8. Útvarpið hefst klukkan ..... (2)
9. Hefurðu flogið með Boeing .....? (724)
10. Strákurinn fékk ..... á prófinu (4,2)

E. TRANSLATION

My telephone number is 1 22 03. Please call me at two o'clock. I have already called you twice, and I am not going to call you once again. I want two pairs of shoes; could you please pack them separately (í tvennu lagi)? The runner from Grímsey was the first to reach the goal.

Today we have Friday the 12th of May 1977. The first day of summer was on the 21st of April. The republic of Iceland was founded on the 17th of June 1944.

X

Chapter ten

A. TEXT

Sjaldan er ein báran stök. Löngum var ég læknir minn / lögfræðingur prestur, / smiður kóngur kennarinn, / kerra plógur hestur.

Egill gamli átti sí og æ í deilum og helst aldrei vildi hann sættast, heldur barði hann alltaf á andstæðingum sínum, þegar hann gat, og beit þá jafnvel á barkann. – Leikkonan syngur vel, en dansar aftur á móti hræðilega illa. Komdu fljótt aftur, ef þú villist, sagði nirfillinn. Að hika er næstum ávallt sama og tapa. Lausnin er býsna góð og einföld. Úti er kalt, en inni er hlýtt. Komdu strax heim. Heima er best. Við eigum alveg nóg af mat niðri í kjallara.

Átt þú heima hér? Farðu strax burtu. Snemma beygist krókurinn. Alltaf er hann sami prakkarinn. Hvenær kemur flugvélin? Ef þú drekkur lýsi, verður þú sterkur. Þegar Páll kom, fór Sveinn. Annaðhvort ferð þú strax eða alls ekki. Páll keypti ekkert, enda átti hann ekki eyri. Hann er hvorki duglegur, né (er hann) hjálpsamur. Ég á hvorki frímerki, né vil ég eiga frímerkjasafn. Tók þá konungur til máls. Gjafmildur var Auðunn.

Maður víkur sér að konu í síðdegisveislu, bendir á feitan mann og segir:

– Hver er þessi svínfeiti maður þarna?

– Það er Sigurður Sigurðsson verksmiðjueigandi. En hver heldurðu, að ég sé?

– Það veit ég ekki.

– Ég er konan hans.

– Og hver heldurðu, að ég sé?

– Það veit ég svo sannarlega ekki!

– Hvílík heppni! Vertu blessuð.

Rjúpnaskytta kom inn í kjötbúð og bað um rjúpur.

– Við eigum því miður engar rjúpur, svaraði afgreiðslumaðurinn, en við erum hérna með ágætar pylsur, sem . . .

– Pylsur, þú getur étið þínar pylsur sjálfur! Heldurðu kannski, að ég geti sagt konunni minni, að ég hafi skotið pylsur?

Úr íslenskum dagblöðum

Landhelgisviðræður í London á fimmtudag í næstu viku.

Afráðið er nú, að íslensk viðræðunefnd eigi fund með fulltrúum bresku ríkisstjórnarinnar í London á fimmtudag í næstu viku um fiskveiðideilu landanna. Einar Ágústsson utanríkisráðherra staðfesti þetta í símtali við Morgunblaðið í gær og að viðræðurnar mundu standa fram á föstudag, ef þurfa þætti.

Í íslensku viðræðunefndinni eiga sæti ráðherrarnir Einar Ágústsson og Matthías Bjarnason ásamt Hans G. Andersen sendiherra og hafréttarráðunauti ríkisstjórnarinnar, Níels P. Sigurðssyni sendiherra Íslands í Lundúnum og alþingismönnunum Þórarni Þórarinssyni og Guðmundi H. Garðarssyni. Allir þessir menn tóku þátt í viðræðunum við bresku sendinefndina hér í Reykjavík fyrir um mánuði.

Í skeyti frá Reuter fréttastofunni í gær var haft eftir Roy Hattersley aðstoðarutanríkisráðherra, formanni bresku viðræðunefndarinnar, að Íslendingar hefðu tilkynnt komu sendinefndarinnar í næstu viku. Skýrði Hattersley frá þessu í breska þinginu.

Í einkaskeyti til Morgunblaðsins frá AP fréttastofunni í gær er haft eftir talsmanni breska utanríkisráðuneytisins, að hann útiloki möguleika á nýju þorskastríði nú. Bæði talsmaðurinn og Hattersley sögðu hins vegar, að viðræðudagurinn hefði ekki verið ákveðinn. (Mbl. 16. 10. 1975).

200 mílur.

Fiskveiðilögsagan við Ísland varð 200 mílur frá grunnlínum um miðnætti í nótt. Þar með stækkar landhelgi Íslands úr 216 þúsund ferkílómetrum í 758 þúsund ferkílómetra. Ísland er fyrsta Evrópulandið, sem tekur sér 200 mílna landhelgi. Geir Hallgrímsson forsætisráðherra flutti ávarp í útvarp í gærkvöldi í tilefni þessa áfanga í landhelgismálinu. Í ræðunni gerði hann grein fyrir sjónarmiðum ríkisstjórnarinnar og sagði að lokum:

„Við Íslendingar skiljum, hve mikið er í húfi, að vel takist til um 200 mílna útfærslu, og því þurfum við í sjálfu sér ekki hvatningar við að fylgja þessari útfærslu fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur fram til sigurs.

Við munum sem einstaklingar og þjóð halda fullkomnu jafnvægi, beita yfirvegaðri skynsemi og dómgreind á hverju sem gengur og við hverja sem er að eiga. Lífsbjörg okkar er í veði og málstaður okkar svo sterkur, að sigur mun vinnast með fullum yfirráðum Íslands yfir fiskimiðunum." (Þjóðv. 15. 10. 1975).

B. VOCABULARY

sjaldan, adv: seldom, rarely
bára, FW1: wave
stakur, adj: alone, single
löngum, adv: for a long time, for the most part, mostly
lögfræðingur, MS1: lawyer
prestur, MS1: clergyman, pastor
smiður, MS2: carpenter
kóngur, MS1: king
kerra, FW1: two-wheeled wagon
plógur, MS1: plough
sí og æ, adv: always (in the sense of repeatedly)
deila, FW1: quarrel, dispute
helst, adv (sup): soonest, preferably
aldrei, adv: never
sættast, W2: settle to an agreement
berja, W1, acc: strike, hit
alltaf, adv: always, invariably
andstæðingur, MS1: opponent
jafnvel, adv: even
barki, MW1: trachea, throat
vel, adv: well
dansa, W4: dance
aftur á móti: on the other hand
hræðilega, adv: fearfully, dreadfully
illa, adv: badly
fljótt, adv: soon
aftur, adv: back
villast, W2: lose one's way, stray
nirfill, MS1: miser, niggard
hika, W4: hesitate, vacillate
tapa, W4, (dat): lose
ávallt, adv: always
lausn, FS2: solution
býsna, adv: pretty
sára, adv: quite, very considerably
einfaldur, adj: simple
úti, adv: outside
kaldur, adj: cool
inni, adv: inside
hlýr, adj: warm
strax, adv: at once
alveg, adv: quite, altogether
nóg, adv: enough
niðri, adv: downstairs
kjallari, MW1: celler, basement
burt(u), adv: away
snemma, adv: early
beygjast, W2: be bent
krókur, MS1: hook
prakkari, MW1: scoundrel, prankster
lýsi, NS: cod-liver-oil
sterkur, adj: strong
alls ekki: not at all
eyrir, MS1, irr: penny
duglegur, adj: energetic, able
hjálpsamur, adj: helpful
frímerki, NS: stamp
frímerkjasafn, NS: stamp collection
taka til máls: speak, adress
gjafmildur, adj: generous
víkja sér að, S1, dat: turn to, speak to
síðdegisveisla, FW1: afternoon party
benda á, W2, acc: point to
feitur, adj: fat
svínfeitur, adj: fat as a pig, potbellied
verksmiðjueigandi, MW2: industrialist
sannarlega, adv: certainly

rjúpnaskytta, FW1: grouse hunter
rjúpa, FW1: white grouse, ptarmigan
því miður: unfortunately
ágætur, adj: splendid
pylsa/pulsa, FW1: sausage
skjóta, S2, acc: shoot
landhelgi, FW2: territorial waters
viðræður, FPl: discussions
afráða, S7, acc: decide
viðræðunefnd, FS2: commission for discussions, negotiating team
fundur, MS3: meeting
fulltrúi, MW1: deputy
breskur, adj: British
ríkisstjórn, FS2: government
fiskveiðideila, FW1: fisheries dispute
utanríkisráðherra, MW1: foreign minister
staðfesta, W2, acc: confirm
samtal, NS: interview
standa, S6 (here): last
þurfa, S, irr: need, have necessity for
þykja, W2, impers: consider, seem
ráðherra, MW1: minister
ásamt, prep, dat: together with
sendiherra, MW1: ambassador
hafréttur, MS3: maritime law
ráðunautur, MS1: adviser, consultant
Lundúnir, FPl: London
alþingismaður, MS4: MP
sendinefnd, FS2: deputation
skeyti, NS: telegram
fréttastofa, FW1: news agency
hafa eftir, dat: quote, cite
aðstoð, FS2: assistance
formaður, MS4: chairman
tilkynna, W2, acc: announce
koma, FW1: arrival
skýra frá, W2, dat: declare, state, pronounce
þing, NS: parliament
einkaskeyti, NS: special telegram ("private")
talsmaður, MS4: spokesman
utanríkisráðuneyti, NS: foreign ministery
útiloka, W4, acc: exclude
möguleiki, MW1: possibility
þorskastríð, NS: cod-war
hins vegar: on the other hand
fiskveiðilögsaga, FW1: fishing rights
grunnlína, FW1: reference line
stækka, W4, acc: enlarge, expand
ferkílómetri, MW1: square km
taka sér, S6: claim for oneself, proclaim
forsætisráðherra, MW1: prime minister
flytja, W2, acc: deliver
ávarp, NS: address, appeal
tilefni, NS: occasion
áfangi, MW1: stage
ræða, FW1: speech
gera grein fyrir, W2, dat: explain, state
sjónarmið, NS: viewpoint, position
að lokum: finally
í húfi: at stake
útfærsla, FW1: expansion
í sjálfu sér: in itself
hvatning, FS1: encouragement
fylgja fram, W2, dat: purse, carry on
sigur, MS1: victory (gen sigur-s)
einstaklingur, MS1: individual
halda, S7, dat: keep, preserve
fullkominn, adj: perfect
jafnvægi, NS: balance, equilibrium, calm
beita, W2, dat: use, employ
yfirvegaður, adj: pondered, calculated
skynsemi, FW2: common sense
dómgreind, FS2: judgement
á hverju sem gengur: whatever happens

eiga við, acc: deal with
lífsbjörg, FS2: nourishment, vital industry
í veði: at stake
málstaður, MS3: cause
fullur, adj: full, unrestricted
yfirráð, NPl: command, commission, rule
fiskimið, NPl: fishing-grounds

C. GRAMMAR

10.1. Formation of Adverbs.

Adverbs may be formed in a number of ways in Icelandic:

1) The NSgN for most adjectives may be used as an adverb:

adj	fljótur	–	adv	**fljótt**	adj	hár	–	adv	**hátt**
adj	hraður	–	adv	**hratt**	adj	langur	–	adv	**langt**
adj	seinn	–	adv	**seint**	adj	fastur	–	adv	**fast**

Komdu **fljótt** aftur. Drengurinn hljóp **hratt.** Fuglinn flaug **hátt.** Íþróttamaðurinn stökk **langt** yfir línuna. Ali sló Frazier mjög **fast.** Ræðumaðurinn kom allt of **seint.**

2) Numerous adverbs are derived from the stem of an adjective (FSgN) by suffixing -a.

adj	líkur	–	adv	**líka**	adj	illur	–	adv	**illa**
adj	víður	–	adv	**víða**	adj	fallegur	–	adv	**fallega**
adj	vanalegur	–	adv	**vanalega**					

The adjective suffix **-leg-** is very common, and thus the adverbial suffix **-lega** has been productive; i. e. many adverbs are formed with it, even when there are no corresponding adjectives ending in -legur. Examples:

adj	ágætur	–	adv	**ágætlega**
adj	kær	–	adv	**kærlega**
adj	strangur	–	adv	**stranglega**

For adjectives ending in -inn the suffixes **-lega** or even **-samlega** often result in a corresponding adverb:

adj	feginn	–	adv	fegin**samlega** (gladly)
adj	skrýtinn	–	adv	skrýti**lega** (strangly)

A variant of the suffix **-lega**, the shortened form **-la**, is found in a number of words.

adj	var	–	adv	**varla** (hardly)
adj	harður	–	adv	**harla/harðla** (pretty)
adj	bráður	–	adv	**bráðla** (soon)

3) The various cases of substantives and adjectives may be used adverbially and thus "frozen" or archaic case forms are used as adverbs. The most common endings are:

-ar **einkar** (especially); **reyndar** (in fact); **raunar** (indeed)

-u **löngu** fyrr (long before); **hálfu** lengur (twice as long); **litlu** lengur ((a) little longer); **miklu** stærri (much bigger); **nógu** vel (well enough); **eingöngu** (only, solely); **óvenju** (exceptionally;

-um **einkum** (especially); **stundum** (sometimes); **tíðum** (often); **bráðum** (soon); **næstum** (nearly); **óðum** (soon); **drjúgum** (considerably); **stórum** (by far much);

-s **gefins** (for free); **afgangs** (surplus); **árdegis** (in the morning); **beinlínis** (directly); **margsinnis** (often); **erlendis** (abroad); **samtímis** (simultaneously);

-i **fjandi** (fiendishly, damned); **ansi** (devilishly); **helvíti** (hellishly, damned).

Examples:

-ar Stúlkan er **einkar** falleg (The girl is singularly (strikingly, extraordinarily) beautiful). **Raunar** (**reyndar**) bjóst ég við hinu versta (I did in fact (indeed) expect the worst).

-u Víkingarnir fundu Ameríku **löngu** fyrr en Kólumbus (The Vikings discovered America long before Columbus). Ég beið **litlu** lengur en þú, en varð þá **hálfu** óþolinmóðari (I waited little longer than you, but I became twice as impatient). Minn bíll er **miklu** stærri en þinn (My car is much bigger than yours). Lærðir þú **nógu** vel heima? (Did you prepare yourself well enough?) Já, ég las **óvenju** lengi í gærkvöldi, en **eingöngu** málfræði (Yes, I studied for a particularly long time last night, but only grammar).

-um **Stundum** er gaman að lifa, **einkum** þó á sumrin (Sometimes life is beautiful, especially in summer). **Bráðum** koma jólin (Soon Christmas is coming). Palli hleypur **drjúgum** hraðar en Steini og **stórum** hraðar en Dísa (Palli runs a good deal faster than Steini, and much faster than Dísa).

-s Ég fékk **gefins** tvær **afgangs** bækur (I got two surplus books for free).

-is Eyvindur er ekki **beinlínis** brattur árdegis (Eyvindur is not exactly at his best in the morning). Hann hefur **margsinnis** sofið yfir sig (He has often slept over). Íslendingar ferðast **mikið erlendis** (The Icelanders frequently travel abroad).

Sumir tala og borða **samtímis** (Some people talk and eat simultaneously).

-i **Ansi** er þetta leiðinlegt (That's damned unfortunate).

4) Adverbs may be derived from pronouns:
alls (altogether, in all); **annars** (besides, by the way); **einna** ((GPl) one of); **eins** (like); **hversu/hve** (how); **hvenær** (when); **hvar** (where); **hvaðan** (where from); **hvert** (where to); **hví/því** (why); **þannig** (thus); **þess vegna** (therefore); **þá** (then); **þangað** (there on); **þaðan** (from there); **þar/þarna** (there). Examples:

Þeir veiddu tíu fiska **alls** (They caught ten fish in all). Kemur þú **annars** ekki? (By the way, won't you come?). Þessi penni er **einna** bestur (This pen is (perhaps) one of the best). Þú getur **eins** vel hætt strax (You may just as well stop right now). **Hversu** lengi ert þú búinn að vera hérna? (For how long have you been here?) **Hvar** ertu fæddur? (Where were you born?) **Hvaðan** ertu? (Where do you come from?) **Hvert** ertu að fara? (Where are you going?) **Hví** segir þú þetta? (Why do you say that?) Ég er blankur og **þess vegna** kem ég ekki (I am broke, and that is why I am not coming). Sumir tala **þannig** (Some people speak that way). **Þarna** er húsið og **þangað** ætlaði ég einmitt (This is the house, and that is precisely where I am going).

10.2. Adverbs Expressing Position.

Adverbs expressing position may have distinct forms that correlate according to the following three criteria: **motion to, rest** and **motion from:**

Motion to:	**Rest:**
hingað (hither)	hér(na) (here)
þangað (thither)	þar(na) (there)
hvert (to where, whither)	hvar (where)
upp (up)	uppi (up, above)
niður (down)	niðri (down, below)
út (out)	úti (outside)
inn (in(to))	inni (inside)
heim (home)	heima (at home)
norður (to the n.)	fyrir norðan (in the n.)
suður (to the s.)	fyrir sunnan (in the s.)
austur (to the e.)	fyrir austan (in the e.)
vestur (to the w.)	fyrir vestan (in the w.)

aftur (back)	fyrir aftan (behind)
fram (forth)	fyrir framan (in front of)
	frammi (in front)

Motion from:

héðan (from here, hence)	(að) heiman (from home)
þaðan (from there, thence)	(að) norðan (from the n.)
hvaðan (from where, whence)	(að) sunnan (from the s.)
(að) ofan (down, from above)	(að) austan (from the e.)
(að) neðan (from below)	(að) vestan (from the w.)
(að) utan (from the outside)	(að) aftan (on the back)
(að) innan (from the inside)	(að) framan (in front)

Remark one:

The adverbs **norður, suður, austur** and **vestur** may denote a condition of rest, e. g. in the north, but then they are used with prepositional phrases:

Hann vinnur **austur á landi** (He works in the eastern part of the country).

Norður, suður, austur and **vestur** are also used as substantives (NS), but exclusively in connection with the directions.

Virkið í **norðri** (The fortress in the north).

Sjá roðann í **austri** (See, the red in the east).

Remark two:

When referring to inanimate things, the constructions **að utan**-(verðu), **að innan**-(verðu) denote, respectively, **on the outside,** and **on the inside, not** motion from.

Húsið er járnklætt **að utan** (The house is covered with corrugated iron on the outside).

Vettlingarnir eru loðnir **að innan** (The gloves are furry on the inside).

Various examples:

Komdu **hingað** drengur minn.
(Come here, my boy).

Hér(na) eru peningarnir, sem ég lofaði þér.
(Here is the money I promised you).

Héðan fara öll vötn til Dýrafjarðar.
(From here every creek runs to Dýrafjörd).

Það er góð veiði í Fiskivötnum, **þangað** skaltu fara.
(The Fiskivötn are full of fish, you should go there).

Þar hittirðu naglann á höfuðið.
(There you hit the nail on the head (idiom)).
Nefndu ekki þann stað. **Þaðan** koma flestir rónar á **Íslandi.**
(Don't mention the place, that's where most bums in the country come from).
Hvar skildirðu bílinn eftir?
(Where did you leave the car?)
Hvaðan fær Vestur-Evrópa mest af sinni olíu?
(From where does Western Europe obtain most of its oil?)
Hlauptu **upp** á loft fyrir mig og sæktu borðið.
(Please, run upstairs and fetch me the table).
Þú hefur skilið stólinn eftir **uppi** á lofti.
(You have left the chair upstairs).
Drengurinn hljóp **ofan** stigann sem fætur toguðu.
(The boy took to his heels down the stairs).
Kötturinn datt **niður** af svölunum.
(The cat fell from the balcony).
Kötturinn hljóp ómeiddur **niðri** á grasflötinni.
(The cat ran unhurt on the lawn below).
Ég verð að sækja kartöflur í soðið **neðan** úr kjallara.
(I must fetch some potatoes from the cellar for our meal).
Bóndinn var farinn **út** á tún og byrjaður að slá.
(The farmer had left for his field and had begun mowing).
Presturinn stóð **úti** á hlaði, þegar gestirnir komu.
(The priest stood on his doorstep when the guests arrived).
Sagt er að Sinfjötla hafi ekki bitið eitur **að utan.**
(It is said of Sinfjötli that poison externally applied could not affect him).
Presturinn bað komumenn að ganga **inn** og þiggja kaffisopa.
(The clergyman asked his visitors to step inside and have a cup of coffee).
Inni í stofu prestsins var hlýtt og notalegt.
(In the clergyman's study it was wram and comfortable).
Sagt er um Sigmund föður Sinfjötla, að hann biti ekki eitur, hvorki **að innan** né **(að) utan.**
(It is said of Sigmundur, Sinfjötli's father, that he was unaffected by poison, either internal or external).
Börnin höfðu farið **að heiman** frá sér snemma um morguninn, en þegar kvöldaði flýttu þau sér **heim,** enda beið móðir þeirra **heima** með matinn.

(The children had left home early in the morning, but towards evening they hurried home knowing that their mother was waiting at home with their meal).

Komdu **aftur,** ef þú getur.
(Come back if you can).

Vertu **fyrir aftan** mig.
(Stay behind me).

10.3. Semantic Classification of Adverbs.

In this section some very common adverbs will be presented, and classified according to semantic content:

1) Adverbs of time:
alltaf (always), **aldrei** (never), **seint** (lately), **snemma** (early), **nú** (now), **þá** (then), **oft** (often), **sjaldan** (seldom), **lengi** (for a long time), **enn** (still).

2) Adverbs of condition, grade etc.:
vel (well), **illa** (badly) **alveg** (quite), **mjög** (very), **þannig** (thus, that way).

3) Adverbs of denial, confirmation, doubt etc.:
nei (no), **já** (yes), **jú**[1] (yes), **ekki** (not), **eigi** (not), **sannarlega** (indeed), **vissulega** (as a matter of fact), **varla** (hardly).
For interrogative adverbs see 8.3.

10.4. Word Order.

The normal or most usual word order in declarative sentences in Icelandic is **subject + verb** and we may indeed consider the second position for a **verb** as the most fundamental feature of the combination. The **subject,** therefore, must be moved behind the verb if the sentence begins with an adverb or adverbial phrase. For example:

Ég er glaður.
Í dag **er ég** glaður.

Although **subject + verb** is the basic word order, there are a number of situations in which inversion occurs. The following are the most important:

---

1) Used (instead of *já*) in response to a negative question:
Ætlarðu *ekki* að koma? *Jú* (ég ætla að koma).

1) **In questions** (compare chapter 1.8)
Þú átt bók. **Átt þú** bók?

2) **In imperatives**
Þú ferð heim. **Far þú** heim/**Farðu** heim (Compare chapter eight)

3) If a sentence begins with an **adverb** or construction expressing **place, time** etc.
Í kvöld fer ég í leikhús
Bráðum koma blessuð jólin
Hvar átt þú heima?
Hvenær byrjar leikurinn?
(**Ekki** er Siggi kominn enn (empathic usage)).
The last example, however, is a stylistic variation of:
Siggi er ekki kominn enn.

4) In main clauses where these follow their subordinate clauses.
Ef þú flýtir þér, **nærð þú** vagninum.
Þegar ég er þyrstur, **drekk ég** vatn.

5) After some conjunctions:
enda: Hann gengur aldrei, enda **á hann** bíl.
annaðhvort – eða: Annaðhvort **gengur hann** eða notar bílinn.
heldur: Páll reykir **ekki**, heldur **notar hann** neftóbak.
hvorki – né: Ég á hvorki hund, né (**á ég**) hest.

6) In conditional clauses, if the conjunction **ef** is dropped.
Ég kæmi, ef ég gæti = Ég kæmi, **gæti ég** það.

7) Inverted word order is also used i) in a vivid narrative or ii) to emphasize something:
i) **Tók Egill** þá að þreytast örlítið.
ii) Sterkur **var Egill.**

D. EXERCISES

10.1. Find the adverbs corresponding to the following adjectives.

laglegur (pretty)	hár (high)
naumur (spare, narrow)	lítill (small)
fátækur (poor)	bjagaður (broken)
góður (good)	glaður (happy)
ákafur (eager)	áreiðanlegur (certain)
harður (fast)	eðlilegur (natural)
skýr (clear)	fallegur (beautiful)
blíður (smooth)	nákvæmur (precise, exact)

skrýtinn (strange)	seinn (late)
feginn (pleased, glad)	kær (dear)
illur (bad)	ómögulegur (impossible)
víður (wide)	vitur (wise)

10.2 Supply the appropriate adverbs corresponding to the adjectives given in parentheses:

1. Ég þakka ..... (kær) fyrir matinn.
2. Nei, ég vil ..... (ómögulegur) meira.
3. Kaffið er ..... (afskaplegur) heitt.
4. Þú kemur ..... (áreiðanlegur) of ..... (seinn).
5. Samningarnir ganga ..... (erfiður).
6. Mér líður ..... (ágætur) á Íslandi.
7. Talaðu ..... (skýr) og ..... (greinilegur).
8. Lestu ..... (hægur) og ..... (rólegur).
9. Eyvindur talar ..... (vitur).
10. Kennarinn kennir ....., ..., ... (sæmilegur, ágætur, illur)
11. Guðni ekur ..... (glannalegur).
12. Sagan er ..... (ofsalegur) spennandi.
13. Málfræðin er ..... (ákafur) skemmtileg.
14. Víkingarnir börðust ..... (hraustur).
15. Ég spurði ..... (kurteis) til vegar.

10.3. Insert the Icelandic adverbs corresponding to the translations given:

1. Börnin fóru	í bíó.	(often)
2. Barnið sofnaði	.	(immediately)
3. Þessi bók er	leiðinleg.	(very)
4. Maðurinn talaði	í símann.	(long)
5.	fer Palli í leikhús.	(sometimes)
6. Sigurður fer	í leikhús.	(seldom)
7. Sumir koma	of seint.	(always)
8. Páll lærði	.	(abroad)

9. Íslendingar veiða ..... fisk. (for the most part)
10. Ég á ..... tvær krónur. (only)
11. Nú erum við ..... **komin heim.** (nearly)
12. Lastu ..... vel heima? (enough)
13. Veturinn kom ..... í ár. (early)
14. Stúlkan er ..... lagleg. (very)
15. Ég var ..... að koma. (exactly)
16. Þú skalt ..... segja aldrei. (never)

10.4. Form new sentences according to the following pattern:

Given: **heim**

Óli kom **að heiman,** fór svo **heim** og er núna **heima.**

1. út: ....
2. upp: ....
3. niður: ....
4. inn: ....
5. norður: ....
6. suður: ....
7. austur: ....
8. vestur: ....
9. hingað: ....
10. þangað: ....

10.5. Insert the appropriate adverbs in the gaps.

1. Fór Óli ..... (home)? Já, hann er ..... núna.
2. Fór Palli ..... (downstairs)? Já, hann er ..... núna.
3. Fór Eyvindur ..... (outside)? Já, hann er ..... núna.
4. Kötturinn klifraði ..... (up) í tré.
5. Málarinn datt ..... (down) af þakinu.
6. Büllinn ók ..... (down) í bæ. (two possibilities)
7. Guðni hljóp ..... (out) í skóla. (two possibilities)
8. Eyvindur ók ..... (west) á land.
9. Palli býr ..... (north) á Akureyri.
10. Senjórítur búa ..... (south) á Spáni.

10.6. For each given sentence form two new ones according to the following pattern:

Given: Presturinn tónar **illa**.
New: a) Tónar presturinn illa?
Sent: b) Hvernig tónar presturinn?

1. Börnin eru í **skólanum**
   a) .....
   b) .....
2. Kvikmyndin var **leiðinleg**
   a) .....
   b) .....
3. Ég á heima **á Íslandi**
   a) .....
   b) .....
4. Páll flaug **til Þýskalands**
   a) .....
   b) .....
5. Guðni kom **frá Spáni**
   a) .....
   b) .....
6. Bókin er **góð**
   a) .....
   b) .....
7. Eyvindur las söguna **til gamans**
   a) .....
   b) .....
8. Flugvélin kemur **á morgun**
   a) .....
   b) .....
9. **Penninn er hérna**
   a) .....
   b) .....

10. Páll keypti **tvö kíló af sykri**

a) .....

b) .....

11. Frissi er **þriggja ára** gamall

a) .....

b) .....

12. Hvannadalshnjúkur er **2119 metra** hár

a) .....

b) .....

13. Ferðamennirnir dóu **úr svelti**

a) .....

b) .....

14. Ég barði þrisvar **að dyrum**

a) .....

b) .....

15. Ég týndi **töskunni minni**

a) .....

b) .....

16. Halla saknaði **fjallanna**

a) .....

b) .....

10.7 Connect the following sentences with the given conjunction and let the subordinate clause precede the main clause.

Ég er þreyttur. **Ég hvíli** mig.
þegar
Þegar ég er þreyttur, **hvíli ég** mig.

1. **Konan er veik. Konan fer til læknis.**
ef (if)

.....

2. Ég er þyrstur. Ég þarf annan til.
þegar (when)

.....

3. Þú nærð í mig. Ég kem.
svo framarlega sem (if)

.....

4. Ég hef engan tíma. Ég kem ekki.
af því að (because)

.....

5. Ég hringdi. Bíllinn kom.
strax og (as soon as)

.....

6. Ég hringi. Bíllinn kemur.
ef (if)

.....

7. Ég hringi. Bíllinn kemur.
þegar (when)

.....

8. Ég fór út í búð. Þjófurinn stal bílnum mínum.
meðan (while)

.....

9. Amma var ung. Margt hefur breyst.
síðan (since, (temporal))

.....

10. Þú játar. Þú færð mildan dóm.
þar sem (since, (causal))

.....

10.8. Form new sentences with the underlined words in first position.

1. Ég er glaður. **Í dag.**

.....

2. Íslendingar færðu út landhelgina. **15. okt. 1975.**

.....

3. Veðrið var gott. **Í gær.**

.....

4. Ég hef heyrt þetta fyrr. **Aldrei.**

.....

5. Íslendingar borða steik. **Á sunnudögum.**

6. Fjöllin eru falleg. **Á Íslandi.**

7. Verðbólgan minnkar. **Ekki.**

8. Ég fer í skólann. **Á morgun.**

9. Palli fer í leikhús. **Stundum.**

10. Ég vann á skipi. **Einu sinni.**

10.9. Connect the following sentences with the given conjunctions.

Notice that in case of **annaðhvort ... eða** and **hvorki ... né** there are two possibilities, depending on whether the first part of these conjunctions is put in first position or not:

a) **Þú kemur annaðhvort** strax eða aldrei.
b) Annaðhvort **kemur þú** strax eða aldrei.

1. Gísli er sterkur. Hann drekkur lýsi. **enda**

2. Hann reykir. Hann drekkur. **hvorki ... né**

3. Ég fer í bíó. Ég fer í leikhús. **annaðhvort ... eða**

4. Hann sofnaði strax. Hann var þreyttur. **enda**

5. Þú kemur strax. Ég tala aldrei framar við þig. **annaðhvort ... eða**

6. Ég vil selja bókina. Ég vil gefa bókina. **hvorki ... né**

7. Hann er farinn. Hann þurfti að flýta sér. **enda**

.....

8. Bíllinn er góður. Bíllinn er ódýr. **hvorki . . . né**

.....

9. Þú kaupir brún föt. Þú kaupir blá föt. **annaðhvort . . . eða**

.....

10. Hann reykir ekki. Hann tekur í nefið. **heldur**

.....

11. Palli á ekki hús. Hann leigir íbúð. **heldur**

.....

12. Hann er ekki í skóla. Hann vinnur í banka. **heldur**

.....

E. TRANSLATION

Palli worked for a very long time and was very tired, when he at last came home, and (enda) thus he went straight to bed. Next morning he woke up very late. His wife brought him a cup of coffee while he was still in bed, (enda) because she was not on strike that day. Palli does not take sugar for his coffee, but he does take lots of milk. If you don't come at once, I am going to get very angry. When you have finished your breakfast, you can go out if you want to.

XI

Chapter eleven

A. TEXT

Í dag er rigning um allt land. Konan var hrædd um barnið. Flugvélinni seinkaði um tvo tíma. Ræðumaður talaði um kvenréttindi. Um kvöldið var fundi slitið. Páll sá um hestana.

Páll gekk gegnum garðinn. Maðurinn kíkti í gegnum skráargatið. Ópið smaug í gegnum merg og bein.

Hann talaði umfram aðra menn. Þessi bíll er umfram alla aðra bíla. Í bókinni stendur ekkert umfram það, sem ég vissi áður.

Hann snerist kringum konuna. Umhverfis húsið er garður. Hann fór í kringum lögin. Hann gekk í kringum húsið.

Að lokum gekk hann að bílnum. Sumir vaka að nóttu til. Hvað er að honum? Sagan er að nokkru leyti sönn. Strákurinn lék sér að boltanum.

Ég keypti blaðið af stráknum. Páll kom af fundi. Hann er af Austfjörðum. Hann á mikið af bókum. Af hverju drekkur þú mjólk? Af því að hún er holl. Tókstu peningana af stráknum? Nei, það er af og frá.

Fréttin barst frá manni til manns. Bókin er frá vini mínum. Vinur minn er frá Englandi. Kanntu að draga tvo frá þremur?

Allir risu upp gegn konunginum. Konungurinn barðist gegn ofureflinu. Skipið sigldi gegn vindi. Hann mælti gegn tillögunni. Einn gegn öllum og allir gegn einum.

Hjá því verður ekki komist. Bókin fæst hjá bóksölunni. Þú átt hundraðkall hjá mér. Páll er hjá vini sínum.

Barnið fór úr fötunum. Ekkert varð úr því, að hann kæmi. Stúlkan fór úr vistinni. Nú fer að kólna úr þessu. Félagið er úr leik. Stóllinn er úr tré.

Tóbakið er handa Páli. Þetta er rétt handa honum.

Meðfram veginum er girðing. Hann gekk meðfram vatninu.

Hundurinn hljóp á móti gestinum. Ert þú á móti mér? Páll gekk á móti vindi. Hann keypti bíl á móti vilja föður síns. Glugginn snýr á móti suðri.

Bifvélavirkinn tók hjólið undan bílnum. Páll gekk undan vindi. Barnið hljóp á undan systur sinni. Hver kom á undan þér?

Konungurinn kom ásamt fylgdarliði sínu. Fiskur er góður ásamt öðru.

Þeir sátu andspænis hvor öðrum. Gegnt húsinu er skóli. Vitnið sat andspænis dómaranum.

Bréfið er til þín, en ekki hans. Páll komst til vegs og virðingar. Stúdentinn kom til Íslands til þess að læra íslensku. Komdu til mín. Taktu til í herberginu þínu.

Konan fór án mannsins. Hann segir þetta án gamans. Óli fór án þess að kveðja. Lögreglan kom án viðvörunar.

Auk þeirra komu þrír menn. Hann keypti hjól auk bílsins. Hann á úlpu og auk þess frakka.

Forsetinn talaði meðal annars um handritin. Barnið hljóp um á milli hestanna. Okkar á milli sagt, þá trúi ég þessu alls ekki. Bilið á milli hlauparanna breikkaði. Freyfaxi var meðal hestanna.

Í gær var víða lokað vegna verkfalls. Þú skalt ekki segja orð — þín vegna. Í dag rigndi, og þess vegna fóru börnin ekki út. „Hvers vegna — vegna þess" er heiti á bók.

Drengurinn stakk sælgætinu í vasa sinn. Maðurinn er með greiðu í vasa sínum. Strákurinn fór fyrst í skólann en síðan á völlinn. Ég ætla á æfingu í kvöld, svo að ég komist í æfingu. Lampinn er á borðinu. Ég lagði tólið á símann. Maðurinn vinnur á daginn og vakir á nóttunni. Á hverjum degi er hann syfjaður. Á vorin er oft fallegt í Reykjavík. Á jólunum fá börnin gjafir. Kafarinn kafaði undir ísinn. Kafarinn fann flakið undir ísnum. Flugvélin flaug yfir borgina. Flugvélin flaug yfir borginni. Stökktu yfir girðinguna. Skrifaðu undir bréfið. Kanntu að deila tveimur í fjóra?

Er Egla eftir Snorra? Ég kem eftir tvo daga. Fréttin er eftir góðum heimildum. Gunnar spurði eftir Njáli. Frissi er stór eftir aldri. Taktu eftir orðum hans. Taktu til eftir þig.

Vertu ekki fyrir mér. Barnið hljóp fyrir strætisvagninn. Barnið hljóp fyrir föður sinn. Ég keypti útvarp fyrir fjórum dögum. Hver getur útskýrt þetta fyrir mér? Tefðu ekki fyrir vinnandi mönnum. Ég þakka fyrir matinn. Skrúfaðu fyrir vatnið.

Lögreglan kom með fangann. Fanginn kom með lögreglunni. Ég kom með barnið (barninu). Ég er með lítinn fugl í hendinni. Allt má gera með lagninni. Hver er með verkfallinu? Komstu með strætisvagni? Komstu með skipinu/skipið?

Drengurinn sat við útvarpið. Sumarbústaðurinn stendur við vatnið. Sumir eru hræddir við skordýr. Hvað sagði kennarinn við því? Taktu við peningunum. Vertu góður við köttinn. Páll tók við stöðunni af Jóni. Ég ætla að taka út alla peningana mína. Formaðurinn tók til máls.

Úr íslenskum dagblöðum

Fríið á forsíðum stórblaðanna.

Ljóst er, að kvennaverkfallið á Íslandi á föstudag hefur vakið mjög mikla athygli víða erlendis. Í Fíladelfíu lýsti formaður stærstu kvennasamtaka í Bandaríkjunum yfir því, að bandarískar konur ættu að fylgja fordæmi íslenskra kvenna. Á Norðurlöndum birtust mjög ítarlegar fréttir um atburði föstudagsins og sama er að segja um blöð í Bretlandi.

Stærstu og áhrifamestu kvennasamtök í Bandaríkjunum, N.O.W., hvöttu í dag bandarískar konur til að skipuleggja eins dags verkfall í næstu viku, hliðstætt verkfalli íslenskra kvenna, í gær, föstudag. Samtökin örvuðu félaga sína til að leggja niður störf á heimilum sínum og á öðrum vinnustöðum á miðvikudag í næstu viku til að sýna andstöðu sína við „kerfið" eins og segir í Reutersfrétt. Mótmælin eru ætluð til að sýna körlum og konum áþreifanlega fram á, að „kerfið" kúgi konur og sýni þeim á allan hátt hina mestu lítilsvirðingu á hverju sviði, sagði formaður samtakanna í dag. „Konur verða að skilja, að þær eru að veita stuðning þjóðfélagskerfi, sem veitir þeim ekki stuðning", sagði Davlyn Jones, formaður N.O.W.

Í fréttinni er síðan vikið að kvennafríinu á Íslandi og sagt, að þátttaka í því hafi verið því sem næst alger, blöð hafi ekki komið út, leikhús og verslanir verið lokuð, en reynt hafi verið að halda starfsemi uppi í nokkrum fyrirtækjum með karlmannaliði einu saman.

Kaupmannahafnarblöðin Berlingske tidende, Politiken og Kristeligt dagblad segja ítarlega frá kvennadeginum og útifundinum í Reykjavík á forsíðum sínum í gær.

Berlingske tidende sendi blaðamann til Reykjavíkur og segir hann, að aðgerðir kvennanna hafi tekist sérlega vel. Lögð hafi verið sérstök áhersla á, að þetta hafi verið framlag íslenskra kvenna til baráttu fyrir jafnrétti undirokaðra kvenna, hvar sem er í heiminum, ekki síst í þróunarlöndunum, en þetta sýni ljós-

lega, að íslenskar konur, eins og raunar aðrir íslendingar, fylgist mun betur með því sem gerist í heiminum en t. d. Danir.

Blaðamaðurinn spyr þó: Hvað gerist svo í dag og dagana, sem á eftir koma, þegar kvennadagurinn er liðin tíð? Varla er við því að búast, að dagurinn marki tímamót þegar í stað, þrátt fyrir þá velvild, sem aðgerðirnar hafa tvímælalaust mætt, en sem jafnframt má ætla, að risti ekki ýkja djúpt. Eitt er þó áreiðanlegt:

Þessi dagur fellur ekki í gleymskunnar dá fyrst um sinn.

Blaðamaður Politiken skrifar frá Reykjavík: Aldrei – aldrei nokkurn tíma í 1101 árs sögu sinni hafa íslenskar konur verið svo glaðar, svo margar og svo sterkar í einu á einum stað og 24. október 1975. Nú hafa íslenskar konur sýnt, að þær þorðu, gátu og vildu svara spurningunni, sem brennur á vörum allra óöruggra kvenna um allan heim, – spurningunni um, hvort þær geti látið til skarar skríða.

Kristeligt dagblad skýrir ítarlega frá atburðum dagsins í Reykjavík og segir svo: Konurnar fengu tækifæri til að sýna það, sem var aðaltilgangurinn með aðgerðunum – að sýna, hversu mikilvægar og þýðingarmiklar þær eru í athafnalífinu um allt land.

(Mbl. 26. 10. 1975.)

B. VOCABULARY

hræddur, adj: afraid (for), anxious (about)
seinka, W4, impers: be delayed
ræðumaður, MS4: speaker
kvenréttindi, NPl: women's rights
slíta, S1, acc: break, end, close
sjá um, S5, acc: take care of
kíkja, W2: peep
skráargat, NS: keyhole
óp, NS: cry
smjúga, S2: penetrate, pierce
mergur, MS2: marrow (gen -jar)
bein, NS: bone
standa, S6: (here) be written
snúast, S, irr: turn
snúast kringum: make a fuss over
lög, NPl: law
að lokum: in the end
sannur, adj: true
hollur, adj: wholesome
af og frá: not at all, absurd
berast, S4: go, convey
draga frá, S6, dat: substract
komast hjá, S4, dat: avoid
rísa upp gegn, S1, dat: revolt against
konungur, MS1: king
berjast, W1: fight
ofurefli, NS: overwhelming force
sigla, W2: sail
tillaga, FW1: proposal
fást, S7: be available
vist, FS2: service
kólna, W4: become cold
tóbak, NS: tobacco
girðing, FS1: fence
vindur, MS1: wind
snúa, S, irr, dat: turn, face
bifvélavirki, MW1: mechanic (gen -ja)
hjól, NS: wheel

fylgdarlið, NS: entourage, escort
vitni, NS: witness
dómari, MW1: judge
virðing, FS1: esteem, respect
komast til vegs og virðingar: earn esteem and respect
taka til, S6: clean up
herbergi, NS: room
gaman, NS: fun, joy
án gamans: in all seriousness
kveðja, FW1: goodby, adieu, farewell
viðvörun, FS2: warning
úlpa, FW1: cloak, storm coat
handrit, NS: manuscript
trúa, W3, dat: believe
hlaupari, MW1: runner
bil, NS: distance
breikka, W4, intr: widen
verkfall, NS: strike
rigna, W2: rain
heiti, NS: name
stinga, S3, dat: put, insert
sælgæti, NS: sweets
vasi, MW1: pocket
greiða, FW1: comb
völlur, MS3 = fótboltavöllur: football field
æfing, FS1: (physical) training
vera í æfingu: be fit
lampi, MW1: lamp
tól, NS: receiver
syfjaður, adj: sleepy
vor, NS: spring
jól, NSPl: Christmas
kafari, MW1: diver
kafa, W4: dive
ís, MS1: ice
flak, NS: wreck
stökkva, S, irr: jump
deila, W2, dat: divide
taka eftir, S6, dat: notice
heimild, FS2: source
útskýra, W2, acc: explain
tefja, W1, acc: delay
tefja fyrir, W1, dat: interfere with, disturb
skrúfa fyrir, W4, acc: turn off
fangi, MW1: prisoner
fugl, MS1: bird
lagni, FW2: handiness
sumarbústaður, MS3: summer cottage
skordýr, NS: insect
taka við, S6, dat: succeed to, follow
taka út, S6, acc: withdraw (bank)
formaður, MS4: chairman
vekja, W1, acc: arouse, provoke
kvennasamtök, NPl: women's association
athygli, FW2: attention, interest
lýsa yfir, W2, dat: declare
fylgja, W2, dat: follow
fordæmi, NS: example
ítarlegur, adj: extensive
áhrifamikill, adj: influential
áhrifamestur: superlative form of prec.
hvetja, W1, acc: urge
skipuleggja, W1, acc: organize (pret: -lagði)
hliðstætt, adv: comparably, parallel
örva, W4, acc: stimulate, exhort
starf, NS: work
vinnustaður: MS3: working place
andstaða, FW1: opposition
kerfi, NS: system
mótmæli, NPl: protest
áþreifanlega, adv: explicitly, palpably
kúga, W4, acc: oppress
lítilsvirðing, FS1: low esteem
svið, NS: sphere
á hverju sviði: in every respect
veita, W2, dat-acc: give
stuðningur, MS1: support
þátttaka, FW1: participation
alger, adj: complete, total

starfsemi, FW2: activity, work
fyrirtæki, NS: company, firm
forsíða, FW1: front page
aðgerð, FS2: undertaking, action
sérlega, adv: especially
takast, S6: succeed
áhersla, FW1: stress
framlag, NS: contribution
barátta, FW1: struggle
jafnrétti, NS: equal rights
undirokaður, adj: oppressed, subjugated
þróunarlönd: developing countries
tíð, FS2: time
varla, adv: hardly
tímamót, NPl: turning point
þegar í stað: at once
velvild, FS2: good will, sympathy
tvímælalaust, adv: without doubt, unquestionably
jafnframt, adv: however, also
rista, W2, (acc): cut, go
ýkja, adv: very
áreiðanlegur, adj: sure, certain
gleymska, FW1: oblivion
dá, NS: paralysis
falla í gleymskunnar dá: fall into oblivion
brenna, S3: burn (intr)
þora, W3, acc: dare
vör, FS2: lip
óöruggur, adj: insecure
láta til skarar skríða: force the issue
aðaltilgangur, MS1: main point, overriding purpose
athafnalíf, NS: economic activity

C. GRAMMAR

11.1 Prepositions.

Icelandic has numerous prepositions which express relationships between substantives or pronouns and verbs, or between substantives or adjectives and other substantives. Most of these prepositions invariably govern a single case. Some prepositions, however, may govern two cases alternatively. The rules of case selection for these prepositions are given in broad outline below, but there are many exceptions, which have to be learned individually. The student cannot assume that the usage of prepositions in Icelandic corresponds to patterns in his native language. Therefore he should master certain basic patterns for each Icelandic preposition. In the following sections the most common prepositions are listed, accompanied by typical examples of usage.

11.2. Prepositions with Invariant Case Goverance.

A. **Accusative:**
um: round, over, during, about
(í) gegnum: through
kringum: around
umfram: above, beyond
umhverfis: around.

Examples:

um:

Ég gekk **um** borgina (I walked around the city)
Vatnið flaut **um** gólfið (The water was all over the floor)
Prófið hefst **um** jólin (The examination begins around Christmas)
Um nóttina rigndi (It rained during the night)

(í) gegnum:

Ég gekk **(í) gegnum** borgina (I walked through the city)
Hann ætlar að kíkja **(í) gegnum** skráargatið (He intends to peep through the keyhole)

kringum/umhverfis:

Ég gekk **kringum (umhverfis)** borgina (I circled the city on foot)
Kýrnar stóðu **(kringum) umhverfis vatnið** (The cows stood around the lake)

umfram:

umfram allt . . . (above all . . .)
Sigga elskar Pál **umfram** aðra menn (Sigga loves Paul (beyond) more than other men)

B. **Dative:**

að: to	**handa:** for
af: of, from, by	**meðfram:** along
frá: from	**(á) móti:** against, towards
gegn: against	**(á) undan:** in front of, from
hjá: at, with	**ásamt:** together with
úr: out of, of, from	**gegnt, andspænis:** opposite

Examples:

að:

Að litlum tíma liðnum (After a short while)
Hann gekk **að** húsinu (He walked to the house)
Gatan liggur **að** læknum (the street leads towards the brook)
Að degi (kvöldi, morgni etc.) **til** . . . (In the daytime . . .)
Lykillinn **að** húsinu . . . (The key to the house . . .)
Að sögn blaðanna . . . (According to the papers . . .)

af:

Ég tók bókina **af** barninu	(I took the book from the child)
Hér **er** fullt **af** börnum	(There is a lot of children here)
Hann er kominn **af** fótum fram	(He is very old (and weak))
Lagið var sungið **af** meistara	(The tune was sung by a master)
Af hverju?	(Why?)
Af því	(Because)

frá:

Ég er **frá** Íslandi (I am from Iceland)
Bréfið er **frá** Páli (The letter is from Paul)
Frá morgni til kvöld (From morning until evening)
Frá degi til dags (From day to day)

gegn:

Hann greiddi atkvæði **gegn** mér (He voted against me)
Andstaða **gegn** Concorde flugvélum fer vaxandi í U.S.A. (The opposition against the Concord is increasing)

hjá:

Barnið er **hjá** mér (The child is with me)
Heima **hjá** mér (In my home) (In my place)
Fara **hjá** sér (Be shy, embarassed)

úr:

Hringurinn er **úr** gulli (The ring is made of gold)
Hann er **úr** Reykjavík (He comes from Reykjavík)
Hann fór **úr** landi (He left the country)
Hann dó **úr** hungri (He died from starvation)

handa:

Þetta er **handa** þér (This is for you)

meðfram:

Hann hljóp **meðfram** tjörninni (He ran along the pond)

(á) móti:

Barnið hljóp **á móti** mér (The child ran towards me)
Ísland keppti **á móti** Sovétríkjunum (Iceland played against USSR)
Háskólinn stendur **á móti** Hótel Sögu (The university stands opposite Hotel Saga)

(á) undan:

Pétur hljóp **á undan** Páli (Pétur ran in front of Paul)
Rektu köttinn **undan** borðinu (Chase the cat from under the table)
Hjólið brotnaði **undan** bílnum (The wheel broke off the car)

ásamt:

Pétur kom **ásamt** konu sinni (Pétur arrived together with his wife)

gegnt/andspænis:

Pétur sat **andspænis** prestinum (Pétur was seated opposite to the priest)

C. **Genitive:**

til: to	**milli:** between
án: without	**vegna:** because of, account of
auk: in addition to	(**sunnan, austan, vestan, norðan,**
(á) **meðal:** among	**ofan, neðan, innan, utan, handan**).

Examples:

til:

Bréfið er **til** mín	(The letter is for me)
Hann fór **til** borgarinnar	(He went to the city)
Til þess að	(In order to)

Til einskis (nothing); góðs (good); lítils (little)

án:

Páll getur ekki lifað **án** bíls (Paul cannot live without a car)
Hann fór **án** þess að segja orð (He left without a word)

auk:

Þrír töluðu **auk** formannsins (Three persons spoke in addition to the chairman)
Páll á hús og **auk** þess tvo bíla (Paul has a house and two cars as well)

(á/í) meðal/milli:

Milli húsanna er garður (Between the houses there is a garden)
Okkar **á milli** sagt (Between ourselves, in confidence)
Hann kom **milli** jóla og nýárs (He came between Christmas and New Year's Day)

Meðal annarra orða	(By the way)
Meðal annars	(Among other things)

vegna:

Lokað **vegna** verkfalls	(Closed because of strike)
Þess **vegna**	(Because (of that))

Direction to sth. is alternatively denoted with the prepositions **til** (G), **í** (A) or **á** (A). As a main rule (with exceptions, as usual), one can say that **til** is used with persons; **í** with houses or buildings and **á** with places:

Hann fór **til** mannsins, mín, þín etc.
Hann fór **í** leikhús, skólann, bíó etc.
Hann fór út **á** tún, völlinn, götuna, torgið etc.

Til is also frequently used in connection with countries: **til** Noregs, Svíþjóðar, Danmerkur, Íslands etc. — The preposition **að** denotes a direction "close to", and takes Dat, e. g.

Hann gekk **að** mér, fjallinu, skólanum etc.
Hann ók **að** hótelinu . . .

As counterexamples to the rules given above one could mention:
að fara **á ball** (even **á bíó**)
að fara (norður) **í** Eyjafjörð
að fara **í** Hafnarfjörðinn.

However, the latter two examples are idiosyncratic.

11.3. Prepositions with Accusative or Dative.

Icelandic has eight prepositions that govern either the accusative or the dative. In the following sections these prepositions are listed and clues given as to the choice of the appropriate case form; but it must be emphasized, that there are numerous exceptions to these rules.

A. **á** (on, on to) **í** (in, into), **undir** (under) and **yfir** (above) take the **accusative** when denoting **movement,** but the **dative** when denoting **location** or **rest:**

Movement	**Rest or location**
Ég hengdi myndina **á vegginn**	Myndin hangir **á veggnum**
(I hung the picture on the wall)	(The picture hangs on the w.)
Ég fór **í frakkann**	Ég var **í frakkanum**
(I put on the coat)	(I had the coat on)
Ég settist **í bílinn**	Ég sat **í bílnum**
(I took a seat in the car)	(I was sitting in the car)
Hann lagðist **undir teppið**	Hann lá **undir teppinu**
(He lay down under the blanket)	(He lay under the blanket)
Fuglinn flaug **yfir húsið**	Fuglinn flaug **yfir húsinu**
(The bird flew over the house)	(The bird hovered (flew around) over the house)

Excursus.

Excursus on the preposition **á:**

In denoting time, the preposition á takes either **acc** or **dat.** The main rule seems to be that the accusative form is used with **definite constructions** (i. e. with a modifier) but the dative form with **recurrent time** denotions.

Hann kemur **á föstudaginn**	Hann kemur **á föstudögum**
(He comes next Friday)	(He (always) comes on Fridays)
Hann les **á daginn**	Hann les **á hverjum degi**
(He reads during the daytime)	(He reads on each day)
Á sumrin er oft sólskin	Hann las bókina **á einu sumri**
(There is often sunshine during the summer)	(He read the book in one summer)

Similarily:

á kvöldin	á (slíku, hverju, þessu) kvöldi
á veturna	á (slíkum, hverjum, þessum) vetri
á haustin	á (slíku, hverju, þessu) hausti
á vorin	á (slíku, hverju, þessu) vori

NB Barnið sefur illa á nóttunni.

B. **Eftir** takes the accusative when denoting time (after) or initiation (by), but the dative in most other cases (according to, after, i. e. in succession):

Ég kem **eftir** þrjá tíma	(I will come after three hours)
Bókin er **eftir** Sigurð	(The book is written by Sigurður)
Fréttin er **eftir** útvarpinu	(The news was in the radio)
Ég gekk **eftir** götunni	(I walked along the street)
Ég gekk **á eftir** honum	(I followed him)

C. **Fyrir:** Denoting **in front of** or **for, fyrir** takes the accusative when expressing movement, but the dative when indicating **rest** (comp. A). When expressing time relationships (for) it usually takes the accusative, except when denoting **ago. Fyrir** in the sense **for the benefit of** takes the accusative, but the dative in the sense against, indifferent etc.

Examples:

Hann hljóp **fyrir bílinn**	Hann er **fyrir bílnum**
(He ran into the path of the car)	(He is in the path of the car)
Hann veiktist **fyrir hádegi**	Hann veiktist **fyrir tveimur**
(He fell ill this morning)	(He fell ill two days ago) [**dögum**
Lestu bókina **fyrir mig**	Þú mátt fara **fyrir mér**
(Read this book for me)	(As far as I am concerned you can go)

D. **Með** takes the accusative when denoting possession (having, bringing etc.), but the dative when denoting the instrument of action. The accusative is used, however, when for example the "bringing" is compulsory, custodial etc., the dat in figurative usage.

Ég er **með** hamar	Ég smíða **með hamri**
Ég kom **með Pál**	Ég kom **með Páli**
(I brought Páll)	(I came together with Páll)
Ég er **með tillöguna**	Ég er **með tillögunni**
(I have the proposal)	(I support the proposal)

E. **Við** in the sense **near** or **at** takes the accusative and also when denoting a reaction to something or other. Otherwise the student must consult a dictionary concerning usage of the accusative and the dative.

Páll sat **við borðið**	(Páll was sitting at the table)
Húsið er **við tjörnina**	(The house is near the pool (pond))
Sumir eru hræddir **við drauga**	(Some people are afraid of ghosts)
Við því er ekkert að gera	(That cannot be helped)
Heitt te er gott **við kvefi**	(Warm tea is good for a cold)

11.4. Prepositions and Verbs.

Numerous verbs take certain prepositions and form together with them an integrated whole. This is explicit when the following two facts are considered:

1. Such prepositions are in derived forms a component of the verb:

Tala um tillöguna	**umtal**
Tala um daginn	**tal**
Tala við manninn	**viðtal**
Tala við athöfnina	**tal**

2. When a verb and a preposition constitute a single entity the meaning of the whole is not neccessarily predictable from the single components, nor does the case selection of the whole phrase always conform to that of the preposition. Thus **kalla til** (consult) takes the accusative if the preposition is a component of the verb, although **til** by itself takes the genitive.

Ég **kallaði til** þrjá dómara/Ég **kallaði** þrjá dómara **til**
(I consulted three judges)
Ég **kallaði til** þriggja dómara
(I called three judges)

The combination **gera + við** means repair, but **gera** alone means **do** and **við at.**

Prepositions in this function will therefore be considered **verb components,** characterized by 1) transformational function and 2) new meaning specific to the verb + preposition entity.

Examples:

Hann sat **hjá** konunni	Hann **sat hjá** við atkvæða-
(He was sitting next to the	greiðsluna
woman)	(He refrained from voting)

Hann gekk **frá** skólanum	Hann **gekk frá** handritinu
(He walked away from the school)	(He completed his manuscript)
Hann gekk **til** skólans	Honum **gekk** illt **til**
(He walked to school)	(He had evil intentions)
Hann tók **fyrir** nefið	Málið var **tekið fyrir**
(He put his hand to his nose)	(The case was registered)
Páll tók lýsi **við** kvefinu	**Páll tók við gestunum**
(Páll took cod-oil for his cold)	(Páll accomodated the guests)
Hann gekk **að** kofanum	Hann **gekk** hart **að** manninum
(He walked to the cottage)	(He urged the man)

11.5. The Fourth Class of Strong Substantive Declension.

In previous chapters the first three subclasses of the strong feminine and masculine declension were introduced. These subclasses had the following distinctive features respectively:

MS1	hest-ur, -s, -ar	FS1	nál, -ar, -ar	(Ch. I)
MS2	gest-ur, -s, -ir	FS2	mynd, -ar, -ir	(Ch. II)
MS3	fund-ur, -ar, -ir	FS3	vík, -ur, -ur	(Ch. III)

In addition to these three classes, and to the numerous exceptions to these classes, there is a number of highly irregular words in Icelandic, and these we will list simply as the fourth class.

MS4

bróðir	**faðir**	**vetur**	**fingur**	**fótur**	**maður**
bróður	**föður**	**vetur**	**fingur**	**fót**	**mann**
bróður	**föður**	**vetri**	**fingri**	**fæti**	**manni**
bróður	**föður**	**vetrar**	**fingurs**	**fótar**	**manns**
bræður	**feður**	**vetur**	**fingur**	**fætur**	**menn**
bræður	**feður**	**vetur**	**fingur**	**fætur**	**menn**
bræðrum	**feðrum**	**vetrum**	**fingrum**	**fótum**	**mönnum**
bræðra	**feðra**	**vetra**	**fingra**	**fóta**	**manna**

This is an **exhaustive list** of the **irregular masculine substantives**. — Notice that when the definite article is added to **menn** in NPl, an **-ir** is added in analogy to for example (NPl) **gestir**, thus **mennirnir**, APl **mennina**.

FS4

N	**móðir**	**hönd**	**kýr**	**mús**
A	**móður**	**hönd**	**kú**	**mús**
D	**móður**	**hendi**	**kú**	**mús**
G	**móður**	**handar**	**kýr**	**músar**

N	mæður	hendur	kýr	mýs
A	mæður	hendur	kýr	mýs
D	mæðrum	höndum	kúm	músum
G	mæðra	handa	kúa	músa

1. The words **systir** (sister) and **dóttir** (daughter) are declined like **móðir.**
2. The words **ær** (sheep) and **sýr** (swine) are declined like **kýr.**
3. The declension of **lús** (louse) is identical to the declension of **mús.**

D. EXERCISES

11.1. Supply the appropriate endings, and use the definite form unless otherwise indicated.

1. Páll skrifaði um bók.....
2. Maðurinn talaði um dag..... og veg.....
3. Skipið sigldi kringum land.....
4. Garðurinn er umhverfis hús.....
5. Guðni gekk að bíl.....
6. Guðni gekk til borg.....
7. Nemandinn hló að kennar.....
8. Óli tók bókina af borð.....
9. Fuglinn flaug af þak.....
10. Maðurinn sagði frá slys.....
11. Bókin er hjá kennar.....
12. Blaðið datt úr tösk.....
13. Hringurinn er úr silf..... (without article)
14. Þetta er handa börn.....
15. Ég ók meðfram höfn.....
16. Hann tók á móti gjöf.....
17. Konan hljóp á móti barn.....
18. Kötturinn hljóp undan hund.....
19. Fóturinn brotnaði undan stól.....
20. Ég týndi töskunni ásamt bók.....
21. Húsið er gegnt tjörn.....

22. Konan kallaði til barn.....
23. Maðurinn flýtti sér til borg.....
24. Ég las söguna auk kvæði.....
25. Presturinn var meðal vitn.....
26. Milli hús..... og göt..... er garður
27. Barnið veiktist vegna kuld.....
28. Kötturinn stökk á fugl.....
29. Vasinn á frakk..... er stór
30. Barnið lagðist í rúm.....
31. Læknirinn lá í rúm.....
32. Bifvélavirkinn lá undir bíl.....
33. Börnin hlupu undir tré.....
34. Myndin hangir yfir rúm.....
35. Ég hengdi myndina yfir rúm.....
36. Bókin er eftir skáld.....
37. Báturinn kemur eftir 3 tím..... (without article)
38. Óli gekk eftir göt.....
39. Barnið hljóp út í búð fyrir kon.....
40. Kötturinn flæktist fyrir konu.....
41. Hann kom fyrir 2 mánuð..... (without article)
42. Páll kom með bíl..... (bíl.....) (two possibilities)
43. Pósturinn kom með skeyt.....
44. Íslendingar eru allir með útfærsl.....
45. Barnið er hrætt við hund.....
46. Bifvélavirkinn gerði við bíl.....
47. Maðurinn tók við gjöf.....
48. Páll er góður við dýr.....
49. Óli fór með skip..... til Akureyrar
50. Guðni er með tannpín..... (without article)

11.2. Supply the appropriate prepositions:

1.	Íslendingar tala oft ..... veðrið	(about)
2.	Kennarinn gekk ..... gólf	(about)
3.	Börnin hlupu ..... húsið	(around)
4.	Maðurinn gekk ..... símanum	(to)
5.	Uglan flýgur ..... nóttu til	(during)
6.	Myndin er ..... fallegu húsi	(of)
7.	Óli var ..... vini sínum	(with)
8.	Myndin er ..... Akureyri	(from)
9.	Borðið er ..... tré	(from)
10.	Skipið sigldi ..... ströndinni	(along)
11.	Páll er ..... víni	(against)
12.	Hér er allt fullt ..... flugum	(of)
13.	Konan bað ..... guðs	(to)
14.	Páll flaug ..... Berlínar	(to)
15.	Þeir fóru ..... þess að kveðja	(without)
16.	Hann á kindur ..... hestanna	(as well as)
17.	Fréttin barst ..... fólksins	(among)
18.	Vegurinn ..... Reykjavíkur og Hafnarfjarðar er malbikaður	(between)
19.	Hann kom ekki ..... veikinda	(because)
20.	Kennarinn skrifaði ..... töfluna	(on)
21.	Síminn er ..... borðinu	(on)
22.	Búðir eru lokaðar ..... kvöldin	(in)
23.	Strákurinn var ..... nýjum fötum	(wearing)
24.	Strákurinn kastaði boltanum ..... húsið	(at)
25.	Páll kemur ..... dag	(today)
26.	Skórnir eru ..... skápnum	(under)
27.	Settu skóna ..... skápinn	(under)
28.	Í dag var lægð ..... Íslandi	(over)
29.	Bíllinn ók ..... hundinn	(hit the)
30.	Mér líður vel ..... atvikum	(according to)

31. Strætisvagninn kemur ..... tvær mínútur (in) (after)
32. Hann gekk ..... gangstéttinni (on) (along)
33. Konan keypti mat ..... helgina (for)
34. Konan keypti mat ..... tveimur dögum (ago)
35. Opnaðu dyrnar ..... hann (for, instead of)
36. Opnaðu dyrnar ..... honum (for, resultative)
37. Bíllinn er ..... mér (in my way)
38. Gerðu þetta ..... hann (for)
39. Páll er ..... mikið hár (has lots of)
40 Ég skrifa aldrei ..... blýanti (with)
41. Strákurinn kom ..... systur sinni (accomp. by)
42. Strákurinn kom ..... systur sína (brought)
43. Ertu ..... verkfalli? (be in favor of)
44. Nemendurnir sátu ..... lestur (sat reading)
45. Bíllinn skemmdist ..... árekstrinn (in, as a result of)
46. Hann sagði já ..... því (to)
47. Stafurinn stendur ..... vegginn (against, by)
48. Kanntu ráð ..... því? (to)
49. Hann er duglegur ..... vinnuna (at)
50. Grettir var hræddur ..... Glám (of)

11.3. Find the appropriate forms of the substantives indicated in parentheses.

1. Ég á fjóra ..... (bróðir) og tvær ..... (systir)
2. Ég hitti ..... (faðir) vinar míns
3. (Móðir) ..... barnanna vinna úti
4. Hlakkar þú til ..... (veturinn)
5. Á ..... (veturnir) er oft kalt á Íslandi
6. Barnið stakk sig í ..... (fingurinn)
7. Maðurinn meiddi sig á ..... (fingur)
8. Fréttin barst frá ..... (maður) til ..... (maður)
9. Hundurinn hefur fjóra ..... (fótur)

10. Konan meiddi sig á ..... (fótur)
11. Húsið er til vinstri ..... (hönd)
12. Hvað ertu með í .....? (höndin)
13. Systir mín á þrjár ..... (dóttir)
14. Bóndinn á margar ..... (kýr)
15. Konan er hrædd við ..... (mús, in Pl.)

E. TRANSLATION

This book is for you. The shoes cost about 9000 kr. He arrived around 3 o'clock. They were speaking about literature. The bridge spans the river. He wears a brown coat. The boy was sitting at the table and reading a book. I came with my son. Who is for the strike? Put the bag on the table. Please explain that to me. He went home three days ago. A bird in the hand is better than two in the bush. The boy was playing with the ball. Notice the pronunciation of the vowels. Will you come with me for a swim in the swimming-pool after lunch? Wait for me! Don't go before me! Meet me at noon on Thursday. Take the book off the chair and put it on the table. I am looking for a letter I had from my friend this morning. What are you talking to him about?

XII

Chapter twelve

A. TEXT

Kaffi er vont, te er verra, en alverst er þó vínið. Rjómi er góður, mjólk er betri, en albest er þó vatnið. Þú verður að venja þig á skýrari og greinilegri framburð. Steini er yngri en Frissi, en eldri en Palli. Ég get ekki sannara orð mælt. Óli er þyngri en Guðni, en léttari en Eyvindur. Ég settist í mýksta stólinn, en þú í þann harðasta. Hvannadalshnjúkur er hæsti tindur á Íslandi. Vatnajökull er stærsti jökull í Evrópu. Dettifoss er mesti foss í Evrópu, en Glymur er hæsti foss á Íslandi. Þjórsá er lengsta á á Íslandi, en Jökulsá á Fjöllum er næstlengst. Hefurðu heyrt nýjasta nýtt? Egill var ljótari en flestir menn, en sterkari. Hallgerður var fallegri en flestar konur, en Helga fagra var þó fegurst. Nýi vegurinn er beinni – og styttri – en gamli vegurinn. Tvisvar verður sá feginn, sem á steininn sest. Sá, sem aldrei er forvitinn, verður aldrei fróður. Fáir eru fríðari, er þeir gráta. Góður er hver genginn. Strákurinn er feitari en stelpan.

Úr íslenskum dagblöðum

Saharamálið efst á baugi hjá Carlos

Í tilkynningu frá læknum Francos þjóðarleiðtoga Spánar skömmu eftir hádegið sagði, að hershöfðinginn hefði átt rólega nótt, hjartslátturinn hefði verið eðlilegur og Franco hitalaus, engu að síður væri ástand hans mjög alvarlegt.

Juan Carlos (Jóhann Karl) prins, sem tekið hefur við völdum til bráðabirgða, hefur snúið sér að skyldustörfum sínum af fullum krafti og hélt í gær stjórnarfund, þar sem einkum var fjallað um framtíð spænsku Sahara. Gerði Carlos Navarro forsætisráðherra Carlosi (prinsi) grein fyrir viðræðum sínum við fulltrúa Marokkó, Mauritaníu og Alsír um málið, en Alsírstjórn er mjög í mun að koma í veg fyrir, að Marokkó nái hernaðarlegum yfirburðum með því að fá yfirráð yfir Sahara. Mauritanía gerir einnig kröfur til

yfirráða. Spánverjar leggja áherslu á að komast hjá vopnuðum átökum.

(Morgunblaðið, 2. nóvember 1975).

Hjónin voru í kvikmyndahúsi. Eftir mikil ástaratlot og kossa í myndinni hallaði konan sér að manninum og hvíslaði:
— Af hverju ertu ekki svona góður við mig, Jón?
— Veistu, hvað manninum er borgað mikið fyrir að gera þetta? — var svarið.

Maður nokkur kom inn á veitingahús. Þjónninn kom með kjötkássu á diski og setti fyrir framan hann.
— Hvað er þetta? spurði maðurinn. — Get ég ekki sjálfur valið það sem ég vil?
— Jú, svaraði þjónninn. — Annaðhvort borðar þú þetta eða þú færð ekki neitt.

Karlar og konur leyna aldri sínum af sömu ástæðu: Karlmaður inn vill gjarnan sýnast eldri en hann er til þess að geta miklu fyrr en ella öðlast völd. Og konan vill sýnast yngri en hún er til þess að geta þeim mun lengur drottnað yfir öðrum.

Sá maður þekkir ekki andstreymi, sem hefur aldrei kvænst ungri ekkju.

Rússneskur málsháttur.

Eiginmaður, hjálpaðu húsmóðurinni. Guð, hjálpaðu piparsveininum.

Hollenskur málsháttur.

Maður nokkur kom inn í banka og tæmdi fullan poka af smápeningum á borðið fyrir framan gjaldkerann. Gjaldkerinn fór að telja og sagði eftir góða stund:
— Það vantar eina krónu.
— Nei, það getur ekki verið, sagði maðurinn. Gjaldkerinn taldi alla peningana að nýju og sagði:
— Víst vantar eina krónu. Þetta eru bara 999 krónur.
— Já, þær eiga heldur ekki að vera fleiri, sagði þá maðurinn.

Ítali einn var spurður að því, hver væri munurinn á kristni og fasisma. Hann svaraði:
— Í kristninni fórnar einn maður sér fyrir alla, en í fasisma fórna allir sér fyrir einn.

B. VOCABULARY

rjómi, MW1: cream
venja sig á, W1, acc: get used to sth., practice
skýr, adj: clear
greinilegur, adj: distinct
framburður, MS: pronounciation
sannur, adj: true
mæla, W2: speak (-t-)
þungur, adj: heavy
léttur, adj: light
mjúkur, adj: soft
harður, adj: hard
tindur, MS1: peak
ljótur, adj: ugly
sterkur, adj: strong
beinn, adj: straight
feginn, adj: glad, happy
forvitinn, adj: curious, inquisitive
fróður, adj: learned, wise
genginn, past part from **ganga, S7**
fríður, adj: handsome, beautiful
feitur, adj: fat
tilkynning, FS1: announcement
leiðtogi, MW1: leader
skömmu eftir: shortly after
hershöfðingi, MW1: general
rólegur, adj: calm, quiet
hjartsláttur, MS3: heartbeat
hitalaus, adj: without fever
engu að síður: none the less
ástand, NS: state, condition
alvarlegur, adj: serious
prins, MS1: prince
vald, NS: power
til bráðabirgða: provisory, provisional
snúa sér að, S irr, dat: turn (oneself) to, take up
skyldustarf: NS: duty
kraftur, MS1: force
stjórnarfundur, MS3: cabinet meeting
einkum, adv: above all, particularly
fjalla um, W4, acc: deal with
framtíð, FS2: future
gera grein fyrir, W2, dat: explain, report
viðræður, FPl: discussions
vera í mun: be eager about, be anxious
koma í veg fyrir, acc: prevent
hernaðarlegur, adj: military
yfirburðir, MPl: supremacy
krafa, FW1: demand, claim
yfirráð, NPl: control, jurisdiction
áhersla, FW1: emphasis
komast hjá, dat: avoid
vopnaður, adj: armed
átök, NPl: conflict
kvikmyndahús, NS: cinema
ástaratlot, NPl: petting
koss, MS1: kiss
halla sér að, W4, dat: lean towards
hvísla, W4, dat: whisper
borga, W4, acc: pay
þjónn, MS1: servant, waiter
kjötkássa, FW1: ragout
leyna, W2, dat: hide, conceal (-d-)
velja, W1, acc: choose
aldur, MS1: age (G:-urs)
ástæða, FW1: reason
ella, adv: otherwise
öðlast, W4, acc: obtain, gain
drottna, W4: dominate
andstreymi, NS: adversity
kvænast, W2, dat: marry (-t-)
ekkja, FW1: widow
málsháttur, MS3: proverb
piparsveinn, MS1: bachelor
tæma, W2, acc: empty (-d-)
poki, MW1: sack, bag
smápeningur, MS1: coin
gjaldkeri, MW1: teller, cashier
vanta, W4: lack, be short
víst, adv: presumably
bara, adv: only

heldur ekki: anyway not
munur, MS3: difference
kristni, FW2: Christianity
fasismi, MW1: fascism
fórna sér, W4: offer, sacrifice

C. GRAMMAR

12.10. The Comparison of Adjectives.

According to the type of their comparison, adjectives fall into four subclasses.

	Comparative			Superlative
I.	stem	+	-ar-	-ast-
II.	stem	+	-r-	-st- (+ i-mut)
III.	stem	+	-r-	-ast-
IV.	suppletive comparison.			

The adjective **stem (FSgN)** is the basic unit to which the indicated suffixes are added. These suffixes are followed, of course, by the appropriate case/gender endings.

12.11. The First Subclass.

M	flat-ur	flat-ar-**i**	flat-ast-ur
F	**flöt**	flat-ar-i	flöt-ust
N	flat-t	flat-ar-**a**	flat-ast
M	**rík**-ur	**rík**-ar-i	**rík**-ast-ur
F	**rík**	**rík**-ar-i	**rík**-ust
N	**rík**-t	**rík**-ar-**a**	**rík**-ast
M	heiðin-n	heiðn-ar-**i**	heiðn-ast-ur
F	**heiðin**	heiðn-ar-i	heiðn-ust
N	heið-ið	heiðn-ar-**a**	heiðn-ast
M	dapur	dapr-ar-i	dapr-ast-ur
F	**döpur**	dapr-ar-i	döpr-ust
N	dapur-t	dapr-ar-**a**	dapr-ast

This is the most common type of comparison. Notice that the syncopated stem-form of **heiðin** and **dapur** (i.e. **heiðn-, dapr-/döpr-**) is used before a vocalic ending in accordance with the rule mentioned under 1.5.

12.12. The Second Subclass.

M	lang-ur	leng-r-i	leng-st-ur
F	**löng**	leng-r-i	leng-st
N	lang-t	leng-r-**a**	leng-st
M	stór	stær-r-i	stær-st-ur
F	**stór**	stær-r-i	stær-st
N	stór-t	stær-r-**a**	stær-st
M	ung-ur	yng-r-i	yng-st-ur
F	**ung**	yng-r-i	yng-st
N	ung-t	yng-r-**a**	yng-st
M	dökk-ur	dekk-r-i	dekk-st-ur
F	**dökk**	dekk-r-i	dekk-st
N	dökk-t	dekk-r-a	dekk-st
M	há-r	hæ-**rr**-i	hæ-st-ur
F	**há**	hæ-**rr**-i	hæ-st
N	há-tt	hæ-**rr**-a	hæ-st

Remark one.

Most adjectives of the second subclass show an i-mutation in comparative and superlative, but not those originally belonging to the first subclass, e.g.:

mjór (thin) — —	**mjórri —**	mjóstur
knár (strong) —	**knárri —**	knástur

Remark two.

The comparative suffix is reduplicated after a stem ending in a tense vowel:

mjó-r	—	mjórri	smá-r	—	smærri
há-r	—	hærri	ný-r	—	nýrri etc.

12.13. The Third Subclass.

M	**skemmtileg-ur**	skemmtileg-r-i	skemmtileg-ast-ur
F	**skemmtileg**	skemmtileg-r-i	skemmtileg-ust
N	skemmtileg-t	skemmtileg-r-**a**	skemmtileg-ast
M	**ný-r**	ný-rr-i	nýj-ast-ur
F	**ný**	ný-rr-i	nýj-ust
N	**ný-tt**	ný-rr-**a**	**nýj-ast**

M	heil-l	heil-l-i	heil-ast-ur
F	**heil**	heil-l-i	**heil-ust**
N	heil-t	heil-l-**a**	heil-ast
M	hrein-n	hrein-**n**-i	hrein-ast-ur
F	**hrein**	hrein-**n**-i	**hrein-ust**
N	hrein-t	hrein-**n**-a	hrein-ast

Remark one.

Stems of the third subclass which end in **n** or l assimilate the comparative **-r-** (i.e. n+r = **nn**; l+r = **ll**), e.g. **fín**-n (fine) comp. **fínni**; **hál**-l (slippery), comp. **hálli** etc.

Remark two.

Stems ending in **-æ-** or **-ý-** insert **-j-** before the superlative suffix **-ast-**:

ný-r	—	nýrri	— **nýjastur**	
gagnsæ-r	—	gagnsærri	— **gagnsæjastur**	(transparent)

Remark three.

Numerous adjectives, esp. those ending in -leg, belong to the third subclass, as do several adjectives ending in ugur.

fallegur	—	fallegri	—	**fallegastur**
skítugur	—	skítugri	—	**skítugastur** etc.

Remark four.

A few adjectives fluctuate between the first and second subclasses in the comparative (-ari/-ri) and then with or without syncopation of the suffix vowel, which should occur after -ari:

auðug-ur (wealthy)	auð(u)gari	— **auð(u)gastur**
	auðugri	— **auð(u)gastur**
göfug-ur (noble)	göf(u)gari	— **göf(u)gastur**
	göfugri	— **göf(u)gastur**
þögul-l (taciturn)	þöglari	— **þög(u)lastur**
	þögulli	— **þög(u)lastur**

12.14. Irregular Comparison.

gamall	**eldri**	**elstur**
góður	**betri**	**bestur**
lítill	**minni**	**minnstur**

margur	fleiri	flestur
mikill	meiri	mestur
illur	verri	verstur
slæmur	verri	verstur
vondur	verri	verstur

12.2. Comparatives/Superlatives from Adverbs.

There are a number of adjectives that occur only in the superlative and/or comparative form. In most cases these adjectives correspond to adverbs of place or time. Examples:

Adv	Adj comp	Adj sup
austur	austari, eystri	austastur
vestur	vestari, vestri	vestastur
suður	syðri	syðstur
norður	norðari, nyrðri	nyrstur
fjarri (remote)	fjærri	fjærstur
fyrr	fyrri	fyrstur
inn	innri	innstur
út	ytri	ystur
síð	síðari (síðri)	síðastur (sístur)
fram	fremri	fremstur
aftur	aftari	aftastur
niður	neðri	neðstur
upp	efri	efstur
	skárri (better of two bad choices)	skástur
	æðri (higher in range)	æðstur
	hægri (right)	
	vinstri (left)	

12.3. The Declension of Comparative and Superlative.

The comparative has **only a simplified weak** declension:

MSg	FSg	NSg	MFNPl
-i	-i	-a	-i
—	all cases	—	all cases

The superlative has a **weak or strong** declension, parallel to the declension of the positive (Chapter 5):

MS	ríkur	–	ríkastur	FS	rík	–	ríkust
MW	ríki	–	ríkasti	FW	ríka	–	ríkasta
NS	ríkt	–	ríkast				
NW	ríka	–	ríkasta				

The superlative has the strong form when used predicatively but the weak form when used attributively:

Þessi bíll er **bestur**
Þetta er **besti** bíllinn
Hann er **besti** maður
Fallegasti hundurinn er svart**ur**.

Notice that in the above constructions – adj + noun – the noun most often has the definite form, except in predicative constructions. The noun may have the definite form in a predicative position, however, if a comparison is involved:

(general) Hann er besti maður (He is a pretty good fellow)
(comparison) Hann er besti maðurinn (af öllum) (He is the best (of all))
(general) Þetta er nýjasta tíska (This is the latest fashion).
(comparative) Þetta er fallegasta tískan (This is the most appealing fashion (compared to other fashions)).

12.4. Indeclinable Adjectives.

A number of adjectives are indeclinable, in particular the present participles, which always end in **-andi**, and also the following common adjectives:

andvaka (sleepless)	aflvana (lame)
hugsi (lost in thought)	einmana (lonely)
hissa (astonished)	aflaga (out of order)
eigin (own) except NSg **eigið**	sjálfkrafa (automatic).

These adjectives are sometimes compared through **meira** (more) – **mest** (most).

Þetta er **meira áríðandi** (more important)
Þá var ég **mest hissa** (most surprised).

12.5. Modifications of the Superlative.

The superlative is often strengthened by **allra** or the prefixes **al-** (of all) or **lang-** (by far):

Hann er **allra** skemmtilegastur (most amusing of all)

Hann er **alskemmtilegastur**
Hann er **langskemmtilegastur** (by far)

To weaken the superlative, the adverb **einna** (one of the) is used, or the appropriate case form of the numeral **einn.**

Veðrið er **einna** best á sumrin
(The weather is perhaps most tolerable during the summer)
Þetta er **ein** besta mynd, sem ég hef séð
(This is one of the best movies that I have seen)

The construction **sem** + superlative means **as ... as possible ...**

Komdu **sem fyrst** (Come as soon as possible)
Þegar lætin voru **sem mest** (During the height of the disturbance).

12.6. Some Comparative Conjunctions.

eins og: as, as if
eins .... og: as .... as, as .... as if
og: as
sem: as, like
en: than
því .... því: the .... the
því .... þeim mun: the .... the

Examples:

Hann er sterkur **sem** naut
(He is strong as a bull)

Hann lét **eins og** ekkert væri
(He acted (behaved) as if nothing had happened)

Steini er ekki **eins** stór **og** Frissi
(Steini is not as big as Frissi)

Hann vinnur **eins og** vitlaus maður
(He works like a mad man)

Frissi er eldri **en** Steini
(Frissi is older than Steini)

Því meir **því** skemmtilegra
(The more, the merrier)

Því lengur **sem** þú vakir, **þeim mun** þreyttari verður þú
(The longer you stay up, the more tired you will become).

12.7. Indefinite Pronouns – III (einn, neinn).

The indefinite pronoun **einn** (one) has the same declension as the cardinal **einn** (Chapter nine).

Corresponding to **einn** but exclusively used with negation (ekki, aldrei etc.) is the pronoun **neinn.** Both einn and neinn may be used attributively or as independent pronouns. Note the following correspondences:

(emphatic)
ekki einn = ekki neinn = enginn (Ch. 7)
ekki eitt = ekki neitt = ekkert
ekki ein = ekki nein = engin

These pronouns are often used in partitive phrases, most often with the genitive:

Einn **þeirra** komst undan
(Einn af þeim komst undan)
(One of them got away)

Einn félaga **hans** var að lesa
(One of his companions was reading)

Ég sá ekki neinn **mannanna**
(I could see none of the men)

Notice the following common constructions:

Einn góðan veðurdag (one fine day)

Einu sinni (once upon a time)

Eitt sinn (skipti) (once)

Eitt og annað (this and that)

Einn sá besti (12.5)

Einna bestur (12.5)

D. EXERCISES

12.1. Insert the adjectives given according to the following model.

Páll er stór, Siggi er stærri, en Guðmundur er stærstur (stór).

1. Mjólk er ....., öl er ....., en vín er ..... (dýr)

2. Nóvember er ....., desember er .....
en janúar er ..... (kaldur)

3. Pannan er ....., potturinn er .....
en ketillinn er ..... (**heitur**)

4. Pokinn er ....., fatan er .....
en tunnan er ..... (**þungur**)

5. Maðurinn er ....., konan er .....
en barnið er ..... (**órólegur**)

6. Jökullinn er ....., fjallið er .....
en hóllinn er ..... (**lágur**)

7. Þessi maður hérna er ....., þessi þarna er ..... en sá í bláa úlputötrinu er þó .... (**fátækur**)

8. Smásagan er ....., skáldsagan er .....
en framhaldssagan er þó ..... (**langur**)

9. Verkamaðurinn er ....., kennarinn er .....
en sjómaðurinn er ..... (**iðinn**)

10. Barnið er ....., bróðir þess er .....
en systir þess er þó ..... (**latur**)

11. Konan borðar ....., maðurinn .....
en barnið ..... (**lítill**)

12. Óli er ....., Guðni er .....
en Eyvindur er ..... (**hreinn**)

13. ..... eiga flugvél, ... þotu,
en ..... loftskip (**fár**)

14. Í dag er maturinn ....., í gær var hann ..... og í fyrradag enn þá ..... (**vondur**)

15. Konan er ....., systir hennar er .....
en mamma hennar er ..... (**dapur**)

16. Verkamaðurinn borgar ..... skatta, kennarinn ....., en forstjórinn ..... skattana (**hár**)

17. Páll á ..... bíl, ég á ..... en þú átt ..... bílinn (**nýr**)

18. Hús Óla er ....., þitt er ..... en mitt er ..... (**fínn**)

19. ..... búa á Akureyri, ... í Vestmannaeyjum, en ..... í Reykjavík (**margur**)

20. Björn er ..... skákmaður, Guðmundur er ..... en Friðrik er ..... (**góður**).

12.2. Supply the appropriate endings.

(fljótur) Páll er **fljótari** að hlaupa en Kalli.
(seinn) Kalli er **seinni** að hlaupa en Páll.

1.	(fastur)	Skrúfan er	en naglinn
	(laus)	Naglinn er	en skrúfan
2.	(ungur)	Stúlkan er	en strákurinn
	(gamall)	Strákurinn er	en stúlkan
3.	(góður)	Kjötið er	en fiskurinn
	(vondur)	Fiskurinn er	en kjötið
4.	(stór)	Skipið er	en báturinn
	(lítill)	Báturinn er	en skipið
5.	(harður)	Stóllinn er	en sófinn
	(mjúkur)	Sófinn er	en stóllinn
6.	(langur)	Hann er	en ég
	(stuttur)	Ég er	en hann
7.	(léttur)	Íslenska er	en latína
	(þungur)	Latína er	en íslenska
8.	(fallegur)	Hvíti hundurinn er	en sá svarti
	(ljótur)	Svarti hundurinn er	en sá hvíti

9. (ljós) Mín föt eru ..... en þín
(dökkur) Þín föt eru ..... en mín
10. (breiður) Fljótið er ..... en áin
(mjór) Áin er ..... en fljótið.

12.3. Supply the appropriate endings.
Þessi bíll er **bestur** (góður)
Þetta er besti **bíllinn**

1. Þessi maður er ..... (fátækur)
Þetta er .....
2. Þetta hús er ..... (dýr)
Þetta er .....
3. Þessi tíska er ..... (nýr)
Þetta er .....
4. Þessi bók er ..... (skemmtilegur)
Þetta er .....
5. Þessi mynd er ..... (eðlilegur)
Þetta er .....
6. Þetta svar er ..... (réttur)
Þetta er .....
7. Þessi saga er ..... (langur)
Þetta er .....
8. Þetta blað er ..... (nýr)
Þetta er .....
9. Þessi kona er ..... (gamall)
Þetta er .....
10. Þessi lausn er ..... (auðveldur)
Þetta er .....
11. Þetta barn er ..... (skítugur)
Þetta er .....
12. Þessi skyrta er ..... (hreinn)
Þetta er .....

12.4. Insert the appropriate adjectives.

1. Páll sat ..... við borðið (lost in thought)
2. Systurnar urðu mjög ..... (astonished)
3. Fanginn var mjög ..... (lonely)
4. Páll kom á ..... bíl (own)
5. Þær búa í ..... íbúð (own)
6. Ég sá drauginn með ..... augum (own)
7. Þetta er hans ..... hús (own)
8. Þetta er ..... bók, sem ég hef lesið (the most boring by far)
9. Fyrsti kaflinn í bókinni er þó ..... (perhaps one of the least boring)
10. Ég ætla að kaupa bókina ..... (as soon as possible).

12.5. Insert the appropriate conjunctions.

1. Barnið öskraði ..... naut (as, as if)
2. Strákurinn á bolta ..... þú (as)
3. Óli er ekki ..... stór ..... Guðni (as ..... as)
4. Guðni er stærri ..... Óli (than)
5. ..... lengur sem ég les, ... meira læri ég (the ..... the)
6. Páll er fyndnari ..... Siggi (than)
7. Það er sama veðrið ..... í gær (as)
8. ..... lengur sem ég er á Íslandi, ... betur líkar mér (the ..... the)
9. Hann flýtti sér ..... hann gat (as)
10. Ég hleyp hraðar ..... þú (than).

E. TRANSLATION

1. Coffee is better than tea.
2. Chinese is more difficult than Icelandic.
3. Reykjavík is by far the biggest city in Iceland.
4. Páll is younger than you.
5. When does the next bus leave?
6. Whom I loved most dearly, I treated most cruelly.
7. Hekla is much higher than Esja.
8. He came when the winds were at their height.
9. Nobody said (anything) a word.
10. The boys are all older than I, but I know one of them, the oldest one.
11. I saw the accident with my own eyes.
12. The longer he stayed, the more surprised he became.
13. The latest fashion comes from Paris.
14. He is a pretty good fellow.
15. Paul was older and more experienced than I.
16. About two hundred people attended the meeting.
17. He played most beautifully.
18. He arrived earlier than she did.
19. The more leisure he has, the happier he is.
20. In old stories the youngest of the family is always the hero.

XIII

Chapter thirteen

A. TEXT

Ég mun fljúga til Akureyrar, en þú skalt fara gangandi. Ertu vitlaus. Ég vil alls ekki ganga svona langa leið. Auk þess má ég það ekki, því að ég á að hlífa mér við áreynslu. Sá, sem ekki vill, þegar hann má, má ekki, þegar hann vill. Þetta mun vera alveg rétt hjá þér. Ef þú vilt lána mér bókina, þá skal ég lána þér blaðið. Þú áttir að mæta á réttum tíma og máttir alls ekki sofa yfir þig. Ég kann vel að synda, en samt get ég ekki synt yfir Ermarsundið.

Getur þú stokkið hæð þína í öllum herklæðum eins og Gunnar? Nei, en ég hef oft stokkið hærra en húsið.

Leitaðu lengur og betur. Það þýðir ekkert, ég er búinn að leita hátt og lágt. Páll syngur hátt og illa, Ólafur hærra og verr, en Dísa þó hæst og verst. Ég vil gjarnan fara í bíó, en konan mín vill heldur fara í leikhús. Oftast kemur Páll síðastur allra. Farðu að sofa sem fyrst og sofðu sem lengst. Barnið sefur djúpt og eðlilega núna, en síðustu nótt svaf það laust og illa. Bóndinn heilsaði gestunum vingjarnlega. Venjulegast nota ég strætisvagn til þess að komast sem fyrst upp í skóla.

Ég keypti tvær bækur; önnur er brún en hin er rauð. Veldu þér aðra hvora. Mér sýnist önnur hver bók í skápnum vera rauð, og veit ekkert hverja ég á að velja. Þú hlýtur að vera blindur eða litblindur, nema hvort tveggja sé. Hver sá sem kaupir slíkar bækur, hlýtur að vera vellauðugur. Láttu ekki svona maður, þetta eru hundódýrar handbækur.

Úr dagbók Morgunblaðsins

Í dag er föstudagurinn 7. nóvember, sem er 311. dagur ársins 1975. Árdegisflóð í Reykjavík er kl. 08.39 og síðdegisflóð kl. 21.02. Sólarupprás í Reykjavík er kl. 09.28 og sólarlag kl. 16.54. Tunglið rís í Reykjavík kl. 14.03.

Þjónusta.

Læknar og lyfjabúðir.

Vikuna 7.–13. nóvember er kvöld-, helgar- og næturþjónusta lyfjaverslana í Reykjavík í Laugarnesapóteki. Slysavarðstofan er opin allan sólarhringinn. Læknastofur eru lokaðar á laugardögum og helgidögum, en hægt er að ná sambandi við lækni á göngudeild Landspítalans alla virka daga .... Ónæmisaðgerðir fyrir fullorðna gegn mænusótt fara fram í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur ... Vinsamlegast hafið með ónæmisskírteini.

Sjúkrahús.

Heimsóknartímar: Landspítalinn alla daga kl. 15–16 og 19.30

Söfn.

.... Bóka- og talbókaþjónusta fyrir aldraða, fatlaða og sjóndapra. Upplýsingar mánudaga til föstudaga .... Farandbókasöfn. Bókakassar lánaðir til skipa, heilsuhæla, stofnana o. fl.

Bilanavakt.

Vaktþjónusta borgarstofnana svarar alla virka daga frá kl. 17 síðdegis til kl. 8 árdegis.

*

Eiginmaðurinn: Í hvert skipti, sem ég sé þennan hatt, sem þú keyptir í fyrri viku, rek ég upp skellihlátur.

Konan: Jæja, elskan, það er alveg prýðilegt. Ég þarf þá ekki annað en hafa hann einhvers staðar nálægan, þegar þú færð reikninginn!

Málgefin kona spurði lögregluþjón:

Hvers vegna hefurðu þessa ól undir hökunni og festir hana við húfuna?

Til þess að hvíla neðri kjálkann, þegar ég hef svarað heimskulegum spurningum!

Hvernig ferðu að því í samkvæmum, þegar þú þarft að ávarpa konur, sem þú þekkir ekki?

Ég segi oftast frú við þær, sem ég held að séu ógiftar, en ungfrú við þær, sem ég held, að séu giftar. Ég hef tekið eftir, að það fellur þeim best!

Jóna: Hefurðu heyrt um nýja fegrunarlyfið?
Gunna: Já, ég hef meira að segja reynt það.
Jóna: Það er þá eins og mig grunaði, það er ómögulegt!

Ég er viss um það Maggi minn, að margir drengir væru himinlifandi, þó að þeir fengju ekki nema helminginn af þeim hafragraut, sem ég skammta þér.
— En það væri ég líka, mamma.

B. VOCABULARY

vitlaus, adj: crazy
leið, FS2: way
hlífa, W2, dat: protect
áreynsla, FW1: strain
lána, W4, dat-acc: lend
mæta, W2, (dat): appear, come, show up
réttur, adj: right, correct
sofa yfir sig: oversleep
synda, W2: swim
stökkva, S irreg: jump
hæð, FS2: height
herklæði, NPl: armor
þýða, W2: imply, signify
leita, W4: seek
það þýðir ekkert: it means nothing
hátt og lágt: everywhere
gjarna(n), adv: willingly, freely
sem fyrst: as soon as possible
sem lengst: as long as possible
djúpt, adv: deeply, soundly
eðlilega, adv: normally
laust, adv: lightly
illa, adv: badly
vingjarnlega, adv: kindly
venjulegast, adv sup: most often, usually
velja, W1, acc: choose
mér sýnist: I believe, it seems to me
skápur, MS1: cabinet
hljóta, S2: must, have to
blindur, adj: blind
litblindur, adj: colour-blind
vellauðugur, adj: very rich
láta, S7: (here) behave
láttu ekki svona: how you talk
handbók, FS3: handbook
dagbók, FS3: diary
flóð, NS: flood, high-tide
árdegisflóð, NS: morningtide
sólarupprás, FS2: sunrise, daybreak
sólarlag, NS: sunset
tungl, NS: moon
rísa, S1: rise
þjónusta, FW1: service
lyfjaverslun, FS2: drugstore
slysavarðstofa, FW1: emergency ward
læknastofa, FW1: doctor's office
sólarhringur, MS2: twenty-four hours
helgidagur, MS1: holiday
hægt er: it is possible, can be
samband, NS: connection, contact
göngudeild, FS2: outpatient clinic
virkur, adj: weekday
ónæmi, NS: immunity
ónæmisaðgerð, FS2: immunization
fullorðinn, adj: grown up, adult
mænusótt, FS2: poliomyelitis
heilsa, FW1: health
vernd, FS2: protection
stöð, FS1: station, institution
heilsuverndarstöð: health care center
vinsamlegast, adv sup: kindly
skírteini, NS: certificate

sjúkrahús, NS: hospital
heimsókn, FS2: visit
talbókaþjónusta, FW1: tape recording service
aldraður, adj: old
fatlaður, adj: disabled, crippled
sjóndapur, adj: having weak sight
farand-: traveling, itinerant, which moves from place to place
heilsuhæli, NS: sanatorium
stofnun, FS2: institution
bilun, FS2: failure
vakt, FS2: watch, shift
skipti, NS: time, instance
reka upp, S5, acc: burst out
skellihlátur, MS1 (G:-urs): loud laughter
reka upp skellihlátur: burst out, laughing aloud
prýðilegur, adj: splendid, excellent
nálægur, ad: near
reikningur, MS1: bill
málgefinn, adj: talkative, garrulous
lögregluþjónn, MS1: policeman
ól, FS1: strap
haka, FW1: chin
festa, W2, acc: fasten
húfa, FW1: cap, bonnet
hvíla, W2, acc: rest
kjálki, MW1: jaw
heimskulegur, adj: silly
samkvæmi, NS: party
ávarpa, W4, acc: address
frú, FS3: Mrs.
ungfrú: Miss
halda, S7, acc: believe
þeim fellur: they like
heyra, W2, acc: hear
fegrun, FS2: embellishment
lyf, NS: medication, drug
fegrunarlyf, NS: beauty aid
reyna, W2, acc: test, try
gruna, W4, acc: suspect
ómögulegur, adj: impossible, hopeless
viss um, acc: sure (about)
himinlifandi, adj: delighted
þó að, conj: even though
helmingur, MS1: half
hafragrautur, MS1: oatmeal-porridge
skammta, W4, dat-acc: apportion, give

C. GRAMMAR

13.1. Comparison of Adverbs.

The comparison of adverbs is closely related to that of adjectives. There are four groups that will be considered in the order of decreasing frequency:

I	-ar	-ast
II	-(u)r	-st
III	-ar	-st (i.e. mixed from I and II)
IV	irregular comparison.	

Examples:

I. aust-ur (in the east)	aust-ar	aust-ast
oft (often)	oft-ar	oft-ast
víð-a (widely)	víð-ar	víð-ast
kærleg-a (warmly)	kærleg-ar	kærleg-ast
falleg-a (beautifully)	falleg-ar	falleg-ast

II.	leng-i (long)	leng-ur	leng-st
	næ-rri, næ-r (near)	næ-r	næ-st
	fjær, fjær-ri (far away)	fjær	fjær-st
	skamm-t (short)	skem-ur	skemm-st
III.	suð-ur (south)	sunn-ar	syð-st
	norð-ur (north)	norð-ar	nyr-st
	út, úti (out, outside)	ut-ar	y-st
	inn, inni (into, inside)	inn-ar	inn-st
IV.	vel (well)	betur	best
	illa (badly)	verr	verst
	mjög (very)	meir	mest
	snemma (early)	fyrr	fyrst
	varla (hardly)	síður	síst
	gjarna (willingly)	heldur	helst

Remark one:

The comparative of the first class may have the form **-ara** (instead of -ar), especially if the adverb is derived from an adjective corresponding to NSgNeut comp of adjectives.

blítt	blíðara	blíðast
hratt	hraðara	hraðast

This **-a** occurs in the comparative of the other subclasses as well. **frekara, meira.**

Remark two:

Adverbs that are derived from adjectives of second subclass of comparison (2.12) i.e. with comp -r- and sup -st- and mutation, usually have **-ra, -st:**

lang-t	leng-ra	leng-st (long)
djúp-t	dýp-ra	dýp-st (deep)
snögg-t	snegg-ra	snegg-st (abruptly)
há-tt	hæ-rra	hæ-st (high)

In view of **remark one** this type may be considered a variation of subclass two, i.e. with the suffix **-a** in the comparative.

13.2. Auxiliary Verbs IV.

Icelandic has number of **auxiliary verbs** that typically (although not exclusively) occur as parts of constructions involving other

verbs. (In preceding chapters we have already introduced some examples, cf. 2.8, 3.4 and 4.5). Within such constructions, auxiliary verbs most often lack clear semantic content; rather they modify the verbs with which they stand. Auxiliary verbs correspond to various verbs in other languages and even to suffixes (lat. bo = munu, icel.). This leads us to consider auxiliary verbs as a special syntactic class. The name, "auxiliary verb", is much broader than that employed in most grammars. Our auxiliary verbs are not, for example, confined to form complex tenses or aspects. An auxiliary verb in our sense may be defined as follows:

An auxiliary verb is a verb that takes the infinitive or participle of another verb and forms together with it a syntactical and semantic whole.

The largest subclass of the auxiliary verbs in Icelandic are the so called preterito-presentia. A list of these and other auxiliary verbs (including those already introduced), together with a discussion of their use and meaning, will be given in the next two chapters.

13.21. Preterito-presentia.

The most distinctive feature of preterito-presentia is, that these verbs form their present as strong (sometimes with ablaut), but their preterite as weak verbs.

	present	present	preterite	past participle
1.	Eig-a	á	átt-i	átt
	eig-um	á	-i	
	eig-ið	átt	-ir	
	eig-a	á	-i	

Eiga (be supposed to) as auxiliary verb takes **infintive with inf particle** and indicates mild necessity, obligation, duty.

Barnið **á að taka lýsi** (The child should take fish oil)
Þú átt að fara heim (You should go home)

The verb may also indicate advice or stimulus:

Þú ættir að fara heim (You ought to go home)

Observe that with the verb **skilja**, the auxiliary verb **eiga** takes past part, most often the neuter form:

Eiga skilið (deserve)
Eiga ekki betra **skilið** (deserve no better)

2.	**present**	**present**	**preterite**	**past participle**
	Mega	má	mátti	mátt
	meg-um	má		
	meg-ið	má-tt		
	meg-a	má		

The auxiliary verb **mega** (may, be allowed to, have to) takes **infinitive without inf particle**, and indicates possibility, permission etc.

Vel **má vera**, að þetta sé rétt (This may well be true)
Þeir **mega fara** mín vegna (As far as I am concerned they can go)

The verb may also indicate inevitable result:

Ég **mátti** una þessum málalokum, þótt illt væri
(I had to be content with that outcome, although it was bad)
Ég **mátti endurtaka** prófið
(I had to retake the test)
Hann **má vara sig** (He should take heed).

3.	Kunna	kann	kunnum	kunnað
	-um	kann		
	-ið	kannt		
	-a	kann		

Kunna (know, know how to) takes **infinitive with infinitive particle** and indicates learned qualities.

Ég **kann að** lesa (I can read)
Ég kann íslensku (I know Icelandic)

4.	Munu	mun
	við munum	mun
	þið munuð	mun-t
	þeir munu	mun

In traditional grammar the verb **munu** (will/shall) is considered to form future, but as we have seen future is expressed in Icelandic with the present tense (comp. Ch. 5). The verb **munu** takes **infinitive without inf particle** and most often indicates uncertainity, doubt, plus futurity included in the present form of the construction.

Hann **mun** (líklega) **vera** kominn (I suppose he is here)
Ég **mun kaupa** húsið (I will buy the house).

5.	Skulu	skal
	við skulum	skal
	þið skuluð	skal-t
	þeir skulu	skal

Skulu (shall/will) takes the bare **infinitive** and indicates:

a) obligation, (strong) intention
Ég **skal finna** hann, hvað sem það kostar
(I will find him, no matter what)

b) will, promise, favour
Ég **skal** ekki **fara** (I will **not** go)
Ég **skal finna** hann fyrir þig (Let me find him for you)
Ég **skal hjálpa** þér (Let me help you).

We observe that **munu, skulu** are the only Icelandic verbs with infinitive in **-u**.

6.	Vilja	vil	vildi	viljað
	vil-j-um	vil		
	vil-j-ið	vil-t		
	vil-j-a	vil-l		

Vilja (will, want) takes the bare infinitive and expresses a decision already made or a definite wish:

Ég vil fara (I wish to go)
Ég vil ríða Skjóna, strákarnir geta gengið
(I want to ride Skjóni (horse) the lads can walk).

There are other preterito-presentia, but the above are the most important.

13.22. The Verb Geta.

As auxiliary verb **geta** (be able to, can) takes past part in neuter and indicates **to be able to** in the broadest sense. Observe that kunna expressed learned capacity:

Ég **get komið**, en ég vil það ekki
(I can come, but I don't want to)
Ég **get teflt**, ef mig langar til
(I can play chess if I like to)
Ég **kann að tefla** (I know how to play chess).

13.3. Indefinite Pronouns IV.

Annar (other, another, someone else) is declined like the numeral (compare Chapter 9).

The combinations:

annar hvor (one of two)
annar hver (every other one (of many))
and
hvor annar (each other (of two))
hver annar (each other (of many))

have a double declension. The first part is declined like **annar,** but the second like **hver/hvor** (compare 8.1).

Notice that the first part **hvor/hver** of hvor annar, hver annar most often refers to the subject of a sentence – i.e. is not an object – and consequently has the nominative form in most cases. (See the examples).

annar tveggja (one of two, either) only the first part is declined, as the second part is GPl of the **number tveir** (Ch. 9.1).

hver (whoever, every, any) (Recall the two neuter forms: **hvert/hvað**)

hvor (whichever, each of two, either).

As to the declension consult Chapter 8.1.

hvor tveggja (each of two, both). Only the first part is declined (See 8.1), since the second part **tveggja** is GPl of tveir (See 9.1). As to the use of **hvor tveggja** see 8.4.

hvorugur (neither (of two)).

Examples:

Annar maðurinn (mannanna) er læknir (One of the men is a doctor)
Enginn er **annars** bróðir í leik (No one is another man's brother in play)
Hvað keyptirðu? (What did you buy?) Eitt og **annað** (Various things)
Annar hvor ykkar verður að fara (One of you (two) must go)
Annar hver Íslendingur fór til Þingvalla sumarið 1974
(Every other Icelander went to Thingvellir in the summer of 1974)
Ég kaupi mjólk **annan hvern** dag (I buy milk every other day)
Þeir töluðu **hvor** við **annan** (They spoke to each other)
Þær mættu **hvor annarri** (They met each other)

Annar tveggja ykkar hefur gert þetta
(One of you (two) must have done this)
Hver sem er getur lesið Njálu
(Anyone can read Njála)
Hver maður getur skilið þetta
(Every man can understand this)
Mér er sama, **hvor** ykkar kaupir bílinn
(It doesen't matter to me, which of you two buys the car)
Er skápurinn fyrir bækur eða blöð? Hann er fyrir **hvort tveggja** (Is the book case for books or papers? It is for **both**).
Hvorugur strákanna nennti út í búð
(Neither lad could be induced to go to the shop).

D. EXERCISES

13.1. Insert the appropriate forms of the adverbs given.

1. Konan talaði **lengi,** ég talaði mun ....., en þú talaðir þó allra .....
2. Ég sat **nærri** kónginum, þú sast ..... honum, en Páll sat ..... honum.
3. **Víða** eru steinsteyptar götur á Íslandi, ... eru malbikaðar götur, en ..... eru líklega malarvegir.
4. Reykjavík er **norðar** en Keflavík, en Akureyri er ..... þeirra þriggja.
5. Reykjavík er **vestar** en Vestmannaeyjar, en ..... er Akranes.
6. Reykjavík er **austar** en Akranes, en ..... er Eskifjörður.
7. Reykjavík er **sunnar** en Akureyri, en ..... er Keflavík
8. Óli syndir **vel/illa,** Guðni ..... en, Eyvindur .....
9. Maðurinn sofnar **snemma,** konan ....., en börnin .....
10. Ég get **varla** komið, þú enn ..... og Páll allra ..... .

11. Maðurinn talaði **hátt**, konan ....., **en** barnið .....
12. Kalli klifraði **upp** í stigann, Steinar ...., en Eggert .....
13. Þyrlan flaug **hátt**, flugvélin ....., en þotan .....
14. Ég segi **fátt**, þú ....., en konan þó .....
15. Tillaga prestsins hljómar **vel**, tillaga biskupsins ....., en allra ..... hljómar þó tillaga pafans.

13.2. Substitute the adverbs underlined with their antonyms.

1. Þú ert **snemma** á fótum í dag
2. Páll kemur **sjaldan** í heimsókn
3. Presturinn tónar afskaplega **illa**
4. Flugvélin flaug **hátt** yfir fjallið
5. Konan talaði **frekar** stutt í símann
6. Langstökkvarinn stökk **skammt**
7. Þetta er mjög **fjarri** sanni
8. Ég heyrði **greinilega**, hvað þú sagðir
9. Kötturinn stökk **út** um gluggann
10. Hundurinn hljóp **upp** stigann
11. Páll sefur **niðri**
12. Ég barði **létt** að dyrum
13. Tíminn líður mjög **hægt**
14. Sjúklingurinn andar mjög **eðlilega**
15. Blaðið benti **réttilega** á greinina.

13.3. Supply the present form of the given verbs, as appropriate.

1. Þú (eiga) ..... að flýta þér (pret?)
2. Við (mega) ..... ekki fara strax (pret?)
3. Þið (kunna) ..... ekki að aka bíl (pret?)
4. Ég (munu) ..... borga þér skuldina
5. Þú (skulu) ..... lesa bókina
6. Við (vilja) ..... gjarnan hjálpa þér (pret?)

7. Þeir (geta) ..... ekki komið strax (pret?)
8. Þið (eiga) ..... að flýta ykkur (pret?)
9. Þú (mega) ..... ekki misskilja mig (pret?)
10. Ég (kunna) ..... ekki að prjóna (pret?)
11. Þú (munu) ..... sjá eftir þessu
12. Þeir (munu) ..... sjá eftir þessu
13. Þið (skulu) ..... fara heim
14. Þú (vilja) ..... fara á völlinn (pret?)
15. Ég (geta) ..... ekki hætt að reykja (pret?)

13.4. Insert the appropriate form of the verbs given, i.e. past pret or infinitive, with or without infinitive particle.

1. Ég á (kaupa) ..... tvo lítra af mjólk (pret?)
2. Ég má (opna) ..... bréfið (pret?)
3. Ég kann (spila) ..... bridds (brú) (pret?)
4. Ég mun (fara) ..... til útlanda á næsta ári
5. Við viljum ekki (bíða) ..... eftir þér (pret?)
6. Ég get ekki (koma) ..... í kvöld (pret?)
7. Hann getur ekki (sofna) ..... við (ljós) (pret?)
8. Barnið kann ekki ..... (ganga) (pret?)
9. Barnið getur ekki ..... (ganga) (pret?)
10. Við skulum (hætta) ..... að rífast.

13.5. Form new sentences with auxiliary verbs according to the semantic clues given.

1. Ég tefli skák
   a) (mild) necessity
   b) permission
   c) know how
   d) will (probably)
   e) will (indeed)
   f) want to
   g) be able to

h) duration (Compare Ch. 3.4)
i) begin (Compare Ch. 3.4)
j) completion (Compare Ch. 3.4)

2. Hann fór út í búð
a) (mild) necessity
b) permission
c) will (probably)
d) will (indeed)
e) want to
f) be able to
g) duration (Compare Ch. 3.4)
h) begin (Compare Ch. 3.4)
i) completion (Compare Ch. 3.4)

3. Við lásum handritið
a) (mild) necessity
b) permission
c) know how
d) will (probably)
e) want to
f) be able to
g) duration (Compare Ch. 3.4)
h) begin (Compare Ch. 3.4)
i) completion (Compare Ch. 3.4)

4. Páll dansaði við stúlkuna
a) (mild) necessity
b) permission
c) know how
d) will (probably)
e) want to
f) be able to
g) duration (Compare Ch. 3.4)
h) begin (Compare Ch. 3.4)
i) completion (Compare Ch. 3.4)

5. Ég kveiki á lampanum
a) (mild) necessity
b) permission
c) know how
d) will (probably)

e) will indeed
f) want to
g) be able to
h) duration (Compare Ch. 3.4)
i) begin (Compare Ch. 3.4)
j) completion (Compare Ch. 3.4)

6. Barnið opnar dyrnar
a) (mild) necessity
b) permission
c) know how
d) will (probably)
e) will indeed
f) want to
g) be able to
h) duration (Compare Ch. 3.4)
i) begin (Compare Ch. 3.4)
j) completion (Compare Ch. 3.4)

7. Íslendingar taka sér 200 mílna landhelgi
a) (mild) necessity
b) permission
c) will (probably)
d) want to
e) be able to
f) duration
g) begin
h) completion

8. Maðurinn reykir pípu
a) (mild) necessity
b) permission
c) know how
d) will (probably)
e) want to
f) be able to
g) duration
h) begin
i) completion

E. TRANSLATION

1. The child is supposed to go to school.
2. Páll must not drive faster than 80 km. per hour.
3. I know the poem better than you do, but Páll knows it best.
4. I will come tomorrow, if I have the time (mega vera að e-u).
5. You shall read the book very carefully.
6. The children do not want to eat their breakfast.
7. I know how to play piano, but today I cannot play for you.
8. A youngster may, but an old (man) must.
9. May I ask you a question?
10. Last night I slept badly.
11. Please drive more slowly and more carefully.
12. You are supposed to work only every other day.
13. Whoever utters such nonsense, cannot mean it seriously.
14. One of you (two) may go.
15. Neither boy could understand the poem.

XIV

Chapter fourteen

A. TEXT

Hestarnir voru sóttir. Mér var boðið í veisluna. Brotist var inn í bankann. Spurt var eftir prestinum. Honum var ekið heim úr vinnunni. Mér var sagt frá slysinu. Ég verð búinn að lesa bókina á morgun. Leitað var að þjófinum. Lýst var eftir manninum. Hann var talinn bestur. Hún var talin fljótust. Barnið var talið óþægt. Maturinn var borinn á borð.

Í gærkvöldi var sungið og dansað á götum úti. Þá var einnig lesið upphátt úr verkum skálda, ræður fluttar og fleira var gert sér til gamans. Hátíðahöldin þóttu takast vel.

Þú sagðist geta komið. Skipið nálgaðist ströndina. Útlendingar ferðast mikið á Íslandi. Vegurinn lokaðist vegna ófærðar. Þú birtist mér í draumi. Tóbaksbréf endist mér í viku. Sagan gerðist á Íslandi. Fanginn krafðist réttlætis. Grettir óttaðist myrkrið. Grettir þarfnaðist Illuga. Bíllinn virðist vera í lagi.

Faðirinn segir við fimm ára son sinn:

— Þú ert orðinn nógu stór til að vita, að jólasveinninn er ekki til. Það var ég . . .

— Ég veit, ég veit. Og þú varst storkurinn líka!

Storm Pedersen, frægur danskur teiknari, teiknaði Svía alltaf með blátt nef.

Sænskur vinur hans móðgaðist út af þessu tiltæki teiknarans og spurði, hvers vegna í ósköpunum á því stæði, að hann gæti ekki haft nefin á Svíunum eins og á venjulegu fólki.

— Auðvitað get ég það, svaraði hann. En hvernig á fólk þá að sjá, að þetta eru Svíar?

— Þjónn. Máltíðin var óviðjafnanleg, en áttu ekki eitthvað verulega hressandi í lokin?

— Jú, jú, herra minn. Ég skal strax koma með reikninginn!

Læknirinn: Þú átt miklu léttara með að hósta í dag.
Sjúklingurinn: Þó það nú væri. Ég er búinn að æfa mig í alla nótt!

Sjúklingurinn var að lýsa sjúkdómseinkennum sínum fyrir óþolinmóðum lækni.
– Þetta er sár stingur í hægri öxlinni, læknir. Ég fæ hann alltaf, þegar ég halla mér áfram, rétti úr öðrum handleggnum fyrst, en síðan hinum, lyfti olnbogunum, hleypi í axlirnar og rétti mig síðan upp.
– Jæja, sagði læknirinn háðslega. Ég býst ekki við, að þér hafi dottið í hug, að þú gætir losnað við þennan dularfulla verk, ef þú hættir að gera þessar hjákátlegu hreyfingar?
– Jú, reyndar, læknir, svaraði sjúklingurinn einlæglega. – En ég hef ekki enn fundið neina aðra aðferð til að komast í frakkann minn!

Taugasjúklingurinn byggir loftkastala, geðsjúklingurinn býr í þeim, en sálfræðingurinn tekur húsaleiguna.

– Hver er þessi maður, sem þú tókst ofan fyrir?
– Það er rakarinn minn. Hann seldi mér flösku af hármeðali fyrir nokkrum mánuðum. Í hvert skipti, sem ég mæti honum, minni ég hann á svikin.

– Er konan þín alltaf jafnfalleg?
– Já, en það tekur hana lengri tíma núna!

Syrgjandi ekkja lét grafa eftirfarandi áletrun á legstein maka síns: Hvíl þú í friði, þangað til við sjáumst aftur.

B. VOCABULARY

sækja, irr, acc, W2: fetch
bjóða, S2, dat: invite
brjótast inn, S2: break into, burglarize
banki, MW1: bank
slys, NS: accident
leita að, W4, dat: seek
þjófur, MS1: thief
lýsa eftir, W2, dat: look for, seek out
fljótur, adj: quick, fast
óþægur, adj: naughty
upphátt, adv: loud
verk, NS: work
skáld, NS: poet, writer
ræða, FW1: speech
flytja, W1, acc: deliver (a speech)
gaman, NS: fun
hátíðahöld, NSPl: festival
takast vel: succeed
bera, S4: carry, bring
segjast, W2: say

nálgast, W4, acc: approach
ferðast, W4: travel
lokast, W4: close, lock
ófærð, FS2: impassability
birtast, W2: appear
draumur, MS1: dream
tóbaksbréf, NS: a pouch of tobacco
endast, W2: last (-ti-)
krefjast, W1, gen: demand
réttlæti, NS: justice
óttast, W4, acc: be afraid, scared of
myrkur, NS: darkness
þarfnast, W4, gen: need
virðast, W2, impers: seem
jólasveinn, MS1: Santa Claus
storkur, MS1: stork
teiknari, MW1: one who draws, cartoonist, draughtsman
nef, NS: nose
móðgast, W4: take offence
tiltæki, NS: whim, caprice
ósköp, NSPl: disaster
í ósköpunum: (excl) for heaven's sake!
standa á e-u: is the reason for
venjulegur, adj: normal, usual
þjónn, MS1: waiter
máltíð, FS2: meal
óviðjafnanlegur, adj: incomparable
verulega, adv: genuinely, really
hressandi, adj: refreshing
lok, NSPl: end
í lokin: to finish off things
reikningur, MS1: bill
léttara, adv, comp: easier
hósta, W4: cough
sjúklingur, MS1: patient
æfa sig, W2: exercise, practice
lýsa, W2, dat: describe
sjúkdómseinkenni, NSPl: symptoms
óþolinmóður, adj: impatient
sár, adj: painful, hard
stingur, MS2: stabbing pain
hægri, adj: right
öxl, FS2, irr: shoulder
halla, W4: lean
rétta úr, W2, dat: straighten
handleggur, MS2: arm
lyfta, W2, dat: raise
olnbogi, MW1: elbow
hleypa í axlirnar: pull forward the shoulders, flex the shoulders
rétta sig, W2: straighten up
háðslega, adv: mockingly
búast við, S7, dat: expect, suppose
detta, S3: fall
detta í hug: come in mind, think of
losna við, W4, acc: get rid of
dularfullur, adj: mysterious
verkur, MS2: pain
hætta, W2, dat: give up, cease
hjákátlegur, adj: silly, absurd
hreyfing, FS1: movement
einlæglega, adv: sincerely
aðferð, FS2: method
taugasjúklingur, MS1: neurotic
loftkastali, MW1: castle in the air, delusion, day-dream
geðsjúklingur, MS1: psychotic
sálfræðingur, MS1: psychologist
húsaleiga, FW1: rent
taka ofan, S6: tip one's hat, greet
rakari, MW1: barber
flaska, FW1: bottle
hármeðal, NS, (Pl -meðul): hair-medicine
minna, W2, acc: remind (minna á, acc: remind of)
svik, NSPl: deceit
syrgjandi, adj: mourning
ekkja, FW1: widow
áletrun, FS2: inscription
legsteinn, MS1: gravestone
maki, MW1: mate
hvíla, W2: rest
friður, MS3: peace
grafa, S6: carve, engrave

C. GRAMMAR

14.1. Voice (mynd).

In Icelandic three voices are employed in order to express the relation between the **grammatical subject** and the **predicate** of a sentence. The **active voice** (germynd) is the most basic and the **unmarked** voice. The **active** in most cases expresses an action performed by the grammatical subject.

The **middle voice** (miðmynd) is distinguished by the suffix **-st** and expresses an intermediate situation. In a middle voice construction, the grammatical object coincides with the grammatical subject or else the latter is unspecified.

Active: Ég klæddi hann (I dressed him)
Middle: Hann klæddist (He dressed (himself)).

The **passive voice** (þolmynd) is formed with the modal verb **vera/verða** plus participle preterite of a transitive verb, and here the logical object functions as the grammatical subject.

Active: Ég klæddi **hann**
Passive: Hann var klæddur (af mér). (He was dressed (by me)).

Having outlined the main characteristics of the three voices, we will now deal with the **middle** and **passive** voices in detail.

14.21. Middle Voice (miðmynd = mm).

The middle voice is derived from the active voice through the addition of the suffix **-st**, i.e. **stem + pers end (active) + st** = mm.

This process is accompanied by the following changes:

1. Before middle-voice **-st**, the 2nd and 3rd pers **endings -ur, -ð** and **-rð** are deleted.

Þú rekur + st ⟶ þú rekst
hann rekur + st ⟶ hann rekst
þú ferð + st ⟶ þú ferst
þú sérð + st ⟶ þú sést

but

kom-**um** + st ⟶ komumst
koma + st ⟶ komast.

2. The combinations **ð + s, d + s** and **t + s** are in most cases reduced to **z.** However, as the letter **z** is always to be substituted by **s**, according to the latest orthographic convention, this rule may be restated as follows:

Before middle-voice **-st,** the consonants **ð, d, t** are to be deleted – if deleted in pronounciation.

As the orthography varies in this respect and **z** is still being used by many, the interested student should note the following points:

a) Þið **kall-ið** + **st** ⟶ kallizt (kallist)
b) ég hef **bar-ið** + **st** ⟶ barizt (barist)
c) ég hef **breyt-t** + **st** ⟶ breytzt (**breyst**)
d) deilan hefur **leys-t** + **st** ⟶ leystst (**leyst**)

Observe that parts of the stem (**breyt** and **leys**) have been deleted in examples d) and c) (underlined).

14.22. The Meaning of the Middle Voice.

The three most important semantic relationships expressed by middle voice are the following:

1. **Reflexive**

Ég settist á stólinn	(I sat myself on the chair)
Barnið klæddist	(The child dressed himself)
Hann lagðist í rúmið	(He laid himself on the bed)

2. **Reciprocal**

Þau kysstust	(..... kissed each other)
Bílarnir mættust	(..... met each other)

3. **Passive**

Útvarpið heyrist **vel**	(..... can be heard)
Bókin fannst ekki	(..... could not be found)
Hann sást hvergi	(..... could not be seen).

Notice that in example 3 above, nothing is said about the agent or cause; the subject is simply affected by some kind of action, described by the middle verb.

14.23. Middle Verbs (miðmyndarsagnir).

A number of verbs only exist in the middle-voice form. These verbs are called middle verbs. Examples:

nálgast (approach)
óttast (fear)
eldast (age, grow older)
ferðast (travel).

These verbs are either transitive or intransitive. By contrast, transitive verbs often have a corresponding intransitive middle-voice form:

játa e-u (say yes to sth)	játast
kvelja e-n (torture)	kveljast
mata e-n (feed)	matast
heyra e-n (hear)	heyrast
sýna e-m e-n (show)	sýnast

Remark:

Concerning the very important impersonal constructions with middle verbs, see Chapter 15.

14.31. Passive Voice (þolmynd).

The passive voice in Icelandic is formed by the appropriate form of the modal verb **vera** plus **perf participle** of a **transitive verb** (in most cases), which then agrees with the converted subject as to number and gender, if the verb takes **an accusative:**

Active	Ég málaði **húsið** (paint, acc)
Passive	**Húsið** var málað (af mér)
Active	Ég skemmdi **bílinn** (damage, acc)
Passive	**Bíllinn** var skemmdur (af mér)
Active	**Ég keypti fötuna** (buy, acc)
Passive	**Fatan** var keypt (af mér)

Observe, that the underlying, logical object of the active voice is converted to grammatical **subject** in the passive sentence, but the logical subject **may be** expressed by a prepositional phrase (**af**). As a rule, however, the logical subject is dropped entirely. This is in keeping with the principal function of the passive, i.e. **to express agentless sentences**, or a situation where the **agent is unimportant or unknown.**

14.32. Indirect Object, Direct Dative or Genitive Object.

An indirect object of an active sentence remains unchanged in the passive:

Active	Ég lánaði **honum bókina**
Passive	**Bókin** var lánuð **honum** (af mér) or
	Honum var lánuð bókinu

Active	Ég seldi **henni bílinn**
Passive	**Bíllinn** var seldur **henni** (af mér) or
	Henni var seldur bíllinn.

Direct object in dative or genitive of a active sentence remains **unchanged** in the passive but the participle always has the **neuter form,** whereby the sentence becomes impersonal, i.e. subjectless:

Active	Ég sakna **hennar**
Passive	**Hennar** er saknað (af mér)
	(**Not** *Hún er söknuð)
Active	Ég mætti **manninum**
Passive	**Manninum** var mætt (af mér).

14.4. The Passive Construction.

Above we mentioned that preferently transitive verbs do undergo the passive transformation, and notice furthermore that the dichotomy "passive/active" typically involves the categories of **agent** and **patient.** However, intransitive verbs – without a patient and not involving any overt agent – very often undergo a similar transformation, which then simply indicates an **act, something done,** something which **has happened** etc. We can simply refer to this construction as an **action-construction,** which is similar but not entirely comparable to the passive:

Active:	**Action-Construction:**
Þeir sváfu í hlöðunni	**Sofið var** í hlöðunni
(They slept in the barn)	("There was slept in the barn")
Hann barði að dyrum	**Barið var** að dyrum
(He knocked on the door)	("There was a knock at the door")
Hann beið lengi	Lengi **var beðið**
(He waited for a long time)	("There was waited for a long time")
Hann borðaði klukkan eitt	Klukkan eitt **var borðað**
(He had dinner at one o'clock)	("There was eaten at one o'clock")

In the action-construction examples neither an agent nor a patient is involved, in contrast to both the active and passive.

Similarily, we refer to the "passive forms" corresponding to the aspectual constructions **fara að + inf** (begin), **vera að + inf** (duration) and **vera búinn að + inf** (compare Ch. 3.4) as action-constructions. These have the following forms:

Active	Hann fór að lesa
Passive	Farið var að lesa
	Það var farið að lesa
Active	Hann var að lesa
Passive	Verið var að lesa
	Það var verið að lesa
Active	Hann var **búinn** að lesa
Passive	Búið var að lesa
	Það var búið að lesa.

The constructions employing the dummy subject **það** are very common in spoken Icelandic (observe the inversion of word-order). The action-construction sentences are all agentless and consequently quite typical of the use of the passive.

14.5. The Use of the Passive.

As we have seen, the active and passive voices may be used interchangably, depending on whether the speaker wants to stress the role of the **agent** (active) or the **patient** (passive).
Examples:

Páll barði drenginn (active)
Drengurinn var barinn (af Páli) (passive).

The formation of passive may, however, be blocked if such a change between agent and patient is not possible on syntactic/-semantic grounds. This is the case:

1. If the verb is reflexive:
   Ég þvæ mér (I wash myself)
   Hann meiddi sig (He hurt himself)
2. If the object is a "part" of the subject:
   Hann rétti mér höndina (He gave me his hand)
   Hún gleymdi skónum sínum (She forgot her shoes).
3. If the active sentence has an **accusative + infinitive** construction:
   Ég **sá hana fara** (I saw her go)
   Hann **heyrði hana syngja** (He heard her sing the tune).

14.6. Passive with Verða.

The passive may be formed with the modal verb **verða,** according to the rules described above. The difference between the two

forms is that **vera-passive** most often indicates a existing **state,** whereas **verða-passive** indicates an **alteration in state,** and consequently refers to the future:

Bíllinn **er seldur**	(state)
Bíllinn **verður seldur**	(change)
Sóknin **er hafin**	(state)
Sóknin **verður hafin**	(change)

We further observe that the **verða-passive** often means can (could) be ... and is preferentially used with negation.

Því **verður ekki neitað**	(It cannot be denied)
Tjónið **verður ekki bætt**	(The damage cannot be repaired).

D. EXERCISES

14.1. Form new sentences according to the three following models:

A. **Reciprocal:**

Páll barði Guðna
Guðni barði Pál — Páll og Guðni börðust

1. Strákurinn kyssti stelpuna
   Stelpan kyssti strákinn
2. Nixon hitti Pompidu á Íslandi
   Pompidu hitti Nixon á Íslandi
3. Þú kvaddir Eyva
   Eyvi kvaddi þig
4. Sadat elskar ekki Rabin
   Rabin elskar ekki Sadat
5. Ég hræðist þig ekki
   Þú hræðist mig ekki
6. Ég tala ekki við þig
   Þú talar ekki við mig
7. Kóngurinn heilsaði drottningunni
   Drottningin heilsaði kónginum
8. Þú mættir Guðna á ganginum
   Guðni mætti þér á ganginum
9. Munkurinn sló nunnuna
   Nunnan sló munkinn
10. Páll kvaddi Sigga með handabandi
    Siggi kvaddi Pál með handabandi.

B. **Passive:**

Hann fann **pennann** við vatnið. **Penninn** fannst við vatnið.

11. Hann heyrir **ekkert** fyrir hávaða
12. Konan fæddi **barnið** að sumri til
13. Hann gerir **ekkert** allan daginn
14. Hann týndi **úrinu**
15. Hann skoðaði **tillöguna** sem samþykkta
16. Hann sá **flugvélina** úr fjarska
17. Víkingar byggðu **Ísland** á 9. öld
18. Ökumaðurinn jók **hraðann** um helming
19. Páll dembdi **vatninu** úr fötunni
20. Guðni skemmdi **bílinn** í árekstri

C. **Reflexive:**

Barnið **klæddi sig** í fötin. Barnið **klæddist** í fötin.

21. Þeir **vörðu sig** mjög lengi
22. Gamla konan **lagði sig** í rúmið
23. Barnið **meiddi sig** á hendi
24. Óli **brynjaði sig** hugrekki
25. Konan **gifti sig** í gær
26. Bóndinn **bjó sig** til ferðarinnar
27. Páll **stakk sér** í sundlaugina
28. Málningin **hélt sér** vel
29. Forsetinn **kvað sig** reiðubúinn að segja af sér
30. Enginn **bauð sig** til að tala á fundinum.

14.2. Supply the appropriate middle-voice forms of the following constructions:

hann **sér**; við sjáum; þið sjáið;
þú **telur**; þú berð; þeir mæta;
þú sást; þeir hafa mætt; þeir hafa heilsað;
þau hafa kysst; hann dæmir; hún vonar; þú ryður;
þú segir; þið segið.

14.3. Form passive sentences.

1. Konan sagði barninu sögu
2. Maðurinn seldi bílinn
3. Strákurinn lamdi hundinn

4. Páll gaf konunni fallega kápu
5. Maðurinn saknaði konunnar
6. Hann spurði eftir forstjóranum
7. Hann fer bráðum að telja atkvæðin
8. Hann er að telja atkvæðin
9. Hann er búinn að telja atkvæðin.

14.4. Explain in Icelandic the following proverbs:

1. Bragð er að, þá barnið finnur
2. Betur sjá augu en auga
3. Hver er sjálfum sér næstur
4. Þangað vill féð, sem féð er fyrir
5. Illur fengur illa forgengur
6. Ekki eru allar ferðir til fjár
7. Á misjöfnu þrífast börnin best
8. Enginn verður óbarinn biskup
9. Þá er hver blíður, er hann biður
10. Fár bregður hinu betra, ef hann veit hið verra.

E. TRANSLATION

1. He is believed to be a pretty good painter
2. Did anyone ask for me today? (passive)
3. The news appeared on the front page (passive)
4. The bridge was built across the river
5. I will be expecting you tonight
6. We greeted each other when we met
7. He has very often travelled abroad
8. The boat is lost, and one man is missing (passive)
9. The dog crept into the room and laid himself down on the chair
10. Somebody knocked at the door (imp., pass.) while I was taking a bath
11. My friend was not at home when I called on him. I was told to try again tomorrow
12. It is not possible to break the window with one's bare hands (use **verða** – pass)
13. English is spoken all over the world
14. My fountain-pen was stolen
15. This quarrel will be forgotten in few years' time.

F. REPHRASE THE FOLLOWING ANECDOTE

Geðveikrapróf.

Maður, sem var að skoða geðveikraspítala, spurði hvaða aðferð væri höfð til að fá úr því skorið, hvort sjúklingar væru orðnir albata.

„Við höfum stóreflis vatnstunnu", sagði leiðsögumaðurinn, „og látum vatn streyma í hana. Síðan fáum við sjúklingunum fötur og segjum þeim að þurrausa tunnuna".

„Hvernig sannar það heilbrigði þeirra?" spurði gesturinn.

„Það skal ég segja þér. Þeir, sem eru heilbrigðir, byrja á því að skrúfa fyrir vatnið".

„Ja-á, einmitt. Það hefði mér aldrei dottið í hug", sagði gesturinn.

XV

Chapter fifteen

A. TEXT

Egill var kominn af tröllum. Góður er hver genginn. Strákurinn er orðinn þrettán ára. Ég var lagður af stað, þegar hríðin skall á. Sá tími er löngu liðinn. Þetta er sýnd veiði, en ekki gefin.

Guði sé lof. Hafi hann þökk fyrir. Guð hjálpi þér, barn. Fari þeir, sem fara vilja, komi þeir, sem koma vilja, veri þeir, sem vera vilja, mér og mínum að meinalausu.

Sá þyrfti að læra mannasiði. Vildirðu vera svo góður að hætta þessu strax. Viltu kaffisopa? — Ég þægi kannski tíu dropa. Það væri gaman. Það ætti að loka alla glæpamenn inni.

Ég á syni og eiginkonu, en hvorki systur né afa. Ég vil ekki þennan hring, heldur hinn. Ég sá, að þú tókst úrið og hljópst svo burtu. Þar sem þú ert þar með orðinn þjófur, vil ég ekki þekkja þig lengur. Ef þú skilar úrinu, tala ég kannski við þig á morgun. Þó að þú skilir úrinu, ætla ég ekki að tala við þig framar. Ég veit ekki, hvort ég get nokkurn tíma talað við þig framar.

Tékkasvik úr sögunni.

Innistæðulausir tékkar eru fyrirbæri í íslensku þjóðlífi, sem almenningur er farinn að kannast nokkuð vel við. Af og til gera bankarnir einhverja könnun á fjölda og heildarupphæð þessara gúmmítékka, sem svo hafa verið efndir. Upphæðirnar eru svimandi háar, og hafa einstakir tékkar af þessu tagi farið upp í átta milljónir. Hinn almenni borgari, sem er að berjast í bökkum við að greiða skatta sína, húsaleigu, fæði og klæði auk alls annars, rekur upp stór augu og furðar sig á því, að svona lagað skuli geta átt sér stað. Margur smælinginn hefur reyndar þurft að borga álitlegar fúlgur til Seðlabankans, vegna þess að hann fór óvart yfir á reikningnum, kannski 5—20 þúsund krónur. En svo fréttist af þeim stóru, sem oftast birtast þá í nafni fyrirtækja, sem þeir reka, og þeir komast upp með að spila á tékkakerfið. Þessir menn

skrifa gúmmítékka á einn banka til þess að greiða með skuld í öðrum banka. Síðan er nýr gúmmítékki gefinn út á þann banka til að greiða þann fyrri og svo koll af kolli, þar til fjármálamaðurinn hefur komist yfir peninga. Alþýðulbaðið sneri sér til Einars Pálssonar hjá Reiknistofu bankanna og spurði hann, hvort þetta væri tilfellið. Einar sagði: „Við erum komnir það langt núna, að það sem kemur inn í bankana í dag af tékkum, það er allt lesið vélrænt (inn) að kvöldi, þannig að þetta liggur allt fyrir daginn eftir. Þetta nær reyndar ekki enn til allra bankanna, en er sem sagt á dyraþrepinu . . ."

(Alþýðublaðið, 25. 11. 1975).

Skýrt var frá því í blöðunum í gær, að ríkisstjórn Íslands hefði tekið 2300 milljónir til láns af Arabagulli. Víða eru nú ráðamenn þjóðarinnar farnir að leita fanga í slættinum. Skyldi lánstraust Íslands vera þrotið hjá þeim vestrænu bönkum, sem landið hefur helst skipt við til þessa?

Nefnd sem var skipuð á sínum tíma til þess að fjalla um nám í fjölmiðlun við Háskóla Íslands og gera drög að námsskrá í þeim fræðum, hefur nú lokið störfum og sent frá sér ítarlega greinargerð. Gamalreyndir blaðamenn, sem lesið hafa niðurstöður nefndarinnar, hafa haft á orði, að þeir, sem nema munu eftir þeim drögum að námsskrá, sem þar er gerð tillaga um, muni hljóta góða og víðtæka menntun í öllu – nema blaðamennsku.

(Alþýðublaðið, 25. 11. 1975).

– Er sonur þinn farinn að ganga?

– Nei.

– Það er einkennilegt. Sonur minn gengur um allt. Hvað er sonur þinn búinn að taka margar tennur?

– Enga enn þá.

– Sonur minn hefur tekið fimm tennur. En sonur þinn er þó farinn að tala, vona ég.

– Heyrðu mig, frú mín góð. Nú langar mig að spyrja: Rakar sonur þinn sig sjálfur eða lætur hann rakara gera það??

B. VOCABULARY

kominn af, dat: descended from
tröll, NS: giant, troll
genginn, past part: gone, dead
leggja af stað, W1: start, begin
ég var lagður af stað: I had left
hríð, FS2: snow-storm, blizzard
skella á, S3: break out
veiði, FS1: catch

lof, NS: praise
meinlaus, adj: harmless
mannasiður, MS3: manners
sopi, MW1: small sip, mouthful
þiggja, irreg: accept
loka inni, W4: lock up
glæpamaður, MS4: criminal
þjófur, MS1: thief
skila, W4, dat: return
tékki, MW1: check
svik, NPl: fraud
innistæða, FW1: deposit
fyrirbæri, NS: phenomenon
þjóðlíf, NS: national life
kannast við, W4, acc: know superficially, be acquainted with
af og til: occasionally, now and then
könnun, FS2: investigation, check
heildarupphæð, FS2: total amount
gúmmítékki, MW1: rubber check
svimandi, part pres: dizzying
af þessu tagi: of this kind
borgari, MW1: citizen
berjast, W1: fight
bakki, MW1: brink, bank (of a river)
berjast í bökkum: have difficulties with, struggle to manage
greiða, W2, acc: pay
skattur, MS1: tax
húsaleiga, FW1: rent
fæði, NS: nourishment, food
klæði, NS: clothes
reka upp stór augu: be quite astonished
furða sig á, W4, dat: wonder
svona lagað, (past part from laga): such things
eiga sér stað: happen, occur
smælingi, MW1: insignificant person, a nobody (G: -gja)
álitlegur, adj: stately, considerable
fúlga, FW1: (great) amount, sum
óvart, adv: unintentionally
reikningur, MS1: account
fyrirtæki, NS: undertaking, firm
reka, S5, acc: run, carry on
komast upp með e-ð: get away with sth.
spila á, W4, acc: abuse, play on
kerfi, NS: system
skuld, FS2: debt
gefa út, S5, acc: issue
kollur, MS1: peak, top of something
svo koll af kolli: and so on, proceeding in the same way
fjármálamaður, MS4: financier, businessman
reiknistofa, FW1: accounting office
tilfelli, NS: case
vélrænn, adj: automatic
liggja fyrir, S5: to be clear, to stand resolved
dyraþrep, NS: doorstep
lán, NS: loan
ráðamaður, MS4: leader
leita, W4: seek
fang, NS: means, provisions
leita fanga: looking for likely places
sláttur, MS3: cadging money, asking for loans (contemptuous)
að slá (lán, peninga): cadge, borrow money
lánstraust, NS: credit
þrjóta, S2: run short, cease
vestrænn, adj: western
skipta við, W2, acc: do business with, deal with
fjalla um, W4, acc: consider, handle
fjölmiðlun, FS2: mass media, communications
fjölmiðlar: the mass media
drög, NPl: draft
námsskrá, FS1: curriculum
ítarlegur, adj: detailed
greinargerð, FS2: report, explanatory, statement
gamalreyndur, adj: experienced

blaðamaður, MS4: journalist
niðurstaða, FW1: conclusion
hafa á orði: comment, say
tillaga, FW1: proposal
hljóta, S2, acc: receive
víðtækur, adj: far-reaching, broad
menntun, FS2: education
blaðamennska, FW1: journalism
tönn, FS4: tooth
rakari, MW1: barber

C. GRAMMAR

15.1. Vera + Intr Verbs.

We have seen in chapter 14 that the auxiliary verb **vera** forms passive with **transitive verbs,** and **impersonal action-constructions** (14.4) with intransitive verbs. In chapter six it was stated that the construction **hafa + participle preterite** most often indicates **a past action** which may or may not (depending on the example chosen) continue into to the present. The modal verb **vera + part pret** of an **intransitive** main verb (the latter being declined as to gender, case and number according to the subject), on the other hand, indicates a situation that has resulted from previous action, but the whole construction, **however,** stresses the **resulting situation.** We may therefore call the construction **vera + declined participle of an intr verb a situative – resultative** (s-r) construction, which is in contrast to both the **passive construction** and the **hafa + part pret** construction:

(perf) Ég **hef verið** með kvef (I have had a cold) (+begin, +dur)
(perf) Hann **hefur farið** þangað (He has gone there)
(s-r) Hann **er kominn** hingað (He is here) (He has arrived)
(s-r) Báturinn **var lentur** (The boat was already on shore)
(pass) Bátnum **var lent** ("The boat was landed (by somebody"))
(s-r) Hann **var mættur** á fundinum (He had arrived at the meeting)
(pass) Honum **var mætt** á fundinum (He was met at the meeting)
(perf) Hún **hefur farið** heim (She has gone home)
(s-r) Hún **er farin** heim ("She is gone home")

Excursus.

Sometimes it may be difficult to see a clear distinction between the construction **trans verb + past part** (passive) and **trans verb + adj** derived from a transitive verb. Examples:

a. Páll var (þaul)lesinn
b. Páll var barinn.

In example a) the subject Páll is the (agent) promoter of the

action, not the patient, and consequently **lesinn** is to be considered as an adjective.

In sentence b) on the other hand the grammatical subject is not identical with the logical subject, the action described is directed against Páll and has already been performed. This kind of passive is often called situation-passive (Zustands-passiv).

To sum up:

hafa + past part	=	**begun, ongoing action**
vera + past part trans	=	**passive**
vera + past part intr **declined**	=	**situative-resultative**
vera + past part intr neuter Sg	=	**action-construction.**

15.2. The Subjunctive. Formation.

A. **The present subjunctive** is derived from the verbal present-stem without mutation. Distinctive endings are characteristic and these are shared by all verbs, strong and weak, present and preterite.

Present subjunctive.

Singular

1. p.	-i	(brjóti, telji, kenni, þoli, elski)
2. p.	-ir	(brjótir, teljir, kennir, þolir, elskir)
3. p.	-i	(brjóti, telji, kenni, þoli, elski).

Plural

Identical to the indicative forms, except **-a** in 3. pers. Pl is substituted by **-i.**

B. The preterite subjunctive is derived from the preterite stem of a verb (**2nd** canonical form of **weak** verbs, but **3rd** of strong verbs) and shows an i-mutation where possible. The characteristic endings are those of the present subjunctive in Sg, but pret indicative in Pl.

Preterite subjunctive

Singular

1.	-i	(bryti, teldi, kenndi, þyldi, elskaði)
2.	-ir	(brytir, teldir, kenndir, þyldir, elskaðir)
3.	-i	(bryti, teldi, kenndi, þyldi, elskaði)

Plural

1.	-um	(brytum, teldum, kenndum, þyldum, elskuðum)
2.	-uð	(brytuð, telduð, kennduð, þylduð, elskuðuð)
3.	-u	(brytu, teldu, kenndu, þyldu, elskuðu).

Remark one:

A number of verbs have irregular subjunctive, e.g. **vera,** pres subj **sé**; pret **væri.** Such idiosyncrasies must be learned individually.

Remark two:

The verbs **munu** and **skulu**, which have no preterite form in indicative, have the preterite subjunctive forms **mundi** (myndi) and **skyldi.**

Excursus.

As all possible forms of verbs have now been introduced, it is apposite to review these using the canonical forms as basic points of reference. We select some strong verbs:

	PresInf		**PretSg**	**PretPl**	**Pastpart**
	fara		**fór**	fórum	farinn (S6)
	ind	**subj**		**subj**	
1. pers	fer	fari		færi	
2. pers	ferð	farir		færir	
3. pers	fer	fari		færi	
1. pers	förum	förum		færum	
2. pers	farið	farið		færuð	
3. pers	fara	fari		færu	

imp: far (farðu)
pres part: farandi

	aka		ók	ókum	ekinn
	ind	**subj**		**subj**	
1. pers	ek	aki		æki	
2. pers	ekur	akir		ækir	
3. pers	ekur	aki		æki	

	PresInf		PretSg	PretPl	Pastpart
1. pers	ökum	ökum		ækjum	
2. pers	akið	akið		ækjuð	
3. pers	aka	aki		ækju	

imp: ak (aktu)
pres part: akandi

	hlaupa		hljóp	hlupum	hlaupinn
	ind	**subj**		**subj**	
1. pers	hleyp	hlaupi		hlypi	
2. pers	hleypur	hlaupir		hlypir	
3. pers	hleypur	hlaupi		hlypi	
1. pers	hlaupum	hlaupum		hlypum	
2. pers	hlaupið	hlaupið		hlypuð	
3. pers	hlaupa	hlaupi		hlypu	

imp: hlaup (hlauptu)
pres part: hlaupandi.

15.3. The Use of the Subjunctive – I. The Subjunctive in main clauses.

The subjunctive is used in main clauses in two cases:

1. The **present subjunctive** is used to express **wish, command, exhortation** etc. Examples:

Gangi þér vel (good luck)
Fari hann bölvaður (damn him).

2. The principal usage of the **preterite subjunctive** is with certain verbs to express possibility with no reference to tense. The most common verbs are: **vera** (be), **vilja** (want), **mega** (may), **þykja** (seem), **þurfa** (need), **eiga** (have to, ought), **geta** (be able to) and **skulu** (shall). Examples:

Það **væri** ágætt (That would be fine)
Vildir þú fara með honum? (Could you go with him?)
Mætti ég spyrja? (Might I ask)
Mér **þætti** gott, ef ... (It would be convenient if ...)
Ég **þyrfti** hjálp (I could use some help)
Ég **ætti** að geta gert þetta einn (I should be able to handle this alone)

Það skyldi þó aldrei vera? (Might that be?)
Gæti ég fengið áheyrn hjá kónginum? (Could I have an audience with the king?).

In most such cases one can add a **conditional clause** to the main clause, i.e.

ef það væri hægt (if it were possible)
ef þú gætir (if you could)
ef það væri þannig (if it were the case).

15.4. Conjunctions.

Conjunctions may be classified in a number of ways. Our principal criterion will be whether a conjunction coordinates sentences (A) or subordinates clauses (B). The second subclass will be further subdivided according to semantic content. Examples will be given for each class in the order of decreasing frequency but the following lists are by no means exhaustive.

A. **Coordinating conjunctions:**

og (and), **en** (but), **eða** (or), **heldur** (but), **enda** (and also, and indeed), **bæði ... og** (both ... and), **hvorki ... né** (neither ... nor).

B. **Subordinating conjunctions:**

1. **Explanatory conj:** (skýringartenging) The most important conj is **að** (that), which is found as part of many of the other conjunctions, listed below.
2. **Causal conjunctions:** (orsakartengingar)
   af því að, því að, vegna þess að (because), **úr því að, þar sem** (since).
3. **Conditional conjunctions:** (skilyrðistengingar)
   ef (if), **nema** (unless).
4. **Result conjunctions:** (afleiðingartengingar)
   svo að (so that).
5. **Concessive conjunctions:** (viðurkenningartengingar)
   þó að, þótt (although, even if).
6. **Purposive conjunctions:** (tilgangstengingar)
   til þess að, til að, svo að (in order to).
7. **Comparison conjunctions:** (samanburðartengingar)
   (comp. chapter 12.6).
   eins og (as if, as), **en** (than).

8. **Temporal conjunctions:** (tíðartengingar)
þegar, þá, er (when), **áður en** (before), **á meðan** (while).
9. **Interrogative conjunctions:** (spurnartengingar)
hvort (whether).
10. **Relative conjunctions:** (tilvísunartengingar)
þar sem (where), **hvenær sem** (whenever).

Examples for subordinating conjunctions:

1. Ég veit, **að** hann kemur
(I know he will come).
2. Barnið grét, **af því að** ég gaf því ekki sælgæti
(The child cried because I did not give it any sweets).
3. Barnið grætur, **ef** ég gef því ekki sælgæti
(The child cries unless I give it some sweets).
4. Þú hafðir lesið bókina, **svo að** þú hlaust að þekkja kvæðið
(You had read the book, so that you were bound to know the poem).
5. Terry hættir ekki að skjálfa, **þótt** ég gefi honum sælgæti
(Terry will not stop trembling, even if I give him sweets).
6. Gefðu Savalas sleikjubrjóstsykur (sleikjó), **svo að** hann hætti að skjálfa
(Please give Savalas a lolly-pop, so that he stops trembling).
7. Tarzan barðist **eins og** api
(Tarzan fought like an ape).
8. Konan hætti að lesa, **þegar** ég kom inn
(The woman stopped reading when I entered).
Barnið grét ekki, **á meðan** það tuggði sælgæti
(The child did not cry, while it chewed sweets).
9. Tarzan spurði Jóhönnu, **hvort** hún vildi búa í skóginum með sér (Tarzan asked Jane if she would like to live in the forest with him).
10. Bíllinn minn er heima, **þar sem** ég skildi hann eftir í morgun
(My car is at home, where I left it this morning).
Casanova greiddi sér, **hvenær sem** hann sá kvenmann
(Casanova combed his hair, whenever he saw a woman).

D. EXERCISES

15.1. Form new sentences.

1. Fuglinn, fljúga, vera, hreiðrið, úr
2. Land, að, koma, vera, skipið
3. Deyja, presturinn, gamall, vera

4. Verą, strákarnir, lítill, verða, brjálaður
5. Lítill, barn, sofna, vera
6. Ég, hætta, vinna, vera
7. Fara, vera, gestirnir, útlendur
8. Ljúga, þessi, saga, vera, upphaf, endi, til, frá
9. Sökkva, skipið, vera
10. Strákarnir, lítill, vakna, vera

15.2. Derive all the various forms for the following verbs.

1.	skjóta	— skaut	—	skutum	—	skotinn
2.	brjóta	— braut	—	brutum	—	brotinn
3.	segja	— sagði	—	sagt	—	
4.	líta	— leit	—	litum	—	litinn
5.	mega	— má	—	mátti	—	mátt
6.	þurfa	— þarf	—	þurftum	—	þurft
7.	sofa	— svaf	—	sváfum	—	sofinn
8.	bera	— bar	—	bárum	—	borinn
9.	gefa	— gaf	—	gáfum	—	gefinn
10.	telja	— taldi	—	talið	—	

15.3. Change the following sentences into preterite subjunctive, i.e. change assertion into wish, possibility etc.

1. Það **er** skemmtilegt að fara í bæinn
2. Ég **vil** lesa þessa bók
3. **Má** ég spyrja einnar spurningar?
4. **Á** ég að koma á fundinn?
5. Ég **þarf** að flýta mér
6. **Get** ég fengið ábæti?
7. Páll **mun** geta svarað þessu
8. Þá **verð** ég glaður
9. Mér **þykir** vænt um að heyra sannleikann
10. Ég **skal** hjálpa þér.

15.4. Conjoin the following sentences with the conjunctions indicated.

1. Páll er veikur — **enda**
   Páll reykir mikið
2. Páll er stór — **og**
   Páll er sterkur — **bæði ... og**

3.	Ég vil ekki þessa bók Ég vil hina bókina	**heldur**
4.	Ég veit það Þú ert veikur	**að**
5.	Ég kem ekki Ég hef ekki tíma	**af því að**
6.	Ég kem Þú kemur	**ef**
7.	Ég læri íslensku Ég vil geta talað íslensku	af **því að**
8.	Hann var heima Ég kom heim	**þegar**
9.	Ég las í bókinni Þú fórst út í búð	**á meðan**
10.	Ég veit það ekki Ég get komið	**hvort**

15.5. Explain in Icelandic the following proverbs.

1. Hverjum þykir sinn fugl fagur
2. Betri er einn fugl í hendi en tveir í skógi
3. Oft er gott það er gamlir kveða
4. Sælla er að gefa en þiggja
5. Glöggt er gests augað
6. Æ sér gjöf til gjalda
7. Hver er sínum gjöfum líkastur
8. Hægra er að virðast góður en vera það
9. Ekki er allt gull sem glóir (né flot sem flóir)
10. Heima er haninn frakkastur.

E. TRANSLATION

1. The bus has arrived
2. May he rest in peace
3. Can you tell me where the post office is?
4. I need to read the book, but I have not got the time
5. God bless our home
6. Everybody is expected to do his duty
7. I am going to my friend's
8. I had a headache this morning
9. May I ask you to hand me the book

10. You would have to stay much longer in Iceland in order to be able to speak Icelandic fluently
11. He came when I had knocked on the door
12. Two weeks ago I got a letter from my friend
13. Should we have a coffee-break now?
14. I met him in the street
15. Is this house for sale?

F. REPHRASE THE FOLLOWING STORY

Bragð, sem heppnaðist.

Maður nokkur var staddur í stórri verslun, þegar hann kom auga á tveggja króna pening á teppalögðu gólfinu. Hann lét hanskann sinn detta hirðuleysislega ofan á peninginn og beygði sig síðan niður til að taka hann upp ásamt peningnum. En manninum til mikillar undrunar varð peningurinn eftir á gólfinu.

Maðurinn gekk spölkorn frá, lagði svo aftur leið sína framhjá peningnum og lét dagblaðið sitt detta ofan á hann. En peningurinn fylgdi ekki með, þegar hann tók upp blaðið. En hann var ekki á því að gefast upp. Hann gerði þriðju atrennuna og í þetta skipti lét hann vasaklútinn sinn detta. En það fór á sömu leið. Um leið og hann rétti sig upp með klútinn var klappað létt á öxlina á honum og afgreiðslumaður í búðinni hvíslaði að honum: „Leyfið mér að mæla með þessu límí, herra. Það er mjög sterkt eins og þér hafið sjálfur reynt".

Maðurinn stokkroðnaði og keypti orðalaust glas af límí fyrir 30 krónur, sem áreiðanlega var ekki meira en 5 króna virði.

XVI

Chapter sixteen

A. TEXT

Páll þyrfti að fara til tannlæknis. Líklega verður læknirinn að draga úr honum tönn. Páll hefur nefnilega verið með tannpínu undanfarna daga, en ekki þorað að fara til tannlæknis og láta draga úr sér eða gera við. Auðvitað hefur honum liðið illa undanfarna daga, en mér þykir líklegt, að honum batni fljótlega, alla vega versnar honum ekki. Ef þú vandar þig (leggur þig fram), tekst þér áreiðanlega að leysa dæmið. Mér brá, er bankað var á gluggann. Mig svimaði, er ég leit niður af svölunum. Mig svíður í sárið, en þér svíður móðgunin. Hana langar til að skreppa til Akureyrar, en hryllir við tilhugsuninni að þurfa að fljúga. Engan grunaði neitt. Mér finnst þú líta illa út, líklega vantar þig vítamín. Mig þyrstir í þessum hita. Mig minnti, að þú ætlaðir að koma í kvöld.

Úr íslenskum dagblöðum

Gunnar Gunnarsson látinn.

Gunnar Gunnarsson skáld, sem lést að heimili sínu aðfararnótt föstudags á 87. aldursári, var eins og segir í forystugrein Morgunblaðsins um hann áttræðan, „einn mesti rithöfundur, sem Ísland hefur alið". Verk hans eru þekkt meðal menntaðra manna um víða veröld og hann hefur verið í hópi þeirra, sem hvað mest hafa aukið hróður þjóðarinnar. Kornungur hleypti hann heimdraganum og hélt út í lönd, þar sem hann vann sér orðstír sem einn helsti rithöfundur danskrar tungu, en hugurinn stefndi þó ávallt heim til Íslands eins og skáldsögur hans best sýna, og að sjálfsögðu varð hann einn af öndvegishöfundum þjóðarinnar, enda stóð Ísland, íslenskur arfur og íslensk þjóðmenning hjarta hans næst.

Gunnar Gunnarsson var skapheitur þátttakandi samtíðar sinnar og fylgdist með samtímaviðburðum fram til hinstu stundar. Hann var ávallt, eins og segir í fyrrnefndri forystugrein, „áhrifamikill

liðsmaður í þeirri baráttu, sem háð hefur verið gegn einræði og kúgun meðal manna og þjóða á þessari öld. Sú barátta stendur enn og kannski lýkur henni aldrei. Gunnar Gunnarsson hefur hafið merkið hátt í þeirri baráttu og mætti það verða æskumönnum Íslands verðugt fordæmi.

Í andlátsfregn um Gunnar Gunnarsson er ástæða til að vekja athygli á því hve skammt er liðið síðan hann sat í sjónvarpssal ásamt öðrum rithöfundum, aldinn en eldheitur stríðsmaður frelsis og mannréttinda, og mun sú mynd, sem Íslendingar eignuðust þar af skáldi sínu verða flestum ógleymanleg, nú þegar hann er horfinn svo skömmu síðar.

Svo eldlegur var áhugi Gunnars Gunnarssonar fram á síðustu stundu, að hann hafði samband við ritstjóra Morgunblaðsins nú í þessari viku vegna þorskastríðsins við Breta og fylgdist þá náið með framvindu þess máls. Hann hafði áhuga á því að auka og endurprenta grein sem hann hafði skrifað í síðasta þorskastríði og var með hugann við það mál eins og ungur væri og engu líkara en hann hygðist hasla sér völl í fremstu sveit þeirra manna, sem berjast fyrir 200 mílna fiskveiðilögsögunni. Ellimerki var það síðasta, sem hvarflaði að þeim, sem viðskipti áttu við hann um þetta mál. Þessa er minnst hér af þeim sökum, að það sýnir baráttuhug þessa mikla rithöfundar, en hann var eitt af helstu einkennum Gunnars Gunnarssonar alla tíð . . ."

(Morgunblaðið, 22. nóv. 1975).

Ég hef umborið manninum mínum margt, en þegar hann sagði mér að fara til helvítis, þá lét ég ekki segja mér tvisvar að flytja heim til mömmu.

Amerískur spekingur sagði eitt sinn, að það tæki móðurina tuttugu ár að gera mann úr syni sínum. Hins vegar getur ung stúlka með ljósa lokka og rauðar neglur gert unglinginn snarvitlausan á tíu mínútum.

— Þú ert í stuttu máli alveg trúlaus.

— Það voru ekki mín orð, en ég trúi ekki á annað en það sem ég get skilið.

— Já, en það kemur út á eitt.

Piparmær segir svo frá ástarævintýrum sínum:

— Fyrir þrjátíu árum fór ég eins og um var talað á stefnumót

til þess að hitta liðsforingja. Sennilega væri ég nú hershöfðingjafrú, ef hann hefði komið.

„Verið þið bara eins og heima hjá ykkur", sagði ung stúlka við gesti sína, vinkonur sínar. „Ég er sjálf heima og ég vildi helst, að þið væruð það einnig".

„Hvernig gastu farið að því að fá nágranna þinn til þess að hafa hænsnin í sínum eigin garði?"

„Eina nóttina faldi ég nokkur egg undir einu trénu í garðinum. Morguninn eftir lét ég nágrannann sjá, þegar ég tók eggin. Þetta dugði".

B. VOCABULARY

tannlæknir, MS1: dentist
tannpína, FW1: toothache
undanfarinn, adj: preceding, last few, previous
draga úr, S6, dat: pull out
gera við, W2, acc: repair
líða, S1, impers: feel
þykja, W2: impers: consider, think
batna, W4: impers: recover, improve
alla vega: in any case
versna, W4, impers: become worse, deteriorate
vanda sig (leggja sig fram), W4: work, try hard, work diligently, prepare carefully
takast, S6, impers: succeed
leysa, W2, acc: solve
dæmi, NS: problem (in mathematics)
bregða, S3, impers: be startled
svima, W4, impers: feel dizzy
svíða, S1, impers (physical pain: acc): smart, ache
svíða, S1, impers (mental pain: dat): smart
svalir, FS2, Pl: balcony
móðgun, FS2: insult
langa, W4, impers: want, wish
skreppa, S3: go for a short time, drop into
hrylla, W2, impers: shudder
tilhugsun, FS2: thought, hrylla við tilhugsun: shudder to think
gruna, W4, impers: suspect
finnast, W3, impers: feel, think
vanta, W4, impers: lack, be in need of
vítamín, NS: vitamin
þyrsta, W2, impers: become thirsty
minna, W2, impers: think
látast, S7: die
aðfararnótt: the night before
forystugrein, FS2: editorial
ala, S6: bear, give birth to
menntaður, adj: educated, civilized
veröld, FS2: world
hópur, MS1: group
auka, S2, acc: increase
hróður, MS1: fame, reputation
kornungur, adj: very young, at a tender age
hleypa, W2, dat: let loose, let run
heimdragi, MW1: "pet" lamb
h.h.: leave from home
orðstír, MS1: fame
rithöfundur, MS1: author, writer

tunga, FW1: tongue, language
hugur, MS3: mind
stefna, W2: aim at, steer
öndvegis-: main, of the best, chief..
arfur, MS1: heritage
þjóðmenning, FS1: national culture
skapheitur, adj: temperamental
þátttakandi, MW2: participant
fylgjast með, W2, dat: follow, pay attention to
hinstur, adj: last
liðsmaður, MS4: soldier, warrior
barátta, FW1: struggle
heyja, W1 (háði): fight
einræði, NS: dictatorship, totalitarianism
kúgun, FS2: oppression, tyranny
ljúka, S2, (here impers): end, finish, conclude
hefja, S6, acc: raise
æska, FW1: youth
verðugur, adj: worthy
fordæmi, NS: example
andlát, NS: death
fregn, FS2: announcement
vekja, W1, acc: awaken, call
athygli, FW2: attention
vekja athygli: point out, call attention to
aldinn, adj: old, advanced in years
eldheitur, adj: fiery
stríðsmaður, MS4: warrior
frelsi, NS: freedom
mannréttindi, NPl: human rights
ógleymanlegur, adj: unforgetable
hverfa, S3: disappear
þorskastríð, NS: cod-war
náinn, adj: near, close
framvinda, FW1: progress
endurprenta, W4, acc: reprint
hyggjast, W1: intend
hasla, W4, dat-acc: mark off
hasla sér völl: stake out in position
sveit, FS2: (a) contingent (group)
ellimerki, NSPl: signs of age
hvarfla, W4: waver, stroll
hvarfla að, W4, dat: occur to someone
af þeim sökum: because
baráttuhugur, MS3: will to fight
einkenni, NS: characteristic, distinctive feature
umbera, S4, dat-acc: tolerate, take
helvíti, NS: hell
flytja, W1: move
spekingur, MS1: wise man, sage
lokkur, MS1: curl, tress
nögl, FS4: nail (finger)
unglingur, MS1: youngster, youth
snarvitlaus, adj: hopping mad
trúlaus, adj: faithless
koma út á eitt: make no difference
piparmær/mey, FS1, irr: spinster, old maid
ástaræviníýri, NS: love affair
stefnumót, NS: rendezvous, appointment
liðsforingi, MW1: officer (G: -gja)
hershöfðingi, MW1: general (G: -gja)
nágranni, MW1: neighbour
hænsn(i), NPl: hens, poultry
duga, W3: be sufficient

C. GRAMMAR

16.1. Auxiliary Verbs V.

In previous chapters we have introduced nine auxiliary verbs, i.e. verbs that typically form constructions with other verbs. The preterite present verbs, introduced in chapter 13, also form such

constructions. Presently, we introduce five more verbs in the same category.

I. **Þurfa** (need, have to) takes **infinitive + inf particle** and expresses a stronger necessity than **eiga.** About the present forms see 16.2. Examples:

Ég **þarf að flýta** mér (I must hurry)
Þarft þú **að fara?** (Do you have to leave?)

II. **Þora** (dare) takes **infinitive + inf particle.** It is declined as follows:

þora — þorði — þorað **W3**
(subj þyrði)

Ég **þori að stökkva** (I dare to jump)
Þorir þú ekki **að fljúga?** (Don't you dare to fly?)
Ég **þori** ekki **að segja** sannleikann (I dare not tell the truth).

III. **Fá** (get) is most often used with **infinitive + inf particle** but also with **past participle neuter.** In the infinitive construction, the verb means **permission, allowance** (= mega), and, in this case, it may be supposed that the substantive **leyfi** (permission) is deleted object. With past part **fá** indicates **possibility, ability** (= geta). Fá is declined as follows:

fá — fékk — fengum — fengið S7

Examples:
Hann **fær** (leyfi til) **að fara** heim = Hann má fara heim (He may (is permitted to) go home)
Ég **fékk** (leyfi til) **að prófa** bílinn = Ég **mátti prófa** bílinn (I was permitted to try out the car)
Ég **fæ** ekki **séð,** að þetta geti verið rétt
(I connot see how this can be correct).

IV. **Láta** (let) — lét — létum — látið S7
in verbal constructions is almost completely deprived of semantic content (bring someone to do sth?)
Láta is also used with past part but then the verb **vera** is understood:

Láttu mig **vera** (friði) (Leave me alone, let me be)
Ég **lét** hann **fá** bókina (I gave him the book).

V. **Hljóta** (must) — hlaut — hlutum — hlotið (S2) as an auxiliary verb indicates **logical necessity** and is used with **infinitive** with **inf marker.** Examples:

Hann **hlýtur að koma**
(He must come)
Hann **hlýtur að vera** að koma
(He must be coming in every minute).

A number of other verbs also take infinitive or past participle. It is common to most such verbs, that they express some kind of personal attitude, subjective point of view.

Examples:

Kvíða fyrir (fear, dread)
Ég **kvíði fyrir að fljúga**
(I dread flying)
Hlakka til (look forward to)
Ég **hlakka til að fara** heim
(I look forward to going home)
Langa til (want to)
Mig **langar til að fara** í bíó
(I would like to go to the cinema).

Observe that the verbs **eiga, verða** and **mega** are often used without subject, in which case the infinitive has a passive function. In such cases the infinitive often is placed before the modal verb and the infinitive particle is then dropped, e.g. in the case of **verða** and **eiga**. Examples:

Hvað **á að gera?** (What is to be done?)
Gera á við bílinn (The car is to be repaired)
(Það á **að** gera við bílinn).
Athuga verður, hvort þetta er rétt
(It must be checked whether such is the case)
Segja má, að þetta sé **rétt** (This is indeed true).

16.2. The Present Form of the most Important Preterite Present Verbs.

Notice that the following present forms are comparable to the preterite forms of the strong verbs (comp. ch. 13).

	eiga	mega	kunna	vilja	munu	skulu	þurfa
ég	**á**	**má**	kann	vil	mun	skal	þarf
þú	**á**-tt	má-tt	kann-**t**	vil-**t**	mun-t	skal-t	þarf-t
hann	á	má	kann	vil-**l**	mun	skal	þarf
við	eig-um	meg-um	kunn-um	vil-j-um	mun-um	skul-um	þurf-um
þið	eig-ið	meg-**ið**	kunn-ið	vil-j-ið	mun-**uð**	skul-**uð**	þurf-ið
þeir	eig-a	meg-a	kunn-**a**	vil-j-a	mun-**u**	skul-**u**	þurf-**a**

There are three more preterite-present verbs (unna: love; muna: remember; vita: know), but they do not occur in a verb construction and consequently are not to be considered auxiliary verbs.

16.3. Review of the Auxiliary Verbs.

On the basis of syntactic properties the auxiliary verbs discussed so far may be divided into three groups:

with past part	**with inf**	**with að-inf**
hafa	muna	eiga
geta	skulu	kunna
(láta)	vilja	þurfa
(fá)	mega	þora
	láta	verða
		fá
		ætla
		hljóta

On the basis of semantic/syntactic function the modals may be divided into two major groups:

I. Modals modifying time or aspect (initiation of an action, completion, progress etc.).

ætla + að + inf	(future/intention)
vera + að + inf	(progressive)
vera búinn að + inf	(completion)
fara + að + inf	(begin)
hafa + past part	(+ begin + dur).

II. Modals expressing the subjective attitude of a speaker to the action described by the main verb (compulsion, need, want, intention, obligation etc.). These verbs are often used impersonally, i.e. without a subject or with a dummy subject (það).

geta + past part	(ability)
fá + past part	(ability)
munu + inf	(probability)
skulu + inf	(determination, favour)
vilja + inf	(desire)
mega + inf	(permission, broad sense)
láta + inf	(let, bring)
eiga + að + inf	(obligation)
kunna + að + inf	(ability (learned))
þurfa + að + inf	(need)
þora + að + inf	(dare)

verða + að + inf	(compulsion)
fá + að + inf	(permission)
hljóta + að + inf	(logical necessity).

16.4. Impersonal Verb Construction.

Icelandic has a number of ways to render subjectless sentences, i.e. sentences where no logical subject exists, or where the subject is not mentioned.

1. The pronouns **það, hann** may be used as dummy subjects. This is especially common with verbs denoting the weather, seasons etc. The dummy subject may be dropped, as indicated by the parenthesis, if another element is put in front of the verb:

Senn vorar (It will soon be Spring)
Í desember snjóar oft mikið (In December it often snows a lot)
(Það/hann) rignir
„ kólnar
„ haustar
„ dimmir
„ birtir
„ hlýnar.

2. **A passive construction** is very often used to suppress the subject, i.e. if one does not know the subject or does not wish to mention it:

Sagt er, að til séu draugar
(It is said, that ghosts exist)
Hann **var barinn** (af e-m)
(He was beaten up).

Similarily the **action-construction** is used if neither an agent nor a patient are involved:

Komið var við á Íslandi
(There was a stop in Iceland)
Litið var inn í bókaverslun
(There was a stop at a bookshop).

3. Finally, a number of very important verbs in Icelandic **never** take a grammatical subject, but instead a noun phrase in the **accusative** or **dative** that corresponds to either a prepositional phrase or a subject, in English:

Mér sýnist þetta vera í lagi (It seems O.K. **to me**)
Mig langar í kaffi (**I** would like a cup of coffee).

The verb always has the 3. pers Sg form in such constructions:

Mér batnar	okkur batnar
Þér batnar	ykkur batnar
Honum batnar	þeim batnar

Verbs showing this syntactic feature often denote some kind of **sensation** (verba sentiendi), and to this class belong numerous medial verbs. Some examples:

Þér brá, þegar ég kallaði (You were startled when I shouted)
Mér finnst gaman að lesa (I enjoy reading)
Mér virðist teikningin ómöguleg (The plan seems no good to me)
Mig dreymdi illa í nótt (Last night I had bad dreams)
Barninu var kalt (The child was cold)
Mig vantar æfingu (I need practice)
Póstinum seinkaði um tvo tíma (The postman was delayed for two hours).

4. Numerous verbs may be used either impersonally or personally. In such cases, the characteristic features of the impers. constructions are the same as those mentioned under 3, i.e. a) Noun(phrase) in oblique case functioning as subject and b) the main verb always in the 3. pers Sg form. Some examples:

I. **bera** (S4)
Pers Hann bar pokann heim (He carried the sack home)
Impers Kirkj**una bar** við himin
Kirkjur**nar bar** við himin
(The churche(s) stood out against the sky)
Þér ber að koma (It is your duty to come).

II. **reka** (S5)

Pers	Konan rak börnin út	Sg.
	Konurnar ráku börnin út	Pl.
	(The woman (women) drove the children out)	
Impers	Bát**inn rak** að landi	Sg.
	Bát**ana rak** að landi	Pl.
	(The boat(s) was driven ashore).	

III. **líða** (Sl)
Pers Tíminn líður hratt ("Time flies")
Impers **Mér líður** illa (I don't feel well).

Notice that a verb used impersonally differs in meaning from the same verb used personally (as with **bera** and **líða** in the examples above).

D. EXERCISES

16.1. Form new sentences with auxiliary verbs according to the semantic clues given.

1. Ég les bókina í kvöld
   a) intention .....
   b) obligation .....
   c) need .....
   d) permission .....

2. Hann stekkur yfir skurðinn
   a) intention .....
   b) obligation .....
   c) need .....
   d) dare .....

3. Páll gaf stúlkunni gjöfina
   a) intention .....
   b) obligation .....
   c) need .....
   d) permission .....

4. Þú hringdir á lögregluna
   a) intention .....
   b) obligation .....
   c) need .....
   d) permission .....

5. Þeir þýddu bókina
   a) intention .....
   b) obligation .....
   c) need .....
   d) dare .....
   e) permission .....

6. Barnið fer að borða
   a) intention .....
   b) obligation .....
   c) need .....
   d) permission .....
7. Barnið er búið að borða
   a) intention .....
   b) obligation .....
   c) need .....
8. Barnið er að borða
   a) intention .....
   b) obligation .....
   c) need .....
9. Cato gamli brenndi Karþagó
   a) intention .....
   b) obligation .....
   c) dare .....
   d) bring to (let) .....
10. Cæsar fór yfir fljótið Rubico
   a) intention .....
   b) obligation .....
   c) need .....
   d) dare .....
   e) permission .....

16.2. Insert the appropriate modal verbs:

1. Ég (have) ..... aldrei heyrt annað eins
2. Þetta (can) ..... ekki verið satt
3. Ég (will) ..... koma, ef ég get
4. Ég (shall) ..... hjálpa þér með heimadæmin

5. (May) ..... ég bjóða þér í glas?
6. (Want to) ..... þú kaupa þennan bíl
7. Ég (must) ..... að vera mættur klukkan 5
8. Ég (be supposed to) ..... að mæta klukkan 5
9. Páll (need) ..... að skreppa í bæinn
10. Hver (dare) ..... að segja sannleikann?

16.3. Insert the appropriate forms of the verbs given.

1. Þú (munu) ..... hafa á réttu að standa
2. Þú (skulu) ..... ekki stela
3. Við (hafa) ..... oft séð þessa mynd
4. Þær (munu) ..... koma á réttum tíma
5. Þið (skulu) ..... flýta ykkur heim
6. Þú (eiga) ..... að þegja, þegar þér vitrari menn tala
7. (Vilja) ..... þú hjálpa mér?
8. (Mega) ..... þið ekki leika ykkur úti?
9. Þú (þurfa) ..... ekki að koma frekar en þú (vilja) .....
10. (kunna) ..... þú að draga 1 frá 2?
11. (mega (subj pret)) ..... ég biðja um eld?
12. (geta (subj pret)) ..... þú gefið mér eld?
13. (eiga (subj pret)) ..... ég að þora að stökkva?
14. Þú (verða) ..... reiður á fundinum í gær?
15. Ég (fá) ..... ekki skilið, hvers vegna þú reiddist
16. Ökuþórinn (fá) ..... aldrei framar að aka bíl
17. Barnið (geta) ..... gengið, en (kunna) ..... ekki enn að synda
18. Enginn veit, hvað (eiga) ..... hefur, fyrr en (missa) ..... hefur

19. Sá, sem ekki (vilja) ....., þegar hann (mega) ....., (mega) ..... ekki, þegar hann (vilja) .....
20. Þú (mega) ..... fara mín vegna.

16.4. Insert the correct case form:

1. (hún) ..... langar á ball
2. (ég) ..... minnir, að hann kæmi
3. (barnið) ..... batnaði af meðalinu
4. (maðurinn) ..... vantar alla hörku
5. (ég) ..... finnst þetta ekkert fyndið
6. (ég) ..... líkar vel/illa á Íslandi
7. (Egill) ..... dreymdi oft illa
8. (Sigurður) ..... tók að syfja með kvöldinu
9. (ég) ..... grunar, að næsta ár verði erfitt
10. (hann) ..... þykir gaman að synda
11. (Grettir) ..... skorti ekki hugrekki
12. (þeir) ..... þyrstir af hangikjötinu
13. (ég) ..... hryllir við saltfiski
14. (börnin) ..... langar í bíó
15. (nemandinn) ..... vantar æfingu
16. (báturinn) ..... rak á land
17. (strákurinn) ..... líður illa
18. (hann) ..... finnst epli góð
19. (skipið) ..... seinkar um tvo daga
20. (hún) ..... brá, þegar hún sá drauginn (ghost)

16.5. Change 16.4 into Pl.

16.6. In the following sentences, drop the dummy subject and begin with the underlined elements, employing inversion where necessary.

1. Hann fer **að** snjóa **í nóvember**
2. Það **er ekki víst,** að ég geti komið
3. Það **er talið,** að allir hafi farist
4. Það **er mikilvægast** að verja 50 mílurnar
5. Það **er sagt,** að Íslendingar trúi á drauga
6. Það **er mjög líklegt,** að Íslendingar vinni þorskastríðið
7. Það var mjög kalt í Reykjavík **um síðustu helgi**
8. Það rignir mjög mikið **á haustin.**

16.7. Explain the following proverbs in Icelandic.

1. Oft er dyggð undir dökkum hárum
2. Heimskt er heima alið barn
3. Allt er hey í harðindum
4. Sá hlær best, sem síðast hlær
5. Hóf er best í hverjum leik
6. Eins dauði er annars brauð
7. Illt er að kenna gömlum hundi að sitja
8. Skamma stund verður hönd höggi fegin
9. Sjálfs er höndin hollust
10. Fátt er svo með öllu illt, að ekki boði nokkuð gott.

E. TRANSLATION

1. I must talk to you immediately
2. I would very much appreciate it if I could borrow the book (fá að láni)
3. I must go right now, actually, but I will have to wait for the next bus
4. If the patient takes this mixture regularly, then he will soon recover
5. He lacks experience in politics
6. My finger aches
7. Didn't you suspect anything?
8. Discussing these matters at all seems entirely wrong to me
9. I was startled when I heard the news
10. You will certainly succeed in learning Icelandic
11. Nobody suspected anything
12. The struggle against oppression and dictatorship in the world will never end
13. You can go now
14. He read the poem, but he couldn't understand it

15. He could have told me the answer, but he refused to do it.
16. You must clean your own boots
17. You will have to clean your own boots when you join the army
18. I must go home and make tea for my husband. Must you? Can't he make it for himself?
19. You must have been a beautiful baby
20. I needn't have written to him, because he phoned me shortly afterwards.

F. REPHRASE THE FOLLOWING ANECDOTE

FLUGFERÐIN

Á bernskuárum flugsins fór kunnur hershöfðingi eitt sinn í flugferð með flugbáti, sem herinn hafði nýfengið. Hann var mjög hrifinn af farkostinum og tók sjálfur í stýrið.

Þegar flogið hafði verið nokkra hringi, benti hershöfðinginn á flugvöll, sem hann sá fyrir neðan og sagði:

— Við skulum lenda þarna.

— Afsakið, en þetta er bátur og verður að setjast á sjó, sagði flugstjórinn.

— Auðvitað, sagði hershöfðinginn, — hvað er ég að rugla.

Síðan settist báturinn á sjóinn og allt gekk vel.

— Flugstjóri, ég er yður þakklátur fyrir, að þér bentuð mér á þá stóru villu, sem ég var næstum búinn að gera, sagði hershöfðinginn, um leið og hann opnaði hurð flugbátsins, steig út og steyptist í sjóinn.

XVII

Chapter seventeen

A. TEXT

Páll bjóst við, að hann fengi verðlaun, ef hann yrði efstur í bekknum. Yrði Páll efstur í bekknum, bjóst hann við, að hann fengi verðlaun. Páll verður að lesa vel, ef hann á að verða efstur í bekknum. Eigi Páll að verða efstur í bekknum, verður hann að lesa vel. Guðmundur vonar, að hann hljóti styrk, svo að hann geti haldið áfram námi. Enginn veit, hvað framtíðin ber í skauti sér. Enginn vissi, hvað framtíðin bæri í skauti sér. Hann kemur ekki, nema þú komir líka. Hann kemur ekki, nema ef þú kemur líka. Englendingar neita að viðurkenna hina nýju landhelgi Íslendinga, enda þótt talið sé, að flestar þjóðir muni fylgja fordæmi Íslendinga á næsta ári og færa út landhelgi sína í 200 mílur. Drengurinn kom of seint, af því að hann svaf yfir sig. Drengurinn kom ekki of seint, af því að hann svæfi yfir sig, heldur var hann veikur. Stúlkan lét vekja sig, svo að hún kæmi ekki of seint. Páll fór ekki, af því að hann yrði að fara, heldur af fúsum og frjálsum vilja. Konan gaf barninu sælgæti, svo að það þegði. Þú talar um skýrsluna, eins og hún sé eitthvert leyndarmál. Hann kom, eins og hann hafði lofað. Konan sagði manninum, að hún hefði eytt öllum peningunum, sem hann hefði gefið henni, svo að hún gæti keypt sér nýjan kjól. Maðurinn svaraði þá, að hún fengi ekki grænan eyri til viðbótar, þar sem hún ætti það alls ekki skilið, enda færi hann ekki að verðlauna hana fyrir eyðslusemina.

Úr íslenskum dagblöðum

Samþykkt samkomulagsins við Vestur-Þjóðverja í fyrradag er markverður atburður á ýmsan hátt. Í fyrsta lagi er nú leyst, um sinn a. m. k., erfið deila við eina helstu viðskiptaþjóð Íslendinga, sem staðið hefur samfleytt í rúmlega þrjú ár og verið bæði hörð og erfið á köflum. Á þessu tímabili hafa samskipti þjóðanna verið afar erfið og við Íslendingar höfum átt bágt með að skilja þá ein-

strengingslegu framkomu, sem Þjóðverjar sýndu í þessari deilu. En nú á þessu hausti hafa þeir alveg snúið við blaðinu, gengið að skilyrðum, sem við höfum sett um þriggja ára skeið og þeir hafa ekki viljað hlusta á og þess vegna hafa samningar tekist. Þess er að vænta, að Þjóðverjar beiti áhrifamætti sínum innan Efnahagsbandalagsins til þess að bókun 6 taki gildi, enda munu þeir ekki hafa veiðiheimildir hér við land eftir 1. maí n. k., ef svo verður ekki.

Í öðru lagi marka þessir samningar nokkur þáttaskil í landhelgismálinu. Í kjölfarið á samkomulaginu við Vestur-Þjóðverja voru þegar í stað gerðir samningar við Belga um óverulegt aflamagn, eða 6500 tonn, og þar af aðeins 1500 tonn af þorski og sjálfsagt er að gera einnig samninga við Norðmenn, enda er þar um að ræða sáralítið aflamagn og loks þarf að finna einhverja leið til þess að greiða fyrir frændum okkar og nágrönnum Færeyingum. Með þessum samningum höfum við einangrað Breta í landhelgisdeilunni og sýnt umheiminum, að ef okkur er sýndur skilningur og sanngirni er hægt að semja við okkur. Það hafa Bretar ekki gert. Þvert á móti hafa þeir sýnt óbilgirni, frekju og yfirgang og þess vegna er svo komið. Einangrun Breta er okkur að þessu leyti afar mikilsverð á alþjóðavettvangi og á hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. ...

(Morgunblaðið, 30. nóv. 1975).

Þeir færðu landhelgina ekki út, heldur inn, á Alþingi í gær. Allir sem einn samþykktu hinir 42 þingmenn ríkisstjórnarflokkanna að hleypa þýskum togurum, sem að undanförnu hafa haldið sig utan við 200 mílna mörkin, inn fyrir á ný, allt upp að 23 mílum frá landi.

Það mun því ekki aðeins fjölga breskum herskipum hér á miðunum í dag og næstu daga, heldur einnig þýskum togurum.

Á fjórða ár hafa Þjóðverjar ekki fengið að veiða innan 50 mílna markanna án þess að eiga á hættu að missa vörpurnar fyrir klippum varðskipanna og vera truflaðir hvenær sem er af íslensku landhelgisgæslunni, enda horfur á, að afli þeirra síðustu 12 mánuðina verði ekki nema brot af því aflamagni, sem þeir veiddu hér á ári fyrir útfærsluna í 50 mílur.

En nú eru þeir á ný boðnir velkomnir af ríkisstjórn Íslands og þingmeirihluta hennar allt upp að 23 mílum frá landi, og þurfa því ekki lengur að óttast komu varðskipanna.

En vinstri stjórnin var nú líka að tala við Þjóðverja um samn-

inga á sínum tíma segir Gunnar Thoroddsen, „fulltrúi Kassagerðar Reykjavíkur" (nafngift Morgunblaðsins) í blaðstjórn Vísis og ríkisstjórn Íslands.

Alkunnugt er, að þegar fært var á sínum tíma út í 50 mílur, þann 1. sept. 1972, þá var einróma samþykkt á Alþingi að ræða við Breta og Þjóðverja um samninga til mjög skamms tíma, gefa þeim stuttan umþóttunarfrest, enda væri settum skilyrðum fullnægt.

Það var hins vegar stefna vinstri stjórnarinnar, sem Alþýðubandlagið lagði jafnan höfuðáherslu á, að allar veiðiheimildir erlendra skipa í íslenskri landhelgi rynnu út í síðasta lagi 13. nóv. 1975, og að ekki kæmi til greina, að um neinar framlengingar yrði að ræða. Það er þessi grundvallarstefna, sem núverandi ríkisstjórn gengur þvert gegn með samningum við Þjóðverja til tveggja ára í viðbót og það um meiri afla á ári en horfur eru á, að þeir nái í ár, og með tilboðinu til Breta um áframhaldandi veiðar innan 50 mílna markanna. . . .

(Þjóðviljinn, 29. nóv. 1975).

Eiginkonan hafði gefið í skyn nokkuð lengi, að sig langaði í loðfeld. Loksins lét eiginmaðurinn undan og keypti henni minkafeld. Hún varð auðvitað yfir sig glöð, en í miðjum fögnuðinum datt henni nokkuð í hug:

– Ég elska þennan feld, en ég get ekki varist því að finna til með dýrinu, sem var flegið, svo ég gæti eignast hann.

– Þakka samúðina, elskan, svaraði bóndinn.

Jonatan Swift sagði eitt sinn í ræðu:

– Það er til þrenns konar dramb eða stærilæti, kæru áheyrendur, sem maður verður að venjast: Ættardramb, fédramb og gáfnadramb. Um þetta síðasta dramb þarf ég þó ekki að fjölyrða, af því að enginn ykkar getur átt við það að stríða.

Faðirinn fór með litlu dóttur sína í leikfangabúð.

– Jæja, Elsa mín, sagði hann. – Hvernig brúðu viltu helst?

– Ég vil tvíbura.

B. VOCABULARY

verðlaun, NPl: prize, reward
bekkur, MS2: class, grade or year in school
hljóta, S2, acc: become
styrkur, MS2: scholarship
nám, NS: studies
framtíð, FS2: future
skaut, NS: lap
bera í s. sér: bring with itself, hold
telja, W1, acc: consider, mean
þjóð, FS2: nation
fordæmi, NS: example
vekja, W1, acc: wake up
fús, adj: willing
frjáls, adj: free
vilji, MW1: will
sælgæti, NS: sweets
þegja, W2: be silent
skýrsla, FW1: report, account
leyndarmál, NS: secret
lofa, W4, dat-dat: promise
eyða, W2, dat: spend, squander
grænn, adj: green
g. eyrir: "green penny"
viðbót, FS3: addition
eiga skilið: deserve
verðlauna, W4, acc: reward
eyðslusemi, FW2: extravagance
markverður, adj: important
atburður, MS2: event
háttur, MS3: way
leysa, W2, acc: solve
samfleytt, adv: continuously, without interruption
kafli, MW1: chapter
tímabil, NS: period
samskipti, NPl: relations
bágur, adj: difficult, hard
eiga bágt með, acc: have difficulties, have a hard time
einstrengingslegur, adj: stubborn, single-minded
framkoma, FW1: behaviour
snúa við blaðinu: come around, reverse position
ganga að, S7, dat: accept
skilyrði, NS: condition
skeið, NS: period
áhrifamáttur, MS3: influence
gildi, NS: ratification
heimild, FS2: permission
þáttaskil, NSPl: turning point
kjölfar, NS: wake (as of a ship)
í kjölfarið: immediately following
óverulegur, adj: insignificant
aflamagn, NS: quantity of catch
sáralítill, adj: minuscule, tiny
greiða fyrir, W2, dat: help, assist
frændi, MW2: male relative, cousin, uncle
nágranni, MW1: neighbour
einangra, W4, acc: isolate
umheimur, MS1: the rest of the world
sanngirni, FW2: fairness
semja, W1: negotiate
þvert á móti: to the contrary
mikilsverður, adj: important
alþjóðavettvangur, MS1: international arena
hafréttarráðstefna, FW1: conference on maritime law
samþykkja, W2, acc: consent to, vote for
að undanförnu: of late
fjölga, W4, dat: increase (the number of)
herskip, NS: warship
eiga e-ð á hættu: run the risk of
varpa, FW1: trawl
klippur, FWPl: shears
varðskip, NS: patrol vessel
trufla, W4, acc: disturb, interfere with
horfur, FWPl: prospect, outlook

nafngift, FS2: appellation, title
blaðstjórn, FS2: editorial board (of a newspaper)
einróma, adj: unanimous
umþóttunarfrestur, MS2: adjustment period
fullnægja, W2, dat: fulfill
höfuðáhersla, FW1: main emphasis
renna út, S3: terminate, end
í síðasta lagi: at the latest
framlenging, FS1: renewal
grundvallarstefna, FW1: basic policy
skyn, NS: sense, understanding
gefa e-ð í skyn: hint
loðfeldur, MS2: fur coat
láta undan, S7, (dat): yield to
minkur, MS1: mink
fögnuður, MS3: joy
verjast, W1, dat: resist
finna til með, S3, dat: pity
flá, S6, irr, acc: flay, skin, strip
samúð, FS2: sympathy
dramb, NS: arrogance, haughtiness
ætt, FS2: family
gáfur, FPl: intelligence, talent
fjölyrða, W2: expatiate on, expand on
stríða við, W2, acc: struggle, fight
leikfangabúð, FS2: toy shop
brúða, FW1: doll
tvíburi, MW1: twin

C. GRAMMAR

17.1. Subjunctive – II.

A. The Subjunctive in Subordinate Clauses.

The subjunctive is rather heterogenous in origin, corresponding to optative, hortative and other forms in some languages, and virtual or conditional forms in others. Because of the manifold origin of the subjunctive, its use in Icelandic is rather complicated. In the following sections, the main rules for the use of the subjunctive in subordinate clauses are given. But first some general clues as to its meaning must be discussed.

The subjunctive indicates something unreal in the broadest sense: a wish, possibility, command (expressing a situation not yet realized), quotation (indicating that the reported speech may or may not be true) etc. Formally the subjunctive has all the tenses of the indicative and in addition the so called first and second conditional (mundi + inf and mundi + hafa + past part), but, as will be seen from the examples below, the subjunctive has actually lost the function of tenses. The preterite forms indicate something that cannot be fulfilled, whereas the present forms indicate something that may be true, may be fullfilled etc. The preterite forms are often rewritten through the form mundi + inf (conditional).

17.11. **Að-Clauses** (Skýringarsetningar)

The subjunctive is often used in að-clauses, especially after verbs expressing **wish** (óska, vona, æskja), **command** (skipa), **need** (þurfa), **belief** (halda), **fear** (óttast, vera hræddur um), **expectation** (búast við), **appearance** (finnast, virðast) or **expression** (segja). Examples:

Ég óska þess, að hann **vinni** (I wish that he could work)
Áður fyrr héldu menn, að jörðin **væri** flöt
(Formerly, people believed that the earth was flat)
Ég er hræddur um, að ég **komi** of seint
(I am afraid that I will be late)
Ég býst við, að hann **skilji** mig
(I expect that he will understand me)
Mér finnst, að þú **getir** farið
(It seems to me that you can go).

It appears from the examples that if the act described in the að-clause **is not realized,** i.e. if the speaker simply expresses a wish, hope etc. that it may be true, then the subjunctive is used. On the other hand, if the act **is realized,** the speaker subjectively believing or affirming it, then the indicative is used:

Ég heyrði, að hann **fór**	(I heard him leave)
Ég sá, að hann **fór**	(I saw him leave)
Ég vissi, að hann **var** heima	(I knew that he was home)
Ég man, að hann **fór**	(I remember that he left).

But:

Ég heyrði **ekki,** að hann **færi**	(I did not hear him leave)
Mér heyrðist, að hann **færi**	(I thought I heard him leave)
Ég sá **ekki,** að hann **færi**	(I didn't see him leave)
Ég vissi **ekki** að hann **var**/ **væri** heima	(I didn't know that he was home)
Ég man **ekki,** að hann **færi**	(I do not remember that he went)

17.12. **Conditional Clauses** (Skilyrðissetningar).

The most common conditional conjunction in Icelandic is **ef** (if), which is in fact often dropped. Conditional clauses are either **real** or **imaginary:**

Real conditional clauses are in indicative if the conjunction **ef** is used, but subjunctive if the **ef** is dropped:

Ég les, ef ég **má** (I will read, if I may)
Megi ég lesa, les ég.

In **imaginary** conditional clauses the **subjunctive preterite** is always used, and here the **subj pret** is also used in the main clause. The deletion of **ef** causes an inversion. Examples:

Ég **læsi,** ef ég **mætti** (I would read, if permitted to)
Mætti ég lesa, **læsi ég** (If permitted to read, I would)
Ég **hjálpaði** þér, ef ég **hefði** tíma (I would help you, if I had time)
Ég **færi** heim í dag, ef flogið **yrði** (I would leave for home today, if there were any flights).

17.13. Interrogative Clauses (Spurnarsetningar).

Interrogative clauses are headed by **pronouns** (hver, hvor, hvaða ...), **adverbs** (hvenær, hvar, hvert ...), or **particles** (hvort, hvort eða ...). (Compare Chapter 8.3.).

A. **Interrogative main clauses** employ the indicative almost exclusively:

Hvert **eru** þeir að fara? (Where are they going?)
Hver **er** kominn? (Who is here?).

Sentences like: **Hver gæti verið kominn?**, where the subjunctive is used, will be considered a derivation from two sentences, i.e. a) **Hann spurði** and b) **Hver getur verið kominn?** in which case the rule below applies.

B. **The Subjunctive in Interrogative Clauses.**

In interrogative subordinate clauses the subjunctive is used is two instances:

1) If the underlying sentence is in direct speech:
Jón spurði, hvert þeir **væru** að fara
(John asked where they were going).
From the underlying sentence:
„Hvert eru þeir að fara?" + Jón spurði
(Where are they going?) (John asked).

2) The pret subj is used if the interrogative clause concerns the future, possibility, doubt etc. Examples:
Ég vissi aldrei, hvort hann **kæmi** eða ekki
(I never knew whether he would come or not)

Hann vildi aldrei segja, hvert hann **færi** (fut)
(He never would tell where he were going).
On the other hand:
Hann vildi ekki segja, hvert hann **fór** (pret)
(He would not tell where he went).

Observe that interrogative subordinate clauses are most often introduced by one of a limited number of verbs. The most common of these are: **spyrja,** (vita), **skilja, sjá** and **segja. In present** only **spyrja** introduces an interrogative clause (indirect speech) in **subjunctive present,** while the others take the **indicative.**

Examples:

Drengurinn spyr, hvenær ég **komi**
(The boy asks when I will come)
Drengurinn veit, hvenær ég **kem**
(The boy knows when I will come)
Drengurinn heyrir, hvernig barnið **grætur**
(The boy hears how the child cries)
Drengurinn skilur, hvað klukkan **slær**
(The boy understands what is going on)
Ég segi, hvað ég **er** með
(I am going to say what I have with me).

Notice from the above examples that when the main verb in the main clause is in the present tense, the interrogative clause is (usually) real. But, where the main verb in the main clause is in the preterite (often with the negative particle), there are two possibilities: the interrogative clause may be either real or unreal, and in the latter case, the subjunctive (preterite) is used in the interrogative clause. Examples:

1. Ég **veit,** hvenær hann kemur (present in main clause, real).
But:

Ég **vissi** { hvenær hann **kom** (preterite in main clause, real)
hvenær hann **kæmi** (preterite in main clause, unreal).

2. Ég **segi ekki,** hvað ég er með (present in main clause, real).
But:

Ég **sagði ekki** { hvað ég **var með** (preterite in main clause, real).
hvað ég **væri** með (preterite in main clause, unreal).

Compare this with the rule for að-clauses (17.11).

To sum up:

Interrogative clauses:

A. Interrogative main clauses: **always indicative.**

B. Subordinate interrog clauses:

   a. Main verb **present,** subjunctive in interrog clause only with **spyrja,** otherwise **indicative.**

   b. Main verb **preterite, subjunctive** or **indicative** in interrogative clause depending on the meaning: **real** or **unreal.**

17.14. Nema-Clauses.

Nema (unless) indicates an exceptional condition and is used after a negative principal clause. **Nema** either stands a) alone or b) in combination with **ef.** When **nema** stands alone, the subjunctive is always used, but the **nema ef** combination is covered by the rules of 17.12. Examples:

a. Ég kem ekki, nema ég **geti**
   (I won't come unless I can).

b. Ég kem ekki, nema ef ég **get**
   (I will only come if I can).

17.15. Clauses of Purpose. (Tilgangssetningar).

Clauses of purpose are headed by the conjunctions **til (þess) að, svo að, að,** and the subjunctive is **always** used:

Flýttu þér, svo að þú **komir** ekki of seint
(Hurry up, so that you won't be late)
Lánaðu mér 1000 kr., til þess að ég **geti** keypt bókina
(Lend me 1000 kr., so that I can buy the book).

17.16. Concessive Clauses. (Viðurkenningarsetningar).

The subjunctive is always used in clauses headed by: **þó að, þótt** (in spite of, although), **enda þótt, jafnvel þótt** (even if).

Hann er huglaus, þótt hann sé sterkur
(He is cowardly, in spite of his strength)
Ég kem ekki, þótt þú **borgir** mér 1000 kr.
(I won't come, even if you pay me 1000 kr.)
Mér er kalt, þótt ég **sé** í úlpu
(I am freezing, in spite of my coat).

17.17. Clauses of Comparison. (Samanburðarsetningar).

In clauses of comparison, headed by **sem, og, eins og,** the subjunctive is used if the comparison is imaginary (a), but the indicative is employed if the comparison is real (b).

a. Hún hljóðaði sem óð **væri**
(She shrieked as if she had turned mad)
Hann hljóp eins og skrattinn **væri** á hælunum á honum
(He ran as if the devil were at his heels).

b. Ég las eins og ég **gat**
(I read what I could)
Ég kom eins og ég **hafði** lofað
(I came as I had promised).

17.18. Clauses of Result. (Afleiðingarsetningar).

Clauses implying a specific result are introduced by the conjunction **(svo) að** and have the subjunctive if the principal clause contains **denial, question,** or **command,** and if the clause of result implies sth. imaginary; otherwise the indicative:

Þú ert ekki svo heimskur, að þú **neitir** þessu
(You are not so stupid that you would deny this)
Ertu svo heimskur, að þú **neitir** þessu?
(Are you stupid enough to deny this?)
Þú skalt flýta þér, svo að þú **komir** ekki of seint
(You should hurry, so that you won't be late)
Ég var svo reiður, að ég **hefði** getað grátið
(I was so angry, that I could have cried).

But

Þú flýttir þér, svo að þú **komst** ekki of seint
(You hurried, so that you did not come late)
Hann er veikur, svo að hann **getur** ekki komið
(He is sick, so that he cannot come).

17.19. Causal-clauses. (Orsakarsetningar).

Causal-clauses headed by **af því að** (because) use the subjunctive if the cause is **imaginary** and **denied** in the principal clause, a real cause on the other hand is expressed by the indicative.

Ég kenndi ekki, af því að ég **hefði** gaman af því, heldur af illri nauðsyn

(I didn't teach because I enjoyed it, but out of bleate necessity)
Hann kom ekki, af því að hann **var** veikur
(He didn't come, because he was ill).

17.2. The Characteristics of the Subjunctive.

A main characteristic of the subjunctive in Icelandic is that it is used to indicate something **unreal** or **imaginary.** This characteristic is shared by **að-clauses** (17.11), **conditional clauses** (17.12), **interrogative clauses** (17.13), **clauses of comparison** (17.17), **clauses of result** (17.18) and **causal clauses** (17.19), any of which may be either real or imaginary. One should notice that the present form of a verb may indicate either present or future state/event, while the preterite indicative always indicates a past event. To indicate an imaginary, future event the **preterite subjunctive** is used. This explains the difference between the present and past tenses in the use of subjunctive which may be illustrated by using the following example:

I. Ég **veit** ekki	hvort hann vinnur	a. is working
		b. will be working
	hvort hann vinni	(?? impossible)
II. Ég **vissi** ekki	hvort hann **vann**	a. worked
	hvort hann **ynni**	b. would work

Sentence I may indicate either of the meanings **a** or **b**, because the present tense may refer either to future or present. Sentence II has two forms: one to refer to the "future" (**b**) and another to refer to the simple past (**a**).

17.3. Summary of Subjunctive in Subordinate Clauses.

The previous section may be summarized as follows:

1. að-clauses	ind/subj	(with verbs of certain kinds)
2. cond-clauses	ind/subj	(real/imaginary)
3. interr-clauses	ind/subj	(with verbs of certain kinds)
4. nema-clauses	subjunctive	
5. purp-clauses	subjunctive	
6. concess-clauses	subjunctive	
7. comparison-clauses	ind/subj	(real/imaginary)
8. result-clauses	ind/subj	(Subj if princip. cl. contains neg. quest or command)
9. causal-clauses	ind/subj	(Subj if princip. cl. contains neg. and is imag.)

The most common conjunctions:

1.	að-conjunctions:	að
2.	cond-conjunctions:	ef, svo framarlega sem
3.	interr-conjunctions:	hver, hvor, hvaða, hvar, hvort, hvenær
4.	nema-conjunctions:	nema
5.	purp-conjunctions:	til (þess) að, svo að, að
6.	concess-conjunctions:	þó að, þótt, enda þótt
7.	compar-conjunctions:	sem, og, eins og
8.	result-conjunctions:	svo að
9.	causal-conjunctions:	af því að.

17.4. Indirect Speech.

A. If the speaker is **not** identical with the subject of the underlying direct speech, i.e. the subject of the að-clause or interrogative clause, then the **subjunctive** is used:

Páll segir: "**Barnið** er veikt"
Páll **segir**, að barnið **sé** veikt
(Paul says that the child is ill)
Páll **sagði**, að barnið **væri** veikt
(Paul said that the child was ill).

Observe the interplay between the tenses in the main and subordinate clauses: if the main sentence contains a verb in the present tense (pres hafa + past part (perf) munu + inf (fut) etc.), then the subordinate clause has a verb similarly in the present, and vice versa:

Ég segi, að þetta sé rétt
Ég mun segja, að þetta sé rétt
Ég hef sagt, að þetta sé rétt.

In other words, the distinction between the above tenses in the main clause is neutralized in the subordinate clause, which indicates that we are here not dealing with tenses, but modifications through modal verbs.

B. If the reporter **is identical** with the subject of the underlying direct speech, then Icelandic does **not** use a that-clause like English, but a medial construction with infinitive:

Páll segir: "Páll er heima"
Páll segist vera heima
(Paul says that he is at home)

Páll sagðist **vera** heima
(Paul said that he was at home)

Páll sagðist **hafa** verið heima
(Paul said that he had been at home)

Páll sagðist **mundu** vera heima
(Paul said that he would be at home).

17.5. The Place of the Negation.

The negation particle **ekki** most often modifies verb-phrases, i.e. verb plus object, and most often follows these patterns:

A. NP + VP

	V	– Obj	– **Neg**	
Ég +	elska	– þig	– **ekki**	(I don't love you)
Ég +	keypti	–bílinn	–ekki	(I didn't buy the car)
Ég +	kenni		– **ekki**	(I don't teach).

We may say therefore that the third position (comp. 10.4) is typical for the negation, and is upheld in spite of inversion:

Kenni ég **ekki** í dag?

The negation particle, however, splits the verb-phrase in three cases:

B.I. If the main verb is composite the negation particle follows the modal verb:

NP + VP

	M	– **Neg** –	V	– Obj	
Ég +	hef	– ekki –	elskað	– þig	(I have not loved you)
Ég +	hef	– ekki –	keypt	– bílinn	(I have not bought the car)
Ég +	hef	– ekki –	kennt		(I have not taught).

II. Before the object of a phrasal verb (11.4):

NP + VP

	V	– **Neg** – prep –	Obj	
Ég +	tala	– ekki – við –	manninn	(I don't speak to the man)
Ég +	gekk	– ekki – frá –	handritinu	(I didn't complete the manuscript)

III. If a verb takes two obj:

NP + VP

V	– Obj[1]	– Neg	– Obj[2]
Ég + gaf	– konunni	– ekki	– bókina

(I didn't give the woman the book)

Ég + lofaði – þér – ekki – að koma
(I didn't promise you that I would come)

Ég + óska – þér – ekki – til hamingju
(I am not congratulating you).

These are the main rules, but exceptions are common, because the word order in Icelandic is relatively free.

Observe e.g. the following variants, where, however, **ekki** has a heavy stress in examples 1 and 4.

1. Ég keypti **ekki** bókina
2. Ég keypti bókina **ekki**
3. Ég lofaði þér því **ekki**
4. Ég barð **ekki** hundinn
5. Ég barð hundinn **ekki.**

Observe further that if the object is composite or modified by an attribute, this may cause the negation to follow the verb directly:

Ég borða ekki **kjöt og fisk**
Ég borða ekki **skemmdan fisk.**

If the negation modifies an adverb or an adjective, it is put immediately before the word to be modified.

Ég er mjög oft **ekki** heima (mod adv)
(I am very often **not at home**)
Ég er **ekki** mjög oft heima (mod verb)
(I am **not very often** at home).

D. EXERCISES

17.1. Supply the appropriate verb forms.

1. Ég vildi, að hann (koma) ..... í dag
2. Ég held, að hann (vera) ..... farinn
3. Óttast er, að skipið (hafa) ..... farist
4. Ég hringi í þig, ef ég (hafa) ..... tíma (til)

5. (Hafa) ..... ég tíma, þá hringi ég í þig
6. Ég (aka) ..... þér heim, ef ég (eiga) ..... bíl
7. Ég veit ekki, hvort Páll (vera) ..... heima
8. Ég spurði ekki, hvort Páll (vera) ..... heima
9. Ég skildi ekki, hvað þú (segja) .....
10. Þór spurði, hvar kennarinn (vera) .....
11. Mig langar að vita, hvað bókin (kosta) .....
12. Ég mála ekki herbergið, nema þú (hjálpa) ..... mér
13. Hann kemst ekki heim, nema veðrið (skána) .....
14. Leiddu barnið, svo að það (detta) ..... ekki
15. Hann hljóp, svo að hann (verða) ..... ekki of seinn
16. Ég kem, þótt ég (verða) ..... að ganga alla leiðina
17. Hann keypti bílinn, þó að hann (kunna) ..... ekki á hann
18. Hann mætti eins og hann (hafa) ..... lofað
19. Hann talar eins og ekkert (hafa) ..... gerst
20. Hann fór hratt sem kólfi (vera) ..... skotið
21. Þú skalt flýta þér, svo að þú (fá) ..... ekki skammir
22. Ég var svo óánægður, að ég (hafa) ..... getað grátið
23. Passaðu þig, svo að þú (detta) ..... ekki
24. Ég kem ekki, af því að mig (langa) ....., heldur af skyldurækni
25. Jörðin fylgir ekki sporbraut sinni, af því að hún (snúast) ..... hratt, heldur vegna aðdráttarafls sólar
26. Hann les mikið, af því að hann (vilja) ..... mennta sig
27. Hann sagði mér ekki, hvort hann (koma) .....
28. Ég vona, að þú (sjá) ..... ekki eftir þessu
29. Ég hugsa, að ég (koma) .....
30. Ég vildi óska, að hann (fara) .....

17.2. Change from direct speech into indirect speech:

1. Hann segir: „Þú átt bók"
2. Hann segir: „Þú ekur vel"
3. Hann sagði: „Þú átt að flýta þér"
4. Hann spyr: „Hvenær kemur skipið?"
5. Hann spurði: „Hvert fer skipið?"
6. Hún sagði: „Þú ætlar á ball"
7. Hann sagði: „Börnin gráta"
8. Ég spurði: „Er Palli heima?"
9. Ég spurði: „Getur þú lánað mér bók?"
10. Hún sagði: „Þú verður heima á morgun"
11. **Hún** sagði: „**Ég** verð heima á morgun"
12. Hann sagði: „Við getum ekki komið"
13. **Hann** sagði: „**Ég** get ekki komið"
14. **Hún** sagði: „**Ég** á heima í Reykjavík"
15. Hún sagði: „Þeir eiga heima í Reykjavík"
16. Hún spurði: „Flýgur þú til Akureyrar?"
17. Hann spyr: „Hvenær ætlar þú að fara heim?"
18. Hún spyr: „Hvar er barnið?"
19. Hann spurði: „Hvor hleypur hraðar?"
20. Hann sagði: „Ég býst ekki við, að þeir komi"
21. Hún sagði: „Þið vinnið ekki nógu vel"
22. Hann segir: „Mig langar að tala við þig"
23. Hann spurði: „Sérðu eftir að hafa farið?"
24. Ég sagði: „Nú átt þú að fara að sofa"
25. Hann spurði: „Heldur þú, að hann fáist til að koma?"
26. Hann sagði: „Ég vil ekki, að hann troði þér um tær"
27. Hún spurði: „Ertu svo vitlaus að þú sjáir þetta ekki?"
28. Barnið spurði: „Trúir þú á guð?"
29. Páll sagði: „Siggi bauð mér heim"
30. Hún spurði: „Verpa hænurnar ekki vel?"

17.3. Insert the negation particle in the appropriate place.

1. Ég svaraði manninum
2. Ég svaraði í símann
3. Ég keypti gamla, slitna frakkann
4. Ég keypti frakkann
5. Ég ætla að kaupa frakkann
6. Ég hef oft séð þessa mynd
7. Bifvélavirkinn gerði við bílinn

8. Bifvélavirkinn hefur gert við bílinn
9. Ég skrifaði þér bréf
10. Ég seldi honum bókina
11. Ég skipaði henni að koma
12. Ég bauð honum sígarettur
13. Það kostar mig mikla fyrirhöfn
14. Hann bað mig að koma
15. Ég óska þér til hamingju.

17.4. Explain the following proverbs in Icelandic.

1. Svo má deigt járn brýna að bíti
2. Ekki er sopið kálið, þótt í ausuna sé komið
3. Neyðin kennir naktri konu að spinna (nakinni)
4. Sá á kvölina sem á völina
5. Allt vill lagið hafa
6. Sækjast sér um líkir; líkur sækir líkan heim
7. Tíminn læknar öll mein
8. Maður er manns gaman
9. Maður kemur í manns stað
10. Öllu má nafn gefa.

E. TRANSLATION

1. Is it true that you are leaving town?
2. It would be fine if I could come with you
3. I am not going to talk to you unless you apologize
4. The teacher asked the boy what his name was and where he came from
5. I am going to write a letter to my friend so that he will get the news as soon as possible
6. We have only two degrees frost today although it feels pretty cold
7. Please speak more slowly, so that I can understand you
8. I hurried as much as I could, although I knew that I would be late
9. He is not so deeply insulted that he will refrain from coming
10. Are you quite sure that you do not want to read the book?
11. He drank as if he had not had a drop of liquid for days
12. I do not expect him to come
13. In order not to awaken him, we didn't move
14. We must finish now, for it's nearly bedtime

15. Although it is late, we'll stay a little longer
16. She bought a book so (that) she might learn English (**Purpose**)
17. She bought a good book so (that) she learned English well (Result)
18. Nothing is as bad as you think
19. They rented the top floor so that they might have a good view
20. How you look is not important, but how you behave is.

F. REPHRASE THE FOLLOWING STORY

AFMÆLISKAKAN

Maður nokkur kom inn í eitt af kunnustu brauðgerðarhúsum í New York og bað um, að bökuð yrði fyrir sig afmæliskaka, en hún yrði að vera eins og „s" í laginu. Hann bað um, að hún yrði fallega skreytt, og sagði hvaða dag hún yrði að vera tilbúin.

Daginn fyrir hinn tiltekna dag kom maðurinn í brauðgerðarhúsið til þess að athuga, hvort ekki væri allt í lagi með kökuna. Honum var sagt, að þegar væri búið að baka kökuna í laginu eins og stórt „S". „En ég vil, að hún sé eins og lítið „s"," sagði maðurinn. „Það verður að laga þetta, og kakan verður að vera tilbúin á morgun".

Bakarameistarinn sá, að maðurinn var svo æstur, að tilgangslaust væri að mótmæla honum. Hann sagði því, að þetta væru sín mistök, sem reynt yrði að bæta úr eftir mætti.

Daginn eftir kom svo maðurinn enn. Var þá búið að breyta kökunni og gera úr henni lítið „s".

„Þetta er ágætt!" hrópaði hann. „Þetta er einmitt hin rétta lögun".

Síðan dró hann upp veskið og borgaði kökuna.

„Herra", sagði bakarameistarinn. „Hvert á svo að senda kökuna, eða ætlið þér að taka hana með yður?"

„O, það er allt í lagi með það", sagði maðurinn og bandaði frá sér með hendinni. „Ég borða hana bara hérna".

XVIII

Chapter eighteen

A. TEXT

Úr íslenskum dagblöðum

Vildi ekki fara heim með blaðapakkann og lét hann detta oní skurðinn.

Sögur af dýrum og frásagnir blaðanna af atvikum, þar sem þau eiga meiri eða minni hlut að máli, er ætíð vinsælt efni. Á þessu ári hefur það komið nokkrum sinnum fyrir að sagt hefur verið frá hundum, sem hafa unnið ýmis afrek og bjargað mannslífum. Hundur bjargaði heimilisfólki á bæ einum, þar sem eldur kom upp um nótt. Sporhundur fann gamlan mann suður í Öskjuhlíð um hánótt, en gamli maðurinn hafði lagst fyrir villtur orðinn og úrvinda af þreytu. Loks er frásögnin á dögunum af tíkinni vestur á Patreksfirði, sem barg lífi hins þjóðkunna trillukarls Andrésar.

Þessi saga, sem hér verður reynt að segja, rifjaðist upp fyrir mér eitt kvöldið um daginn, en hún er ekki um björgunarafrek eða eitthvað í þeim dúr. Þetta er eiginlega skemmtisaga af heimilishundinum í Garði í Hrunamannahreppi, en söguna sagði mér málsmetandi bóndi þar eystra og leitaði ég síðan staðfestingar á henni hjá Garðs-bóndanum, Einari Hallgrímssyni, sem þar býr ásamt konu sinni, Sigurbjörgu Hreiðarsdóttur.

Þessi saga vakti athygli í sveitinni og voru ýmsir, sem ekki vildu leggja trúnað á hana, fyrst í stað að minnsta kosti.

Heimilishundur þeirra Sigurbjargar og Einars í Garði er nú átta ára. Hann er af Lassy-kyni og er kallaður Hringur. Hann var hvolpur, er hann var vaninn á það að fara yfir að næsta bæ, Hvammi, til að sækja Morgunblaðið. Þangað kom það með mjólkurbílnum, sem tengdasonur Garðshjónanna ók í þá daga. Þá önnuðust mjólkurbílarnir póstflutninga þar eystra.

Fyrir um það bil þremur árum var gerð sú breyting á póstdreifingunni, að farið var að senda póstbíla daglega með bréfa- og blaðapóstinn. Hringi lærðist það fljótlega að fara í veg fyrir póstbílinn til að sækja póstinn til húsbænda sinna, og þessu daglega

starfi skilar hann af stakri samviskusemi. Við heimreiðina að Garði stendur Hringur, þegar póstbíllinn kemur. Póstbílstjórinn fer í pósttöskuna og sækir póstinn, réttir hann út um gluggann, en þar tekur Hringur póstinn fimlega í kjaftinn og skokkar síðan með hann heim til sín. — Þannig hefur þetta gengið og gengur alltaf. — En svo var það dag einn í vor er leið, að hið óvænta gerðist. Þegar Hringi var réttur pósturinn greip hann póstinn í kjaftinn að venju, en snerist á hæli og snaraðist fram á skurðbrún við veginn í stað þess að skokka strax heim. Á skurðbrúninni lét Hringur póstinn — sem var blaðapakki — detta beint ofan í skurðinn.

Póstmaðurinn, sem hafði horft á eftir hundinum, snaraði sér í hvelli út úr bílnum og fram á skurðbarminn og niður í skurðinn og náði blaðapakkanum. Hann hafði ekki vandað Hringi kveðjurnar. — En viti menn! Þessi blaðapakki var alls ekki merktur Garðsheimilinu. Póstbílstjórinn fór í pósttöskuna — þar var blaðapakkinn til Einars í Garði, Morgunblaðið. — En blaðpakkinn, sem Hringur hafði látið detta í skurðinn, var merktur öðru heimili í sveitinni og í þeim pakka var ekki Morgunblaðið heldur Þjóðviljinn. Póstbílstjórinn fékk nú Hringi Morgunblaðspakkann, sem hann greip léttilega í skoltinn og skokkaði heim í hlað, stoltur að vanda.

Ekki er svo þessi saga af Hringi í Garði lengri, en margir eru þeir, sem þekkja til austur í Hreppum, sem hafa skemmt sér yfir þessari sögu.

— Og svo til þess að þessi stutta frásögn væri nú í lagi, las ég hana fyrir Einar í Garði, sem sagði hana pottþétta.

— Sv. Þ.

(Morgunblaðið, 6. desember 1975).

Maður, sem ætlaði að ferðast með farþegaskipi, var settur í klefa með Reynolds majór, sem einnig var á farþegalistanum. Litlu eftir að skipið var lagt úr höfn kom maðurinn æðandi til stýrimannsins.

— Heyrðu mig nú, hrópaði hann fokvondur, — hvað á það að þýða að setja mig í klefa með Reynolds majóri? Ég hvorki get né vil vera með þessum majóri í klefa, og ég ímynda mér, að majórinn sé á sama máli.

— Hvaða frambærilega ástæðu hefurðu fyrir því að vilja ekki vera með herforingja í klefa?

— Enga yfirleitt, en það vill svo til, að þetta er herforingi úr Hjálpræðishernum og fornafnið er María!

– Svo þú sagðir kærastanum þínum upp af því að hann varð ekki ástleitinn fyrr en hann hafði drukkið fjóra sjússa?
– Já, ég fann annan, sem varð ástleitinn eftir einn!

– Stína hlýtur að hafa mikla kímnigáfu.
– Nú, af hverju heldurðu það?
– Hún brosir svo undurblítt í hvert sinn, sem hún lítur í spegilinn!

Ungur maður sótti um stöðu og fékk áheyrn hjá forstjóranum. Hann var spurður ýmissa spurninga, m. a. hvort hann væri ekki metnaðargjarn.
– Metnaðargjarn, svaraði ungi maðurinn, – ég get sagt þér það, að verði ég ráðinn, þá skal ég ekki hætta fyrr en ég er búinn að koma þér úr þessu sæti!

Nærsýn, öldruð kona hafði nauðsköllóttan mann fyrir borðherra í samkvæmi. Án þess að taka eftir missti hún servíettuna sína á gólfið, og þegar herramaðurinn ætlaði að beygja sig að ná í hana sagði konan: – Nei takk, ekki melónu.

Það var á fjölmennum fundi. Prestur nokkur, sem var fundarstjóri, hafði haldið langa ræðu. Fundarmenn voru farnir að tínast út úr salnum. Maður, sem átti að tala næstur á eftir prestinum, sagði við hann:
– Þú hefur haldið svo langa ræðu, að ég held, að fundarmenn búist ekki við, að ég fari að tala.
– Hvað er þetta, sagði prestur. – Það búast bersýnilega allir við því. Sérðu ekki að salurinn er að tæmast?

Móðirin: – Hvers vegna viltu ekki giftast Bjarna?
Dóttirin: – Vegna þess að hann er trúleysingi. Hann trúir ekki, að víti sé til.
Móðirin: – Blessuð góða, settu það ekki fyrir þig, hann mun fljótlega komast að því, að hann hefur á röngu að standa.

Gyðingur og Íri voru keppinautar í sölumennskunni. Gyðingnum var heldur lítið gefið um þennan keppinaut og hélt því fram, að hann hefði gert sért sér margan ógreiða. Eina nótt dreymdi Gyðinginn, að engill kæmi til sín og segði sér, að hann mætti óska

sér hvers sem hann vildi. Hann fengi það en írski keppinauturinn fengi þó helmingi meira af hinu sama.

– Og þá þótti þér – sagði Gyðingurinn – sem ég svaraði englinum og segði: Ég vildi vera blindur á öðru auga!

Skuldunautur segir við innheimtumann:

Þetta er ljóta atvinnan, sem þér hafið. Þér eruð án efa mjög illa liðnir?

Innheimtumaðurinn: – Nei, þvert á móti. Það biðja mig allir að koma til sín aftur!

B. VOCABULARY

frásögn, FS2: account, tale
eiga hlut að máli: be involved
ætíð, adv: always
afrek, NS: feat, achievement
sporhundur, MS1: tracking dog
villtur, adj: lost, unable to find his way
úrvinda, adj: exhausted
þreyta, FW1: fatigue, weariness
tík, FS3: bitch
bjarga, W4/S3, dat: save
þjóðkunnur, adj: nationally known, well-known
trilla, FW1: small motorboat
rifja upp, W4, acc: recall, freshen up
dúr, MS1: from dur in music, "major": of that kind
í þeim dúr: in that vein
skemmtisaga, FW1: entertaining story
málsmetandi, adj: influential, respected
staðfesting, FS1: confirmation, establishment
trúnaður, MS3: credence, faith
leggja trúnað á, W1, acc: believe
kyn, NS: race
hvolpur, MS1: pup, whelp
tengdasonur, MS4: son-in-law
annast, W4, acc: take care of
póstflutningur, MS1: transport of post
póstdreifing, FS1: postal distribution
fara í veg fyrir, S6, acc: intercept
húsbóndi, MW2: master (of the house)
skila, W4, dat: render
stakur, adj: exemplary, unique
samviskusemi, FW2: conscientiousness
heimreið, FS2: home-road, private road
pósttaska, FW1: post-bag, mailbag
fimlega, adv: deftly, nimbly
kjaftur, MS1: mouth (of an animal)
skokka, W4: trot
snúa, S irr: turn
hæll, MS1: heel
snúast á hæli: turn on the spot, on ones heel
snarast, W4: dart, leap, move quickly
skurður, MS3: ditch, trench
skurðbrún, FS2: edge of a ditch
hvellur, MS2: report (of a gun)
í hvelli: at once, immediately
skurðbarmur, MS1: brim of a ditch
vanda, W4, dat-acc: do with care, prepare carefully
kveðja, FW1: greeting
léttilega, adv: lightly, easily
skoltur, MS1: jaw
stoltur, adj: proud

í lagi: in order, OK
pottþéttur, adj: 100% certain, beyond doubt, absolutely true
farþegaskip, NS: passenger ship, ocean liner
klefi, MW1: cabin
farþegalisti, MW1: passenger list
æða, W2: burst
koma æðandi til e-s: burst in on someone
stýrimaður, MS4: helsman, steersman
fokvondur, adj: raging mad, furious
þýða, W2: mean
ímynda, W4, dat: imagine
mál, NS: speech, speaking, tongue
á sama máli: of the same opinion
frambærilegur, adj: presentable
ástleitinn, adj: amorous
sjúss, MS1: drink
kímnigáfa, FW1: sense of humour
undurblítt, adv: very softly
spegill, MS1: mirror
sækja um, W2, acc: apply for
áheyrn, FS2: audience
metnaðargjarn, adj: ambitious
ráða, S7, acc: hire
nærsýnn, adj: near-sighted
nauðsköllóttur, adj: bald-headed
fundarstjóri, MW1: chairman
tínast út, W2: start to leave, go out (one by one, with intervals)
bersýnilega, adv: obviously, evidently
tæmast, W2: become empty
trúleysingi, MW1: pagan (G: -gja)
víti, NS: hell
setja eitthvað fyrir sig: have reservations about something
komast að, S4, dat: find out
hafa á röngu að standa: to be wrong
keppinautur, MS1: rival
sölumennska, FW1: selling
halda fram, S7, dat: maintain, assert
ógreiði, MW1: disservice
engill, MS1: angel
blindur, adj: blind
skuldunautur, MS1: debtor
innheimtumaður, MS4: tax-collector
vera illa liðinn: be unpopular
þvert á móti: on the contrary

C. GRAMMAR

18.1. Word Formation.

Broadly speaking, words in Icelandic are formed in two different ways; by **composition** or **derivation.** A new word is said to be formed by derivation if it is formed from a stem through a **prefix** or a **suffix.** In many such cases, however, the suffix has disappeared, frequently leaving some traces on the stem, e.g. umlaut.

It would take us too far afield to consider word formation in detail and therefore we will confine ourselves to the enumeration of some examples representative of the most important classes.

18.2. Composition.

All classes of words may be combined with other words, thus generating composite words. Just as in English, the second part

constitutes the basis, or core, according to which the new word is declined (gender, class). Examples:

skóli (school) + **bók** (book)	skóla**bók** (schoolbook)
smár (little) + **barn** (child)	smá**barn** (little child)

There are three kinds of composition, and in the order of relative frequency these are:

1. The first component of a composite word has a declensional ending, most often the genitive singular or plural. The choice of the appropriate number depends on logical reasons, i.e. whether the Sg is for semantic reasons more logical than the plural or vice verse. Examples:

mannsmynd (the likeness of a man or a picture of a man)
mannabústaður (domicile of humans)
barnsaldur (childhood)
barnaskóli (school for children)
gestsauga ("the eye of a visitor")
gestagangur (the coming of visitors).

2. The first component is the bare stem with various syntactic/semantic functions:

húsfélag (apartment house association)
sólskin (sunshine)
himintungl (celestial bodies)
morgunverður (breakfast)
bílstjóri (car driver).

3. A connective morpheme, most often the vowels **-i-** or **-u-**, may join the components. These connective vowels most often do not appear elsewhere. This type, with the connective vowel **-i-**, is especially common if a weak verb of the second subclass (W2) serves as the first component:

senda, W2,	sendibréf (letter)
ráða, S7,	ráð**u**nautur (adviser)
læra, W2,	lærifaðir (teacher)
land, NS,	land**a**reign (territory)
leiður, adj,	leið**i**nlegur (boring)
hjarta, NS,	hjart**a**nlegur (cordial)
sannur, adj,	sann**a**rlega (indeed)

herðar, FPl,	herðibreiður (broad-shouldered)
herðar, FPl,	herðabreiður (broad-shouldered)
herðar, FPl,	Herðubreið (a mountain's name).

Remark:

We observe that verbs and their complements may serve as a basis for composition:

gera við, W2,	**viðgerð** (repair)
tala við, W4,	**viðtal** (interview)
búa til, S7,	**tilbúinn, tilbúningur** (fiction) (fictive).
finna til, S3,	**tilfinning** (sensation)

18.3. Derivation — Prefixes.

The most common prefixes in Icelandic are as follows:

aðal- (principal): aðaldalur (principal valley); aðalatriði (main point); aðalbraut (main street); aðalmaður (key figure).

al- (all, complete): alheimur (the universe); alþjóðlegur (international); alvitur (all-knowing).

all- (quite, rather); allvitur (quite wise); alldýr (rather expensive); alllengi (fairly long).

and- (anti-, counter-): andstæðingur (adversary); andlit (face); andstaða (opposition).

auð- (easily): auðveldur (easy); auðvitað (obviously); auðgerður (easily done).

einka- (private, special): einkaframtak (private enterprise); einkasala(monopoly); einkaeign (private property); einkalíf (private life).

fjöl- (multi-, poly-): fjölrita (mimeograph); fjölfræðibók (lexicon); fjölhæfur (versitile).

frum- (proto-, primeval): frumkvæði (initiative); frumtunga (proto-language); frumskógur (primeval forest).

gagn- (against): gagnkvæmur (mutual); gagnvart (against) (through); gagnsær (transparent) (also gegnsær).

mis- (mis): misskilja (misunderstand); misminna (remember incorrectly); misnota (misuse, abuse).

ó- (un-, in-): ófær (impossible); ódýr (cheap); óskýr (unclear); óbeinn (indirect).

of- (too, too much): ofdrykkja (alcoholism); ofbirta (dazzle, glare); oflof (overpraise).

sí- (always, ever): síungur (ever young); síbreytilegur (ever changing); sífullur (always drunk).

tor- (difficult): torsóttur (hard to obtain, hard wrought); torveldur (difficult); torskilinn (abstruse); torfær (hardly passable).

van- (neg pref): vanmeta (underestimate); vanheilsa (poor health); vantrú (disbelief); vanhugsaður (ill-considered, ill-conceived).

18.4. Derivation – Suffixes.

Derivation through suffixes is very common in Icelandic. In this section some common suffixes will be enumerated, i.e. suffixes forming a) nouns; b) adjectives and c) verbs.

a) Derived nouns:

1. The following suffixes are employed to form an **agent-noun.**
   -ari: leikari (leika) (actor); setjari (setja) (type-setter).
   -andi: kaupandi (kaupa) (buyer); lesandi (lesa) (reader).
   -i: trúboði (boða) (missionary); gestgjafi (gefa) (innkeeper).
   -ir: mælir (mæla) (meter); læknir (lækna) (doctor).
2. **-ð/-d/-t** is used to form feminine nouns from adjectives (nouns), with i-mutation where possible:
   fegurð (fagur); lengd (lang-ur); hæð (há-r); dýpt (djúp-ur); ferð (far-a); smæð (smá-r); mjódd (mjó-r).
3. **-(n)aður/ (n)uður** forms MS3 words from verbs:
   fagnaður (fagna) (merry-making, festival);
   söfnuður (safna) (parish).
4. **-sla** forms feminine words (FW1) from weak verbs of the second subclass (W2):
   kennsla (kenna) (teaching); reynsla (reyna) (experience); veisla (veita) (party); brennsla (brenna) (burning).
5. **-un** forms feminine words (FS2) from weak verbs of the fourth subclass (W4) usually:
   minnkun (minnka) (decrease); hegðun (hegða sér) (behavior); fölsun (falsa) (false) (falsification); lokun (loka)

(closing, closing time, closure); drottnun (drottna) (rule); skemmtun (skemmta, W2) (amusement).

6. **-ing/-ung** (FS1)
   -ingur (MS1) (-lingur)
   -ingi/-ungi (MW1)

   The basic word may be of almost any class:
   æsing (æsa) (excitement); djörfung (djarfur) (courage); snillingur (snjall) (man of genius); náungi (fellowman) (ná(legur)); höfðingi (höfuð) (chief); stráklingur (strákur) (boy); hvatning (hvetja) (encouragement).

b) Derived adjectives:

1. **-ugur:**

verðugur (verð, NS/verð-ur, adj)	(worthy)
grösugur (gras, NS)	(grass-grown, fertile)
göfugur (gefa, S6)	(noble)
skítugur (skítur, MS2)	(dirty)

2. **-ull:**

athugull (athuga, W4)	(attentive)
spurull (spyrja, W1)	(inquisitive)
þögull (þegja, W2)	(taciturn)
sannsögull (segja, W2)	(truthful)

3. **-inn:**

heppinn (happ, NS)	(lucky)
lesinn (lesa, S5)	(scholarly)
marinn (merja, W1)	(bruised)
brotinn (brjóta, S2)	(broken)

4. **-(i)legur:**

hrottalegur (hrotti, MW1)	(rough)
vinalegur (vinur, MS2)	(friendly)
ágætlegur (ágætur, adj)	(magnificient, excellent)
léttilega (léttur, adj)	(easily)

5. **-samur:**

lánsamur (lán, NS)	(lucky)
hávaðasamur (hávaði, MW1)	(noisy)

6. **-andi:** (See 6.1 and 12.4)

undrandi (undur, NS; undra, W4, impers)	(astonished)
spennandi (spenna, FW1)	(exciting)
smitandi (smita, W4)	(infectious)
áríðandi (ríða á, S1, dat)	(important).
áberandi (bera á, S4, dat)	(striking, marked, prominent)

c) Derived verbs:

1. The most important suffix in the derivation of a weak verb from a strong verb, adjective etc., probably is the suffix -j-, but it is often lost, especially after a stem containing a diphthong. The derived verbs belong to either the **1st** weak subclass, i.e., when the -j- is **preserved,** or else to the **2nd weak** subclass, where the -j- is **lost.** In both cases this derivation causes an i-mutation where possible. If the verb is **deverbative,** then the second canonical form of the original (strong) verb serves as the basis for forming the new (weak) verb:

brjóta	—	**braut**	breyta W2 (change)
líta	—	**leit**	leita W4 (look for, seek)
sitja	—	**sat**	setja W1 (put down, seat)
liggja	—	**lá**	leggja **W1** (lay) etc.
hallur, adj	—		**hella** (W2) (pour)
vanur, adj	—		**venja** (W1) (train)

2. Other suffixes through which a verb may be formed are not very common:

-g- líf**g**a (líf) (revive); þýf**g**a (þýfi) (accuse of theft);
-k- blíð**k**a (blíður) (soften); breik**k**a (breiður) (make broader)
-s- hrein**s**a (hreinn) (clean out);
-n- sof**n**a (sofa) (fall asleep); vak**n**a (vaka (wake up)).

18.5. Word Formation through Ablaut.

As we have seen the main function of the various ablaut grades is to distinguish between the tenses of strong verbs. Ablaut may, however, also play an important role in the formation of words, i.e. the various grades may serve as basic stems from which various words may be derived through suffixes. For each ablaut row productive in this sense, a strong verb can usually be found that fits it.

PresInf	PretSg	PretPl	Pastpart
brjóta –	braut –	brutum –	brotinn
			brot, NS
	breyta, W2 (18.4 c)		**brotna** W4
	braut, FS2	**brytja**, W4	
	breyting, FS1	**bryti**, MW1	
	breyttur, adj	etc.	
bíta –	beit –	bitum –	bitinn
	beita, W2 (18.4, c)1)		**bit**, NS; **bitur**, adj
	beita, FW1		**bitna**, W4
	beit, FS2; **beiskur**, adj		**biti**, MW1
	beittur, adj		**bitlingur**, MS1
gefa –	gaf –	gáfum –	gefinn
gjöf, FS2	**göfugur**, adj	gæfa FW1	
gifta, W2	**göfga**, W4		
gifting, FS1			
gjöfull, adj		etc.	
fara –	fór –	fórum –	farinn
far, NS	**færa**, W2		**fjölfarinn**, adj.
ferð, FS2	**færð**, FS2 (**ófærð**)		
för, FS2	**færsla**, FW1	etc.	
ferill, MS1			
farangur, MS1			
ferðast, W4			

D. EXERCISES

18.1. Form new words according to the following pattern:



A.		B.	
ættar-	-hver	jökul-	-leysa
mis-	-bolti	vit-	-verslun
sí-	-jafn	sunnu-	-sækja
fót-	-ungur	heim-	-á
gos-	-nafn	fata-	-dagur

A.		B.	
ó-	-matur	blóð-	-staður
öku-	-blandaður	skemmti-	-helgi
hádegis-	-regla	glæpa-	-rauður
lög-	-stjóri	erfiðis-	-mynd
rit-	-maður	land-	-vinna

C.		D.	
ferða-	-nautur	flug-	-reyna
Reykja-	-farinn	megin-	-vondur
fjöl-	-flug	skóla-	-maður
ráðu-	-lag	ná-	-land
mötu-	-braut	of-	-lag
innanlands-	-vík	lands-	-vél
aðal-	-neyti	geð-	-fólk
svefn-	-dagur	ræðu-	-búi
bók-	-sali	verk-	-lið
laugar-	-poki	fylgdar-	-fall

18.2. Form new **nouns** from the following words:

slátra (W4) ..... þenja (W1) .....

byrja (W4) ..... skýra (W2) .....

hlaupa (S4) ..... gæta (W2) .....

vísa (W4) ..... vanta (W4) .....

þungur (adj) ..... bóka (W4) .....

mjúkur (adj) ..... blessa (W4) .....

hár (adj) ..... drottna (W4) .....

sakna (W4) ..... tryggja (W2) .....

búa (S7) ..... aumur (adj) .....

hugsa (W4) ..... Ísland (NS) .....

18.3. Form new **adjectives** from the following words:

vilja (pretpres) ..... sandur (MS1) .....

auður (MS2) ..... breyta (W2) .....

gefa (S6) ..... lygi (FW2) .....

svíkja (S1)	ágætur (adj) .....
gull (NS)	skemmta (W2) .....
stríða (W2)	friður (MS3) .....
ljúga (S2)	spara (W4) .....

18.4. Form new **verbs** from the following words:

fljúga (S2)	blautur (adj) .....
líta (S1)	bjartur (adj) .....
kunna (pret pres)	dómur (MS1) .....
rísa (S1)	töf (FS2) .....
renna (S3)	mál (NS) .....
þurr (adj)	hiti (MW1) .....
heill (adj)	bati (MW1) .....
hugur (MS3)	roði (MW1) .....

18.5. Show the canonical forms of the following verbs and derive one weak verb and one substantive/adjective from ablaut grades.

smjúga, brenna, sníða, drekka, sofa, skella, renna.

18.6. Explain the following proverbs in Icelandic.

1. Náið er nef augum
2. Flest er í neyð nýtandi
3. Illt er að eggja óbilgjarnan
4. Skömm er óhófs ævi
5. Þeir segja mest af Ólafi kóngi, sem hvorki hafa heyrt hann né séð
6. Fæst orð hafa minnsta ábyrgð
7. Ekki er ráð, nema í tíma sé tekið
8. Reiðin og vín lætur hjartað segja til sín
9. Lengi skal manninn reyna
10. Árinni kennir illur ræðari.

E. TRANSLATION

1. The Icelandic climate is affected by two oceanic currents
2. There are five political parties represented in the Icelandic parliament
3. Experience is the best teacher
4. The children like to watch the children's hour on television
5. Central heating is very commonly found in Iceland
6. The rampant inflation is the main problem in Iceland today
7. Did you come to Iceland by passanger plane?
8. International meetings are often held in Iceland
9. In winter the weather in Iceland is always changing
10. Little Red Riding Hood (Rauðhetta) brought her grandmother wine and cookies
11. Britain was invaded by William the Conqueror in 1066
12. Someone has already paid the blacksmith for mending the lock
13. "Poetry in the Atomic Age" is the title of a book
14. The great defeat of the right-wing party at the election came as no surprise
15. The so-called "bathroom" was the main room in the old Icelandic farmsteads.

F. REPHRASE THE FOLLOWING STORY

FULLKOMIN ÞJÓFABJALLA

Ef gerð yrði tilraun til að ræna í kvikmyndahúsinu, átti sölustúlkan aðeins að stíga á hnapp á gólfinu, en þá hringdi bjalla í lögreglustöðinni.

Daginn eftir að þetta var fullbúið til notkunar, kemur maður að söluopinu, miðar skammbyssu á stúlkuna og skipar henni að afhenda peningana. Hún stígur þá á hnappinn og tekur síðan peningana til að fá manninum þá. Í sama bili hringir síminn, en þegar stúlkan ætlar að taka hann, teygir ræninginn sig eftir honum og ber hann upp að eyranu.

„Þetta er á lögreglustöðinni", segir höstug rödd í símanum. „Vitið þér ekki, að þér standið á hnappinum, sem hringir þjófabjöllunni hérna?"

XIX

Chapter nineteen

A. TEXT

Föstudaginn tuttugasta desember 1975 bárust fregnir um eldgos í Leirhnjúk, sem er eldstöð um einn kílómetra frá Kröfluvirkjun. Gosið er enn sem komið er lítið, en er síðast gaus þarna, gaus tvö ár samfleytt. Tjón hefur ekki orðið af völdum gossins, nema vegarkaflar tvo kílómetra frá Kröflu hafa sigið tæplega einn metra. Jarðfræðingar fylgjast nú öllum stundum með eldvirkninni, en engu er hægt að spá um framvindan þessara náttúruhamfara. Jarðskjálftamælingar benda þó til þess, að Íslendingar séu ekki búnir að bíta úr nálinni, hvað þetta snertir.

Einhvern tíma verður allt fyrst. Einu sinni voru kóngur og drottning í ríki sínu. „Áfram veginn í vagninum ek ég" er heiti á sjálfsævisögu Stefáns Íslandi. Reynslan er oft dýru verði keypt. Egill var mikill vexti. Þessi bók er einskis virði. Drengnum finnst miklu skemmtilegra að horfa á sjónvarp en lesa bækur.

Hvalir eru að sumu leyti líkir fiskum. Verkefnið reyndist nemandanum erfitt. Rauðhærði strákurinn er einu ári eldri en sá ljóshærði og miklu sterkari en hann. Hæsta hús í Reykjavík er fjórtán hæða hátt. Tólf hæða hús eru kölluð háhýsi á Íslandi. Páll var tveimur heilum hærri á prófinu en vinur hans. Prófum lauk þremur dögum fyrir jól og kennsla hófst aftur viku eftir jól.

Úr sögu Íslands I

Talið er, að írskir munkar hafi fyrstir sest að á Íslandi. Munkar þessir voru einsetumenn, sem dýrka vildu guð sinn í einrúmi og leituðu þess vegna til afskekktra staða, eyja og útnesja. Munkar þessir munu hafa komið til Íslands á skinnbátum sínum í síðasta lagi á 8. öld. Í íslenskum heimildum eru þeir nefndir Papar, og sér þeirra enn merki í örnefnum, t. d. Papey, Papós og Papafjörður.

Á tveimur stöðum á Íslandi hafa fundist rómverskir peningar

frá 3. öld, og bendir það e. t. v. til þess, að Papar hafi ekki fyrstir manna stigið á land á Íslandi, en allt er þó óvíst um þetta efni.

Þá ber þess og að geta, að nafnið Thule kemur fyrir í heimildum sem nafn á eyju sex sólarhringa siglingu norður frá Bretlandi. Ýmsir hafa talið, að átt sé við Ísland, enda er heitið Thule oft notað um Ísland við hátíðleg tækifæri.

Er fyrstu landnámsmennirnir komu til Íslands frá Noregi á 9. öld, hröktust einsetumennirnir burtu, því að þeir vildu ekki vera með heiðnum mönnum. Frá þessu m. a. greinir í Íslendingabók Ara fróða, sem talin er rituð á fyrri hluta 12. aldar. Önnur meginheimildin um uppruna Íslendinga er Landnáma, sem varðveitt er í mörgum gerðum, öllum tiltölulega ungum.

Venja er að skipta elstu sögu Íslendinga í þrjú tímabil: landnámsöld (870–930), söguöld (930–1100) og þjóðveldisöld (1100–1264). Á landnámsöld fluttust hingað fyrstu landnámsmennirnir, flestir frá Noregi, undan ofríki Haralds konungs hárfagra. Margir þessara manna voru víkingar, þ. e. menn, sem höfðu það sér til lífsviðurværis að sigla um á víkingaskipum sínum og ræna klaustur, þjaka saklaust fólk og hneppa í þrældóm. Víkingaöldin hefst, er hetjur af þessu tagi rændu klaustrið Lindisfarne 788.

Fyrstu norrænu víkingarnir, er til Íslands komu, nefndust Naddoddur og Garðar Svavarsson, en óvíst er, hvor þeirra var hér fyrr. Naddoddur var á leið til Færeyja, en villtist og kom að Íslandi. Hann gekk á land, en fann þar enga byggð. Landið kallaði hann Snæland. Garðar Svavarsson var sænskur víkingar, og hafði hann hér vetursetu. Garðar nefndi landið Garðarshólma eftir sjálfum sér. Með Garðari var þræll nokkur, er Náttfari hét. Honum hefur líklega ekki líkað of vel vistin hjá Garðari, að minnsta kosti strauk hann á land frá Garðari og bjó síðan í Náttfaravík.

Er þeir Garðar og Naddoddur höfðu fundið landið, tóku fréttir um það að kvisast út. Varð það til þess, að Flóki Vilgerðarson, norskur víkingur, tók sig upp og flutti til Íslands. Flóki þessi er oftast nefndur Hrafna-Flóki, af því að hann hafði með sér þrjá hrafna, sem hann sleppti á leið sinni til Íslands. Sá fyrsti flaug um skut til Noregs. Annar flaug beint upp af skipinu, en settist síðan aftur á skipið. Sá þriðji flaug hins vegar um stafn fram og til Íslands. Hrafna-Flóka vegnaði illa á Íslandi, enda aðgætti hann ekki að búa sig undir veturinn, heldur lét hverjum degi nægja sínar þjáningar um sumarið og stundaði veiðar að heldri manna sið. Þar sem veturinn eftir var harður, féll búpeningur hans. Flóki

lét illa af landinu og nefndi það Ísland eftir firði, sem hann sá fullan af ís. Ekki voru þó allir félagar hans honum sammála um landskosti, og hermir sagan, að einn samferðarmanna hans hafi sagt, að á landinu drypi smjör af hverju strái.

(Framhald).

Anna: Hvers vegna varst þú að selja náttfötin þín, Ella?
Ella: Ég held ég hafi ekki mikið að gera með náttföt eftir að ég fékk næturvarðarstarfið og sef allan daginn.

Bóndi: Þetta er stærsta svín, sem ég hef nokkru sinni séð.
Annar bóndi: Já, það vegur 10 pundum meira en ég.

Kínverji lýsir réttarhöldum í Englandi á þennan veg:
— Einn maður þegir alltaf, annar talar allan tímann, og tólf menn dæma svo þann, sem þagði.

Lítil telpa: Amma, má ég sitja í kjöltu þinni?
Amman: Ónei, þú getur setið á bekknum eins og ég.
Telpan: Nei, ég má það ekki. Bekkurinn er nýmálaður!

B. VOCABULARY

berast, S4: be spread, be transmitted
fregn, FS2: news
eldgos, NS: volcanic eruption
eldstöð, FS1: volcanic site, volcano
virkjun, FS2: power plant
enn sem komið er: as yet, still
gjósa, S2: erupt
samfleytt, adv: continuously
tjón, NS: damage
af völdum e-s: caused by sth., as a result of sth.
vegarkafli, MW1: a section of road
síga, S1: subside, sink down
tæplega, adv: scarcely, hardly, almost
tæplega einn metra: almost one meter
jarðfræðingur, MS1: geologist
fylgjast með, W2, dat: follow
öllum stundum: all the time
fylgjast með öllum stundum: maintain a continuous watch over
eldvirkni, FW2: volcanic activity
spá, W3: predict
framvindan, FS2: further development
náttúruhamfarir, FPl: cataclysm, natural catastrophe
jarðskjálftamælingar: seismic measurements
jarðskjálfti, MW1: earthquake
mæling, FS1: measurement
benda til, W2, gen: suggest
bíta, S1: bite
nál, FS1: needle
bíta úr nálinni: finish, end
snerta, W2: touch, concern
ríki, NS: dominion, kingdom, empire
vagn, MS1: wagon, car

heiti, NS: name
sjálfsævisaga, FW1: autobiography
dýr, adj: expensive
verð, NS: price
dýru verði: at a high price
mikill vexti: of imposing stature
virði, NS: worth
hvalur, MS2: whale
verkefni, NS: task, exercise
heill, adj: whole (numerically)
írskur, adj: Irish
munkur, MS1: monk
setjast að, W1: settle down
einsetumaður, MW4: hermit
dýrka, W4, acc: worship
einrúm, NS: solitude, privacy
afskekktur, adj: remote, out of the way
útnes, NS: outlying point, headland, cape
skinnbátur, MS1: skin-boat
í síðasta lagi: at the latest
heimild, FS2: source
merki, NS: mark
örnefni, NS: place-name
rómverskur, adj: Roman
peningur, MS1: coin
stíga, S1: set foot on, step
óvís, adj: uncertain
bera, impers, S4: it should be
geta, S5, gen: mention
sólarhringur, MS1/2: 24 hours
sigling, FS1: sailing, voyage
eiga við, acc: mean, intend
hátíðlegur, adj: solemn
tækifæri, NS: occasion, opportunity
landnámsmaður, MS4: settler, colonist
hrekjast, W1: be driven away
greina frá, W2, dat: explain, tell, relate
fróður, adj: wise
rita, W4: write
öld, FS2: century
uppruni, MW1: origin
varðveita, W2, acc: preserve
er varðveitt: is extant
gerð, FS2: version, art, kind
tiltölulega, adv: comparatively, relatively
venja, FW1: custom
tímabil, NS: period, epoch
þjóðveldi, NS: republic
ofríki, NS: violence, tyranny
hárfagur, adj: fair-haired
víkingur, MS1: viking
lífsviðurværi, NS: means of sustenance, food, fare
hafa til lífsviðurværis: make a living from
ræna, W2, acc: rob
klaustur, NS: monastery, cloister
þjaka, W4, acc: torment, afflict
saklaus, adj: innocent
hneppa, W2, acc: compel, force
þrældómur, MS1: slavery
hetja, FW1: hero
norrænn, adj: Nordic
villast, W2: lose one's way, go astray
byggð, FS2: habitation
snær, MS irr: snow (also **snjór**)
veturseta, FW1: winter-quarters
hólmi, MW1: islet (**-ur**, MS1)
þræll, MS1: slave
vist, FS2: stay, service
að minnsta kosti: at any rate
strjúka, S2: steal away, desert
kvisast út, W4: spread out
taka sig upp: gather one's possessions
hrafn, MS1: raven
sleppa, W2, dat: release, let free
skutur, MS2: stern
setjast, W1: sit down
stafn, MS1: stem (of a ship), prow
vegna illa, W4, impers: fare badly
aðgæta, W2: take care to, consider
búa (acc) undir, S7: prepare for

nægja, W2, impers: suffice
þjáning, FS1: suffering, pain
veiði, FW2: hunting
heldri, adj (comp): better; **heldri maður:** gentleman
siður, MS3: custom
harður, adj: hard
falla, S7: die
búpeningur, MS1: cattle
láta illa af e-u: be discontented with
félagi, MW1: comrade
landskostur, MS2: quality of the land
herma, W2, acc: say, tell
samferðarmaður, MS4: companion
drjúpa, S2: drip, fall in drops
smjör, NS: butter
strá, NS: straw
smjör drýpur af hverju strái: is fertile
náttföt, NSPl: pyjamas
næturvörður, MS3: watchman
vega, S6: weigh, be of a certain weight
réttarhöld, NSPl: trial, proceedings
kelta/kjalta, FW1: lap

C. GRAMMAR

19.1. Adverbial Use of the Cases.

As we have already seen the oblique cases are very common with **transitive verbs** and **prepositions.** Furthermore we have seen (2.6,6) that the genitive is often used to relate a noun directly to another noun, and lastly, that the accusative and dative are often used as the subject-case with certain verbs. (Compare **impersonal verb constructions,** 16.3).

In addition to these uses of the various case forms, the cases may be used **adverbially,** quite apart from any word calling for oblique case. Below, the adverbial use of each of the oblique cases is considered.

19.2. Adverbial Accusative:

The accusative is used adverbially to denote **(a) time** and **(b) direction** and may therefore stand as answer to the questions: **a) when?/how long?** b) **in what direction?**

a) Bréfið er dagsett sautjánda desember 1975
Einn góðan veðurdag hætti hann að reykja
Strákurinn beið **allan daginn**
Páll var **tvo daga** í burtu.

b) Framsókn fór **hina leiðina**
Hefurðu ekið Keflavíkur**veginn?**
Hann gekk niður **götuna**
Strákurinn klifraði upp **hæðina.**

When the acc denotes direction (b) it is most often linked with **verbs of motion and adverbs of motion.** Although originally adverbial, therefore, the accusative may in these cases be taken as the object with these verbs, compare the above examples. The adverbs most often used in such constructions are: fram, heim, inn, út, upp, niður etc., comp. 10.2.

19.3. Adverbial Dative.

The adverbial dative is used to indicate:

a) the instrument with which something is performed or effected, e.g. as a possible answer to the question **what with?**

b) to denote the way in which something happens

c) to denote time; but in this capacity the dative is less common than the accusative

d) in certain phrases, especially in connection with the words **fyrir, eftir, fyrir norðan** etc.

Examples:

a) Dalurinn er **grasi** vaxinn
(The valley is covered with grass)
Þjófurinn var tekinn **höndum**
(The thief was arrested)
Grettir var bættur **fullum bótum**
(Full reparations were paid for Grettir)
Páll talaði **berum orðum** um hneykslið
(Paul spoke bluntly about the scandal).

b) Skipið sigldi **þöndum seglum** út fjörðinn
(The ship sailed with full sails down the fjord)
Hver gekk **þurrum fótum** yfir Rauðahafið?
(Who walked across the Red Sea with dry feet?)
Hann tók vini sínum **opnum örmum**
(He greeted his friend with open arms).

c) **Einu sinni** (eitt sinn) var kóngur og drottning **í ríki sínu**
(Once upon a time there were a king and queen in their realm)
Barnið leikur sér **öllum stundum** að bílnum **sínum**
(The child is always playing with its car)
Leitað hefur verið **árum** saman að gullskipinu
(The gold-ship has been searched for years).

d) Kennslu lauk **viku** fyrir jól
(Classes were over a week before Christmas)
Kennsla hófst **mánuði** eftir jól
(Classes resumed one month after Christmas)
Esjan er **nokkru** fyrir norðan Reykjavík
(Esja is some distance north of Reykjavík).

19.4. Adverbial Genitive.

Adverbial genitive is most often found in a) fixed phrases or b) denoting **place, time** etc.

a) Þú verður að hefjast **handa** strax
(You must begin at once)
Börnin fóru **leiðar sinnar**
(The children went their way).

b) Compare chapter 10 where such examples as the following were referred to simply as adverbs:

hins vegar	
sums staðar	**einhvers staðar**
erlendis	**alls staðar**
samtímis	

Note the use of the genitive case.

Examples of adverbial genitive in fixed phrases a) are best considered idiosyncratic, and must be learned individually. Those of type b) are properly considered free adverbs.

19.5. Case Goverance of Adjectives.

The main predicate of a sentence is often an adjective rather than a verb, especially in constructions with the intrans verb **vera.** Such adjectives may either govern **dative or genitive** or employ a **prepositional phrase.**

A. I. The dative is often used with adjectives denoting **subjective attitude,** i.e. with adj. denoting a) **similarity** or **difference,** b) **usefulness** or **harmfulness,** c) **friendship** or **hostility,** d) **family relationship.** Examples:

a) líkur, ólíkur, svipaður
Drengurinn er líkur **föður sínum**

b) nytsamur, þarfur, óþarfur, andstæður, hjálplegur
Páll reyndist **mér** mjög óþarfur

c) ljúfur, kær, óvinveittur, vinveittur
Þessi bók er **mér** kær
b) skyldur, tengdur, nákominn, venslaður
Páll er tengdur **frænku minni.**

But notice the alternative and more common choice of a prepositional phrase in the following examples:

Bókin var **mér** mjög nytsamleg
Bókin var mjög nytsamleg **fyrir mig**
(The book was very useful for me)
Vertu **honum** góður; vertu góður **við hann**
(Treat him nicely; Be nice to him)
Kennarinn var **stráknum** mjög reiður
Kennarinn var mjög reiður **við strákinn (út í strákinn)**
(The teacher was very angry with the boy).

II. The dative is further used to denote a **difference:**
Frissi er **tveimur árum** eldri en Steini
(Frissi is two years older than Steini)
Þessi strákur er **miklu** stærri en þú
(This boy is much bigger than you)
Páll er þremur sentimetrum **lægri** en **Óli**
(Paul is three centimeters shorter than Óli).

B. The **genitive** is used with adjectives to denote **measurement, value** etc.
Frissi er **þriggja ára** gamall
(Frissi is three years old)
Húsið er **tveggja hæða** hátt
(The house is two stories high)
Hann er **einskis** verður
(He is a worthless fellow).

Furthermore the genitive is used with adjectives is fixed expressions, and may often be substituted by a prepositional phrase:

fullur **illsku** = fullur **af illsku**
verða **e-s** var = verða var **við e-ð**
laus **allra mála** (free of concern with (obligation))
but: laus **við e-n** (free of somebody).

We conclude this section with the observation that if an adjective takes a prepositional phrase, then the meaning of such a construction is by no means always predictable, just as in the case of verb + preposition, or more often for verb + verb complement.

In such cases the adjective must be learned together with the preposition.

Examples:

leiður á e-u (tired of sth)
vondur út í e-n (angry at sbd)
sannfærður um e-n hlut (convinced of sth)
gefinn fyrir e-n hlut (inclining towards sth).

19.6. Case Governance of Adverbs.

Just like the adjectives, adverbs may govern either dative or genitive, but case governance through adverbs is not very common. Some examples:

Dative:

Þú kemur ekki **vonum** fyrr
Húsið stendur nær **vatninu** en veginum
Þú kemur **þremur dögum** of seint.

Genitive:

Hún söng best **allra**
Egill vaknaði snemma **dags**
Fréttin barst síðla **kvölds.**

D. EXERCISES

19.1. Insert the appropriate case forms:

1. Skipið var (sólarhringur) ..... á leiðinni
2. Bréfið er dagsett (fjórði) ..... þessa mánaðar
3. Hefurðu ekið (Þingvallavegurinn) .....?
4. Páll gekk (bær) ..... frá bæ
5. Barnið svaf (öll leiðin) ..... til Akureyrar
6. Víkingurinn var gyrður (sverð) .....
7. (Eitt sinn) ..... átti ég hest
8. Ég beið (tímarnir) ..... saman eftir þér
9. Dagskránni lýkur (stutt) ..... eftir miðnætti
10. Maðurinn kom (skammt) ..... fyrir hádegi
11. Barnið var mjög hjálplegt (móðir poss pron) .....

.....

14. Náið er nef (augu) .....
13. Þessi bók er (mikið) ..... leiðinlegri en hin
14. Páll er (eitt ár) ..... yngri en systir hans
15. Á Íslandi eru til 15 (hæðir) ..... hús
16. Drengurinn kom (hálftíma) ..... of snemma
17. Guðni er yngstur (börnin) .....
18. Í gær var (eitt stig) ..... frost
19. Dísa er (21 ár) ..... eldri en Frissi
20. (Fyrsti dagurinn) ..... var sólskin og blíða, (annar dagurinn) ..... var hins vegar rigning og (nokkrir dagar) .... seinna var komið frost.

19.2. Find the compound words implied in the following sentences:

1. Hús úr steini er kallað .....
2. Bréf, sem sent er, er kallað .....
3. Börn barnanna minna eru .....
4. Skrá yfir símanúmer er kölluð .....
5. Maður sem gefur út bækur er .....
6. Hver sem gýs er kallaður .....
7. Saga til skemmtunar er kölluð .....
8. Leikrit fyrir sjónvarp er kallað .....
9. Kápa á konu heitir .....
10. Tóbak til að taka í nefið er kallað .....
11. Tóbak til að reykja er kallað .....
12. Brennt vín er kallað .....
13. Dagurinn á morgun er kallaður .....
14. Verkur í höfði er kallaður .....
15. Hús fyrir hesta heitir .....

16. Kofi fyrir hunda heitir .....
17. Nám í háskóla nefnist .....
18. Skór, sem notaðir eru spari, kallast .....
19. Fréttir í hádegisútvarpi eru kallaðar .....
20. Stofa, þar sem borðað er, nefnist .....
21. Föt, sem notuð eru að nóttu til, nefnast .....
22. Vélar, sem notaðar eru á skrifstofum, nefnast .....
.....
23. Sá sem býður sig fram í kosningum nefnist .....
.....
24. Búð, þar sem blóm eru seld, nefnist .....
25. Skip, sem flytur vörur, nefnist .....

19.3. Find the appropriate adjectives.

1. Maður, sem svíkst um, er .....
2. Maður, sem oft gleymir því, sem hann á að muna, er
.....
3. Sá, sem lesið hefur mikið, er .....
4. Kona, sem oftast þegir, er .....
5. Sá, sem trúir á guð, er .....
6. Sá, sem hefur mikinn áhuga á konum, er .....
7. Sá, sem oftast er til friðs, er .....
8. Sá, sem oft lýgur, er .....
9. Sá, sem oftast er til skemmtunar, er .....
10. Það, sem vekur hlátur, er .....
11. Sá, sem er fús að sættast, er .....
12. Sá, sem ekki sést, er .....
13. Sá, sem sparar mikið, er .....
14. Sá, sem aðeins hugsar um sjálfan sig, er .....
15. Sá, sem hefur hátt, er .....

16. Sá, sem ekki hefur atvinnu, er .....
17. Þeir, sem eru á sama máli um e-ð, eru .....
18. Sá, sem á marga vini, er .....
19. Sá, sem ekki getur greitt skuldir sínar, er .....
20. Hnífur, sem ekki bítur, er .....

19.4. Explain the following proverbs in Icelandic.

1. Safnast, þegar saman kemur
2. Jafnan er hálfsögð saga, ef einn segir
3. Sannleikanum verður hver sárreiðastur
4. Oft má satt kyrrt liggja
5. Þröngt mega sáttir sitja
6. Oftast er misjafn sauður í mörgu fé
7. Aka skal seglum eftir vindi
8. Kemst, þótt seint fari
9. Betra er seint en aldrei
10. Sinn er siður í landi hverju.

E. TRANSLATION

1. The ship left port on Friday, the 5th of January
2. Yesterday he asked for you twice
3. It is a three-day journey to town
4. I did not notice anything
5. I wish you a pleasant trip
6. The horse is nineteen years old now, and of no practical value
7. Hallgerður was fair to the eye, but her character was base
8. It is just as well to call things by their proper names
9. Do you agree with the proposal?
10. The boy is very obedient to his parents
11. Water boils at 100° (degrees) centigrade
12. They had to go away last month, but they will be coming back next Tuesday
13. For centuries mankind has been plagued with famine
14. They have lived in this street for the last ten years
15. He travelled from one country to another seeking his lost brother.

F. REPHRASE THE FOLLOWING STORY

NYTJASKEPNA

Í leit minni að fágætum hlutum kom ég eitt sinn í fornsölu Sams Cohen, þar sem ég hafði stundum áður rekist á eigulega gripi. Ég gekk fram og aftur með hillunum, en fann ekkert nýtilegt. En rétt þegar ég var að fara út úr dyrunum, kom ég auga á kött, sem var að lepja mjólk úr skál. Ég sá strax, að skálin var fágætur og dýrmætur gripur. En það leit ekki út fyrir, að Sam vissi það, kannski ég gæti fengið hana fyrir lítið.

— Þetta er allra snotrasti köttur, sem þú átt þarna, Sam, sagði ég. Viltu ekki selja mér hann?

— Jú, þú skalt fá hann fyrir hundrað krónur.

Ég borgaði honum hundrað krónur og tók köttinn undir höndina, en bætti við um leið: — Það er best ég taki þessa skál með, kötturinn er sennilega vanur að éta úr henni.

— Nei, sagði Sam. Skálina get ég ekki misst.

— Jæja, ég skal kaupa hana af þér, sagði ég.

— Nei, ég vil heldur ekki selja hana, sagði Sam.

— Hvaða vitleysa, Sam. Af hverju viltu ekki selja mér þessa gömlu skál?

— Af því að frá þessari gömlu skál er ég búinn að selja 139 ketti, sagði Sam.

XX

Chapter twenty

A. TEXT

Þjónninn færði mér reikninginn. Ég lofaði að borga honum seinna. Þá bað hann mig að senda sér greiðsluna eigi síðar en daginn eftir, og ég lofaði honum því.

Páll óttaðist, að lögreglan biði sín og krefðist skýringa á framferði hans. En lögreglan spurði hann einskis, heldur skipaði honum að fylgja sér strax niður á lögreglustöð. Páll vildi ekki láta svipta sig frelsinu mótmælalaust og óskaði eftir því að fá að tala við lögfræðing sinn, en því var synjað.

Byltingarmaðurinn er allt í einu orðinn að argasta íhaldssegg. Hann er meira að segja svo langt leiddur, að hann er farinn að skrifa afturhaldsgreinar í íhaldsblöðin. Fyrrverandi vinir hans lofuðu honum því, að hann ætti eftir að sjá eftir þessu.

Hægan, hægan. Engan asa. Okkur liggur ekkert á, við höfum enn tíu mínútur til stefnu. Farðu bara á undan, ég næ þér hvort sem er á leiðinni. Ég get beðið bróður minn að aka mér, biddu vin þinn að keyra þig.

Barnið langaði út, og ég lofaði því það. Vertu ekki fyrir. Farðu frá. Ég verð að hafa hraðan á. Egill komst í hann krappan í Jórvík. Drengurinn sló slöku við námið. Taktu til í herberginu þínu. Láttu bróður þinn í friði.

Úr sögu Íslands II

Í þann mund er Hrafna-Flóki kom af Íslandi urðu tveir fóstbræður, þeir Ingólfur Arnarson og Hjörleifur Hróðmarsson, ósáttir við valdamenn í Noregi. Þeir ákváðu að flytjast búferlum til Íslands. Oftast er talið, að þeir hafi komið til Íslands árið 874, en það ártal er þó óvíst. Ingólfur skaut öndvegissúlum sínum fyrir borð, er hann nálgaðist landið, og hét að byggja þar sem þær ræki á land. Öndvegissúlurnar rak á land í Reykjavík, og þar reisti Ingólfur sér bæ. Ingólfur er talinn fyrsti landnámsmaður Íslands, þar

sem hann varð fyrstur til að taka sér fasta búsetu hér á landi. Af Hjörleifi er það að segja, að þrælar hans írskir myrtu hann og flúðu síðan til eyja nokkurra, sem síðan eru nefndar Vestmannaeyjar.

Á næstu áratugum eftir landnám Ingólfs fóru margir að dæmi hans og fluttust til Íslands, flestir vegna deilna í heimalandi sínu. Flestir landnámsmanna komu frá Noregi, u. þ. b. 80% að sögn Landnámu, en einnig komu menn frá Bretlandi, Svíþjóð og fleiri löndum. Talið er, að Ísland yrði albyggt á 60 árum.

Flestir landnámsmanna voru heiðnir og munu fljótlega hafa reist sér hof, sem urðu félagslegur kjarni í hverju héraði. Fyrir hverju hofi réð goði, sem var veraldlegur og andlegur höfðingi í sínu héraði. Líklegt er, að hofin hafi verið undirrót þinganna, sem spruttu upp víðs vegar á landinu, t. d. Þórnesþing og Kjalarnesþing. Um 930 var svo Alþingi sett að Þingvöllum. Alþingi var allsherjarþing, sem kom saman einu sinni á ári tvær vikur í senn. Alþingi var menningarmiðstöð Íslendinga. Þar hittust menn og báru saman bækur sínar, réðu ráðum sínum og spurðu tíðinda úr öðrum héruðum landsins, auk þess sem deilumál voru þar útkljáð og lög sett.

Með stofnsetningu Alþingis árið 930 er talið, að landnámsöld ljúki og söguöld taki við. Á söguöld gerast flestar kunnustu Íslendingasögurnar, flestar raunar þegar á 10. öld, t. d. Njála, Egla, Laxdæla, Eyrbyggja o. fl. Tveggja atburða frá þessu tímaskeiði er vert að geta sérstaklega. Á níunda tug tíundu aldar fann Eiríkur rauði Grænland og nam, og næstu árin fylgdu fjölmargir Íslendingar fordæmi hans. Talið er, að byggð hafi staðið með miklum blóma á Grænlandi, er mest var.

Sonur Eiríks rauða hét Leifur heppni, og fann hann Ameríku um árið 1000. Leifur kallaði landið Vínland eða Vínland hið góða, en innbyggjara þess nefndi hann skrælingja.

Íþróttir

Íþróttir eru stundaðar í æ ríkara mæli á Íslandi sem annars staðar. Sumir telja, að um tískufyrirbrigði sé að ræða, en aðrir telja, að augu manna hafi loksins opnast fyrir gildi líkamsþjálfunar og því muni trimmið og hvers kyns líkamsrækt haldast lengi. Ekki eru allir á einu máli um gildi íþrótta. Sumir telja, að aðeins líkamsþjálfun án keppni eigi rétt á sér, en aðrir halda fram kost-

um keppnisíþrótta. Heyrt hef ég mætan mann halda því fram, að íþróttir hafi drepið fleiri en þær hafa bjargað.

Útiíþróttir eru talsvert stundaðar á Íslandi, þó að veðrátta reisi þar nokkrar skorður. Helst ber að nefnt sund og knattspyrnu, en einnig útihandknattleik. Íslendingar eru býsna kræfir í handbolta, en miklu síðri í fótbolta.

Sérkennilegasta íþrótt Íslendinga er glíman, þar sem tveir eigast við í senn og reyna að fella hvor annan. Glíma er talsvert iðkuð á Íslandi, en mjög útbreidd er hún ekki. Hnefaleikar eru bannaðir með lögum á Íslandi. Frjálsar íþróttir eru talsvert stundaðar á Íslandi, t. d. hlaup og stökk, langstökk, þrístökk, hástökk og stangarstökk, spjótkast, kringlukast, kúluvarp, tugþrautarkeppni, keppni í fimmtarþraut o. s. frv. Í öllum þessum greinum er landinn þó heldur slakur. Til andlegra íþrótta telst tafl og bridds. Íslendingar hafa ávallt verið góðir skákmenn og allsæmilegir spilamenn.

B. VOCABULARY

færa, W2, dat-acc: bring
lofa, W4, dat-dat: promise
borga, W4, dat-(acc): pay
greiðsla, FW1: payment
óttast, W4, acc: be frightened of
bíða, S1, gen: wait for
krefjast, W1, gen: demand
skýring, FS1: explanation
framferði, NS: behaviour
skipa, W4, dat-acc: order
lögreglustöð, FS1: police station
svipta, W2, acc-dat: deprive
frelsi, NS: freedom
mótmæli, NSPl: protest
lögfræðingur, MS1: solicitor, lawyer
synja, W4, (dat)-dat: deny
byltingarmaður, MS4: revolutionary
argasti, adj sup: most
íhaldsseggur, MS2: a conservative
vera langt leiddur: be deeply involved in sth.
afturhald, NS: conservatism
fyrrverandi, adj: previous
sjá eftir, S5, dat: regret
hægur, adj: calm, easy
liggja á, S5 impers: be in a hurry
stefna, FW1: meeting, appointment
hafa til stefnu: (time) at one's disposal
ná, W3, irr, dat: reach, catch up with
hvort sem er: anyway, in any case
hraður, adj: fast
hafa hraðan á: hurry
krappur, adj: narrow, tight
komast í hann krappan: have difficulties, get into straits
slakur, adj: slack, loose
slá slöku við: neglect
mundur, M; **mund,** F (Pl -ir); **mund,** N: time
ósáttur, adj: disagreeing, at odds
valdamaður, MS4: lord, chief, prince
búferli, NPl; flytjast búferlum: change one's residence
flytjast búferlum til Íslands: take up residence in Iceland

skjóta, S2, dat: throw
öndvegissúla, FW1: high-seat post
borð, NS: side (of a ship)
nálgast, W4, acc: approach
heita, S7, dat-dat: vow
byggja, W2: build, settle
reka, S5, impers: drive
reisa, W2, acc: build, make
bær, MS2: farm
búseta, FW1: settlement, residence
myrða, W2, acc: murder
flýja, W1: flee
áratugur, MS3: decade
dæmi, NS: example
flytjast, W1: move
deila, FW1: quarrel, dispute
albyggður, adj: fully colonized
hof, NS: temple
félagslegur, adj: social, communal
kjarni, MW1: core, nucleus
hérað, NS, (Pl -uð): district, region
goði, MW1: a principal or priest in the ancient Ása-religion
veraldlegur, adj: secular, wordly
andlegur, adj: spiritual, intellectual
höfðingi, MW1: chief, overlord
undirrót, FS3: origin, cause, well-spring
þing, NS: assembly, parliament
spretta, S3: form, organize
allsherjar-: main-, general-
í senn: at a time
tvær vikur í senn: for a two week session
menningarmiðstöð, FS1: cultural center (G: -var)
hittast, W2: meet
bera saman, S4, acc: compare
b. s. bækur sínar: consult one another, take council
ráða, S7: decide
ráða ráðum sínum: make decisions
tíðindi, NPl: news
útkljá, W3, acc: settle
stofnsetning, FS1: foundation
ljúka, S2, dat: finish, end
gerast, W2: take place
kunnur, adj: known
atburður, MS2: event
tímaskeið, NS: period
verður, adj: worthy
fordæmi, NS: example, precedent
byggð, FS2: habitation
blómi, MW1: prosperity
standa með blóma: be prosperous, prosper
innbyggjari, MW1: inhabitant
skrælingi, MW1: savage
íþrótt, FS2: sport, athletics
stunda, W4, acc: cultive, pursue
mælir, MS1: measurement, measure, measuring device
í ríkum mæli: very much, to a great extent
æ, adv: always
líkamsþjálfun, FS2: physical exercise, body building
trimm, NS: trim, jog
líkamsrækt, FS2: physical culture
keppni, FW2: contest, competition
eiga rétt á sér: be justified
kostur, MS2: advantage
mætur, adj: esteemed, worthy
veðrátta, FW1: climate, weather
reisa, W2, acc: raise
skorða, FW1: prop, support by buttresses
reisa skorður: hamper, hinder, limit
sund, NS: swimming
knattspyrna, FW1: fótbolti, MW1: soccer
handknattleikur, MS2: handball: **handbolti, MW1**
kræfur, adj: brave
býsna kræfur: pretty good
sérkennilegur, adj: characteristic, distincitive
glíma, FW1: Icelandic "wrestling"

fella, W2, acc: cause to fall
iðka, W4, acc: pursue
útbreiddur, adj: widespread
hnefaleikar, MPl: boxing (**box, NS**)
lög, NPl: law
frjálsar íþróttir: track and field sports
hlaup, NS: running
stökk, NS: jumping
langstökk, NS: the long jump
þrístökk, NS: hop, step and jump
hástökk, NS: the high jump
stangarstökk, NS: pole-vault
spjótkast, NS: javelin throw
kringlukast, NS: discus throw
kúluvarp, NS: putting the shot
tugþraut, FS2: decathlon
fimmtarþraut, FS2: pentathlon
grein, FS1/2: sport
slakur, adj: mediocre
landinn: the Icelander
tafl, NS: chess
bridds, MS (brú): bridge
skákmaður, MS4: chess-player
spilamaður, MS4: card-player

C. GRAMMAR

20.1. Elliptical Phrases.

In chapter 19 we saw a number of examples where cases were used adverbially, i.e. where case forms are used independently without being governed by any other part of speech. In some examples of apparent free use of the oblique cases, however, the case-governing part of speech (usually a verb) has been deleted. This use of the oblique cases most often occurs in **a) polite phrases** and **b) exclamations.**

A. góðan dag (good day)
gott kvöld (good evening)
skjótan bata (get well soon)
gleðileg jól (merry Christmas)
góða líðan (I hope you will feel all right).
gleðilega páska (happy Easter)
gleðilegt sumar (have a good summer)
góða ferð (have a good trip)
góða skemmtun (have a good time).

In the above mentioned examples the verb **hafa** may be considered as the underlying verb, and is to be preferred to verbs like **bjóða, óska** etc., because in the first place the verb **hafa** has a broader semantic field of reference than the others referred to, and secondly it governs the accusative, which is not the case for **óska** e.g.

In the other cases it is most often obvious which verb has been deleted, as for example colloquially:

Augnablik for **Bíddu** augnablik
Andartak for **Bíddu** andartak
(One moment, wait a moment).

B. enga frekju (I want none of your insolence)
enga heimsku (Don't be stupid)
engan æsing (Keep calm)
enga ósvífni (I won't tolerate your shamelessness)
hægan (hægan) ("Cool it").

In the first four examples the deleted verb may be considered to be the verb sýna (show) in imperative, i.e. **sýndu enga frekju** etc., but the underlying sentence in the last example may be:

Hafðu þig hægan (Go more slowly; watch it).

Perhaps most common exclamatory particle in Icelandic, is **ha,** and this is derived from the accusative:

Hvað segirðu? ——→ **Hvað?** ——→ **Ha?**

20.2. Deletion of Nouns.

We have seen some examples of verb deletion in the preceding section, but the deletion of nouns and noun phrases is very common in the Icelandic language. It occurs most often in fixed phrases or proverbs.

Some examples:

taka ofan (hatt)	(greet)
bera (mat) á borð	(serve dinner)
fara á bak (hesti)	(mount a horse)
fá sér (vín) í staupinu	(to have a drink)
vera kenndur (af víni)	(be tipsy)
taka til (hendinni)	(clean up)
láta draga úr sér (tönn)	(have a tooth pulled)
láta gera við (tönn) í sér	(have a tooth fixed)
láta e-n vera (í friði)	(leave sbd. alone)
láta e-n (vera) í friði	(leave sbd. alone)
hafa hraðan (gang) á	(hurry)
skrifa (grein) í blað	(write an article)
fá (högg) á hann	(to get a slap in the face)
fá (löðrung) utan undir	(to get a slap in the face)
fá (fisk) á öngulinn	(catch a fish on the hook)
fá (leyfi) að fara	(get permission to go)
vera langt leiddur (í spillingu t. d.)	(there is no hope for him)
láta (spil) út	(lead a card).

20.3. Case Selection of Verbs. (Comp. Chapter 2.6).

Verbs are traditionally classified into two classes: **transitive** and **intransitive** verbs. Those verbs governing any one of the three oblique cases (i.e. acc, dat, or gen) or a combination of these are said to be transitive, but the others intransitive.

The majority of transitive verbs in Icelandic take the accusative, but in contrast to the German language, for example, dative- and genitive-objects are by no means uncommon. Case governance of verbs is basically arbitrary and must be learnt for each verb.

A verb may also govern two oblique cases and for such verbs all combinations are possible **except two genitives.** The most common combination is **Dat + Acc,** and consequently the student ought to pay particular attention to the other combinations.

We present a list enumerating all the possible constructions and some common and/or illustrative examples:

a) **Acc**; b) **Dat**; c) **Gen**; d) **Dat + Acc**; e) **Acc + Gen**;
f) **Dat + Dat**; g) **Dat + Gen**; h) **Acc + Dat.**

Of these combinations **a** is very common; **b** often occurs; **c** is rare; **d** is common if the verb takes two objects whereas the other combinations are much less common.

a) **Accusative:**

selja (sell); kaupa (buy); nota (use); eignast (come to possess); fela (hide); finna (find); hafa (have); geta (be able to); muna (remember); þekkja (know).

b) **Dative:**

hjálpa (help); henda (throw); bjarga (save); heilsa (greet); lyfta (lift); lofa (promise); ljúka (finish); stjórna (conduct); synja (deny).

c) **Genitive:**

bíða (wait); krefjast (demand); þarfnast (need); sakna (miss).

d) **Dat + Acc:**

bjóða (offer); borga (pay); þakka (thank); færa (bring); gefa (give); skrifa (write); senda (send); segja (say); kenna (teach); meina (prevent, impede).

e) **Acc + Gen:**

spyrja (ask); letja (dissuade); biðja (beg, ask).

f) **Dat + Dat:**
svara (answer); lofa (promise).

g) **Dat + Gen:**
synja (reject, refuse); óska (wish); unna (grant); varna (hinder, deny).

h) **Acc + Dat:**
merkja (mark); leyna (hide, conceal); svipta (deprive); ræna (rob).

Remark one:

The double accusative construction was not listed above because it is best considered as either an accusative-object plus adverbial accusative (a) or as an accusative-object plus attribute in the acc form. This is clear if the passive-transformation is considered.

Examples:

(a) **Þú kostar mig** eina krónu
?Ég er kostaður eina krónu

(b) Ég **kýs þig** borgarstjóra
Þú ert kosinn borgarstjóri.

In example (a) the passive transformation is impossible, and in example (b) it does not follow the normal pattern of two-object-verbs, where the one of the two oblique cases remains unchanged.

A number of impersonal verbs are found in double accusative constructions. In such constructions, however, the word order is most often changed, and the first accusative takes over the function of the subject. Examples:

? Það **vantar mig bók**	(impossible)
Mig vantar bók	(normal)
Mig dreymdi draum	(normal)
? Það dreymdi **mig draum**	(impossible).

Remark two:

Notice that the verbs listed under **d** (Dat + Acc) denote a gift, transmission, communication etc. and that all these verbs have the recipient, the person who becomes, in the dative, the thing given etc. in the accusative. Of the verbs listed under **h** (Acc + Dat) the opposite is true: They denote taking, deprivation etc. and the personal object is in the accusative.

Examples:

Hann gaf **henni gjöf**	(Dat + Acc)
(He gave her a present)	
Hann rændi **hana öllu**	(Acc + Dat)
(He robbed her of everything)	
Hann skrifaði **mér bréf**	(Dat + Acc)
(He wrote me a letter)	
Hann svipti **mig frelsinu**	(Acc + Dat)
(He deprived me of my freedom)	

Remark three:

Many verbs that take two objects may introduce one of these through a prepositional phrase which then follows the object.

Examples:

Hann þakkaði mér **gjöfina.** (He thanked me for the gift).
Hann þakkaði mér **fyrir gjöfina.** (He thanked me for the gift).
Hún leyndi **mig** því. (She concealed it from me).
Hún leyndi því **fyrir mér.** (She concealed it from me).
Hann bað mig **þess.** (He asked me for it).
Hann bað mig **um það.** (He asked me for it).
Þjófurinn rændi **mig** peningunum. (The thief robbed the money from me).
Þjófurinn rændi peningunum **frá mér.** (The thief robbed the money from me).

Remark four:

Many Icelandic verbs may select, alternatively, different cases, corresponding to different semantic references, or in other words may be considered different verbs.

ræna e-u	Þjófurinn rændi peningunum (robbed the money)
ræna e-n	Þjófurinn rændi bankann (robbed the bank)
lofa e-m e-n hlut	Ég lofa þér það (permit)
lofa e-m e-u	Ég lofa þér því (promise)
gráta intr.	Drengurinn grét lengi (cry)
gráta e-n	Drengurinn grét móður sína (mourn)
fá e-m e-n hlut	Hann fékk honum bókina (hand)
fá e-n hlut	Hann fékk bókina (get)

fá e-s	Hann fékk hennar (she agreed to marry him)
búast við e-u	Hann bjóst við fréttum frá Englandi (expect)
búast til e-s	Þeir bjuggust til varnar (prepare).

D. EXERCISES

20.1. Change the following phrases by using the verb óska (wish).

Example:

A. Gleðilegt nýtt ár
B. Ég óska þér gleðilegs nýs árs.

1. Gleðilegt sumar
2. Gleðileg jól
3. Gleðilega páska
4. Góða ferð
5. Góða skemmtun
6. Góða líðan
7. Skjótan bata
8. Gott gengi (Good luck)
9. Til hamingju með afmælið (Happy birthday)
10. Góða veiði
11. Góða nótt
12. Gleðilegt nýtt ár.

20.2. Make a guess at the deleted elements in the following phrases.

1. Inn í bílinn!
2. Burtu strax!
3. Ekki svona hátt!
4. Hvert í logandi!
5. Báturinn kom að um kvöldið
6. Hvernig bar þetta að? (How did this happen?)
7. Stúlkan bar á borð fyrir gestina
8. Strákurinn drakk mjólkina og varð gott af
9. Stúlkan ætlar heim
10. Margir Íslendingar taka í nefið

11. Láttu hann vera!
12. Blaðamaðurinn skrifar reglulega í blaðið
13. Þú átt að láta út
14. Þú átt að gefa
15. Georg Best gaf fyrir markið
16. Friðrik er talinn góður skákmaður
17. Íslendingar sigruðu Spánverja með 21 gegn 17
18. Axel stóð sig vel og skoraði sjö sinnum.

20.3. Insert the appropriate case forms.

1. Páll seldi (Ólafur) ..... (bílinn) .....
2. Nemandinn notar (orðabókin) ..... oft
3. Börnin földu (sig) .....
4. Ég fann (penninn) ..... eftir mikla leit
5. Þekkir þú (nokkur) ..... hér?
6. Já, ég man eftir (strákurinn) ..... þarna aftast
7. Hjálpaðu (sjálfur) ..... (þú) .....
8. Þeir, sem búa í gleríhúsi, eiga ekki að henda (steinar)

   .....
9. Heilsaðu (fullorðinn) ..... (fólkið) .....
10. Lofaðu (ég) ..... (það) ..... að fara varlega
11. Askenazy stjórnaði (hljómsveitin) .....
12. Ég þarfnast (hjálp) ..... (þín) .....
13. Saknarðu (ekkert) ..... frá heimalandi þínu?
14. Bandamenn kröfðust (skilyrðislaus) .....
    (uppgjöf) .....
15. Þjófurinn beið (myrkur) .....
16. Konan borgaði (kaupmaður) .....
    (skuldin) .....
17. Ég þakka (þú) ..... (gott boð) .....
18. Jólasveinninn færði (börnin) .....
    (gjafir) .....
19. Þú skrifaðir (vinur þinn) .....
    (bréf) .....

20. Konan sagði (börnin) ..... (sögur) .....
21. Afi barnanna kenndi (þau) ..... (vísan) .....
22. Blaðið kostar (ég) ..... ekki (ein króna) .....
.....
23. Maðurinn spurði (ég) ..... (ekkert) .....
24. Ákærði svaraði (dómarinn) ..... (ekkert) .....
26. Þú lofaðir (ég) ..... (það) ..... að koma strax
27. Dyravörðurinn meinaði (hann) ..... (innganga)
.....
28. Ég óska (þú) ..... (allt gott) .....
29. Hann merkti (sig) ..... (bókin) .....
30. Hann leyndi (ég) ..... (gallinn) .....
31. Þjófurinn rændi (ég) ..... (allir peningarnir) .....
.....
32. Maðurinn leitaði að (barnið) .....
33. Ég treysti (hann) ..... eins og (sjálfur, ég)
.....
34. Ég ætla að biðja (þú) ..... (bón) .....
35. Páll gleymdi (bókin) ..... heima
36. Nemandinn eyddi (mikill tími) .....
í verkefnið
37. Konan hellti (kaffið) ..... í bollann
38. Lokaðu (dyrnar) ..... og opnaðu
(glugginn) .....
39. Enginn grætur (Íslendingur) .....
40. Allir lofuðu (hreysti) ..... (Egill) .....

20.4. Explain the following proverbs in Icelandic.

1. Engum þykir sitt of mikið
2. Svo er margt sinnið sem skinnið
3. Það sjá augun síst, sem nefinu er næst
4. Hver er sjálfum sér næstur
5. Sjón er sögu ríkari

6. Heiðraðu skálkinn, svo að hann skaði þig ekki
7. Gamlir skór falla best að fæti
8. Betra er að styðja en steypa
   (Hægra er að styðja en reisa)
9. Upp koma svik um síðir
10. Sælla er að gefa en þiggja
11. Vandséð er hverjum annars sæla (= öfund fylgir auðnu).

E. TRANSLATION

1. May I ask you few questions?
2. Could you give me a ride in your car to the university?
3. You will regret this, I can tell you
4. Ingólfur didn't discover Iceland, but he was the first to establish a permanent residence in Reykjavík
6. Would you like some more coffee? Yes, thank you. Do you take sugar or milk? No, thank you, I never take either. (Or: I always drink my coffee black and without sugar)
7. Do you pursue any kind of sport? In a way, yes. I walk a considerable distance each day, but I am not fond of competitive sports. How about you? – I visit the Hotel Saga every weekend, and that is sport enough for me
8. The gangsters robbed the plane
9. Could you explain this sentence to me?
10. The students demonstrated against the government's financial policy
11. My uncle seemed very tired
12. The man apologized, assuring me that he would do what he could to avoid annoying me in the future
13. Someone has locked the box, and we cannot open it
14. When the boy was little, people used to read to him out of a book of fairy-tales that someone had given him for his birthday
15. The teacher promised Mary a prize if she worked well.

F. REPHRASE THE FOLLOWING STORY

LÆKNIRINN OG PESTIN

Síminn hjá lækninum hringdi ofboðslega. Læknirinn, sem var rólegur maður að eðlisfari, lét sér hvergi bregða. Hann lét símann glymja dálitla stund, en tók síðan tólið upp.

Maðurinn hinum megin var í óskaplegri geðshræringu og var heila eilífð að kynna sig. Læknirinn beið rólegur og spurði svo með hræsnislegri stillingu, hvað væri að.

— Það er hann sonur minn, — hann er kominn með ..., hann er lagstur í skarlatssótt, æpti röddin.

— Svoooo, sagði læknirinn og hugsaði sig um. — Heyrðu, ég kom einmitt til hans í morgun og gaf honum pillur. Nú verður hann bara að vera vel einangraður ...

— Það er einmitt það, sem að er, greip maðurinn fram í fyrir lækninum og var síst rólegri. — Strákurinn asnaðist til að kyssa vinnustúlkuna.

— Jæja, sagði læknirinn, og hafði svo sem séð það svartara, — þá er ég hræddur um, að hún þurfi líka að fara í sóttkví í nokkra daga.

— Já, en ástandið er miklu verra, þetta er stóralvarlegt mál læknir, það versta er enn eftir. — Ég er líka búinn að kyssa vinnukonuna, hrópaði röddin svo hátt, að tólið skalf í hendi læknisins. En læknirinn lét sér hvergi bregða og sagði með mikilli ró:

— Svona, svona, maður minn. Það er engin ástæða til að vera svona hræddur. En hlustaðu nú á, hvað ég segi. Farðu strax í rúmið, og ég kem eftir augnablik með lyf handa þér, og svo þarftu aðeins að halda kyrru fyrir í nokkra daga.

— En það er ekki allt búið, sagði sjúklingurinn hágrátandi af geðshræringu. — Ég er búinn að kyssa konuna mína.

— Hvern þremilinn ertu að segja maður, sagði læknirinn, og nú var öll ró og stilling horfin í einu vetfangi. — Hvers vegna í fjáranum gastu ekki sagt það strax, mannsauður. Nú fæ ég bölvaða pestina líka!

XXI

Chapter twenty one

A. TEXT

Barnið er í skóm af bróður sínum. Þorkeli mislíkaði, er kastað var steini í bílinn hans. Læknirinn gaf barninu meðal, þegar það var veikt í hálsi og nefi. Lyfið verður að geyma í lokuðum skáp.

Síminn hjá mér er bilaður, það kemur enginn sónn. Ég verð að hringja í símvirkja og biðja hann að gera við tækið.

Þjónninn hjálpaði konungi út úr vagninum. Áður fyrr var Ísland skógi vaxið. Ólafi Jóhanni Sigurðssyni, höfundi skáldsögunnar Hreiðrið, voru veitt bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir árið 1975. Enginn er annars bróðir í leik. Hér er vítt til veggja og hátt til lofts. Eiríkur nokkur hefur velt því fyrir sér, hvort guðirnir hafi verið geimfarar. Betra er illt að gera en ekki neitt.

Íslendingar leggja aðallega stund á fiskveiðar og landbúnað, en talsverður iðnaður er einnig á Íslandi. Fjölmargar rafstöðvar hafa risið hér á síðustu árum, og stöðugt er unnið að ýmiss konar virkjunum.

Hafernir, hreindýr, refir og minkar lifa villtir á Íslandi, en ekki birnir. Þó slæðast hvítabirnir hingað við og við með hafísnum.

Ekki er talið hundrað í hættunni, þótt kostnaður fari fram úr áætlun. Trúðurinn gerði að gamni sínu, og börnin veltust um af hlátri. Skíðakonan grét af gleði, þegar hún vann í keppninni. Kötturinn hefur hvassar klær og beittar tennur. Áður fyrr var í tísku, að höfðingjar gengu í klaustur á efri árum ævi sinnar til að bæta fyrir spellvirki sín, þjösnaskap, yfirgang og ofstopa.

— Ertu búinn að kaupa til helgarinnar?

— Já, ég keypti mjólk, skyr og rjóma í mjólkurbúðinni, kjöt, bjúgu og pylsur í kjötbúðinni og loks brauð og kökur í brauðbúðinni.

— En þurftirðu ekkert að kaupa í matvöruversluninni?

— Nei, ekki ég. En konan mín ætlaði þangað að kaupa sykur, hveiti, kartöflur, egg, smjör o. fl. þ. h. að ógleymdu gerinu.

– Hvað ætlar þú að gera við ger? Ætlarðu kannski að fara að baka brauð, nýbúinn að kaupa brauð í bakaríinu?

– Þú ert alveg úti að aka maður. Fylgistu ekki með tímanum eða hvað? Ég ætla að brugga bjór, en passa auðvitað að láta ekki of mikið af sykri út í blönduna, svo að drykkurinn verði ekki áfengur, enda er bannað að hafa áfengt öl undir höndum á Íslandi, og ég er löghlýðinn borgari.

Einn fundarmanna greip fram í fyrir kvenframbjóðanda á framboðsfundi:

– Ef ég væri maðurinn þinn, mundi ég gefa þér inn eitur.

Konan svaraði um hæl:

– Og ef ég væri konan þín, mundi ég taka það inn. – Konan náði kosningu.

– Þú kærðir yfir því, að það hefði verið mold í súpunni.

– Já, herra liðsforingi.

– Heldurðu, að þú hafir gengið í herinn til þess að vinna fyrir land þitt eða til þess að kæra út af matnum?

– Til þess að vinna fyrir föðurlandið, en ekki til þess að éta það.

– Geturðu útvegað mér lokk úr hári systur þinnar, Jóhann litli?

– Nei, en ég get vísað þér á staðinn, þar sem hún kaupir hárið!

– Hugsaðu þér bara. Ég var úti í nótt á kendiríi með félögum mínum, og þá braust þjófur inn í húsið.

– Hvernig reiddi honum af?

– Þú getur rétt ímyndað þér. Konan mín hélt, að það væri ég!

Maður, sem var vanur að slá ungum stúlkum gullhamra, sagði eitt sinn við eina:

– Það má með sanni segja, að þér líkist engu fremur en 18 ára gamalli rós.

– Dóttir mín hefur sem sagt fallist á að giftast yður. Hafið þér ákveðið brúðkaupsdaginn?

– Ég ætla að láta unnustu mína um það.

– Ætlið þér að hafa kirkjubrúðkaup eða ekki?

– Móðir hennar getur ákveðið það.

– Hvernig ætlið þér svo að framfleyta dóttur minni?

– Ég læt yður einráðan um það!

B. VOCABULARY

e-m mislíkar, impers: someone is annoyed
háls, MS1: throat
meðal, NS: medicine, medication
lyf, NS: medicine
nef, NS: nose
lokaður, adj: closed
bilaður, adj: out of order
sónn, MS1: tone (dial), sound
símvirki, MW1: telephone, technician
gera við, W2, acc: repair, mend
tæki, NS: instrument
þjónn, MS1: valet, servant
konungur, MS1: king
skógur, -s/-ar, MS1: forest, woods
vaxa, S6, intr: grow
höfundur, MS1: author
skáldsaga, FW1: novel
hreiður, NS: nest
veita, W2, dat-acc: award
bókmenntir, FPl: literature
verðlaun, NPl: prize
leikur, MS2/1: play, game
víður, adj: wide
loft, NS: 1. ceiling; 2. air
velta e-u fyrir sér, W2: ponder, reflect on a possibility
guð, MS2: god
geimfari, MW1: spaceman
leggja stund á, W1, acc: practice
fiskveiði, FS1: fishery
landbúnaður, MS3: agriculture
talsverður, adj: considerable
iðnaður, MS3: industry
rafstöð, FS1: electrical power station
virkjun, FS1: power plant
rísa, S1, intr: rise, (here) **hafa risið:** have been erected
stöðugt, adv: steadily, continuously
haförn, MS3: eagle
hreindýr, NS: reindeer
refur, MS2: fox
minkur, MS1: mink
villtur, adj: wild
björn, MS3: bear
hvítabjörn, MS3: polar bear
slæðast, W2, intr: wander
við og við: now and then, occasionally
hafís, MS1: drift ice
hætta, FW1: danger
hundrað í hættunni: much at stake
kostnaður, MS3: cost
áætlun, FS2: plan, estimate
trúður, MS1: clown
gaman, NS: amusement, fun
veltast, W2, intr: roll
hlátur, MS1: laughter (G: -urs)
veltast um af hlátri: roll about in laughter, split one's sides with laughter
skíði, NPl: skis
gráta, S7, intr: cry
gleði, FW2: joy
keppni, FW2: competition
hvass, adj: sharp, keen
kló, FS3: claw
beittur, adj: sharp
höfðingi, MW1: chieftain
klaustur, NS: monastery, cloister
ævi, FW2: life
bæta fyrir, W2, acc: redeem, atone for something
spellvirki, NS: plunder
þjösnaskapur, MS1: rashness, rawness
yfirgangur, MS1: encroachment
ofstopi, MW1: arrogance
helgi, FS1: weekend
skyr, NS: curdled milk, curds
rjómi, MW1: cream
kjöt, NS: meat
bjúga, NW: sausage
pylsa/pulsa, FW1: sausage (small)

sykur, MS1: sugar
hveiti, NS: flour, wheat
kartafla, FW1: potato
egg, NS: egg
smjör, NS: butter
ger, NS: yeast
baka, W4, acc: bake
bakarí, NS: bakery
vera úti að aka: be absentminded, ill informed
fylgjast með, W2, dat: follow
brugga, W4, acc: brew
bjór, MS1: beer
passa, W4, acc: take care of
blanda, FW1: mixture
áfengur, adj: alcoholic
löghlýðinn, adj: law-abiding
borgari, MW1: citizen
grípa fram í: interrupt, heckle
frambjóðandi, MW2: candidate
framboð, NS: candidacy
eitur, NS: poison
um hæl: spontaneously, immediately
ná, W3, dat: reach (irreg), get
kosning, FS1: election
ná kosningu: get (or be) elected
kæra yfir, W2, dat: complain about, charge
mold, FS2: earth, mould
liðsforingi, MW1: lieutenant
ganga í, S7, acc: join
her, MS2: army
útvega, W4, dat-acc: provide, get somebody, something
lokkur, MS1: tress, lock (of hair)
vísa á, W4, dat-acc: show, direct
kenderí, NS: drunkenness
vera úti á kenderíi: be out getting drunk
þjófur, MS1: thief
e-m reiðir af, impers: someone fares (well, ill), turn out, get on
ímynda sér, W4, (acc): imagine
slá e-m gullhamra: flatter
sannur, MS1: truth
fallast á, S7, acc: agree upon
brúðkaup, NS: marriage
framfleyta, W2, dat: support
e-r er einráður um e-n hlut: someone is free to decide something
ég læt yður einan um það: that's your worry

C. GRAMMAR

21.1. Summary of Noun Declension.

In chapters 1, 2, 3 and 11 the most important classes of Icelandic substantive declension were introduced. In this section, declension is summarized and in some respects extended.

The basic division is between **weak** and **strong (I)** declensions; a second division is made according to **gender (II)**, and a third according to **canonical case forms** (III). Thus schematically:

I.	strong			weak		
II.	kk	kvk	hk	kk	kvk	hk
III.	1 2 3 4	1 2 3 4	1	1 2	1 2	1

This basic classification is used in the following sections with minor modifications, e.g. notice two subclasses of the weak masculine and feminine declension. (21.32 and 21.52).

21.2. Masculine Words. The Strong Declension.

As discussed in previous sections there are four main classes of strong masculine declension.

MS1 hest-ur, -s, -ar
MS2 gest-ur, -s, **-ir**
MS3 kött-ur, -ar, -ir
MS4 faðir, föður, feður.

To these four classes we have to add a) **special phonological rules** in order to explain variant forms, e.g. for the nominative singular, and b) further **subclasses** to account for morphological deviations. We prefer an enumerations of the different kinds of declensions to an elaboration of rules.

21.21. MS1 and Subclasses

MS1a					
hest-ur	skó-r	bíl-l	jökul-l	þjón-n	himin-n
hest	skó	bíl	jökul	þjón	himin
hest-i	skó	bíl	**jökl**-i	þjón-i	**himn**-i
hest-s	skó-s	bíl-s	jökul-s	þjón-s	himin-s
hest-ar	skó-r	bíl-ar	**jökl**-ar	þjón-ar	**himn**-ar
hest-a	skó	bíl-a	**jökl**-a	þjón-a	**himn**-a
hest-um	**skó-m**	bíl-um	**jökl**-um	þjón-um	**himn**-um
hest-a	skó-a	bíl-a	**jökl**-a	þjón-a	**himn**-a

		Ø			
björ	akur	hamar	háls	fugl	vagn
björ	akur	hamar	háls	fugl	vagn
björ-i	**akr**-i	**hamr**-i	**háls**-i	fugl-i	vagn-i
björ-s	akur-s	hamar-s	háls	fugl-s	vagn-s
björ-ar	**akr**-ar	**hamr**-ar	háls-ar	fugl-ar	vagn-ar
björ-a	**akr**-a	**hamr**-a	háls-a	fugl-a	vagn-a
björ-um	**ökr-um**	**hömr**-um	háls-um	fugl-um	**vögn**-um
björ-a	**akr**-a	**hamr**-a	háls-a	fugl-a	**vagn**-a

MS1b		MS1c	
lækni-r	lækn-ar	söng-ur	söng-v-ar
lækni	lækn-a	söng	söng-v-a
lækni	lækn-um	söng-(v)i	söng-v-um
lækni-s	lækn-a	söng-s	söng-v-a

Remarks on the various declensions:

1. The declension of skó-r is unique.
2. Monosyllabic words ending in -ll or -nn (stíll, steinn) are declined like bíl-l, þjón-n, and a few other disyllabic words, which do not drop the vowel of the second part (kristall, Þorkell).
3. Words with the suffixes **-all, -ill, -ull** and **-ann, -inn, -unn** are declined like **jökul-l** and **himin-n,** syncopating the suffix vowel before a vocalic ending (Comp. 1.5).
4. In the case of **bjór, akur, hamar,** the final **-r** belongs to the stem and is consequently retained through the declension. The declensions of **háls, fugl** and **vagn** are best considered as variants of **bíl-l** or **þjón-n,** where the -r marking **nom Sg** has been assimilated. In the case of **háls, fugl** and **vagn** the resulting form is then shortened according to phonological rules.
5. **Lækni-r** has two morphologically bound stems: **lækn** and **lækni** and will be considered a subclass of MS1. The monosyllabic form (**lækn**) occurs before a vocalic ending, otherwise the disyllabic (**lækni**). Words with the suffix -i- are declined like **læknir.** If the -i- is preceded by -g- or -k- (rare) a -j- appears before -a and -u (e.g. **beyki-r** (carpenter), (Pl **beyk-j-ar, beyk-j-um** etc.)).
6. The second subclass **söngur** is very rare in Icelandic.

REMARKS ON THE DATIVE SINGULAR

The -i of the dat Sg is often missing and it is very difficult to formulate exhaustive rules for this. The main rules are as follows:

The dat Sg -i is preserved:

1. After disyllabic or polysyllabic stems ending in -al, -il, -ul, -an, -in, -un, -(l)ing, -ung, -ar, -ur. Examples:

kapal, kapli; lykil, lykli; jökul, jökli; aftan, aftni; himin, himni; jötun, jötni; kettlingur, kettlingi; konungur, konungi; humar, humri; hlátur, hlátri.
Exceptions: some loan words, **bikar, pipar.**

2. If the gen Sg has the **-ar** form, the dat Sg has the **-i** form. Examples: DSg **skógi, höfundi;** GSg **skógar, höfundar.**
Exceptions: DSg **graut** from **grautur** (porridge) (**GSg grautar**).
3. In most cases when the nom Sg has the zero-morph (Ø) (**háls,** fugl, vagn etc.).

The dat Sg -i is lost:

1. After a vowel (examples skó-r, DSg **skó**).
2. In words having **-leikur** or **-skapur** as second component. (Examples: sannleikur (truth); barnaskapur (childishness)).

REMARKS ON THE GEN SINGULAR

1. The gen Sg -s is dropped after stems ending in **consonant + s** but retained after **vowel + s.** Examples: ís, íss; ás, áss; háls, háls; dans, dans.
2. The gen Sg may be **-ar,** either uniquely, or with **-s** as an alternative. Examples: **hest-ur, -s; skóg-ur, -ar; rekstur, -s/-rar.** Many personal names may either have the **s-gen** or **ar-gen.** As a rule they have the s-gen when compounded with **-son.** Examples: Sigurður, Sigurðar, Sigurðsson. Guðmundur, Guðmundar, Guðmundsson.

21.22. MS2 and Subclasses.

	MS2a	MS2b	MS2c
N	gest-ur	leik-ur	vegg-ur
A	gest	leik	vegg
D	gest-i	leik	vegg
G	gest-s	leik-s/-j-ar	vegg-j-ar
N	gest-ir	leik-ir	vegg-ir
A	gest-i	leik-i	vegg-i
D	gest-um	leik-j-um	vegg-j-um
G	gest-a	leik-j-a	vegg-j-a

Remarks:

1. This class is smaller by far than the first one. The absence of -i in the dat Sg is characteristic for MS2, but note **gest-i.**
2. A number of words belonging to this class have a zero-morph in nom Sg or a r-morph.
   Zero-morph: guð (god); grís (pig); her (army).
   r-morph: blæ-r (breeze); bæ-r (farm).
3. A number of words have **-ar** in gen Sg or **-s/-ar** alternatively: **leikur,** -s/-jar; **bekkur,** -s/-jar; **reykur,** -s/-jar; **drykkur,** -s/-jar.

21.23. MS3 and Subclasses.

	MS3a	**MS3b**	**MS3c**	**MS3d**
N	stað-ur	kött-ur	fjörð-ur	þátt-ur
A	stað	kött	fjörð	þátt
D	**stað**	**kett**-i	**firð**-i	**þætt**-i
G	stað-ar	katt-ar	fjarð-ar	þátt-ar
N	stað-ir	**kett**-ir	**firð**-ir	þætt-ir
A	stað-i	kett-i	firð-i	þætt-i
D	stöð-um	kött-um	fjörð-um	þátt-um
G	stað-a	katt-a	fjarð-a	þátt-a

Words with -a- in the stem are declined like staður
Words with -ö- in the stem are declined like köttur
Words with -jö- in the stem are declined like fjörður
Words with -á- in the stem are declined like þáttur.

Words ending in **-aður/-uður** also belong to the third class and have the following declension:

	MS3e	**MS3f**	**MS3g**	
N	mánuð-ur	fatnað-ur	söfnuð-ur	
A	mánuð	fatnað	söfnuð	
D	mánuð-i	fatnað-i	söfnuð-**i**	
G	mánað-ar	fatnað-ar	**safnað-ar**	(könnuð-ar)
N	mánuð-ir	fatnað-ir	söfnuð-ir	
A	mánuð-i	fatnað-i	söfnuð-i	
D	mánuð-um	fötnuð-um	söfnuð-um	
G	mánað-a	fatnað-a	safnað-a	

This subclass is rare and shows irregularities in some forms. **Söfnuður** (congregation) may for example follow the declension

of **fatnaður** (clothes)) in the plural, i.e. **safnaðir.** Further the **gen Sg** suffix sometimes is -uð- (rather than -að), f. ex. **könnuður** (explorer), in gen Sg **könnuð-ar** (not kannað-ar). The following words belong among others to this subclass: **fögnuður, fagnaðar, fagnaðir** (enjoyment) which also has the form **fagnað-ur,** i.e. like fatnaður. **Hugsuður** (philosopher); **kostnaður** (expenses); **hagnaður** (profit); **gleðskapur** (party) etc.

21.24. MS4 – Irregular Declension.

This class MS4 comprises only six highly irregular words: **bróðir, faðir, vetur, fingur, fótur, maður,** compare Chapter 11.

21.3. The Weak Masculine Declension.

21.31. MW1 and Subclasses.

	MW1a	MW1b	MW1c
N	pabbi	penn-i	höfðing-i
A	pabba	penn-a	höfðing-j-a
D	pabba	penn-a	höfðing-j-a
G	pabba	penn-a	höfðing-j-a
N	pabbar	penn-ar	höfðing-j-ar
A	pabba	penn-a	höfðing-j-a
D	pöbbum	penn-um	höfðing-j-um
G	pabba	penn-a	höfðing-j-a

Words ending in -gi and -ki are declined like **höfðingi** (chieftain, lord); **erfingi** (heir); **Tyrki** (turk); **rafvirki** (electrician).

21.32. MW2 and Subclasses.

